Fengu ómetanlegan stuðning á kvenna-deild Landspítalans
fyrirburar 26

Prinsessan á Bessastöðum
krakkasíðan 40

Engin smámenni standa að þáttunum Boardwalk Empire
sjónvarp 32

spottið 16

FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Helgarútgáfa
19. febrúar 2011
41. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

Ekki sjálfsögð ákvörðun

Össur Skarphéðinsson rifjar upp stuðninginn við sjálfstæði Litháens fyrir tveimur áratugum.

utanríkismál 28

Óstöðvandi flóðbylgja

Áhrif og afleiðingar mótmælabylgjunnar í Norður-Afríku og Mið-Austurlöndum.

mótmæli 24

Ekkert aldurstakmark

Heitustu nýju pörin sem árafjöld skilur að.

fólk 47

3 SÉRBLÖÐ í Fréttablaðinu

Matur | Allt atvinna | Allt

HRINGEKJAN HÆTT AÐ SNÚAST Guðjón Davíð Karlsson leikari, betur þekktur sem Gói, hefur mörg járn í eldinum. Hann æfir nú aðalhlutverkið í Nei, ráðherra í Borgarleikhúsinu, er búinn að skrifa leikgerð af Eldfærum H.C. Andersen og semja tónlist fyrir það verk. Hann telur tímabært að hlæja svolítið að Hringekjunni og fárinu í kringum hana, þótt upplifunin hafi verið sár á sínum tíma. **Sjá síðu 22** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Skipstjóri viðurkennir mistök

Skipstjórinn á Goðafossi hefur viðurkennt við yfirheyrslur að hafa tekið ranga stefnu þegar skipið strandaði, að sögn norskra fjölmiðla. Olía er hætt að leka úr skipinu og mengun virðist minni en óttast var.

SIGLINGAMÁL Skipstjórinn á Goðafossi hefur viðurkennt við yfirheyrslur hjá norsku lögreglunni að hafa tekið ranga stefnu þegar skipið strandaði, að sögn fréttavefs norska ríkissjónvarpsins. Fleiri úr áhöfn skipsins hafa verið yfirheyrðir.

Haft er eftir Ivar O. Prestbakken, yfirmanni rannsóknardeildar lögreglunnar í Fredrikstad, á vef norska ríkisútvarpsins, að skipstjóri Goðafoss hafi sagt við yfirheyrslu að hann hafi tekið ranga stefnu. Skipstjórinn hafi verið einn í brúnni þegar skipið strandaði. Búið er að staðfesta að skipstjórinn var hvorki undir áhrifum áfengis né hafði hann sofnað við stýrið.

„Hann hefur siglt hér í mörg. Hann er reyndur sjómaður," er haft eftir Prestbakken.

Ólafur William Hand, upplýsingafulltrúi Eimskipa, vill ekki tjá sig um umfjöllun norsku fjölmiðlanna en Eimskip sendir frá sér yfirlýsingu um málið von bráðar.

Norskir fjölmiðlar hafa greint frá því að Goðafoss hafi verið á rúmlega þrettán mílna ferð við strandið, og aukið ferðina mjög eftir að leiðsögumaður fór frá borði skömmu áður. Eins hafa norsk siglingamálayfirvöld látið að því liggja að leiðsögumaðurinn hafi farið of snemma frá borði og endurskoða þurfi vinnureglur.

Ólafur segir að norska lögreglan hafi farið um borð í Goðafoss í gær og yfirheyrt skipstjórann. Slíkt er alltaf gert við fyrsta tækifæri og meðal annars gengið úr skugga um að stjórnendur skipsins hafi ekki verið undir áhrifum áfengis.

Goðafoss sat í gær enn fastur við Fredrikstad í Oslóarfirði. Ekkert hefur verið ákveðið hvenær reynt verður að ná skipinu af strandstað.

- sv, shá / sjá síðu 8

SPURNING DAGSINS



Jón, eru þetta eins konar vatnaskil hjá ykkur?

„Já, nú þurfum við ekki að sækja vatnið yfir lækinn."

Jón Jóhann Jóhannsson og Ingibjörg Þengilsdóttir kona hans létu bora fyrir köldu vatni á landareign sinni í stað þess að borga OR fyrir að leggja nýja lögn að húsi þeirra.

Til greina kemur að skipa verkefnisstjórn vegna flækjustigs Funamálsins:

Vilja samhæfa viðbrögð allra

UMHVERFISMÁL Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra telur koma til greina að á vegum ráðuneytisins verði skipuð sérstök verkefnisstjórn vegna díoxínmengunar frá sorpbrennslum. Ólína Þorvarðardóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, innti ráðherra eftir skoðun hennar á þessu í óundirbúnum fyrirspurnartíma á Alþingi í vikunni.

Í fyrirspurn sinni minnti Ólína á að mengunarmálið væri flókið þar sem margir aðilar kæmu að því á ólíkum stigum.

Fyrr hafði Ólína unnið úttekt fyrir umhverfisnefnd þingsins um lagaumgjörð umhverfis- og upplýsingamála en að málinu koma ýmsar stofnanir og stjórnsýslustig.

Gegna þar lykilhlutverki sóttvarnalæknir og Umhverfis- og Matvælastofnun.

Ólína telur að lausnin felist í því að koma á verkefnisstjórn; það sé mikilvægt í því ljósi að mengunarmálið varði vistkerfið, lýðheilsu, matvælaöryggi og ekki síst ímynd þeirra svæða sem um ræðir og jafnvel landsins alls.

- shá

SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR

ÓLÍNA ÞORVARÐARDÓTTIR

Norrænu tónlistarverðlaunin:

Go plata Jónsa valin sú besta

MENNING Plata tónlistarmannsins Jóns Þórs Birgissonar, Go, hlaut norrænu tónlistarverðlaunin sem veitt voru í Osló í gærkvöldi. Plata Jónsa var valin besta norræna plata síðasta árs.

Þetta er í fyrsta skipti sem verðlaun eru veitt fyrir bestu plötu, en 60 plötur voru tilnefndar í fyrstu.

Þetta er í fimmta skipti sem Íslendingur hlýtur norrænu tónlistarverðlaunin. Hákon krónprins Noregs afhenti verðlaunin í gærkvöldi.

- sv

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Átti aldrei aðkomu að málinu

STJÓRNMÁL „Ég mun ekki tjá mig neitt um þetta. Þetta gerðist fyrir mína tíð í embætti og ég hef aldrei átt neina aðkomu að málinu," segir Ásta R. Jóhannesdóttir, forseti Alþingis, um mál níumenninganna sem dæmt var í á miðvikudag.

Hún bendir á að málið hafi þegar verið komið til dómstóla þegar hún varð forseti þingsins. Að auki fari forseti Alþingis ekki með ákæruvald í landinu, það geri sjálfstæður og óháður embættismaður – ríkissaksóknari. Ásta kveðst ekkert frekar hafa um málið að segja og vill heldur ekki tjá sig um hvatningu Marðar Árnasonar, þingmanns Samfylkingarinnar, um að hún biðji nímenningana afsökunar.

Forystumenn ríkisstjórnarinnar sögðu í gær að það hefðu verið mistök að blanda 100. grein hegningarlaganna í málið og að Alþingi gæti beðist afsökunar á þeim hluta málsins.

- þþs, kh

Sótt að sexmenningum:

Svarfresturinn rann út í gær

VIÐSKIPTI Tveggja vikna frestur sem fyrrverandi bankastjórum og bankaráðsmönnum Landsbankans var gefinn til að andmæla skaðabótaskyldu sinni vegna misgjörða fyrir hrun rann út í gær.

Slitastjórn og skilanefnd bankans sendu Sigurjóni Þ. Árnasyni, Halldóri J. Kristjánssyni, Andra Sveinssyni, Kjartani Gunnarssyni, Svöfu Grönfeldt og Þorgeiri Baldurssyni bréf 4. febrúar með útlistun á því í hverju skaðabótaskyldan var talin felast. „Verði bréfi þessu ekki svarað innan framangreinds frests má vænta þess að skaðabótamál verði höfðað á hendur yður," sagði í bréfinu.

Páll Benediktsson, upplýsingafulltrúi skilanefndar, sagðist í gær ekki geta veitt upplýsingar um hvort svör hefðu borist.

- sh

Hrinti sambýliskonu sinni fram af svölum

Karlmaður á fertugsaldri hefur verið ákærður fyrir að halda fyrrverandi sambýliskonu sinni nauðugri og misþyrma henni. Einnig fyrir að hóta henni og bróður hennar meiðingum eða lífláti greiddi hún ekki tvær milljónir inn á reikning sinn.

DÓMSMÁL Ríkissaksóknari hefur ákært mann á fertugsaldri fyrir að halda konu nauðugri og misþyrma henni. Að því búnu sló hann hana svo hún féll niður af svölum. Hann er einnig ákærður fyrir hótun og tilraun til fjárkúgunar. Hann játaði að hafa haldið konunni nauðugri en neitaði að hafa misþyrmt henni. Þá tók hann ekki afstöðu til ákæru um hótun og tilraun til fjárkúgunar við þingfestingu.

Maðurinn, Ingvar Árni Ingvarsson, var einn af fimmtán mönnum sem dæmdir voru í stóra fíkniefnamálinu árið 2000, sem var eitt umfangsmesta mál sem komið hafði upp þá. Hann var þá dæmdur í tveggja ára og sex mánaða fangelsi fyrir að hafa staðið að kaupum á 660 grömmum af kókaíni í Bandaríkjunum og flutt í varahlut til landsins. Áður hafði hann hlotið tvo refsidóma fyrir meiri háttar líkamsárás og eignaspjöll.

Ingvar Árni er nú ákærður fyrir að hafa fimmtudaginn 31. desember 2009 dregið fyrrverandi sambýliskonu sína með ofbeldi inn í íbúð sína og haldið henni þar nauðugri. Í ákæru segir að hann hafi veist að henni, rifið í hár hennar, slegið hana margsinnis í andlit og líkama, sparkað í fætur hennar og hótað henni lífláti og líkamsmeiðingum. Er konan hugðist flýja íbúðina með því að fara fram af svölum reif maðurinn í hár hennar og sló hana með þeim afleiðingum að hún féll fjóra metra fram af svölunum og niður á verönd íbúðar á jarðhæð. Við þetta hlaut konan mörg beinbrot, skurð á enni og fleiri áverka.

Þá er hann einnig ákærður fyrir að hafa aðfaranótt fimmtudagsins 24. nóvember sent sambýliskonu sinni skilaboð með samskiptaforritinu Facebook. Með þeim hótaði hann henni og bróður hennar líkamsmeiðingum eða lífláti ef hún greiddi ekki tvær milljónir króna inn á bankareikning hans fyrir lokun banka á föstudag.

Í skilaboðunum sagði meðal annars: „ég mun ekki hætta fyrr en ég er búinn að eyðileggja líf þitt gjörsamlega og bróðir þins lika, það munu stelpur ganga frá þér og útlendingar frá bróðir þínum, ef ég væri þú þá myndi ég flytja úr landi því ég hætti ekki fyrr en ég fer í fangelsi eða verð drepinn".

Maðurinn er enn fremur ákærður fyrir að hafa miðvikudaginn 23. nóvember 2010 sent eða látið senda skilaboð úr tölvu á heimili sínu, í farsímanúmerið í eigu foreldris: „sonur tinn verdur limlestur fyrir ad fyrirskipa aras a heimilid hans ingvars og lif ykkar lagt i rust".

jss@frettabladid.is

OFBELDI Maðurinn er ákærður fyrir að hafa misþurmt fyrrverandi sambýliskonu sinni hrottalega og slegið hana síðan þannig að hún féll niður af svölum. MYNDIN ER SVIÐSETT.

LISTINN AFHENTUR Ólafur tók við undirskriftunum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Forseti Íslands undir feld:

Tók við 40.000 undirskriftum

STJÓRNMÁL Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, tók við um fjörutíu þúsund undirskriftum af vefnum kjosum.is á Bessastöðum í gær. Þar er skorað á forsetann að synja nýsamþykktum Icesavelögum staðfestingar og vísa þeim í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Hópur forsvarsmanna söfnunarinnar afhenti honum undirskriftalistann og ræddi stuttlega við hann um hádegisbil í gær.

Ólafur lét ekkert uppi um hvort hann hygðist samþykkja frumvarpið. Hann sagðist þó reikna með að hugsa málið í nokkra daga.

- sh

Tölur frá kjararáði:

Embættislaun dregist aftur úr

KJARAMÁL Kjararáð birti á vefsíðu sinni í gær línurit yfir launaþróun á Íslandi frá árinu 2006. Þar kemur fram að laun þeirra embættismanna sem heyra undir ráðið hafa hækkað hlutfallslega mun minna en almennt hefur gerst á vinnumarkaði.

Laun embættismanna hafa þannig hækkað um tæplega 15 prósent á fimm árum borið saman við um 35 prósenta hækkun almennrar launavísitölu. Leiða má að því líkur að með birtingu línuritsins sé kjararáð að bregðast við gagnrýni sem það hefur orðið fyrir í kjölfar ákvörðunar sinnar um að hækka laun hæstaréttardómara tímabundið vegna álags.

- mþl

KAKA ÁRSINS 2011

Skyrterta með hindberjum og hvítu súkkulaði

Tveir blaðamenn Fréttablaðsins tilnefndir fyrir umfjöllun um Árbótarmálið:

Varpa ljósi á umdeild vinnubrögð

FJÖLMIÐLAR Trausti Hafliðason, fréttastjóri á Fréttablaðinu, og Stígur Helgason, blaðamaður á Fréttablaðinu, eru tilnefndir til verðlauna fyrir rannsóknarblaðamennsku ársins 2010 fyrir umfjöllun sína um málefni meðferðarheimilisins Árbótar.

Í rökstuðningi dómnefndar segir að umfjöllunin sé greinargóð og upplýsandi og varpi nýju ljósi á umdeild vinnubrögð í stjórnmálum og stjórnsýslu.

Alls eru níu tilnefningar í þremur flokkum til verðlauna Blaðamannafélags Íslands. Fréttastofa RÚV, Fréttastofa Stöðvar 2 og ritstjórn Morgunblaðsins, fá sameiginlega tilnefningu fyrir umfangsmikla og vandaða en ólíka umfjöllun um eldgosin á Fimmvörðuhálsi og í Eyjafjallajökli.

Rannsóknarblaðamennska ársins:

- Ingibjörg Dögg Kjartansdóttir DV, fyrir áleitna og vandaða umfjöllun um kynferðisbrotamál.
- Stígur Helgason og Trausti Hafliðason Fréttablaðinu, fyrir greinargóða og upplýsandi umfjöllun um málefni meðferðarheimilisins Árbótar.
- Þorbjörn Þórðarson Stöð 2, fyrir skilmerkilegan fréttaflutning af viðskipta- og fjármálum.

Besta umfjöllun ársins:

- Fréttastofa RÚV, fréttastofa Stöðvar 2 og ritstjórn Morgunblaðsins fá sameiginlega tilnefningu fyrir umfangsmikla og vandaða en ólíka umfjöllun um eldgosin á Fimmvörðuhálsi og í Eyjafjallajökli.
- Magnús Halldórsson Viðskiptablaðinu, fyrir skýra og umfangsmikla umfjöllun um fjármál sveitarfélaga í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga.
- Sigríður H. Björnsdóttir og Þóra Arnórsdóttir (ritstj.) ásamt fréttamönnum fréttastofu RÚV, fyrir sérstakan þátt með greinargóðri og viðamikilli umfjöllun um rannsóknarskýrslu Alþingis.

Blaðamannaverðlaun ársins:

- Kristinn Hrafnsson RÚV/WikiLeaks, fyrir framúrskarandi úrvinnslu á myndbandi um þyrluárás í Bagdad sem hann vann ásamt Inga R. Ingasyni. Einnig fyrir störf hans sem fulltrúi WikiLeaks í samstarfi við helstu fjölmiðla heims.
- Pétur Blöndal Morgunblaðinu, fyrir fróðlegar og sérstaklega vel skrifaðar greinar um læknavísindi.
- Ritstjórn DV, fyrir stjórnlagaþingsvef sinn þar sem lesendum var með nýstárlegum hætti og lifandi framsetningu auðveldað að kynna sér hinn mikla fjölda frambjóðenda.

Kringlan

Fjölskyldudagur

Sunnudagur 20. febrúar

14.00 **Íþróttaálfurinn og Solla Stirða** skemmta og gefa Latabæjar skyrís frá Kjörís

15.30 **Skoppa og Skrítla**

16.00 **Trúðurinn Willy**

Andlitsmálun og fríar blöðrur

JÓNSSON & LE'MACKS • JL.is

Sá sem kemur fram sem Íþróttaálfurinn er samþykktur af Latabæ. Latibær® © 2010 Latibær ehf. Öll réttindi áskilin.

Mán - mið 10-18:30, fim 10-21, fös 10-19, lau 10-18, sun 13-18 | Sími 517 9000

GENGIÐ 18.02.2011

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	117,12	117,68
Sterlingspund	189,82	190,74
Evra	158,79	159,67
Dönsk króna	21,298	21,422
Norsk króna	20,466	20586
Sænsk króna	18,204	18,31
Japanskt jen	1,404	1,4122
SDR	182,46	183,54

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 215,9831

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Tilnefningarfrestur til Samfélagsverðlauna Fréttablaðsins rennur út á mánudag:

Lýst eftir góðum verkum

SAMFÉLAGSMÁL Nú eru að verða síðustu forvöð fyrir lesendur að tilnefna til Samfélagsverðlauna Fréttablaðsins en tilnefningarfrestur rennur út á mánudag.

Í fyrra voru eftirfarandi heiðraðir með Samfélagsverðlaunum Fréttablaðsins: Gleðigjafinn André Bachmann var valinn Hvunndagshetja, Gauraflokkurinn í Vatnaskógi fékk verðlaun í flokknum Frá kynslóð til kynslóðar og Hugarafl hlaut verðlaun í flokknum Til atlögu gegn fordómum. Heiðursverðlaunin hlaut sagnamaðurinn Jón Böðvarsson en hann lést á síðasta ári.

Sá sem hlýtur sjálf Samfélagsverðlaunin fær í sinn hlut verðlaunafé, eina milljón króna. Í fyrra komu þau verðlaun í hlut Landsbjargar, sem þá hafði nýlega unnið það afrek að verða fyrst erlendra björgunarsveita til Haítí eftir jarðskjálftann sem þar varð í janúar í fyrra.

Hægt er að tilnefna til Samfélagsverðlauna Fréttablaðsins á hlekknum visir.is/samfelagsverdlaun, með tölvupósti á netfangið samfelagsverdlaun@frettabladid.is og með því að senda póst til Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, merkt Samfélagsverðlaun.

VEITING SAMFÉLAGSVERÐLAUNA 2010 Tilnefna má til Samfélagsverðlauna í fimm flokkum.

Skoðanakönnun um kreppu:

Klárast á næstu fimm árum

EFNAHAGSMÁL Fjórðungur landsmanna telur að kreppunni muni ljúka árið 2016 eða síðar.

Innan við fimm prósent aðspurðra telja að kreppan klárist á þessu ári. Þá nefna á bilinu 15 til 20 prósent hvert ár á tímabilinu 2012 til 2015 sem lokaár kreppunnar. Tæplega tíu prósent telja hana munu endast lengur en til ársins 2020.

Þetta var niðurstaða skoðanakönnunar sem Talnakönnun gerði í seinni hluta janúar og var birt í nýjasta tölublaði Vísbendingar. - þeb

UNNIÐ VIÐ HOLRÆSI Fráveitugjald, einnig nefnt holræsaskattur, var tekið upp í Reykjavík á tíunda áratug síðustu aldar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Talaði aldrei fyrir dómstólaleiðinni

Lee C. Buchheit, sem leiddi samninganefnd Íslands í Icesave-málinu, segir niðurstöðu Alþingis mjög viðunandi fyrir Ísland. Hann telur þjóðaratkvæðagreiðslu ekki endilega heppilega í þessu máli og varar við dómstólaleiðinni.

STJÓRNMÁL Formaður íslensku Icesave-samninganefndarinnar, Lee C. Buchheit, telur samþykkt Alþingis á Icesave-frumvarpinu vera farsæla lausn fyrir Ísland. Alþingi hafi unnið góða vinnu og komist að skynsamlegri niðurstöðu. Þá neitar Buchheit því að hafa mælt fyrir dómstólaleiðinni á fyrri stigum málsins.

„Deilan hefur nú verið leyst með samningi sem ég tel viðunandi, þingið hefur í það minnsta samþykkt tillögu þess efnis með miklum meirihluta. Ég sé ekki kostina við að beina málinu nú í farveg dómstóla, það skilar einungis hættu á því að útkoman verði verri en þessi lausn segir til um," sagði Buchheit í samtali við Fréttablaðið í gær.

Buchheit hefur fylgst náið með þróun mála á Íslandi frá því að samninganefndin kynnti Icesave-samkomulagið í desember. Hann segir ekki hafa komið sér á óvart að þingstuðningur hafi verið meiri við nýja samninginn en þá fyrri. „Frá því að ég kom að málinu vildi stjórnin vinna það þannig að allir flokkar tækju þátt og væru upplýstir um gang viðræðna. Stjórnarandstaðan skipaði virtan lögmann í samningateymið og mér fannst sem eftir því er leið á viðræðurnar myndaðist samstaða meðal aðilanna um hvernig skyldi vinna málið," segir Buchheit.

Buchheit var spurður hvort hann teldi Icesave-samninginn henta í þjóðaratkvæðagreiðslu eða hvort honum þætti eðlilegt að þjóðin fengi að tjá sig um málið. „Á Íslandi kýs þjóðin fulltrúa á þing. Þeirra verkefni í flóknu máli eins og þessu er að fara mjög nákvæmlega yfir það, eins og ég veit að hefur verið gert. Það er hins vegar ekki nóg að skoða bara samninginn heldur þarf líka að fara yfir afleiðingar þess fyrir Ísland að klára málið ekki með samningi," segir Buchheit og bætir við: „Ókosturinn við þjóðaratkvæðagreiðslu er að almenningur býr ekki að þessari nánu greiningu þingmanna. Ég myndi halda að þetta væri ein af ástæðum þess að á Íslandi er á annað borð þing. Svo má heldur ekki gleyma að á þingi sitja fulltrúar þjóðarinnar, þannig að þjóðin er í raun að tala."

LEE C. BUCHHEIT Formaður Icesave-samninganefndarinnar segir niðurstöðu Alþingis í Icesave-málinu mjög ásættanlega. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Því hefur verið haldið fram að Buchheit hafi á fyrri stigum málsins talað fyrir því að fara dómstólaleiðina svokölluðu frekar en að leita samninga við Breta og Hollendinga. Spurður hvort þetta sé rétt segir Buchheit: „Nei, það sagði ég ekki. Ég sagði hins vegar að þegar horft væri á þrönga lagalega ágreiningsefnið sýndist mér að Ísland stæði vel að vígi og fyrir því eru ýmis rök. Málið er hins vegar flóknara en það og fyrir því má einnig færa rök að Íslendingar hafi skuldbundið sig strax haustið 2008 til þess að greiða þessa skuld. Það sem skiptir þó mestu á þessu stigi málsins er að komin er fram lausn á deilunni sem er mjög vel viðunandi."

magnusl@frettabladid.is

Fasteignamarkaðurinn:

Svipuð velta og var á síðasta ári

FASTEIGNAMARKAÐUR Alls var 56 íbúðasamningum þinglýst á höfuðborgarsvæðinu í síðustu viku. Veltan á fasteignamarkaði var því svipuð og á sama tíma í fyrra þegar 57 samningum var þinglýst á höfuðborgarsvæðinu.

Á heimasíðu Þjóðskrár segir að af þessum 56 samningum hafi 44 verið eignir í fjölbýli, níu sérbýli og þrír samningar um annars konar húsnæði en íbúðarhúsnæði.

Lítil velta var utan höfuðborgarsvæðisins í síðustu viku þar sem tveir samningar voru gerðir á Akureyri, einn á Árborgarsvæðinu og einn á Suðurnesjum. - þj

Kostnaður um 78 milljónir:

Aftur afsláttur á fráveitugjöld

BORGARMÁL Tekjulágir elli- og örorkulífeyrisþegar fá afslátt eða niðurfellingar á fráveitugjöldum í Reykjavík í ár samkvæmt samþykkt borgarráðs í fyrradag.

Tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins þessa efnis á borgarstjórnarfundi í vikunni var vísað til borgarráðs, sem samþykkti hana samhljóða. Samkvæmt upplýsingum fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar er talið að á fimmta þúsund einstaklingar öðlist rétt á slíkum afslætti eða niðurfellingu. Kostnaður er talinn geta orðið 78 milljónir króna. Reykjavíkurborg hefur veitt sambærilegan afslátt áður, en ráð var ekki fyrir honum gert í fjárhagsáætlun borgarinnar. - óká

Lögmaður ósáttur við fréttir:

Sakar DV um róg um Hannes

VIÐSKIPTI Gísli G. Hall, lögmaður Hannesar Smárasonar, gagnrýnir fréttaflutning DV harðlega í yfirlýsingu sem hann sendi á fjölmiðla í gær. DV fjallaði í gær um lögreglurannsókn á málefnum FL Group.

HANNES SMÁRASON

Segir Gísli að Hannes hafi engin lög brotið þegar þrír milljarðar króna voru færðir milli reikninga árið 2005 í tengslum við kaup FL Group á flugfélaginu Sterling.

Allt féð hafi skilað sér á nýjan leik inn í bækur FL Group og því sé ekki um fjárdrátt að ræða. Gísli sakar DV um ógeðfelldan rógburð í garð umbjóðanda síns. - sh

FEMÍNISTAR

Á móti staðgöngumæðrun

Femínistafélag Íslands leggst gegn því að staðgöngumæðrun verði heimiluð á Íslandi, hvort sem er í hagnaðarskyni eða velgjörðarskyni. Í ályktun kemur fram að félagið telji hættulegt að ganga út frá því að barneignir séu álitin sjálfsögð réttindi og að litið sé á að konur, og æxlunarfæri þeirra, sem verkfæri í þeim tilgangi að tryggja öðrum þessi réttindi.

VEÐURSPÁ

Soffía Sveinsdóttir veðurfréttamaður

AUKIN BIRTA

Febrúar er í uppáhaldi hjá mörgum því þá lengir daginn hratt - og styttist í vorið. Veðrið verður fínt norðan til í dag, hægur vindur og nokkuð bjart. S- og SA-lands verður bæði hvassara og úrkoma. Síðan lægir seint í kvöld. Hiti allt að 10°C allra syðst í dag.



HEIMURINN

Alicante	18°
Basel	12°
Berlín	1°
Billund	-2°
Frankfurt	7°
Friedrichshafen	11°
Gautaborg	-2°
Kaupmannahöfn	-2°
Las Palmas	20°
London	9°
Mallorca	16°
New York	6°
Orlando	26°
Ósló	-12°
París	9°
San Francisco	9°
Stokkhólmur	-8°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hendrik Sigurðsson hendrik@frettabladid.is, Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is
ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is, Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Hallgrímsdóttir sigridurh@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynurs@365.is, Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is
RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigurlaug Aðalsteinsdóttir sigurlaug@365.is, Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Guðný Gunnlaugsdóttir gunny@365.is

Konudagsvöndur
2.990
með kaupauka

KAUPAUKI
með konudagsvendi
Mjög góður maskari frá AVON sem lengir og þykkir augnhárin, fylgir konudagsvendinum

KAUPAUKI
með öllum blómvöndum

1. Þriggja daga gestakort í Hreyfingu.
2. Ilmvatnsprufur frá Guess og Beckham.
3. **2 fyrir 1** í bíó á myndina How Do You Know sem verður **frumsýnd 26. febrúar**

10stk túlípanar 999

Konuhelgi
í Blómavali Skútuvogi

Dagskrá laugardaginn
19 febrúar kl. 12:00 - 16:00

FRÍTT FYRIR KONUR!
Yesmine Olsson býður öllum konum upp á inverska súpu í KAFFI GARÐI, í dag kl. 12:00-16:00, í boði Blómavals.

YESMINE VERÐUR Á STAÐNUM OG GEFUR ÁHUGASÖMUM UPPSKRIFTINA.

1. Kynning á baðolíum og snyrtivörum frá ARYA LAYA. **20% afsláttur.**
2. **GALLERI DUNGA.** Íslensk hönnun, skart, töskur og fatnaður.
3. **Ilse Jacobsen** sýnir flottar regnkápur og stigvél.
4. **MINK** sýnir handgerða skartgripi, **20% afsláttur.**

EIGINMENN!
Færið konunni smurt rúnstykki og blóm í rúmið!

Opnum kl. 8:00
á Konudaginn í Skútuvogi!

Rúnstykki með skinku og osti til að taka með
99 kr

Allir blómvendir
Aðeins **1190 kr**

Blómaportið
alla föstudaga og laugardaga

Sértilboð á konudag:
Geisladiskur og DVD

CD 2.490
DVD 2.390

blómaval
heillandi heimur

Skútuvogur - Grafarholt - Akureyri - Egilsstaðir
Akranes - Ísafjörður - Selfoss - Reykjanesbær - Dalvík

ILSE JACOBSEN • Hornbæk
Garðatorgi - Garðabæ
MINK
AVON
GALLERI DUNGA

KJÖRKASSINN



Þekkir þú konu sem hefur farið í brjóstastækkun?

Já	83,1%
Nei	16,9%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Telurðu eðlilegt að hækka útsvar í Reykjavík til að bregðast við niðurskurði í skólakerfinu?

Segðu skoðun þína á vísir.is

SEÐLABANKASTJÓRINN Bankar hafa ekki sótt í lán evrópska seðlabankans í jafn miklum mæli í um tvö ár. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Bankar sækja í mikið lánsfé:

Gæti verið ávísun á vandræði

VIÐSKIPTI Bankar og fjármálafyrirtæki á evrusvæðinu fengu sextán milljarða evra, jafnvirði rúmra 2,5 billjóna króna, að láni hjá evrópska seðlabankanum á fimmtudag. Annað eins hefur ekki sést síðan í janúar 2009. Meðallán hafa það sem af er ári numið 100 milljónum evra á dag.

Mismunandi kenningar eru uppi um ástæðu þess að lánveitingar hafi aukist svo mjög í vikunni. Netmiðillinn MarketWatch segir greinendur hafa talið tölurnar villu í markaðskerfinu. Danska blaðið Börsen segist hins vegar ekki útiloka að einhver stórbanki á evrusvæðinu geti verið í vandræðum. - jab

Reglugerð um loðnuveiðar:

Auka kvóta um 65 þúsund tonn

SJÁVARÚTVEGSMÁL Jón Bjarnason sjávarútvegsráðherra hefur gefið út reglugerðir um auknar heimildir til loðnuveiða.

Aukningin nemur alls 65 þúsund tonnum og fer nær öll til íslenskra skipa eða 64 þúsund tonn.

Heildarheimildir til loðnuveiða á fiskveiðiárinu eru nú 390 þúsund tonn. Ákvörðunin kemur í framhaldi af ráðgjöf Hafró.

FRÉTTASKÝRING: Ákvörðun kjararáðs um tímabundna launahækkun til dómara

Vilja tryggja hæfa dómara

Dómstólaráð gerir ráð fyrir aukafjárveitingu frá Alþingi til að standa undir kostnaði við tímabundna launahækkun dómara. Laun dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur og laun hæstaréttardómara hækka um tæpar 102 þúsund krónur á mánuði til janúarloka 2013.

Ákvörðun kjararáðs um tímabundna launahækkun til dómara kallar á aukna fjárveitingu til dómstólaráðs, að mati Elínar Sigrúnar Jónsdóttur, framkvæmdastjóra dómstólaráðs. „Þegar laun dómara hækka er miðað við að fjárveitingar til dómstóla hækki sem því nemur. Þannig hefur það alltaf verið og við höfum gengið út frá því að svo verði í þetta skipti," segir hún.

Launahækkunin, sem kjararáð ákvað á fundi sínum 4. þessa mánaðar og nær til dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur og Hæstarétt, nemur 101.720 krónum á mánuði og gildir frá fyrsta þessa mánaðar til janúarloka 2013.

Kjararáð klofnaði í úrskurði sínum. Svanhildur Kaaber, formaður ráðsins, og Rannveig Sigurðardóttir skiluðu séráliti þar sem bent er á að kjararáð hafi jafnan áður tekið ákvarðanir um greiðslu sérstaks tímabundins álags eftir á, þegar umfang þess lægi fyrir. „Með vísan til þess að þegar hefur verið stigið ákveðið skref til að fjölga dómurum til að mæta auknu álagi, teljum við ekki tímabært að taka ákvörðun um að greiða dómurum sérstakt tímabundið álag á föst laun," segir í áliti þeirra.

Þá skilaði Jónas Þór Guðmundsson séráliti og taldi að hækkunin ætti að ná til allra héraðsdómara landsins og vera ótímabundin. Þá telur hann að launahækkunin ætti að taka gildi fyrr, eða frá desemberbyrjun 2010. Hann styður hins vegar atkvæði Guðrúnar Zoëga og Vilhjálms H. Vilhjálmssonar og myndar með þeim meirihluta um hækkunina sem ofan á varð.

Í áliti meirihlutans segir að lykilatriði sé að dómstólar séu í stakk búnir til að mæta auknu álagi þannig að mál dragist ekki á langinn og réttarspjöll hljótist af. „Er því mikilvægt að reyndir og hæfir lögfræðingar sæki um embætti dómara," segir þar, en einnig er vísað í skýrslu dómsmálaráðuneytisins frá því í nóvember um að vegna launakjara dómara sé ekki hægt að ganga að því vísu að stór hópur af mjög vel hæfum einstaklingum sæki um starf dómara. „Kjararáð telur rétt að bregðast við miklu álagi á dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur og Hæstarétt, sem rætur á að rekja til flókinna og umfangsmikilla mála vegna efnahagshrunsins, með því að taka ákvörðun um að greiða þeim sérstakt tímabundið álag á föst laun."

Með ákvörðun sinni bregst Kjararáð við bréfi frá Dómarafélagi Íslands í fyrrahaust þar sem bent var á breytingar sem orðið hefðu frá því að kveðinn var upp úrskurður um launalækkun dómara í mars 2009. Lækkunin er til komin vegna laga frá Alþingi, en í þeim eru ákvæði um að kjararáði hafi verið óheimilt að endurskoða ákvörðunina fyrr en í nóvemberlok 2010. Gert var ráð fyrir að þá hefðu línur skýrst varðandi launaþróun á almennum vinnumarkaði. Það hefur ekki gengið eftir og kjarasamningar eru enn í vinnslu.

TEKIST Á UM BÍLALÁN Í HÆSTARÉTTI Kjararáð bendir á að málum hafi fjölgað mjög við Hæstarétt. Þá hafi fjöldi ágreiningsmála vegna gjaldþrotaskipta margfaldast í héraðsdómi, auk þess sem búist sé við fjölgun mála frá sérstökum saksóknara. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Laun dómara í Reykjavík og í Hæstarétti*

Starf	Fyrir ákvörðun	Eftir ákvörðun	Hækkun
Héraðsdómari í Reykjavík	729.077 kr.	830.237 kr.	13,88%
Dómstjóri í Reykjavík	867.048 kr.	968.208 kr.	11,67%
Hæstaréttardómari	897.274 kr.	998.434 kr.	11,27%
Forseti Hæstaréttar	983.599 kr.	1.084.759 kr.	10,28%

**Laun með fastri yfirvinnu. Heimild: Heimasíða kjararáðs.*

Tjá sig um málið

Sjá bara lækkanir

Hjá Sjúkraliðafélagi Íslands furðar fólk sig á ákvörðun kjararáðs um launahækkun til handa dómurum. „Aukið álag er stöðugt, stanslaust og vaxandi vandamál hjá sjúkraliðastéttinni," segir Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri félagsins. „En það eina sem gerist hjá okkur er að kaupið lækkar og álagið eykst."

Greitt fyrir yfirvinnu

VILHJÁLMUR EGILSSON

Ákvörðun kjararáðs snýst fyrst og fremst um tímabundna yfirvinnu, að mati Vilhjálms Egilssonar, framkvæmdastjóra Samtaka atvinnulífsins (SA). „Ég hef ekki annað um þetta að segja en það hlýtur að vera hlutverk kjararáðs að meta hvort yfirvinna sem falin er í launum dómara í dag sé of lítil og hvort verið sé að ætlast til miklu meiri vinnu af þeim en þeir fá greitt fyrir," segir hann og telur ákvörðunina því ekki hafa mikinn snertiflöt við almenna kjarasamninga."

Furðuleg ákvörðun

GYLFI ARNBJÖRNSSON

Gylfi Arnbjörnsson, forseti Alþýðusambands Íslands (ASÍ), segir ákvörðun kjararáðs um tímabundnar álagsgreiðslur til dómara skjóta skökku við þar sem Alþingi hafi þegar ákveðið að létta álagið með fjölgun dómara. „Ekki er hægt að tvíborga fyrir sama hlutinn. Ég veit ekki hvernig fer með fjárveitingar vegna þessa," segir hann og kveðst gera ráð fyrir að dómstólaráði verði gert að mæta ákvörðuninni með niðurskurði hjá sér. „Væntanlega verður þá að fækka aftur dómurum."

Hækkunin slær tóninn í kjaraviðræðum

Elín Björg Jónsdóttir, formaður Bandalags starfsmanna ríkis og bæja (BSRB), bendir á að þegar hafi verið ákveðið að fjölga dómurum vegna mikils álags. Síðan hafi kjararáð nú ákveðið sérstaka greiðslu til þeirra.

„Og ég átta mig ekki á því hvort þetta á hvort tveggja að ganga eftir, fjölgunin og greiðsla vegna aukins álags. Og þá veltum við því fyrir okkur hér hvort þetta sé það sem við eigum von á inn í kjarasamninga," segir hún. BSRB sendi í gær frá sér ályktun þar sem ákvörðun kjararáðs var átalin.

„Starf dómara er mikilvægt og engum vafa er undirorpið að mikið álag hefur verið á þeim í kjölfar efnahagshrunsins. Það á hins vegar við um fjölmargar aðrar stéttir," segir í ályktuninni. „Þær stéttir sem búa við mikið álag hljóta að vænta sömu uppbótar. Ólíðandi er að á meðan ríkisvaldið fæst ekki til að ganga frá kjarasamningum við starfsmenn sína skuli kjararáð hækka laun dómara."

Guðlaug Kristjánsdóttir, formaður Bandalags háskólamanna, segir sitt félag kjósa að líta svo á að ákvörðun Kjararáðs endurspegli til hvaða aðgerða þurfi að grípa. „Það er að bæta kjör og fjölga stöðum háskólamenntaðra sérfræðinga hjá ríkinu," segir hún og bendir á að allir ríkisstarfsmenn vinni undir gífurlegu álagi.

„En ef ég les í þessa aðgerð sýnist mér hún endurspegla það sem allir vita, að laun háskólamanna hjá ríkinu eru ekki samkeppnishæf. Kjararáð hefur ekki gripið til þessa ráðs af gamni sínu, því það stingur náttúrlega afar mikið í stúf við allt umhverfið," segir hún.

Óli Kristján Ármannsson
olikr@frettabladid.is

NÝTT
VISATÍMABIL

FRÍHAFNARDAGAR
Dagana 17. - 20. febrúar
afnemum við virðisaukaskatt
af öllum snyrtivörum.

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups.

Tilboðin gilda út sunnudaginn 20. febrúar 2011.

TAX FREE
SNYRTIVÖRU DAGAR

24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Viðurkennir mistök

Skipstjórinn á Goðafossi hefur viðurkennt að hafa tekið ranga stefnu þegar skipið strandaði, að sögn norskra fjölmiðla. Mengun virðist minni en óttast var í fyrstu. Óvíst er hvenær verður reynt að ná Goðafossi af strandstað.

SIGLINGAMÁL Haft er eftir Ivar O. Prestbakken, yfirmanni rannsóknardeildar lögreglunnar í Fredrikstad, á fréttavef norska ríkissjónvarpsins, að skipstjóri Goðafoss hafi sagt við yfirheyrslu að hann hafi siglt ranga leið. Hann hafi verið einn í brúnni þegar skipið strandaði. Búið er að staðfesta að skipstjórinn var hvorki undir áhrifum áfengis né hafði hann sofnað undir stýri.

„Hann hefur siglt hér í mörg ár. Hann er reyndur sjómaður," sagði Prestbakken við Nrk.no.

Olía hætti að renna úr tönkum Goðafoss síðdegis í gær þar sem skipið er strandað í Oslóarfirði. Ekkert hefur verið ákveðið hvenær reynt verður að ná Goðafossi af strandstað. Skipstjórinn og fleiri úr áhöfn skipsins hafa verið yfirheyrðir af norsku lögreglunni.

Norskir fjölmiðlar hafa greint frá því að Goðafoss hafi verið á rúmlega þrettán mílna ferð við strandið, og aukið ferðina mjög eftir að leiðsögumaður fór frá borði skömmu áður. Eins hafa norsk siglingamálayfirvöld látið að því liggja að leiðsögumaðurinn hafi farið of snemma frá borði og endurskoða þurfi vinnureglur.

Ólafur William Hand, upplýsingafulltrúi Eimskipa, segir að norska lögreglan hafi farið um borð í Goðafoss í gær og yfirheyrt skipstjórann. Slíkt er alltaf gert við fyrsta tækifæri og meðal annars gengið úr skugga um að stjórnendur skipsins hafi ekki verið undir áhrifum áfengis.

GOÐAFOSS Á STRANDSTAÐ Skjót viðbrögð norsku strandgæslunnar eru talin hafa komið í veg fyrir mengunarslys. NORDICPHOTOS/AFP

Goðafoss situr enn fastur á strandstað við Fredrikstad í Oslóarfirði. Olíulekinn, sem ógnaði viðkvæmum sjávarþjóðgarði, stöðvaðist í gær og kom fram í máli stjórnenda björgunaraðgerðanna á blaðamannafundi í gær að mengun væri líklega minni en óttast var í fyrstu. Norsku strandgæslunni er hrósað fyrir skjót viðbrögð en mengunarvarnarbúnaður var kominn í sjóinn aðeins sex klukkustundum eftir að hjálparbeiðni frá Goðafossi barst. Olía hafði þó náð landi á tveimur stöðum, á Akerøya og á Vikertangen á Asmaløy. Hversu mikið lak í sjóinn liggur ekki fyrir en um 500 tonn eru í tönkunum þar sem skipsskrokkurinn rifnaði.

Ólafur sagði í gær að olíulekinn hefði stöðvast en ekki væri útilokað að hann tæki sig upp að nýju. Kalt veður virðist hafa haft þau áhrif að olían rennur ekki en veður er enn ákjósanlegt til björgunarstarfa.

Hvenær reynt verður að ná Goðafossi af strandstað liggur ekki fyrir að svo stöddu.

svavar@frettabladid.is, sunna@frettabladid.is

HR BÝÐUR ÞÉR HEIM!

Í DAG
19. FEBRÚAR
kl. 11:00 – 16:00
Í NAUTHÓLSVÍK

KYNNTU ÞÉR HEIM VÍSINDANNA Í HR

Nemendur og starfsmenn taka á móti þér í húsakynnum skólans í Nauthólsvík og svara spurningum og veita ráðgjöf um grunn- og framhaldsnám, auk þess sem rannsóknarstofur verða opnar, hægt verður að prófa tól og tæki og njóta fjölbreyttrar dagskrár.

Gestir fá tækifæri til að kanna fjármálalæsi sitt, mannlegar sýndarverur sýna samskiptahæfni sína, vélmenni leika lausum hala, eðlisfræðingar leika listir sínar, keppt verður í súlubroti, rafbíll verður til sýnis og keppt verður til úrslita í hinni árlegu HR-áskorun. Gestum gefst kostur á að reyna sig við forritunarþrautir, taka þátt í sálfræðiprófunum, kynnast virkni myndaskoðara og sambandi tölvu og tungumáls. Stúdentafélag HR kynnir starfsemi sína og býður gestum upp á pítsu og gos, auk þess sem stúdentar sýna á sér aðra hlið.

NÁMSKYNNINGAR:
Kl. 12:30 FRUMGREINAR – M.1.10
Kl. 13:00 TÆKNIFRÆÐI, grunnnám – V.1.03
Kl. 13:00 ÍÞRÓTTAFRÆÐI, grunnnám – V.1.10
Kl. 13:00 VIÐSKIPTAFRÆÐI, grunnnám – V.1.02, Betelgás
Kl. 13:30 SÁLFRÆÐI, grunnnám – V.1.02, Betelgás
Kl. 13:30 VERKFRÆÐI, grunnnám – V.1.03
Kl. 14:00 VIÐSKIPTAFRÆÐI, meistaranám – V.1.02, Betelgás
Kl. 14:00 LÖGFRÆÐI, grunnnám – M.1.09, Fönix 3 (dómsalur)
Kl. 14:30 LÖGFRÆÐI, meistaranám – M.1.09, Fönix 3 (dómsalur)
Kl. 14:30 TÖLVUNAR-/HUGBÚNAÐARVERKFRÆÐI, grunnnám – M.1.02
Kl. 15:00 TÖLVUNARFRÆÐI, meistaranám – M.1.02

Tilboð verður á kaffidrykkjum hjá Te og kaffi og Bóksala stúdenta verður opin.

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

HÁSKÓLA DAGURINN
Kynntu þér möguleika framtíðarinnar í Ráðhúsi Reykjavíkur, Háskóla Íslands og Háskólanum í Reykjavík www.haskoladagurinn.is

Kynntu þér dagskrána á www.hr.is

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST

Bifröst í Norræna húsinu

í dag kl. 11-16

Laugardaginn 19. febrúar verður kynningardagur Háskólans á Bifröst í Reykjavík, í Norræna húsinu við Sturlugötu 5. Núverandi og fyrrverandi nemendur auk starfsfólks skólans kynna námið og lífið í Háskólanum á Bifröst.

Einstakt háskólasvæði

Að búa og læra á háskólasvæði eins og á Bifröst er einstök upplifun og ekki í boði annars staðar hér á landi.

Persónuleg kennslufræði

Háskólinn á Bifröst leggur mikla áherslu á ögrandi verkefnavinnu og krefjandi umræður nemenda og kennara í litlum verkefnahópum. Við trúum því að það efli gagnrýna hugsun og sjálfstæð vinnubrögð nemenda. Þess vegna kennum við í litlum hópum.

Komdu í Norræna húsið á laugardag og kynntu þér Háskólann á Bifröst, hann á sér engan líka hér á landi. Spurðu okkur um mannlífið; líkamsræktina, verslunina, kaffihúsið, bókasafnið og við segjum þér allt sem þú þarft að vita.

Léttar veitingar í boði.

Kynntar verða þær námsleiðir sem standa til boða á Bifröst.

- Frumgreinanám í stað- og fjarnámi
- Viðskiptafræði í stað- og fjarnámi
- Viðskiptalögfræði
- Hagfræði, heimspeki og stjórnmálafræði (HHS)
- Alþjóðaviðskipti (MS)
- Lögfræði (ML)
- Menningarstjórnun (MA)
- Menningarfræði (MA)
- Símenntun

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

Háskóladagurinn haldinn á fjórum stöðum í Reykjavík í dag:

Yfir 500 námsleiðir kynntar

MENNTUN Háskóladagurinn verður haldinn í dag. Kynning verður á námsframboði næsta árs í háskólum á Íslandi, í Danmörku og Svíþjóð. Kynningarnar fara fram í Ráðhúsi Reykjavíkur, Háskóla Íslands og Háskólanum í Reykjavík. Kynntar verða yfir 500 mismunandi námsleiðir.

„Nemendur háskólanna, kennarar og námsráðgjafar taka á móti gestum og miðla af reynslu sinni. Einnig verður kynnt margskonar þjónustustarfsemi við nemendur," segir í fréttatilkynningu um Háskóladaginn. Búist er við því að um 3.000 gestir muni skoða kynningarnar og hefur fjöldi fólks óskað eftir því að fá persónulega ráðgjöf sem boðið er upp á í dag.

Í Ráðhúsi Reykjavíkur kynna fjórir íslenskir háskólar: Háskólinn á Akureyri, Háskólinn á Hólum, Landbúnaðarháskóli Íslands og Listaháskóli Íslands, námsframboð á grunn- og meistarastigi.

Á Háskólatorgi Háskóla Íslands, í Gimli og í Odda kynna allar deildir HÍ hundruð námsleiða sinna í grunnnámi. Í Háskólanum í Reykjavík verða kynntar allar deildir skólans í grunnnámi, meistaranámi og doktorsnámi. Einnig verða rannsóknir fræðimanna við HR kynntar.

- sv

HÁSKÓLI ÍSLANDS Flestir háskólar landsins munu kynna námsleiðir sínar á Háskóladeginum í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Um 170 voru lagðir inn á sjúkrahús með svínaflensu – 22 á gjörgæsludeild:

60 þúsund veiktust af svínaflensu

ALÞINGI Talið er að um 60 þúsund manns hafi veikst af svínainflúensu hérlendis. Um 170 voru lagðir inn á sjúkrahús vegna hennar haustið 2009. Af þeim þurfti að leggja 22 inn á gjörgæsludeild. Lágu margir í öndunarvélum vikum saman.

Þetta kemur fram í svari velferðarráðherra við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur Framsóknarflokki.

Í svarinu segir að talið sé að bólusetninging haustið 2009 hafi komið í veg fyrir um 15-20 þúsund tilfelli af svínainflúensu, 60-80 sjúkrahúsinnlagnir og 6-8 tilfelli á gjörgæslu. Önnur bylgja flensunnar sé að sækja í sig veðrið og þegar hafi kona um þrítugt, sem ekki var bólusett, verið lögð inn á gjörgæsludeild til meðferðar í öndunarvél.

Vigdís spurði meðal annars um kaup á bólusetningarefni. Voru 300 þúsund skammtar keyptir og nam kostnaðurinn 381 milljón króna.

Um 150 þúsund manns hafa verið bólusettir og því eru um 150 þúsund skammtar til á lager. Hluti bóluefnisins rennur út í lok október á þessu ári en annar hluti þess ári síðar. Enn er fólk hvatt til að láta bólusetja sig.

Fram kemur að 66 prósent fólks 68 ára og eldri hafi verið bólusett, 44 prósent 19-68 ára og 48 prósent 0-18 ára.

Vigdís spurði jafnframt hvort dæmi væru um alvarleg eftirköst eftir bólusetningu. Segir í svarinu að vitað sé um tvö tilfelli sem flokkast sem alvarleg. Tengdust þau bráðaofnæmi fyrir bóluefninu en báðum einstaklingum farnaðist vel.

- þþs



BÓLUSETT Enn er fólk hvatt til að láta bólusetja sig gegn svínainflúensu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Okkur vantar dugnaðarfork til að reka golfskála Kiðjabergs

Golfklúbbur Kiðjabergs óskar eftir að ráða rekstraraðila fyrir golfskála Kiðjabergs. Viðkomandi mun reka veitingasölu á eigin reikning sem verktaki og jafnframt sinna ákveðnum störfum fyrir klúbbinn.

Rekstrartímabil er frá maí og út september.

Áhugasamir sendi upplýsingar um fyrri störf og reynslu af veitingarekstri á **kiðjaberg@emax.is** fyrir 24. febrúar 2011.

GOLFKLÚBBUR KIÐJABERGS GKB 1993

Hringdu í síma 512 50 60 ef blaðið berst ekki

Stórglæsilegir blómvendir í úrvali!

Íslenskir karlmenn! dekrum nú við konurnar okkar

2 fyrir 1 út að borða á Fjalaköttinn

2 fyrir 1 dekur og líkamsrækt GrandSpa

Fylgir öllum konudagsblómvöndum meðan birgðir endast.

Opnum kl. 10 .00 á laugardag kl. 8.00 á sunnudaginn - KONUDAG

Ertu fjarri henni á konudaginn? Þú getur sent vöndinn og skrifað persónulegt kort á www.gardheimar.is

www.gardheimar.is

Gríptu bakkelsi með blómunum!

Súkkulaðikaka Gulrótarkaka Rúnnstykki Croissant

hrikalega góðar hrákökur

spíran bistro á 2. hæð

GARÐHEIMAR FJÖLSKYLDUFYRIRTÆKI Í 19ÁR

RISA jeppasýning

TOYOTA

Komdu í reynsluakstur og kynntu þér bílana sem henta svo vel við íslenskar aðstæður.

Í dag er árleg jeppasýning í sýningarsal Toyota Kópavogi. Við sýnum nýjustu Toyota jeppana í öllum helstu útfærslum: Land Cruiser 150 33", 35" og 44" breyttir, Hilux 33", 35", 38" og 44" breyttir og Land Cruiser 200 35" breyttur. Arctic Trucks kynnir jeppabreytingar, Garmin kynnir leiðsögubúnað, AMG aukaraf, jeppaklúbbur Útivistar, ferðahandbækur kynntar og veitingar við hæfi.

Jeppabreytingar á frábæru verði og söluráðgjafarnir í samningagír.

Jeppatilboð hjá Betri notuðum bílum.

Opið í dag, laugardag frá kl. 12.00 til 16.00

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Sími: 570-5070

www.toyotakopavogi.is

Today
Tomorrow
Toyota

Tekjur jólavertíðar tapast í gjaldþrotinu

Þungt hljóð er í bókaútgefendum vegna gjaldþrots Bókabúðar Máls og menningar. Einstakir útgefendur óttast að stór hluti ársveltunnar sé tapaður.

MENNING Bókaútgefendur eru sammála um að gjaldþrot Bókabúðar Máls og menningar (MM) geti haft afar neikvæð áhrif á íslenska bókaútgáfu. Fullyrt er að fjárhagslegt högg útgefenda verði til þess að breyta útgáfu og samskiptum útgefenda og endursöluaðila.

Kristján B. Jónasson, formaður Félags íslenskra bókaútgefenda, segir hljóðið þungt í öllum sem komi að bókaútgáfu hér á landi. Enginn hafi gert sér grein fyrir að svo illa væri komið fyrir fyrirtækinu og skilaboð forsvarsmanna MM til útgefenda og starfsfólks hafi verið önnur. „Greinin samanstendur af mörgum litlum fyrirtækjum sem mega ekki við miklu og þó að gjaldþrot sem þetta virðist smátt í samanburði við margt annað hafa einstök fyrirtæki sennilega tapað umtalsverðum hluta af sinni ársveltu. Það veldur þessum fyrirtækjum alvarlegum búsifjum og vandséð er hvernig menn vinna úr þessu áfalli," segir Kristján.

Kristján telur að gjaldþrot MM muni breyta því hvernig verslað sé með bækur. Það fyrirkomulag sem hér hafi tíðkast sé gengið sér til húðar og menn spyrji sig hvernig skipta eigi við endursöluaðila bóka í framtíðinni, enda sé traustið ekkert lengur.

Egill Örn Jóhannsson, framkvæmdastjóri Forlagsins, sem gefur út bækur undir merkjum JPV, Máls og menningar, Vöku-Helgafells og Iðunnar, segir að gjaldþrot Bókabúðar MM sé líklegt til að fækka útgefnum titlum og grafa undan útgáfu metnaðarfyllri ritverka. Hann segir ástæðuna vera að kröfur útgefenda í þrotabúið séu í hámarki svo stuttu eftir jólahátíðina og fáir útgefendur þoli að tapa stórum hluta af jólavertíðinni. „Þetta getur jafnframt haft áhrif á rithöfunda og höfundarlaun þeirra. Þó að útgefandi beri ábyrgð á áhættu í viðskiptum við verslanir segir það sig sjálft að ef þær standa ekki í skilum getur þeim reynst erfitt að standa skil á launum til rithöfunda. Þetta hefur keðjuverkandi áhrif."

Sigurður Svavarsson, framkvæmdastjóri bókaútgáfunnar Opnu, tekur í sama streng. „Verslun með bækur er í raun umboðssala og ég lít þannig á að við eigum óseldar bækur í versluninni og hyggst ná í þær – með góðu eða illu. Við eldri gjaldþrot hefur hins vegar slíkur lager verið úrskurðaður eign þrotabúanna – slíkur úrskurður myndi tvöfalda tapið hjá okkur. Svo er það tilfinningalegt atriði að sjá niðurlægingu verslunarinnar sem hefur verið ákveðið viðmið í borginni."

svavar@frettabladid.is

LOKAÐ! Rétt er að árétta að gjaldþrot Bókabúðar Máls og menningar er alls óviðkomandi bókaútgáfunni sem er undir merkjum Forlagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/

LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

- Eignir 310 milljarðar
- Lífeyrisréttindi óskert
- Nafnávöxtun 6,1 %
- Hrein raunávöxtun 3,4%
- 47 þúsund sjóðfélagar greiddu iðgjöld
- Iðgjöld námu 16 milljörðum
- Lífeyrisþegar um 10 þúsund
- Greiddur lífeyrir nam 6,8 milljörðum

10 ÁRSREIKNINGUR

STARFSEMI Á ÁRINU 2010

EFNAHAGSREIKNINGUR Í ÁRSLOK
Í milljónum króna

	2010	2009
Innlend skuldabréf	135.534	109.919
Sjóðfélagalán	39.949	41.648
Innlend hlutabréf	12.690	4.772
Erlend verðbréf	97.058	104.231
Verðbréf samtals	**285.231**	**260.570**
Bankainnstæður	41.434	37.962
Eignarhluti í Húsi verslunarinnar	241	254
Rekstrarfjármunir og aðrar eignir	286	66
Skammtímakröfur	2.568	2.644
Skuldir við lánastofnanir [1)]	-19.272	-17.881
Skammtímaskuldir	-556	-478
Hrein eign sameignardeild	**303.565**	**277.134**
Hrein eign séreignardeild	**6.367**	**6.003**
Samtals hrein eign	**309.932**	**283.137**

BREYTINGAR Á HREINNI EIGN
Í milljónum króna

	2010	2009
Iðgjöld	15.946	16.313
Lífeyrir	-6.839	-6.927
Fjárfestingartekjur	18.124	25.472
Fjárfestingargjöld	-237	-290
Rekstrarkostnaður	-266	-259
Aðrar tekjur	67	67
Breyting á hreinni eign á árinu	26.795	34.376
Hrein eign frá fyrra ári	**283.137**	**248.761**
Hrein eign til greiðslu lífeyris	**309.932**	**283.137**

KENNITÖLUR

	2010	2009
Ávöxtun	6,1%	9,9%
Hrein raunávöxtun	3,4%	1,1%
Hrein raunávöxtun (5 ára meðaltal)	-2,0%	0,3%
Hrein raunávöxtun (10 ára meðaltal)	2,4%	2,2%
Rekstrarkostnaður í % af eignum	0,07%	0,07%
Rekstrarkostnaður í % af iðgjöldum	1,29%	1,20%
Lífeyrir í % af iðgjöldum	41,4%	37,0%
Fjöldi sjóðfélaga	32.435	32.305
Fjöldi lífeyrisþega	9.745	9.049
Stöðugildi	29,0	29,3
Ávöxtun innlánsleiðar	5,8%	11,9%
Hrein raunávöxtun	3,1%	3,0%

[1)] Réttarleg óvissa er um endanlega niðurstöðu uppgjörs gjaldmiðlavarnarsamninganna.

EIGNIR

Eignir sjóðsins námu 309,3 milljörðum í árslok samanborið við 283,1 milljarða árið áður. Á árinu 2010 greiddu að jafnaði 32.435 sjóðfélagar til sjóðsins og námu iðgjaldagreiðslur alls 15.946 m.kr. Þá greiddu 7.243 fyrirtæki til sjóðsins vegna starfsmanna sinna.

Hrein eign til greiðslu lífeyris



AFKOMA

Ávöxtun á árinu 2010 var 6,1% og hrein raunávöxtun 3,4%. Starfsemi og rekstur sjóðsins á árinu 2010 var að flestu leyti hagfelldari í samanburði við árið undan. Allir eignaflokkar sjóðsins skiluðu jákvæðri ávöxtun árið 2010 og er áhættudreifing safnsins góð og samsetning þess traust. Þannig er um 30% af eignum sjóðsins í dreifðu safni erlendra verðbréfa, 28% í innlendum ríkistryggðum skuldabréfum, 12% í safni sjóðfélagalána, önnur skuldabréf eru samtals 13% af eignum og 13% í bankainnstæðum. Innlend hlutabréfaeign jókst nokkuð á árinu og nemur nú um 4% af eignum sjóðsins.

TRYGGINGAFRÆÐILEG STAÐA

Tryggingafræðileg úttekt lífeyrissjóða er gerð árlega til að gæta þess að ákveðið jafnvægi sé á milli eigna og réttinda sjóðfélaga. Tryggingafræðileg staða sjóðsins er betri í árslok 2010 en árið áður og er hún nú –3,4%. Vegna jákvæðrar raunávöxtunar og annarra þátta í rekstri sjóðsins er ekki tilefni til að endurskoða lífeyrisréttindi.

LÍFEYRISGREIÐSLUR

Á árinu 2010 nutu 9.745 lífeyrisþegar lífeyrisgreiðslna úr sameignardeild að fjárhæð 6.370 m.kr. Lífeyrisgreiðslur árið áður námu 5.909 m.kr. og hækkuðu þær um 8% milli ára. Lífeyrisgreiðslurnar eru verðtryggðar og taka mánaðarlega breytingum vísitölu neysluverðs.

Lífeyrisgreiðslur sameignardeildar



SÉREIGNARDEILD

Alls áttu 41.102 einstaklingar inneignir í árslok 2010 sem námu 6.367 m.kr. Lífeyrisgreiðslur úr séreignardeild námu 461 m.kr. samanborið við 1.011 m.kr. árið 2009. Ávöxtun verðbréfaleiðar var 6,1% og hrein raunávöxtun 3,4%. Ávöxtun innlánsleiðar var 5,8% sem samsvarar 3,1% raunávöxtun.

FJÁRFESTINGAR

Á árinu 2010 námu kaup á innlendum skuldabréfum umfram sölu 34.944 m.kr. og kaup innlendra hlutabréfa umfram sölu nam 6.449 m.kr. Sala erlendra verðbréfa umfram kaup nam 11.201 m.kr.

SKIPTING VERÐBRÉFAEIGNAR Í ÁRSLOK 2010



STJÓRN 2010

Helgi Magnússon, formaður
Ragnar Önundarson, varaformaður
Ásta R. Jónasdóttir
Benedikt Kristjánsson
Benedikt Vilhjálmsson
Bogi Þ. Siguroddsson
Hannes G. Sigurðsson
Stefanía Magnúsdóttir

Framkvæmdastjóri er Guðmundur Þ. Þórhallsson.

live.is

ÁRSFUNDUR

Ársfundur sjóðsins verður haldinn miðvikudaginn 16. mars nk. kl. 18.15 á Grand Hótel.

ÍMYNDUNARAFL / LV

Lífeyrissjóður verzlunarmanna | Kringlan 7 | 103 Reykjavík | Sími 580 4000 | Fax 580 4099 | skrifstofa@live.is | www.live.is

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

FERSKIR KJÚKLINGAVÆNGIR
259 KR.KG.

FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
1898 KR.KG.

FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
659 KR.KG.

FERSKIR KJÚKLINGABITAR
498 KR.KG.

FERSKUR KJÖRFUGL **FRÁBÆRT VERÐ Í BÓNUS**

Sérskorið ferskt lambalæri þar sem efsti hluti mjaðmabeins og rófubeinið er skorið frá og því er meira kjöt og minna bein á lærinu!

BÓNUS

1359 KR. kg

BÓNUS FERSKT **ÓKRYDDAÐ LAMBALÆRI** ÁN MJAÐMABEINS

998 KR. kg

FROSIÐ LAMBALÆRI HAUSTSLÁTRUN 2010

ÍSLENSKT LAMBAKJÖT ÍSLENSKT LAMBAKJÖT ÍSLENSKT LAMBAKJÖT

BRAUÐ Á GÓÐU VERÐI
MÁ FRYSTA

198 KR. 1000g

BÓNUS **KORNBRAUÐ** ***26 SNEIÐAR***

179 KR. 500g

BÓNUS **KJARNABRAUÐ** 500g

GEVALIA KAFFI MELLANROST
Ekki *mikið eftir á þessu verði*

495 KR. 500g

189 KR. 2 ltr.

179 KR. 2 ltr.

25% AFSLÁTTUR

SKÓLAOSTUR Í SNEIÐUM
25% afsláttur Merkt verð 1648 kr./kg.
1236 KR.KG

179 kr. 1 ltr.

Íslandslamb úrbeinað og snyrt lambalæri
Pataks-mangókryddað í álbakka tilbúið í ofninn
Frábært verð:
1998 kr.kg

AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARD: 10-18
SUNNUD: 12-18

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

NÝTT
KORTATÍMABIL

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

ÍSLANDSNAUT:**FERSKT UNGNAUTAHAKK**
MERKT VERÐ: 1498 KR.KG.

ÍSLANDSNAUT: **4 STK. FERSKIR UNGNAUTAHAMBORGARAR M.BRAUÐI**

ÍSLANDS NAUT
Stolt kjötmeistaranna

FERSKT ÍSLENSKT
100% HREINT UNGNAUTAKJÖT

ÍSLANDS NAUT
Stolt kjötmeistaranna

UNGNAUTA-HAMBORGARAR
2 stk. 120g
M/BRAUÐI & SÓSU
498 KR.PK

ÍSLANDSNAUT: **FERSKT UNGNAUTASNITSEL**
MERKT VERÐ; 2498 KR.KG

ÍSLANDSNAUT: **FERSK UNGNAUTAPIPARSTEIK**

ÍSLANDSNAUT: **FERSKT UNGNAUTAGÚLLAS**
MERKT VERÐ; 2498 KR.KG

ÍSLANDSNAUT: **10 FROSNIR 100g UNGNAUTABORGARAR**

BÓNUS
GULRÓTARKAKA 760g
898 KR. 760g

NÝBAKAÐ Í BÓNUS
LANGLOKUR 4 stk.
198 KR. 4 STK.

ALI **FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR**

NÝTT
KORTATÍMABIL

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARD: 10-18
SUNNUD: 12-18

skoðun

greinar@frettabladid.is

Rök eru bæði með og á móti umdeildri ákvörðun kjararáðs.

Torleyst flækja

Ákvörðun kjararáðs um að hækka laun dómara við Hæstarétt og Héraðsdóm Reykjavíkur um hundrað þúsund krónur á mánuði næstu tvö árin kemur mörgum á óvart og hefur talsvert verið gagnrýnd. Á málinu eru að minnsta kosti tvær hliðar, eins og á flestum málum.

Auðvelt er að fallast á þau rök meirihluta kjararáðs að mikið álag verði á dómstólunum næstu misserin vegna flókinna og umfangsmikilla mála sem til þeirra koma vegna efnahagshrunsins. Og út af fyrir sig er eðlilegt að dómarar sækist eftir að fá einhverja umbun fyrir mikið vinnuálag. Það myndu flestir gera.

SKOÐUN

Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Sömuleiðis vega þau rök þungt að hæfasta fólkið fáist ekki til að rannsaka bankahrunið, ákæra og dæma í málum nema það fái vel borgað fyrir sín störf. Góðir lögfræðingar eru eftirsóttir á einkamarkaðnum og jafnvel þótt hæstaréttar- og héraðsdómarar fái hundrað þúsund króna launahækkun á mánuði eru þeir ekki hálfdrættingar á við þá málflutningsmenn sem hafa hæstar tekjur.

Vandinn er sá að þessi rök eiga líka við um margar aðrar starfsstéttir og hópa hjá ríkinu. Álag á ótalmörgum hópum ríkisstarfsmanna hefur aukizt vegna bankahrunsins og afleiðinga þess. Það á við um starfsfólk Stjórnarráðsins, lögregluna, starfsfólk eftirlitsstofnana og þannig mætti áfram telja. Víða þar sem kostnaður hefur verið skorinn niður sinna færri starfsmenn sömu verkefnum og áður og álagið hefur aukizt fyrir vikið. Það á við á mörgum vinnustöðum hins opinbera. Ákveðið hefur verið að fjölga starfsfólki hjá dómstólunum til að mæta auknu álagi en til dæmis hjá hinni almennu lögreglu fækkar lögreglumönnunum um leið og álagið eykst.

Rökin um að ríkinu haldist ekki á hæfasta fólkinu eiga ekki sízt við í heilbrigðiskerfinu, þar sem hámenntað starfsfólk, til dæmis læknar og hjúkrunarfræðingar, vinnur störf sín við æ verri aðstæður og er undir sívaxandi álagi. Þetta fólk getur, rétt eins og hæfustu lögfræðingarnir, gengið inn í störf þar sem vinnuumhverfið er þægilegra og launin hærri, ýmist hér á landi eða erlendis. Hin vitlausa áherzla ríkisstjórnarinnar á að enginn ríkisstarfsmaður hafi hærri laun en forsætisráðherra hefur þegar hrakið sumt af hæfasta heilbrigðisstarfsfólkinu í önnur störf.

Þetta fólk getur hins vegar ekki skrifað kjararáði bréf og beðið um launahækkun, heldur þarf það að semja við ríkið í kjarasamningum. Og það hefur verið gefið skýrt til kynna af hálfu ríkisvaldsins að til þess sé nánast engar kjarabætur að sækja. Þarna er klárlega orðið til misgengi sem erfitt getur reynzt að brúa. Ákvörðun kjararáðs mun sízt greiða fyrir kjarasamningum við opinbera starfsmenn.

Staða sem var nógu vond fyrir hefur verið gerð flóknari og erfiðari með ákvörðun kjararáðs. Hver ætlar að taka að sér að leysa úr flækjunni?

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

Svandís á réttunni eða röngunni?

Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra á góðar rætur í Flóanum. Það hefur þó ekkert með þrætur hennar við Flóamenn að gera. Umræðan um þann málarekstur lýtur að því hvort ráðherrann hafi misnotað vald sitt í pólitískum tilgangi.

Fjármálaráðherra og fleiri samstarfsmenn umhverfisráðherrans á Alþingi hafa brugðið fyrir hann skildi með því að láta að því liggja að sveitarstjórnarmenn í Flóahreppi hafi haft stjórnvaldsákvarðanir um skipulagsmál til sölu. Þetta er kynleg málsvörn í ljósi þess að niðurstaða dómstóla var einmitt sú að ekkert slíkt hefði átt sér stað og fyrir þá sök hefði synjun umhverfisráðherra á staðfestingu skipulagsákvörðunar sveitarfélagsins verið ólögmæt.

ÞORSTEINN PÁLSSON

Oft eru slík vafamál uppi við stjórnsýsluákvarðanir að eðlilegt er að dómstólar skeri úr réttarágreiningi eða óvissu. Þó að lagarök ráðherra verði undir í niðurstöðu dómstóla leiðir það sjaldnast til þess að spurningar vakni um pólitíska ábyrgð og því síður um refsiábyrgð eftir ráðherraábyrgðarlögum. En er eðlilegt að slíkar spurningar vakni í þessu máli?

Til þess að svara því þarf að liggja fyrir með hvaða hætti ákvörðun ráðherra var undirbúin. Tefldu lögfræðingar ráðuneytisins fram greinargerðum með sannfærandi rökstuðningi fyrir ólögmæti skipulagsákvörðunarinnar eða að verulegur vafi léki þar á? Enginn hefur kallað eftir rannsókn á því. Það er óskiljanlegt. Eftirlitshlutverk Alþingis á að ná til slíks undirbúnings og líka til hæfni embættismanna til að gefa sjálfstæða og áreiðanlega lögfræðiráðgjöf.

Kjósa hefði mátt sérstaka rannsóknarnefnd af þessu tilefni en mildari og einfaldari leið hefði verið að allsherjarnefnd Alþingis hefði staðið fyrir dýpri skoðun á málinu. Niðurstöðuna er ekki unnt að gefa sér fyrir fram. Hitt er verra að Alþingi sinnti í engu þessu mikilvæga eftirlitshlutverki.

Sunnar en Norðurlönd

Það sérstaka í málinu er að umhverfisráðherrann reyndi ekki á Alþingi að verja sig með tilvísun í þann lagaágreining sem dómstólar úrskurðuðu um. Hann tefldi þess í stað fram pólitískum rökum um náttúruvernd. Náttúran á að njóta vafans sagði ráðherrann þar.

Sú skoðun getur verið góð og gild. Kjarni málsins er hins vegar sá að hún er ekki lögmæt ástæða til að synja um staðfestingu á skipulagi þar sem ágreiningur er um hvort greiðslur fyrir skipulagsvinnu hafa stoð í lögum. Sá ágreiningur laut ekki að náttúruvernd. Ráðherrann hefur með öðrum orðum sjálfur staðhæft að pólitísk sjónarmið en ekki lögfræðileg hafi ráðið för.

Forsætisráðherra hefur einnig sagt að umhverfisráðherrann njóti trausts vegna þess að hann studdist við rétta pólitík við ákvörðunina. Ráðherrarnir draga þannig báðir fram í dagsljósið að ómálefnaleg sjónarmið hafi búið að baki. Tilgangurinn réttlætti meðalið. Hann var að hindra virkjanir.

Þetta gefur Alþingi sérstaka ástæðu til að skoða hvort finna megi í ráðgjöf embættismanna pólitískt mat af þessu tagi. Ef svo ólíklega vildi til væri um að ræða býsna alvarlegar brotalamir í stjórnsýslunni. Þeirri óvissu sem umhverfisráðherra hefur sett embættismenn sína í að þessu leyti þarf að eyða.

Meirihluti Alþingis telur án skoðunar að umhverfisráðherrann hafi staðist öll pólitísk siðgæðispróf. Það bendir til að siðaviðmiðin liggi sunnar í álfunni en Norðurlönd.

Kelda rökleysunnar

Hver á að borga brúsann af skipulagi við stórvirkjanir sem framleiða rafmagn til iðjufyrirtækja í eigu útlendinga? Hugmyndafræði vinstriflokkanna segir að það skuli efnalitlir bændur gera í þessu tilviki. Vissulega kunna þeir að hafa þann hag af auknum umsvifum í sveitarfélagi sínu sem réttlæti að einhverju leyti slík sjónarmið.

Hin sanngirnisrökin eru þó mun ríkari að rétt sé að láta þá sem sækjast eftir að virkja greiða allan kostnað sem af slíkum framkvæmdum hlýst. Ljóst má vera að fjárhagslegir hagsmunir þeirra eru meiri en sveitarfélaganna sem í hlut eiga. Jafnvel má færa rök fyrir því að virkjunarfyrirtækjunum verði gert skylt að greiða margvíslegan óbeinan kostnað sem af framkvæmdum þeirra leiðir í sveitarfélögum.

Auðvitað má horfa framhjá sanngirnisviðmiðum af þessu tagi og láta náttúruverndarsjónarmið ráða. En fær ekki náttúran best notið vafans um það hvort réttmætt er að virkja ef þeir sem fyrir framkvæmdum standa þurfa að greiða allan raunkostnað? Virkar nokkuð betur á þá til að hugsa sinn gang en aukinn kostnaður?

Engin þúfa í Flóanum liggur svo lágt að þaðan sjáist ekki greinilega að umhverfisráðherrann er hér fastur í keldu rökleysunnar.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
HELGAREFNI: Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
ÍÞRÓTTIR: Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

Fagnaðarefni

Kvikmyndagerð

Björn B. Björnsson
kvikmyndagerðarmaður

Þau tíðindi urðu á nýafstöðnum fundi Bandalags íslenskra listamanna að Katrín Jakobsdóttir menningarmálaráðherra lýsti því yfir að viji hennar stæði til þess að snúa við þeirri stefnu sem fylgt hefur verið í málefnum kvikmyndagerðar á Íslandi – sem hefur verið að skera mun meira niður þar en í nokkurri annarri listgrein.

Katrín sagðist vilja gera nýjan samning við greinina í stað þess samnings sem rann út á árinu 2010 og enn vantar 35% upp á að stjórnvöld efni.

> Stefna þessarar ríkisstjórnar í málefnum greinarinnar er mesta áfall sem íslenskur kvikmyndaiðnaður hefur orðið fyrir

Þetta er fagnaðarefni fyrir alla Íslendinga, því kvikmyndagerðin gerir meira en skila til baka þeim fjármunum sem ríkið setur í kvikmyndasjóði, eins og sýnt hefur verið fram á með óyggjandi hætti.

Þetta er fagnaðarefni fyrir íslenska menningu því við fáum í kjölfarið fleiri leiknar sjónvarpsþáttaraðir, heimildarmyndir og kvikmyndir, á íslensku, sem er mikilvægt fyrir sjálfsmynd okkar og unga fólksins sem hér vex úr grasi.

Þetta er fagnaðarefni fyrir landsbyggðina sem nýtur sama aðgengis að þessu efni og höfuðborgarbúar því allt er það sýnt í sjónvarpi.

Þetta er fagnaðarefni fyrir ferðaþjónustuna því kvikmyndagerðin dregur hingað 10-20% allra ferðamanna sem til landsins koma (samkvæmt rannsóknum þar sem slíkt hefur verið kannað), auk þess að kaupa mikla þjónustu af fyrirtækjum í ferðaiðnaði.

Þetta er fagnaðarefni fyrir kvikmyndagerðarmenn en ekki síður fyrir aðrar stéttir skapandi greina, því kvikmyndagerðin nýtir krafta margra þeirra,eins og leikara, rithöfunda, búninga- og leikmyndahönnuða, tónskálda og hljóðfæraleikara.

Þetta er fagnaðarefni fyrir atvinnuuppbyggingu á Íslandi því í kvikmyndagerðinni eigum við sennilega mestu tækifærin til vaxtar í hinum skapandi greinum, sem við vitum nú að fela í sér mikil verðmæti, menningarleg og fjárhagsleg.

Hér skiptir því miklu að hugur fylgi máli og að hinn nýi samningur verði ekki plástur á svöðusár heldur marki endurreisn og uppbyggingu atvinnugreinar sem byggir á hugviti okkar og handverki – og skilar íslenskum menningarafurðum sem eiga markað um allan heim.

Staðreyndin er að stefna þessarar ríkisstjórnar í málefnum greinarinnar er mesta áfall sem íslenskur kvikmyndaiðnaður hefur orðið fyrir frá upphafi – og það þarf mikið til að snúa þeirri staðreynd við.

Það verður öllum Íslendingum mikið fagnaðarefni ef nú tekst að hindra að sá verði dómur sögunnar.

SENDIÐ OKKUR LÍNU

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að senda línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

Aukin skattlagning leiðir til stöðnunar

Sjávarútvegsmál

Sveinn Hjörtur Hjartarson
hagfræðingur LÍÚ

Auðlindagjald (veiðigjald) sem fyrirtæki í sjávarútvegi greiða til ríkisins fiskveiðiárið 2010-2011 nemur 2.700 til 2.900 milljónum króna. Gjaldið er reiknað sem 9,5% af vergri framlegð greinarinnar (EBITDA), þ.e. framlagi rekstrar fyrir afskriftir og fjármagnskostnað. Þessi sérstaki skattur sem sjávarútvegurinn greiðir nemur 18% í hlutfalli af hagnaði greinarinnar að meðaltali síðastliðin tíu ár miðað við árgreiðsluaðferð Hagstofu Íslands.

Auðvitað væri mun skynsamlegra að nýta þetta fjármagn til uppbyggingar í atvinnugreininni og fjárfesta í nýjum skipum og verkefnum. Um það er þó ekki að ræða. Þessi skattur var settur á í nafni sáttar í samfélaginu.

Bolli Héðinsson hagfræðingur spyr hér nýverið í blaðinu hvort LÍÚ vilji ekki sátt og lætur eins og hann viti ekki um framangreindar skattgreiðslur. Það er ekki hægt að reka atvinnustarfsemi nema um hana ríki sátt. Sáttin þarf að vera við starfsmenn, viðskiptavini, ríkisvaldið og alla þá er hagsmuna eiga að gæta. Sátt getur hins vegar aldrei verið á forsendum þeirra sem gera ítrustu kröfur án tillits til sanngirni.

Þórólfur Matthíasson prófessor bendir á þau augljósu sannindi í pistli sínum í Fréttablaðinu þann 15. febrúar sl. að tekjur útgerða muni skerðast við álagningu auðlindaskatts. Það kemur hins vegar undirrituðum á óvart að hann segist ekki þekkja samspil gengis og afkomu í sjávarútvegi.

Það liggur í augum uppi að ofurskattlagning fiskveiða kallar á lækkun gengis krónunnar svo sjávarútvegurinn fái risið undir henni. Enn frekari lækkun krónunnar hefur í för með sér minni kaupmátt almennings eins og fólk hefur upplifað undanfarin misseri.

Ríkissjóður fær fleiri skattkrónur við ofurskattlagninguna en eftir situr févana sjávarútvegur eins og Þórólfur staðfestir. Lífskjör alls almennings versna líka við lægra gengi, þótt Þórólfi kjósi að sniðganga þá staðreynd.

Samfélagið mun tapa í heild. Óhófleg skattlagning leiðir af sér stöðnun í atvinnuppbyggingu. Það leiðir svo til samdráttar í skatttekjum ríkissjóðs til lengri tíma. Það er skammgóður vermir.

Stafir lífeyrissjóður efnir til málþings í anda þjóðfundarins í Laugardalshöll um stefnu og starfsemi lífeyrissjóðsins á Grand hóteli í Reykjavík laugardaginn 26. febrúar 2011. Málþingið hefst með morgunkaffi kl. 9:30 og gert er ráð fyrir að því ljúki kl.15:00.

Allir sjóðfélagar Stafa eru hjartanlega velkomnir til að ræða málin í minni hópum og síðan sameiginlega.

Öllum steinum velt við – skilaboð til Stafa

Við viljum stuðla að hreinskiptum og opinskáum umræðum með umræðustjóra og ritara í hverjum hópi og málþingsstjóra. Þannig verði tryggt að skilaboð og andi samkomunnar skili sér með skipulögðum hætti til stjórnar og stjórnenda Stafa lífeyrissjóðs með ósk um að umbótatillögum verði hrint í framkvæmd með mögulegum breytingum á samþykktum sjóðsins.

Dæmi um umræðuefni

Möguleg umræðuefni eru lýðræði í lífeyrissjóðum, jöfnun lífeyrisréttinda, sameining lífeyrissjóða, lífeyrisréttindi, markmið ávöxtunar, fjárfestingarstefna og fjárfestingarhegðun, rekstur sjóðsins og auðvitað sitthvað fleira sem gestir kynnu að vilja fjalla um.

Skráning

Afar mikilvægt er að væntanlegir þátttakendur skrái sig með tölvupósti á stafir@stafir.is eða í síma 569 3000 í síðasta lagi miðvikudaginn 23. febrúar.

Sjáumst á stefnumótinu við Stafi 26. febrúar!

Stjórn og starfsmenn Stafa lífeyrissjóðs.

STAFIR LÍFEYRISSJÓÐUR

Stórhöfða 31 | 110 Reykjavík | Sími 569 3000 | Fax 569 3001 | stafir@stafir.is | stafir.is

Flækjur í Flóanum

Hæstaréttardómur

Svandís Svavarsdóttir
umhverfisráðherra

Hæstiréttur dæmdi ákvörðun mína um að synja staðfestingu þess hluta aðalskipulags Flóahrepps sem varðar Urriðafossvirkjun ógilda. Margir hafa haft uppi stór orð af því tilefni og hætt er við að mikilvæg lagarök og efnisatriði hafi fallið í skuggann af þeim fyrirgangi.

Deilt var um heimild framkvæmdaaðila til að standa straum af kostnaði við gerð aðalskipulags. Ég taldi aðkomu Landsvirkjunar að skipulagi Flóahrepps ekki standast lög enda enga orðaða heimild að finna í lögunum. Þá hafði samgönguráðherra áður úrskurðað að tiltekin grein samnings um greiðslu fyrir skipulag væri ólögmæt. Þegar til þess kom hafði umboðsmaður Alþingis fjallað um málið.

Í áliti umboðsmanns eru rakin þau sjónarmið sem hann taldi að samgönguráðuneytið þyrfti að skoða í þessu sambandi. Álitaefnið fólst einkum í því hvort sveitarstjórn gæti með samkomulagi fallist á að hagsmunaaðili, sem ætti mikla og beina hagsmuni undir niðurstöðu skipulagsferils, kostaði gerð skipulags. Horft var til markmiða skipulags- og byggingarlaga sem eiga að tryggja réttaröryggi í meðferð skipulagsmála.

Þegar ég og ráðuneyti mitt stóðum frammi fyrir því að staðfesta skipulag Flóahrepps var byggt á sömu sjónarmiðum og umboðsmaður hafði nefnt, enda einungis heimild í þágildandi lögum fyrir greiðslu framkvæmdaaðila við gerð deiliskipulags. Í ljósi þessarar forsögu átti niðurstaða mín ekki að koma neinum á óvart.

Pólitíkin og lögmætið

Einhverjir hrukku við vegna þeirra svara minna í fréttum að ákvarðanir mínar væru líka pólitískar. Því vil ég minna á að hlutverk ráðherra er tvíþætt. Ráðherrar eru æðstu yfirmenn stjórnsýslu og bera ábyrgð á öllum stjórnarframkvæmdum en líka pólitískir leiðtogar í sínum málaflokki og bera ábyrgð á því að framfylgja pólitískri stefnu ríkisstjórnar hverju sinni. Því hlutverki gegna þeir í pólitísku umboði Alþingis, stjórnmálahreyfinga og kjósenda. Að sjálfsögðu ber ráðherra að fara að lögum og rétti og þannig var það líka í þessu tilviki. Hins vegar er það svo og það vita dómarar allra manna best að þegar skera þarf úr ágreiningi liggur ein lagalega rétt niðurstaða sjaldnast ljós fyrir. Oft þarf að meta hvaða hagsmunir eigi að vega þyngst í þeim málum þar sem möguleiki er á tveimur eða fleiri túlkunum.

Rétt er að hafa í huga að í okkar réttarkerfi er öllum heimilt að bera ákvarðanir stjórnvalda undir dómstóla. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem dómur fellur íslenska ríkinu í óhag. Þegar deilt er um túlkun laga er fullkomlega eðlilegt að mál sé borið undir bæði dómsstig til að stuðla að sátt um niðurstöðu. Þetta mál hefur rofið frið íbúa við Þjórsá um langan tíma og varðar þjóðina alla. Mikilvægt var að fá skorið úr lögmæti samkomulagsins sem um var deilt.

Fordæmisgildi og spurningar

Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að fyrirkomulag um greiðslu fyrir aðalskipulag Flóahrepps stæðist lög. Hann telur aftur að í öðrum tilvikum kunni slíkt fyrirkomulag að vera ólöglegt, m.a. að það geti ógnað markmiðum laganna um réttaröryggi í meðferð skipulags. Eftir stendur að alltaf þarf að meta hvenær slíkt samkomulag hefur áhrif á réttaröryggi og yrði talið ólögmætt. Dómurinn hefur því fordæmisgildi gagnvart nýjum lögum.

Mörgum spurningum er enn ósvarað. Má t.d. greiða fyrir sig og liðka fyrir framkvæmdum með íþróttamannvirki, vatnsveitu, símsendum, reiðstígum eða beinni greiðslu til sveitarstjórnarmanna fyrir fundarsetur? Ný skipulagslög fjalla um kostnað við skipulag en hvað um aðra samvinnu aðila? Þurfa orkufyrirtæki ef til vill að setja sér siðareglur um þessi efni?

Valdmörk og hagsmunir

Ég taldi varhugavert að túlka ákvæði laga á þann hátt að þar sem greiðslur framkvæmdaaðila væru ekki beinlínis bannaðar væru þær heimilar. Aðalskipulag er ígildi reglugerðar og það getur ógnað réttaröryggi og almannahagsmunum að hagsmunaaðili fái að greiða sérstaklega fyrir smíði skipulags eða reglugerðar sem getur haft veruleg og bein áhrif á hagsmuni sem lúta að starfsemi eða afkomu hans. Hæstiréttur er mér sammála um þetta. Fæstum þætti eðlilegt að Viðskiptaráð kostaði reglugerð um fjármálaviðskipti eða samtök útgerðarmanna reglugerð um stjórnun fiskveiða. Það var vegna almannahagsmuna sem ég taldi rétt að synja skipulaginu staðfestingar og láta þá á það reyna fyrir dómstólum, ef þess þyrfti með, hvernig ber að svara spurningunni um þátttöku hagsmunaaðila í gerð aðalskipulags. Fyrir því voru gild lagaleg rök, efnislegar ástæður og pólitísk sannfæring.

Tuggan um tafir á atvinnuuppbyggingu vegna minna embættisverka verður eflaust lífseig en hún stenst enga skoðun. Ég minni bara á að raunverulegar tafir, þegar um þær er að ræða, geta verið fyllilega réttmætar. Þetta mál varðar ekki bara okkur sem nú lifum heldur líka náttúru landsins sem á sinn sjálfstæða tilverurétt og þá sem á eftir okkur koma, mann fram af manni, konur og karla um ókomnar aldir. Ekki síst þeirra vegna verðum að stíga varlega til jarðar.

JÓNSSON & LE'MACKS • JÍNS • STA

Hendur fram úr ermum

Atvinnumál

Jóhanna Sigurðardóttir
forsætisráðherra

Vatnaskil hafa nú orðið í þróun efnahags- og atvinnumála frá hruni. Rústabjörguninni er að mestu lokið og uppbyggingin hefur tekið við. Nú þurfa allir sem vettlingi geta valdið að láta hendur standa fram úr ermum og hefja atvinnuuppbyggingu af krafti.

Á viðskiptaþingi sem haldið var í vikunni hvatti ég menn til að standa saman og horfa fram á veginn á þá miklu möguleika sem íslenskt samfélag býður upp á. Í þeim efnum er fullt tilefni til bjartsýni og sóknarhugar enda tækifærin óþrjótandi.

Í fyrsta sinn í áraraðir ríkir sæmilegur stöðugleiki í efnahagslífinu og helstu hagvísar eru hagstæðir. Verðbólga hefur ekki verið lægri síðan árið 2004, gengi krónunnar er stöðugt og vextir hafa ekki verið lægri um langt árabil. Þessi stöðugleiki er frumforsenda þess að fyrirtækin leggi í fjárfestingar.

Ótvíræður árangur hefur náðst í ríkisfjármálum og halli ríkissjóðs, sem var um 216 milljarðar árið 2008, verður kominn í 36 milljarða árið 2011. Góður afgangur er á utanríkisverslun og svo virðist sem viðskiptajöfnuður hafi skilað afgangi sem nemur 3-4% af landsframleiðslu í fyrra. Fjórðu endurskoðun efnahagsáætlunar Íslands og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins er nýlokið og stefnt er að þeirri fimmtu strax í næsta mánuði. Öll merki benda til þess að Ísland sé komið yfir erfiðasta hjallann. Hagvöxtur er hafinn og skuldabyrðin minni en reiknað var með. Neikvæð staða þjóðarbúsins í lok árs 2010 er á bilinu 57-82% af landsframleiðslu en var um 210% af landsframleiðslu árið 2008.

Bætt umgjörð atvinnulífs

Gert er ráð fyrir að viðamiklum aðgerðum í skuldamálum 6-7 þúsund lítilla og meðalstórra fyrirtækja ljúki að mestu á komandi sumri. Þessum aðgerðum er ætlað að laga skuldir þessara fyrirtækja að eigna- eða rekstrarvirði þeirra og efla þau til nýrrar sóknar. Breið samstaða hefur nú skapast um lausn Icesave-málsins á Alþingi og vonandi sér nú fyrir endann á þeim erfiðleikum sem málið hefur skapað íslensku efnahags- og atvinnulífi. Lausn þess mun án efa hafa víðtæk áhrif á fjármögnunarmöguleika þjóðarbúsins og stórframkvæmda. Ég fullyrði einnig að nú þegar hafa þúsundir starfa verið varin og ný sköpuð vegna margháttaðra annarra aðgerða stjórnvalda til að styðja við atvinnulífið og hvetja til dáða, m.a. með átaksverkefnum, lagabreytingum, skattaívilnunum, framkvæmdaverkefnum ýmiss konar og fjárfestingarsamningum.

Þúsundir starfa í farvatninu

Nýverið var samið um aukna afkastagetu álversins í Straumsvík og framkvæmdir við Búðarhálsvirkjun eru að fara á fulla ferð. Í vikunni var einnig samið um nýtt kísilver í Helguvík. Samtals eru þetta fjárfestingar fyrir ríflega 100 milljarða króna sem skapa munu 1.500-1.600 ársverk næstu misserin.

Góðar horfur eru einnig varðandi verksmiðju í Grindavík sem framleiðir hreinkísil fyrir sólarrafhlöður, áætlanir eru um byggingu verksmiðju á Grundartanga sem framleiða mun natríumklórat og með skömmum fyrirvara væri hægt að ráðast í mjög umfangsmiklar framkvæmdir í samgöngumálum ef sátt næðist um fjármögnun þeirra framkvæmda með veggjöldum. Þessi verkefni öll gætu skapað allt að 2.000 ársverk fljótt og um 500 bein varanleg störf við framtíðarrekstur.

Í ársgamalli könnun Viðskiptaráðs á viðhorfi stjórnenda fyrirtækja kom fram að flest fyrirtæki töldu að óvissa, veiking krónunnar, samdráttur í eftirspurn og hátt vaxtastig ylli mestum erfiðleikum í rekstri.

> Innan OECD eru aðeins sex lönd með lægri skatta en Ísland.

Það er ánægjulegt að sjá að þessi ársgömlu vandamál virðast ekki lengur vefjast mjög fyrir forystumönnum atvinnulífsins í nýjustu könnun Verslunarráðs. Nú tróna þar efst sem helstu vandamálin stjórnvöldin sem hafa haft forystu um þann árangur sem ég hef hér farið yfir og skattaálögur á íslensk fyrirtæki. Þetta segir ansi margt um þann góða árangur sem við höfum náð enda tala staðreyndirnar um stjórnvaldið og skattana sínu máli. Staðreyndin er sú að skattar á fyrirtæki og arð eru hærri í flestum ef ekki öllum okkar helstu samkeppnislöndum og innan OECD eru aðeins sex lönd með lægri skatta en Ísland. Atvinnulífinu er því ekkert að vanbúnaði að hefjast handa og nýta tækifærin sem blasa við á Íslandi.

Sameinumst um uppbyggingu

Við verðum að skapa 10 til 15 þúsund ný störf á næstu árum. Við verðum að útrýma langtímaatvinnuleysi og tryggja atvinnuleitendum virkniúrræði sem skila árangri. Við verðum að byggja hér upp spennandi atvinnulíf og menntunarmöguleika þannig að okkar unga fólk geri Ísland að heimavelli sínum til framtíðar. Ríkisstjórnin ætlar sér að ná árangri í þessum efnum og hefur m.a. sett af stað víðtækt samráð við aðila vinnumarkaðarins, alla þingflokka og fleiri öfluga aðila um markvissar aðgerðir til að svo megi verða. Ég heiti á okkur öll að leggjast nú saman á árarnar í þessum efnum.

Borgun er eina fyrirtækið á landinu sem býður heildarlausn í færsluhirðingu. Fyrirtæki sem eru með öll kortaviðskipti hjá Borgun njóta betri kjara og fá betri yfirsýn yfir tekjur með einu uppgjöri fyrir öll kortaviðskipti.

Hjá Borgun ertu með allt á einum stað.

BORGUN
Ármúla 30 • 108 Reykjavík
Sími 560 1600 • www.borgun.is

Electrolux 5 ára ábyrgð

Hljóðlát 47 dB
Þvotthæfni A
Orkunýting A
Þurkhæfni A

83.900,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

Uppþvottavél
ESF 65052W
82/88 x 59,6 x 57,5 cm
1805331

Electrolux 5 ára ábyrgð

Krumpuvörn

78.990,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

Þurrkari
EDC 47100, 85x60x58 cm
1805461

Electrolux 5 ára ábyrgð

5 ára ábyrgð
tekur 6 kg
1200 snúninga

76.900,-

2 pakkar fylgja öllum þvotta-vélum

Þvottavél
EWF 126410W
1200 sn, 6kg,
85x60x60 cm.
1805477

LÆGRA VERÐ

Í HÚSASMIÐJUNNI

Sparpera
8W E27 827
Dulux Value 6000 tímar.
6189466

Sparpera
11W E27 827
Dulux Value 6000 tímar.
6189468

Sparpera
15W E27 827
Dulux Value 6000 tímar.
6189470

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

Frábært verð á sparperum

599,-

10 STK.

590,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

OSRAM

Perur Osram
Glærar 40W/60W.
10 stk. í pakka.

20% AFSLÁTTUR af ljósum

aðeins um helgina

tilboð
3.990,-
~~5.690,-~~

Útiljós
Julia, einnig til í hvítu.
6000775

tilboð
2.790,-
~~3.990,-~~

Kastari
Thor, stál/gler.
6000920

20% AFSLÁTTUR af smáraftækjum

aðeins um helgina

Samlokujárn
Bomann, Estate.
1840843

tilboð
3.590,-
~~4.590,-~~

1.990,-

Brauðrist
Bomann.
1840852

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

Verð gilda til 20. febrúar

***Vörur merktar "Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar" er lægsta verð sem Húsasmiðjan býður á viðkomandi vörum á hverjum tíma.**
Húsasmiðjan leggur sig fram um að bjóða alltaf lágt verð en ábyrgist ekki að "Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar" sé alltaf lægsta verð á markaðnum.

Afsláttur og önnur tilboð gilda ekki af vörum merktum " Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar".

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

ÍSLENSK HÖNNUN

Íslensk hönnun eftir fatahönnuðinn Svövu Grímsdóttur
Gerð úr íslenskri ull, og vönduðu powerstretch efni

9.990,-

Dömupeysa
Íslensk ull
og Powerstretch
St. 36-48.
Rauð, grá.
5863762-775

DÚNÚLPA

Fyllt með ekta andardún.
Mjög hlý og létt úlpa.
Dömu og herrasnið.
Fáanlegt í svörtu og rauðu.

Dúnúlpa
Herra .
5869816-821

ekta andardúnn
7.990,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

MIKIÐ ÚRVAL AF ÚTIVISTAR FATNAÐI
ótrúlegt verð!

Skíðahjálmur
Svartur, EN1077.
5872110-14

4.990,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

2.990,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

Skíðagleraugu
Barna.
5872113

skíðahjálmur

TRUENORTH

ótrúlegt verð
4.990,-
~~9.990,-~~

Dömuúlpa
Hvít, XS-XXL.
5869863

Eikar plastparket
1.190kr/m²

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

Eik 3ja stafa
6 mm Plastparket
frá Egger Austurríki,
fæst líka í Hnotu
146956

EGGER

30% AFSLÁTTUR af öllum líkamsræktar tækjum
Brjálað verð!

Fjölþjálfi
Öflugt tæki sem
þjálfar allan líkamann.
3899531

tilboð
25.830,-
~~36.900,-~~

tilboð
18.130,-
~~25.900,-~~

Þrekhjól
YK B-19, Hljóðlátt.
Segulviðnám, mælir
vegalengd, tíma, hraða
og heildarvegalengd.
3899530

Borðhandlaug
56x48x20 cm.
8091104

4.769

12.990,-

EMMEVÍ
Eden
Handlaugartæki
7900020

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

Látum verkin tala!

OPIÐ TIL 21:00 Í SKÚTUVOGI ALLA DAGA

HÚSASMIÐJAN

Tímabært að hætta tuðinu

Guðjón Davíð Karlsson, Gói, æfir nú af kappi aðalhlutverk í Nei, ráðherra á stóra sviði Borgarleikhússins. Fyrri hluta vetrar var hann hins vegar á sjónvarpsskjáum landsmanna öll laugardagskvöld sem stjórnandi Hringekjunnar við litla hrifningu áhorfenda. *Friðrika Benónýsdóttir* ræddi við Góa um reynsluna af Hringekjunni, lífið utan leikhússins og nýtt frumsamið verk hans.

Byrjum á Nei, ráðherra, um hvað snýst það verk? „Þetta er, eins og flestir farsar, hádramatískt verk. Fjallar um ungan ráðherra úr ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur sem er að fara að taka þátt í eldhúsdagsumræðum. Hann fær sér herbergi á Hótel Borg, því hann á lögheimili fyrir austan, og ákveður að láta verða af þeirri synd að halda framhjá konu sinni með ungri konu sem hann er hrifinn af. Svo óheppilega vill til að það er lík í glugganum á svítunni þannig að þessi notalega kvöldstund sem fyrirhuguð var snýst upp í andhverfu sína. Og svo verður fólk eiginlega bara að koma og sjá hvernig leysist úr þessu. En þetta verður upphafið að miklum lygavef sem allir þátttakendur flækjast í."

Gói útskrifaðist sem leikari vorið 2005 og hefur síðan verið nánast stanslaust á sviðinu. „Eftir útskrift fór ég beint norður til Akureyrar og lék hjá LA í þrjú ár. Það voru miklir uppgangstímar hjá LA, við vorum stundum að sýna níu sinnum í viku, þannig að ég lít á þetta tímabil sem mastersnám í leiklist. 2008 kom ég suður og var ráðinn hjá Borgarleikhúsinu og hef verið hér síðan. Er búinn að leika tólf til þrettán hundruð sýningar síðan ég útskrifaðist, sem ég held að teljist bara nokkuð gott. Þetta hefur verið algjör draumur."

Hringekjan og niðurrifið

Eftir að hafa notið fádæma velgengni á sviðinu tók Gói að sér að stjórna sjónvarpsþættinum Hringekjunni síðastliðið haust og þá brá svo við að þjóðin kunni ekki að meta framlag hans.

Hvernig upplifði hann það? „Það var dálítið sérkennileg tilfinning og þá áttaði maður sig á því hvað þessir tveir miðlar eru ótrúlega ólíkir og hvað leikhúsið er verndaður vinnustaður. Þótt við fáum auðvitað oft gagnrýni er það nú þannig að fólk kaupir sig inn í leikhúsið af því að það langar til að sjá viðkomandi sýningu og getur þá svolítið sjálfu sér um kennt ef það er ekki sátt, á meðan sjónvarpið er nokkuð sem fólk ætlast til að sé gott, alltaf, þannig að þegar þáttur eins og Hringekjan kemur á skjáinn á fólk mjög auðvelt með að láta reiði sína í ljós.

En ég mun aldrei sjá eftir að hafa tekið þetta að mér. Ég kynntist þarna ótrúlega mörgu góðu fólki og lærði svolítið inn á þennan sjónvarpsbransa, en það sem kannski var verst við þetta var allur aðdragandinn að þessu. Við vorum að taka við af þætti sem var búinn að vera í loftinu í 25 ár og maður hefði haldið að þegar sú ákvörðun var tekin að blása þann þátt af hefðu menn eitthvað konkret í staðinn og allur metnaður Ríkisútvarpsins yrði lagður í það alveg hundrað prósent.

Þess í stað fengum við þrjár til fjórar vikur til þess að búa til þátt og þessar hugmyndir sem þátturinn byggði á voru komnar fram þegar við komum að borðinu. Mér fannst þær raunar hljóma alveg ágætlega; sketsar, Ari Eldjárn með uppistand, spjall og tónlist og heimsóknir út á land.

Sko, fiskisúpa er góð og kjötsúpa er góð og blómkálssúpa er góð en þegar þeim er öllum blandað saman verður útkoman kannski ekkert neitt rosalega ljúffeng súpa og ég held við höfum einmitt lent í svona skrýtinni samsuðu. Ég er samt rosalega stoltur af því að þrátt fyrir allt héldum við okkar striki og kláruðum þetta. Draumastaðan hefði auðvitað verið að geta gert nokkra prufuþætti og prófað þá á áhorfendum og séð hvað virkaði og hvað ekki."

GÓI Ráðherrann finnur lík í gluggakistu á hótelsvítu og þannig hefst lygahringrásin í Nei, ráðherra sem frumsýnt verður um næstu helgi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Skotleyfi á RÚV

„En fyrst og fremst snerist þessi gagnrýni náttúrlega um að það er opinbert skotleyfi á RÚV. Það hefur verið nánast sama hvað RÚV gerir, það er dálítið skotið í kaf, og við lentum í því líka. Sumt af þessu er réttmæt gagnrýni, það þarf að fara að hugsa málin upp á nýtt á RÚV.

Það að gera íslenskan sjónvarpsþátt er ekkert hrist fram úr erminni. Það þarf að liggja yfir hugmyndum. Hringekjan átti að höfða til allrar fjölskyldunnar en það velti því enginn fyrir sér hvernig þátt maður gerði í því tilfelli eða hvort það væri yfirleitt hægt. En hvort sem fólk trúir því eða ekki áttum við reyndar okkar dyggu aðdáendur, mamma var til dæmis rosalega hrifin! Án gríns þá fengum við póst frá mjög jákvæðu fólki. Maður sat ekki bara uppi með bloggarana sem sitja heima hjá sér og blogga og tuða og tuða endalaust. Gagnrýni og niðurrif er ekki það sama. Það er hægt að koma með uppbyggilega gagnrýni sem maður tekur mark á en niðurrif er ekki hægt að taka nærri sér. Umræða verður að vera málefnaleg. Ég held líka að við höfum lent í því að það þótti töff að fíla ekki Hringekjuna. Við vorum svolítið eins og Besti flokkurinn, bara með öfugum formerkjum. Það var töff að fíla Besta flokkinn og á sínum tíma mátti Besti flokkurinn gera hvað sem er. Það hefur reyndar breyst. Það var ekki töff að fíla Hringekjuna, alveg sama hvað þar var gert. En maður verður bara að kyngja því."

> Hjartað tók kipp, maður svitnaði og spurði sig í örvæntingu hvað hefði eiginlega gerst. Ég hafði ekki átt von á svona rosalegum viðbrögðum

Hálfgert taugaáfall

En hvernig leið þér persónulega með þessa gagnrýni? Tókstu hana nærri þér? „Ég skal viðurkenna að ég fékk hálfgert taugaáfall þegar ég sá viðbrögðin við fyrsta þættinum. Ég sá hann ekki sjálfur, var að leika, og kom heim rosaspenntur að sjá viðbrögðin. Fór beint í tölvuna og gúgglaði og sá að menningarelítufólkið sem maður kannast við var allt meira og minna með yfirlýsingar á veggnum sínum um hvað þetta væri ömurlegur þáttur og mikill viðbjóður. Hjartað tók kipp, maður svitnaði og spurði sig í örvæntingu hvað hefði eiginlega gerst. Ég hafði ekki átt von á svona rosalegum viðbrögðum, en ég held samt sem áður, þegar maður er kominn með fjarlægð frá þessu, að þetta hafi verið góður en harður skóli. Og ég veit ekki til þess að fólk hafi hringt í Borgarleikhúsið og afpantað miða á sýningu bara af því að ég er í henni, mér hefur ekki verið kippt út úr sýningum út af þessu og ég fæ ennþá gigg sem veislustjóri, þannig að ég held að fólk jafni sig bara á þessu. Er ekki kominn tími á að hlæja bara svolítið að Hringekjunni? Var þetta ekki bara svona: Þetta var nú meira ruglið, maður.

Á tímum bloggs og Facebook er svo rosalega auðvelt að stýra umræðunni í þann farveg að þetta sé bara ömurlegt og það þarf ekki einu sinni að rökstyðja það neitt. Og þeir sem dirfðust að kommenta og segja að þeim fyndist þetta fínn þáttur voru umsvifalaust skotnir niður. Þetta dregur auðvitað dám af þeim veruleika sem við búum við í íslensku þjóðfélagi. Það eru erfiðir tímar og það er reiði í fólki sem brýst út í svona upphlaupum: hvað er verið að bjóða manni upp á hérna? En mér finnst fólk aðeins þurfa að fara að hugsa sinn gang. Það er ekkert gaman, ástandið er erfitt, en það verður miklu erfiðara með þessu eilífa tuði og nú þurfum við að fara að hætta því. Taka okkur saman í andlitinu og standa saman, einu sinni. Ég held það væri dálítið hollt fyrir íslenska þjóð að standa nú einu sinni saman með náungakærleika og jákvæðni. Við erum alltaf tilbúin að brjóta niður náungann og það sem hann er að gera."

Laugardagskvöld á mánudegi

Í nánast hvert sinn sem minnst er á Góa er tekið fram að hann sé biskupssonur, en hvað er hann fleira? „Ég er eiginmaður og faðir tveggja og hálfs árs drengs. Konan mín, Ingibjörg Ýr, er að læra að verða ljósmóðir, fór með mér norður á sínum tíma og fór í hjúkrunarfræði í háskólanum þar. Og ég held að það hafi verið mjög gott fyrir okkar samband að hún skuli hafa verið mér samferða frá upphafi, þannig að við höfum upplifað það saman hvernig líf leikarans er. Hún vinnur vaktavinnu líka og okkar laugardagskvöld er mánudagskvöld. Þetta er ekki beint fjölskylduvænsti vinnutími í heimi, en hún hefur fullan skilning á því. Hún fór svo í ljósmóðurfræðina eftir að við komum suður og er að klára námið í vor. Ég ber mikla virðingu fyrir hennar starfi og það setur hlutina dálítið í rétt samhengi fyrir mér. Ég kem kannski heim eftir að hafa verið að æfa það að detta á rassinn í sex tíma og hún hefur verið að taka á móti barni. Hún er viðstödd kraftaverk oft á dag. Maður fær stundum kjánahroll yfir sjálfum sér í þessu samhengi. Ég ber ómælda virðingu fyrir hennar starfi og starfsheitið er náttúrlega fallegasta orð í íslensku: ljósmóðir, það er stórfenglegt. Fjölskyldan er mér mjög mikils virði og þegar ég er að vinna svona mikið tími ég ekki að eyða tímanum í eitthvert hobbý, allur frítíminn fer í að sinna þeim."

Ný leikgerð af Eldfærunum

Hvað er svo næst á dagskránni eftir að búið er að frumsýna Nei, ráðherra? „Þá er ég að fara í Eldfærin. Ég er búinn að skrifa barnaleikrit eftir sögu H.C. Andersen og semja tónlistina við það. Ég hef rosalega gaman af því að vinna efni fyrir börn, það er ótrúlega gefandi. Páll Eyjólfsson og Júlíus Jóhannsson, sem reka Prime umboðsskrifsstofuna og ég hef mikið unnið fyrir, fengu þá hugmynd að gera barnasýningu og ég stökk til og ákvað að gera litla versjón af Eldfærunum, skrifaði handrit að tveggja manna leikriti með tónlist og Þröstur Leó, stórleikari, ætlar að leika með mér í því. Frumsýningin verður 26. mars og núna strax eftir frumsýningu á Nei, ráðherra förum við á fullt að æfa það. Við skiptum á milli okkar öllum hlutverkunum, en ég ætla náttúrlega að vera aðal, þótt það sé dálítið hrokafullt þegar maður er að leika á móti Þresti Leó. Við ætlum að sýna þetta uppi á stóra sviðinu, þannig að áhorfendur verða þar líka, og ætlum að skapa mikinn töfraheim fyrir börn á öllum aldri."

NÁMSKYNNING,
SPRENGJUGENGIÐ,
STJÖRNUTJALD,
POLLAPÖNK
OG DREKADANS

OPIÐ HÚS
Í HÁSKÓLA ÍSLANDS Í DAG!

ULL ER GULL,
SAMNINGATÆKNI,
HERMANN,
HEIMAFÆÐINGAR
OG ELDORGELIÐ

SÝNISHORN ÚR DAGSKRÁ / HI.IS — **LAUGARDAGURINN 19. FEBRÚAR**

19. FEBRÚAR	HÁSKÓLATORG:	AÐALBYGGING – KAPELLAN:	ANDDYRI AÐALBYGGINGAR:	HÁSKÓLABÍÓ:	ASKJA:
11:00–11:15	Setning: Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra. Strengjakvartett nemenda úr Listaháskóla Íslands.				
11:15–11:30	Hljómsveitin Pollapönk stígur á svið				Stjörnuver
11:30–11:45	Trúbadorinn Hjalti Sverrisson	Ljóðaupplestur	J-Rock bandið 印象的だよ		Stjörnuver
11:45–12:00	Háskólakórinn syngur				Stjörnuver
12:00–12:15	Ljóðaupplestur	Trúbadorinn Hjalti Sverrisson	Kínverskur drekadans	Sprengjugengið	
12:15–12:30	Þjóðsagan Ólafur muður – leikrit	Ljóðaupplestur	Frönsk tónlist		Stjörnuver
12:30–12:45	Atriði úr leiksýningunni *Ballið á Bessastöðum*		Leiðsögn um Aðalbyggingu		Stjörnuver
12:45–13:00	Ljóðaupplestur				Stjörnuver
13:00–13:15	Tónlistaratriði, nemar á tónlistarkjörsviði Kennaradeildar	Messa á vegum nemenda í guðfræði	Dúettinn Hanabi	Sprengjugengið	
13:15–13:30	Frönsk tónlist				
13:30–13:45	Sigurbjörn Árni Arngrímsson lýsir glímu		J-Rock bandið 印象的だよ		Stjörnuver
13:45–14:00	Ljóðaupplestur				Stjörnuver
14:00–14:15	Háskóladansinn	Ljóðaupplestur		Sprengjugengið	
14:15–14:30	Kvennakór Háskóla Íslands syngur		Kínverskur drekadans		Stjörnuver
14:30–14:45	Margrét Arnardóttir spilar á harmonikku	Ljóðaupplestur	Frönsk tónlist		Stjörnuver
14:45–15:00	Hvað get ég gert með laglínur? – leikrit	Kvennakór Háskóla Íslands	Leiðsögn um Aðalbyggingu		Stjörnuver
15:00–15:15	Ljóðaupplestur	Trúbadorinn Hjalti Sverrisson spilar		Sprengjugengið	
15:15–15:30		Harmonikkuleikur	Dúettinn Hanabi		Stjörnuver
15:30–15:45	Trúbadorinn Hjalti Sverrisson				Stjörnuver
15:45–16:00					Stjörnuver

HÁSKÓLI ÍSLANDS
1911-2011

Háskóli Íslands býður landsmönnum á öllum aldri í heimsókn í dag, laugardaginn 19. febrúar, þar sem í boði verða ótal viðburðir, kynningar og uppákomur sem sýna vísindin í litríku og lifandi ljósi. Allir geta kynnt sér fjölbreytt námsframboð háskólans, starfsemi og þjónustu, skoðað rannsóknastofur, tæki, búnað og húsakynni.

FÖGNUM SAMAN ALDARAFMÆLI HÁSKÓLA ÍSLANDS.

PIPAR\TBWA • SÍA • 110431

Túnis

Zine El Abidine Ben Ali forseti hraktist úr landi 14. janúar. Hann flúði til Sádi-Arabíu og tók með sér allan gullforða landsins. Þar veiktist hann alvarlega og er sagður liggja í dái á sjúkrahúsi. Foued Mebazaa varaforseti er forseti til bráðabirgða og Mohammed Ghannouchi forsætisráðherra fékk það verkefni að mynda þjóðstjórn þangað til efnt verður til kosninga, sem stefnt er að innan hálfs árs.

Egyptaland

Hosni Mubarak forseti hraktist frá völdum 11. febrúar eftir öflug mótmæli í átján daga samfleytt. Yfirstjórn hersins tók við völdum, hefur leyst upp þingið, numið stjórnarskrána úr gildi og ætlar að boða til kosninga innan hálfs árs. Hvort herforingjarnir standa við það eða hvort þeir reyna frekar að styrkja eigin völd enn frekar veit ekki nokkur maður. Mubarak kom sjálfur úr röðum herforingja og stjórnaði landinu alla tíð í skjóli hersins, en virðist hafa misst trúnað meðal yfirmanna hersins þegar hann gerði sig líklegan til að búa son sinn, sem ekki kemur úr röðum hersins, undir að verða arftaki sinn.

Líbía

Moammar Gaddafí, leiðtogi Líbíu, hefur verulega sérstöðu meðal leiðtoga arabaríkjanna. Hann hefur byggt upp öfluga kúgunarvél lögreglu, hers og leyniþjónustu og heldur uppi strangri ritskoðun þannig að þjóðin á hvorki auðvelt með að fá óbrenglaðar fréttir að utan né sameinast í mótmælum. Gaddafí ræður líka yfir miklum auðæfum frá olíu- og gasvinnslu sem hann getur notað til að sefa almenning. Mikið atvinnuleysi, aukin dýrtíð og húsnæðisskortur varð þó til þess að hundruð manna héldu út á götur í byrjun ársins og nú í vikunni upphófust frekari mótmæli, sem Gaddafí hefur reynt að berja niður af hörku. Tugir manna hafa fallið, en í gær efndi Gaddafí sjálfur til mótmæla gegn mótmælendunum.

Alsír

Regluleg mótmæli, sem brotist hafa út síðan í byrjun janúar, urðu til þess að **Abdelaziz Bouteflika** forseti hét því að aflétta neyðarástandi, sem verið hefur í landinu frá því blóðug borgarastyrjöld braust þar út fyrir nærri tveimur áratugum. Friður komst þar á upp úr aldamótum en efnahagsástandið er erfitt og mótmælendur krefjast þess að Bouteflika segi af sér. Hann hefur enn ekki aflétt neyðarástandinu.

Íran

Árangur mótmælanna í Túnis og Egyptalandi hefur blásið nýju lífi í írönsku stjórnarandstöðuna. Tveir helstu leiðtogar hennar efndu til mótmæla í byrjun vikunnar og brutust út óeirðir sem kostuðu tvo menn lífið. Stjórnin hefur svarað þessum mótmælum fullum hálsi og efndi sjálf til mótmæla í gær gegn stjórnarandstöðunni.

Sádi-Arabía

Sádi-Arabía hefur næst á eftir Egyptalandi verið eitt voldugasta ríki arabaheimsins, einkum í krafti olíuauðæfa sinna en einnig vegna sterkrar stöðu íslams í landinu. Landið er mjög einangrað, ritskoðun er ströng, stjórnarandstaða bönnuð og áhrif trúarinnar mikil í daglegu lífi. Staða **al Saud** konungsfjölskyldunnar er sterk, en óánægja hefur engu að síður grafið um sig og kröfur um umbætur hafa skotið upp kollinum.

Jemen

Mótmælendur hafa þegar náð þeim árangri að **Ali Abdullah Saleh** forseti, sem hefur verið við völd síðan 1978, lofar nú að bjóða sig ekki fram í næstu forsetakosningum. Hann lofar því einnig að sonur sinn verði ekki í framboði. Mótmælin hafa engu að síður haldið áfram í höfuðborginni Sana og fleiri borgum landsins. Nú síðustu daga hafa brotist út harkaleg átök mótmælenda við bæði lögreglu og stuðningsmenn forsetans. Fátækt í Jemen er meiri en í öðrum arabaríkjum.

Barein

Fjölmenn mótmæli í byrjun vikunnar mögnuðust um allan helming eftir að tveir menn létu lífið og hefur ólgan vaxið jafnt og þétt eftir því sem liðið hefur á vikuna með fleiri dauðsföllum. Mótmælendurnir virðast sameinast um tvær meginkröfur. Önnur er sú að konungurinn hleypi öðrum að ákvörðunartöku og embættum í landinu. Hin er sú að ráðamenn, sem flestir eru **sjía-múslimar**, láti af mismunun gegn **súnní-múslimum**, sem eru meirihluti landsmanna.

Jórdanía

Þegar mótmælin í Egyptalandi voru í hámarki greip **Abdúllah** konungur til þess ráðs að reka **Samir Al-Rifai** forsætisráðherra og ríkisstjórn hans til að sefa óánægjuraddir yngri kynslóðanna í landinu. Abdúllah nýtur þess að vera konungur en ekki forseti og getur því varpað ábyrgðinni á forsætisráðherra landsins en sjálfur setið áfram í sátt við þjóðina. Engu að síður hafa verið dagleg mótmæli í landinu alla þessa viku.

Marokkó

Múhameð VI. konungur í Marokkó, sem er tæplega fimmtugur og hefur stjórnað landinu í rúman áratug, nýtur þess að vera af rótgróinni konungsfjölskyldu og talinn vera beinn afkomandi Múhameðs spámanns. Þrátt fyrir útbreidda óánægju landsmanna eru afar litlar líkur á því að konunginum verði steypt af stóli. Óánægja kraumar engu að síður undir niðri. Í lok janúar kveiktu fjórir menn í sjálfum sér og 20. janúar hefur verið boðað til mótmæla.

Kúvæt

Sheikh Sabah Al-Ahmed Al-Jaber Al-Sabah, konungur í Kúvæt, notar olíuauð sinn óspart til þess að friða almenning. Í janúar tilkynnti hann að allir landsmenn fengju ókeypis matarskammta næstu fjórtán mánuðina auk þess sem hver einasti ríkisborgari fékk þúsund dínara að gjöf, en sú fjárhæð samsvarar um það bil 400 þúsund krónum. Þetta er eitt grófasta dæmið um það hvernig ráðamenn í araba-heiminum kaupa sér frið við almenning með olíutekjum sínum. Þrátt fyrir það hafa stjórnarandstæðingar boðað til mótmæla 8. mars.

Ólgukvarði

Forvitnilegt er að bera saman „óánægjuvísitölu" landanna.



Bæði tímaritið Economist og breska útvarpið BBC hafa birt þennan kvarða þar sem „ólgustig" hvers lands er reiknað út frá tölum um aldursdreifingu, fátækt, þjóðartekjur, spillingu stjórnvalda, lengd stjórnartíðar þeirra, ritskoðun og lýðræðisskort – með þeim fyrirvara þó að útreikningar þessir séu ekki endilega óskeikulir.

FALLINN Illa farin mynd af Hosni Mubarak á húsvegg í Kaíró. NORDICPHOTOS/AFP

Óstöðvandi flóðbylgja mótmæla

Óvissa ríkir enn um áhrif og afleiðingar mótmælabylgjunnar í ríkjum **Norður-Afríku** og **Mið-Austurlanda**. Úr þessu virðist þó fátt geta komið í veg fyrir víðtækar og hraðar breytingar í að minnsta kosti sumum þessara landa. *Guðsteinn Bjarnason* fer yfir ástandið í þessum heimshluta.

Egyptar flykktust þúsundum saman út á Frelsistorgið í Kaíró í gær til að fagna sigri á Hosni Mubarak forseta, sem viku áður hrökklaðist frá embætti undan þunga mótmælanna.

Lýsandi fyrir ástandið í Egyptalandi þótti að lúðrasveit egypska hersins skyldi taka þátt í fögnuðinum. Óvissa ríkir enn um það hvort og hvernig yfirmenn egypska hersins ætla að standa við loforð sín um að efna til lýðræðislegra kosninga síðar á árinu.

Mótmælabylgjan í ríkjum Norður-Afríku og Mið-Austurlanda, sem hófst í Túnis stuttu fyrir áramót, virðist nú vera óstöðvandi. Bæði í Túnis og Egyptalandi hafa forsetar hrakist frá völdum og nú síðast hefur staða konungsins í Barein veikst mjög í kjölfar fjölmennra mótmæla og mannskæðra átaka undanfarna viku.

Þúsundir og sums staðar tugþúsundir manna hafa einnig velgt ráðamönnum undir uggum í Alsír, Jórdaníu, Jemen, Líbíu, Marokkó og reyndar flestum öðrum löndum í þessum heimshluta. Meira að segja í Íran, sem reyndar er ekki arabaríki eins og hin löndin, hefur ólgan hleypt nýju blóði í stjórnarandstöðuna og í Sádi-Arabíu gætir sömuleiðis vaxandi óánægju sem kannski er óþarfi að gera lítið úr, þrátt fyrir sterka stöðu konungsfjölskyldunnar þar.

Ástæður mótmælanna eru mismunandi eftir löndunum, en versnandi efnahagsástand og bágborið lýðræði er sameiginlegt þeim flestum. Yngri kynslóðir eru orðnar mjög stórt hlutfall íbúanna, víðast hvar eru tveir af hverjum þremur innan við þrítugt, og þessar yngri kynslóðir virðast síður sætta sig við ofríki stjórnvalda en þær eldri.

Síhækkandi matvælaverð á stóran þátt í vaxandi óánægju íbúanna. Undanfarið ár hafa matvæli hækkað í verði um ríflega fjórðung að meðaltali og er það eitt nóg til að meirihluti íbúanna fyllist örvæntingu. Þegar við bætist vaxandi atvinnuleysi þarf ekki mikið til að kveikja neistann.

Lýðræði hefur auk þess lengi verið ábótavant í flestum þessum löndum og stjórnarfar verið fornaldarlegt og svo virðist sem yngri kynslóðirnar setji það meira fyrir sig en þær eldri, enda hefur nútímaleg samskiptatækni skotið rótum víðast hvar í löndum Norður-Afríku og Mið-Austurlanda.

Stjórnarfar landanna er að vísu afar misjafnt og svo virðist sem rótgrónar konungsfjölskyldur eigi auðveldara með að halda hylli íbúanna en forsetar og einræðisherrar sem komist hafa til valda með vafasömum hætti fyrir einhverjum áratugum.

Óruggust í sessi virðist kannski al Saud fjölskyldan í Sádi-Arabíu en jafnvel þar er ekki hægt að útiloka breytingar því bæði konungurinn og krónprins landsins eru orðnir háaldraðir og tæpir til heilsunnar. Þeir voru farnir að hafa áhyggjur af því hvað við tæki löngu áður en mótmælaaldan skall á núna síðustu vikurnar.

Enginn veit í dag hvort fögnuðurinn á Frelsistorginu í Kaíró í gær mun endast næstu vikur eða mánuði, en þýska fréttastofan DPA hefur eftir einum þeirra sem tóku virkan þátt í mótmælunum að mannfjöldinn vilji umfram allt halda herforingjunum við efnið og ekki létta af þeim þrýstingnum.

gudsteinn@frettabladid.is

UPPHAFIÐ

Upphaf mótmælabylgjunnar má rekja til þess að Mohamed Bouazizi, 26 ára atvinnulaus maður í bænum Zidi Bouzid, kveikti í sjálfum sér 17. desember síðastliðinn eftir að honum var bannað að selja vörur úti á götu til að afla sér tekna. Atburðurinn vakti mikla athygli meðal landsmanna. Ben Ali forseti heimsótti hann á sjúkrahúsið 28. desember en 4. janúar lést Bouazizi. Eftir það jukust mótmælin um allan helming og hafa síðan breiðst út eins og eldur í sinu. Á myndinni krýpur frændi Bouzais við gröf hans.

NORDICPHOTOS/AFP

Gallerí Fold · þekkt fyrir trausta þjónustu

Næsta listmunauppboð 7. mars

Erum að taka á móti verkum núna í Galleríi Fold við Rauðarárstíg

LISTMUNASALA fold

Áhugasamir vinsamlegast hafið samband í síma 551-0400, 896-6511 (Tryggvi), 845-0450 (Jóhann)

Opið virka daga 10–18, laugard. 11–14, sunnud. lokað

Rauðarárstígur 14, sími 551 0400 · www.myndlist.is

einfaldlega betri kostur

EAGLE. Rúmgrind 180x200, svartlökk.fura. Steypujárn í fótum. Án dýnu.
79.900,-

© ILVA Ísland 2011

NÝJAR VÖRUR

SHAKE. Glerskál margl.doppur Ø16,5 cm. **Verð 2.995,-** /stk

DEAUVILLE. Snagi svart/zink m.postulínshnúð. **Verð 1.995,-** /stk

RAW. Ljós svart. Ø40 cm. **Verð 28.995,-**

ELIZABETH. Junior stóll. Glær. H63 cm. **Verð 7.900,-** /stk
Einnig til í hvítu og glæru.

SAIGON.
Karfa fléttuð.
18x30 cm. **Verð 1.195,-**
21x37 cm. **Verð 2.495,-**
26x45 cm. **Verð 3.495,-**

PAMELA. Kanna 2L creme.
Verð 2.495,-

TOWER. Stóll lakkaður.
Ýmsir litir. **Verð 6.900,- /stk.**
Einnig til í hvítu.

LOVE. Glerskál. Ýmsir litir.
Ø12 cm. **Verð 1.395,-** /stk

ARDENNE. Borðst.borð 90x180 cm. **Verð 84.900,-**
BORGATA. Stóll m.fléttaðri setur. H95 cm. **Verð 19.900,-** /stk

CINCINATTI. Snagi grein svört.
30x5x36 cm. **Verð 7.900,-**

FLAX. Skemill m/geymslu.
H51 cm. **Verð 8.900,-** /stk

TODDLER. Sílófónn tré/málmur.
3+ ára. Viður. **Verð 1.995,-**

VALENCE. Skrifborð eik.
64x125x95,5 cm. **Verð 89.900,-**
VOIRON. Borðstofu stóll. Eik/hör
H94 cm. **Verð 39.900,-**

WOODIE. Babúska pastel. Viður.
2 gerðir. **Verð 1.995,-**/stk

CLOCK. Klukka m/stillimynd.
Gler. Ø43 cm. **Verð 11.995,-**

RENNES. Frál. borð eik málmur. 80x35x150 cm. **Verð 79.900,-**

ILVA kaffi

Tortilla m/osti og skinku
(borið fram með salati)
690,-

VISA Lán - VAXTALAUST
Bjóðum uppá vaxtalaust lán til 6 mánaða

ILVA sendum um allt land

ILVA Korputorgi, Blikastaðavegi 2-8,
112 Reykjavík, s: 522 4500, www.ILVA.is
laugardaga 10-18, sunnudaga 12-18
mánudaga - föstudaga 11-18:30

shop online

NÝTT KORTATÍMABIL

Hlaut ómetanlegan stuðning

Tvíburarnir **Jón Tómas** og **Kristján Atli**, synir **Önnu Katrínar Ólafsdóttur** og **Gregs Kruk**, fæddust þremur mánuðum fyrir tímann eftir tvísýna áhættumeðgöngu. Í samtali við *Kjartan Guðmundsson* lýsir Anna Katrín óvissunni um afdrif ófæddra barna sinna og þætti starfsfólks kvennadeildar Landspítalans, sem hjálpaði foreldrunum að komast í gegnum þá erfiðu reynslu.

„Ég stend sjálfa mig mjög oft að því að horfa á strákana og hugsa um hversu mikil kraftaverk þeir eru. Mig grunar að fáir hafi haft trú á því að þetta myndi ganga svona vel og ég er algjörlega sannfærð um að sú ummönnun sem við fengum á spítalanum hafi skipt sköpum," segir Anna Katrín Ólafsdóttir, en synir hennar og Gregory Kruk, tvíburarnir Jón Tómas og Kristján Atli, fæddust tæpum þremur mánuðum fyrir tímann í nóvember 2009.

Drengirnir, sem nú eru fimmtán mánaða gamlir, eyddu tveimur fyrstu mánuðum ævi sinnar á vökudeild Landspítalans, en fyrir fæðinguna hafði Anna Katrín legið í fimm vikur á kvennadeildinni undir ströngu eftirliti lækna. „Þetta var rosalega skrýtinn tími. Ég var auðvitað dauðþreytt og alls kyns tilfinningar bærðust innra með mér, Greg og okkar nánustu. En svo eignuðumst við þessa tvo gaura sem eru svona ótrúlega hressir og flottir og þetta hefur verið mikið ævintýri, sérstaklega eftir á að hyggja," segir Anna Katrín.

FJÖLSKYLDAN „Að finna stuðninginn og hlýjuna frá starfsfólkinu á kvennadeildinni var það mikilvægasta af öllu," segir Anna Katrín, sem hér sést með Greg og tvíburunum á heimili sínu í austurborginni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þakkaði Guði fyrir hvern dag

Jón Tómas og Kristján Atli eru fyrstu börn þeirra Önnu Katrínar og Gregs, sem starfa bæði hjá tölvuleikjaframleiðandanum CCP. Anna Katrín vinnur þar í fjármáladeildinni en Greg, sem er fæddur og uppalinn í London í Englandi, sér um að framleiða svokallaða „treilera", sýnishorn og kynningarefni, fyrir fyrirtækið.

Anna Katrín segir það hafa verið ljóst frá upphafi að tvíburameðgangan yrði áhættusöm. Af þeim sökum var hún í reglulegu eftirliti á Landspítalanum framan af meðgöngu. Þegar hún var komin 22 vikur og fimm daga á leið skrapp Anna Katrín svo úr vinnunni í skoðun og þá kom í ljós að leghálsinn var alveg styttur, sem gjarnan er merki um að fæðing geti átt sér stað nánast hvenær sem er.

„Ég var lögð inn samstundis og eyddi næstu fimm vikum liggjandi með fæturna upp í loft, stóð varla upp nema til að fara á salernið og í sturtu annan hvern dag. Mér var sagt að þetta liti alls ekki vel út, og þegar legvatnið byrjaði að leka í vikunni á eftir voru horfurnar hálfu verri. Ég horfði dálítið á 28 vikur sem takmark, en þegar ég var einungis komin tæplega 23 vikur á leið virtust þær fimm vikur hræðilega langt í burtu. Ég bað til Guðs um annan dag á hverju kvöldi og þakkaði honum fyrir hvern þann dag sem ég fékk," segir Anna Katrín og bætir við að í dag sé hún nánast ósegjanlega þakklát fyrir að hafa getað gengið með tvíburana þetta lengi.

„Ég bjóst auðvitað aldrei við að þurfa að liggja á spítalanum svona lengi. Sá frekar fyrir mér að ég myndi liggja heima og horfa á Friends í sjónvarpinu í nokkrar vikur fyrir fæðingu, en sú varð

BESTU VINIR Jón Tómas og Kristján Atli eru hraustir strákar sem una sér vel heima við og hjá dagmömmunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

LANDSSÖFNUN LÍFS

Landssöfnun Lífs fer fram í opinni dagskrá Stöðvar 2 3. mars, en þangað til geta áhugasamir heimsótt vefsíðuna gefdulif.is og gerst styrktaraðilar átaksins. Það kostar 3.000 krónur á ári og eru styrktaraðilarnir þegar orðnir um 800 talsins. Þar er einnig hægt að kaupa boli til styrktar átakinu og verða þeir væntanlega seldir á fleiri stöðum fram til 4. mars.

NÝ NÁMSKEIÐ AÐ HEFJAST

SKRÁÐU ÞIG NÚNA

á worldclass.is og í síma 55 30000

World Class ICELAND

Bestun Birtingahús

ekki raunin. Ég sökkti mér því ofan í sænska reyfara á spítalanum í staðinn, sem var ekki alslæmt," segir Anna Katrín og hlær.

Ómetanlegur stuðningur starfsfólks

Eins og áður segir ber hún öllum aðbúnaði á kvennadeild Landspítalans afar vel söguna. Hún segist enn fremur hafa hlotið ómetanlegan stuðning frá starfsfólki deildarinnar, sem oft er í þeirri erfiðu aðstöðu að hughreysta fólk sem skyndilega þarf að velta því fyrir sér hvort börn þeirri komi til með að lifa af eður ei.

„Ég var svo heppin að komast fljótlega í einkaherbergi með sér salerni og sturtu og það hjálpaði mér afar mikið. Fólk í þessari stöðu gengur í gegnum mjög erfitt tímabil og hugsanir sem það vill líklega bara deila með maka eða sínum nánustu. Ég segi það hreint út að ég veit ekki hvað ég hefði gert með aðra manneskju í herberginu sem fær sína fjölskyldu í heimsókn, að þurfa að pæla í því hvort einhver væri að hlusta á mig og þar fram eftir götunum. Hjúkrunarfræðingarnir voru líka mikið í því að halda mér gangandi, enda fátt annað hægt að gera og lítið þorandi að segja. Einn þeirra viðurkenndi nú fyrir mér síðar að honum hefði nú ekki litist neitt rosalega vel á þetta þegar ég var fyrst lögð inn, en ég fann líka vel fyrir því hvernig starfsfólkið varð rólegra eftir því sem dagarnir liðu," segir Anna Katrín.

Óraunverulegt meðan á því stóð

Fimm vikum eftir innlögn Önnu Katrínar á kvennadeildina var komið að sjálfri fæðingu tvíburanna og gekk hún blessunarlega hratt og vel fyrir sig, enda þeir enn mjög litlir og máttu illa við hvers kyns hnjaski. Strax að fæðingu lokinni var foreldrunum leyft að skoða strákana í skamma stund en svo voru þeir færðir upp á vökudeild í hitakassa. Á vökudeildinni dvöldu drengirnir svo næstu tvo mánuðina, en Anna Katrín fékk að fara heim þremur dögum síðar.

„Við gerðum okkur strax grein fyrir því að þeir kæmu ekki heim á næstunni. Læknarnir útskýrðu fyrir okkur að við yrðum að vera reiðubúin því að slíkt ferli væri upp og niður, að hlutirnir bötnuðu og versnuðu á víxl," segir hún og bætir við að Kristján Atli hafi til dæmis fengið lungnablæðingu á öðrum degi og þurft að fara í öndunarvél. „En miðað við það hvað þeir fæddust löngu fyrir tímann, aðeins tæplega 28 vikna, teljum við vel sloppið að þeir hafi einungis þurft að vera á vökudeildinni í tvo mánuði. Þetta var dálítið óraunverulegt meðan á því stóð og skrýtið að fá börnin sín ekki heim strax. Eftir á að hyggja sakna ég þess, en þá vorum við einfaldlega að einbeita okkur að því að komast í gegnum þetta og sjá til þess að það væri í lagi með strákana."

Bestu vinir frá fæðingu

Jón Tómas og Kristján Atli eru undir reglulegu eftirliti á Landspítalanum hjá lækni á vökudeildinni og einnig í ungbarnaeftirliti sem sérstaklega er ætlað fyrirburum, en það fer fram á heilsugæslustöð í Þönglabakka í Breiðholti. Anna Katrín segir að hún og Greg hafi búið sig undir að tvíburarnir veiktust oftar en flest önnur börn, en sú hefur ekki orðið raunin.

„Þeir eru mjög hraustir og una sér vel hjá dagmömmunni sinni. Svo er auðvitað frábært að eignast besta vin sinn strax við fæðingu, eins og þeir voru svo heppnir að gera," segir Anna Katrín, sem hefur skrifað niður stuttar frásagnir af fæðingu og fyrstu mánuðum drengjanna með það að markmiði að geta rifjað söguna upp með þeim síðar meir. „Svo geymum við líka ýmsa hluti eins og til dæmis fyrirburafötin. Það hjálpar okkur að muna hversu ótrúlega lítil kríli þeir voru þegar þeir fæddust."

BYGGJUM UPP Í SAMEININGU

Líf, styrktarfélag kvennadeildar Landspítala - háskólasjúkrahúss (LSH) stendur þessa dagana fyrir fjáröflunarátaki sem nær hámarki með landssöfnun í opinni dagskrá á Stöð 2 4. mars næstkomandi. Markmiðið er að safna fé til endurbóta og nútímavæðingar kvennadeildar Landspítalans.

Bjarney Harðardóttir er formaður Lífs, sem var stofnað fyrir rúmlega ári að fyrirmynd Hringsins sem byggði Barnaspítala Hringsins á sínum tíma. Hún segir tildrög félagsins vera þá ákvörðun að hýsa ekki kvennadeildina í nýrri byggingu Landspítalans. „Kvennadeildin var byggð fyrir gjafafé árið 1974 og um þessar mundir væru engar framkvæmdir á deildinni mögulegar nema fyrir gjafafé.

Það sjá það allir sem koma þarna inn að þörfin á að nútímavæða tæki, tól og alla aðstöðu, meðal annars fyrir aðstandendur, er mikil. Sýn spítalans er sú að þarna verði byggð miðstöð fæðinga og kvenlækninga fyrir allt landið og þetta söfnunarátak er eina leiðin fyrir þjóðina til að koma að þessu verkefni. Við þurfum að byggja upp í sameiningu þannig að við verðum stolt af, öll sem eitt," segir Bjarney.

LÍF Í tilefni átaksins efndi styrktarfélagið Líf til kynningarfundar. Frá vinstri: Reynir Tómas Geirsson, yfirlæknir kvenlækninga á Landspítalanum, Elín Sveinsdóttir, verkefnastjóri átaksins, Bjarney Harðardóttir, formaður Lífs, og Hildur Harðardóttir, yfirlæknir fæðinga- og meðgöngudeildar kvennasviðs Landspítala. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

JÓNSSON & LEMACKS • jl.is • SÍA NBIHF.(LANDSBANKINN).KT.471008-0280

Farið verður yfir núgildandi reglur á réttindum og greiðslum lífeyrisþega hjá Tryggingastofnun.

24. febrúar – Árbæjarútibú, Kletthálsi
3. mars – Hornafjörður – Ekra, Víkurbraut
10. mars – Vesturbæjarútibú, Hagatorgi

Réttindi lífeyrisþega

Starfsfólk Tryggingastofnunar kynnir núgildandi reglur og hvaða þættir hafa áhrif á réttindi og greiðslur hjá Tryggingastofnun. Sérfræðingar bankans fara síðan yfir skattamál tengd lífeyrissparnaði.

Námskeiðin hefjast kl. 20 og eru öllum opin. Boðið er upp á léttar veitingar.

Fimmtudagskvöld eru fjármálakvöld

Námskeiðin eru hluti af röð fjármálanámskeiða sem Landsbankinn hefur boðið upp á frá árinu 2006. Markmið þeirra er að auðvelda fólki að öðlast betri yfirsýn yfir fjármálin.

Skráning og nánari upplýsingar á vef bankans og í síma 410 4000.

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000

Litháen og viðurkenning Íslands

Í vikunni voru liðnir tveir áratugir frá því að Alþingi samþykkti ályktun um stuðning við sjálfstæði Litháen. **Össur Skarphéðinsson** utanríkisráðherra minnist þess hvernig brautin var rudd að viðurkenningu alþjóðasamfélagsins á sjálfstæði Eystrasaltsríkjanna.

Í nístandi 14 gráðu frosti í miðborg Vilníus í síðustu viku afhjúpaði ég ásamt lítháískum kollega, Audroníusi Azubalis, Íslandsskjöldinn. Litháar létu setja hann upp á strætinu sem einnig ber nafn Íslands, í minningu þess að sama dag, 11. febrúar, voru liðin nákvæmlega 20 ár frá því Alþingi samþykkti sögulega ályktun um stuðning við sjálfstæði Litháen. Í frostinu flutti Vytautas Landsbergis, leiðtogi Litháa í sjálfstæðisbaráttunni, tilfinningaþrungna ræðu, berhöfðaður í kuldanum, og rifjaði upp hvernig samþykkt Alþingis braut ísinn og ruddi brautina að viðurkenningu alþjóðasamfélagsins á sjálfstæði Eystrasaltsríkjanna. Litháar höfðu þá búið stærstan part síðustu aldar undir erlendri harðstjórn, mestmegnis Sovétríkjanna, sem innlimuðu Eystrasaltsríkin sumarið 1940 í kjölfar illræmds griðasáttmála Hitlers og Stalíns. Ári síðar réðust þó nasistar inn í Eystrasaltsríkin, þar á meðal Litháen, sem mátti þola blóði drifna hersetu nasista það sem eftir lifði heimsstyrjaldarinnar síðari, en þá tók enn við harðstjórn Stalíns. Áhrifin af langvarandi erlendri harðstjórn á litla þjóð er erfitt að gera sér í hugarlund núna. Heimsókn í gamla KGB-fangelsið í miðborginni, sem nú er orðið að safni um þjáningasögu Litháa á síðustu öld, skerpti þó óþyrmilega skilning aðvífandi gesta af Íslandi um fantatökin sem þjóðin var beitt.

> Ég var þá nýorðinn formaður þingflokks Alþýðuflokksins, og var stoltur af formanni mínum, og ríkisstjórn.

Ísland innrammað

Litháar hafa ekki gleymt þætti Íslands, og íslenskra stjórnmálamanna. Í þinginu, Seimas, hangir uppi mynd af Jóni Baldvin Hannibalssyni með fallegt alskegg og byltingarglit í auga á meðal helstu erlendra stuðningsmanna Litháa frá þeim tíma. Annars staðar í þinginu rakst ég á innrammað skeyti sem Seimas var sent sama dag og Alþingi tók sína afdrifaríku ákvörðun, undirritað af Steingrími Hermannssyni. Hann var þá forsætisráðherra vinstri stjórnarinnar. Á þriðja staðnum í þinghúsinu hangir sjálf ályktunin innrömmuð á íslensku. Á stórum fundi sagnfræðinga og stjórnmálamanna sem haldinn var í gamla þingsalnum um stöðu Litháen í alþjóðasamfélaginu voru enn á dögum vaskar kempur sem spurðu eftir Hannibalssyni. Salurinn stóð upp og þakkaði Íslandi með dynjandi lófataki fyrir frumkvæði hans og Alþingis þegar íslenskur utanríkisráðherra ávarpaði þá 20 árum síðar.

Eins og skjölin sögulegu frá Alþingi og myndin af Jóni Baldvin eru innrömmuð á veggjum Seimas þá er Ísland líka rækilega rammað inn í hjörtu Litháa. Síðar sama dag sat ég drykklanga stund með Landsbergis, sem var að koma þreyttur utan úr Evrópu og var enn að velta fyrir sér íslenskum smáatriðum úr atburðarásinni 20 árum fyrr. Þá kom hann sjálfur heim til Íslands og beitti öllum sannfæringarkrafti manns í miðri byltingu til að fá smáþjóð norður undir heimskauti til að setja lóð sitt á vogarskál hins litháíska sjálfstæðis. Augu Landsbergis urðu rök þegar hann talaði um Jón Baldvin og Steingrím Hermannsson, að ógleymdum Jörundi Hilmarssyni sem var ræðismaður þeirra þegar mest gekk á.

Hárrétt – en flókin ákvörðun

Í baksýnisspegli sögunnar kann okkur í dag að virðast ákvörðun Íslands hafa verið sjálfsögð. Hún var það þó ekki. Hún krafðist pólitísks kjarks, yfirvegaðs mats, ekki einungis á ávinningum viðurkenningarinnar fyrir Litháen, heldur einnig á afleiðingunum fyrir Ísland. Litháar voru einbeittastir Eystrasaltsþjóðanna á leið sinni til sjálfstæðis og börðu fótastokkinn. Landsbergis orðaði það svo í samtalinu við mig að þeir hefðu brennt allar brýr að baki sér, og fyrir þeim hefði einungis ein leið verið fær: Fram til sjálfstæðis. Á þetta lagði hann þunga áherslu við stjórnmálamenn úr öllum flokkum þegar hann kom í fræga heimsókn til Íslands í október 1990.

Þá var uppi flókin staða heima og erlendis. Íslendingar voru í viðræðum við Sovétríkin um endurnýjun mikilvægra viðskiptasamninga. Það blakti örugglega í hugsanagangi áhrifamikilla stjórnmálamanna í fleirum en einum flokki. Í Sovétríkjunum stóð Gorbatsjef forseti tæpt, einsog kom í ljós þegar hann stóð með naumindum af sér atlögu harðlínumanna síðar á árinu. Í umræðunni heima og erlendis var því teflt fram að liðsinni við Litháa og Eystrasaltsríkin gæti veikt stöðu hans, og hugsanlega gert harðlínuöflum greiðara að taka völdin í Sovétríkjunum. Þannig töluðu menn jafnvel upphátt á Íslandi. Það var því ekki einboðið að Ísland gerðist ísbrjótur Eystrasaltsríkjanna. Til að komast að þeirri niðurstöðu þurfti bæði heitt hjarta og ískalt stöðumat.

Teningunum kastað

Á kaldri janúarnóttu, mánuðum eftir að Vytautas Landsbergis hafði verið heima á Íslandi, hringdi hann í íslenska utanríkisráðherrann. Sovéski herinn hafði þá ráðist á sjónvarpsturninn í Vilníus, drepið 14 mótmælendur og öllum heiminum var ljóst að Litháar hygðust berjast til þrautar fyrir sjálfstæði sínu. Landsbergis reyndi þá að ná sambandi við marga stjórnmálamenn á Norðurlöndum og í Evrópu. Hann náði í Jón Baldvin og sagði honum að ef Íslendingar meintu eitthvað með góðum orðum yrði hann að koma sjálfur í heimsókn til Litháen. Viku síðar var Jón Baldvin kominn í fræga heimsókn sína til Vilníus, og Eystrasaltslandanna allra, ávarpaði fjöldafundi og þjóðþing. Af þeim ástríðuþrótti sem ekki hefur elst af fyrrverandi formanni Alþýðuflokksins gaf hann út skorinorðar yfirlýsingar um að Ísland myndi viðurkenna sjálfstæði þeirra. Þarmeð var teningunum kastað. Ákvörðun Jóns Baldvins var tekin bæði í krafti heits hjarta og ískalds stöðumats – og var hárrétt.

Á Íslandi var Jón Baldvin efalítið afgerandi drifkraftur í ákvörðun Íslendinga. Hann bjó þó að traustu baklandi. Almenningur studdi baráttu Eystrasaltsþjóðanna heils hugar. Þegar ákvörðunin lá fyrir studdi ríkisstjórnin hana einhuga. Innan Sjálfstæðisflokksins, sem þá var í stjórnarandstöðu, var mjög eindreginn stuðningur við málstað Litháa. Þann 11. febrúar 1991 samþykkti Alþingi svo einróma stuðning við sjálfstæðisbaráttu þeirra. Hann fólst í að ítrekuð var viðurkenning okkar á sjálfstæði Litháen frá 1922, þegar landið naut sjálfstæðis um nokkurra ára skeið í kjölfar fyrri heimstyrjaldar og byltingar í Rússlandi. Jafnframt lýsti Alþingi því yfir að Ísland hygðist taka upp stjórnmálasamband við Litháen.

1991 Jón Baldvin Hannibalsson og Landbergis héldu geysifjölmennan blaðamannafund í Vilníus í Litháen, þar sem mættir voru blaðamenn frá öllum heimsálfum. RAX/RAGNAR AXELSSON

TÍMAMÓT Össur Skarphéðinsson og Lansbergis í Vilníus í síðustu viku.

VILNÍUS Össur og Audroníusi Azubalis afhjúpa Íslandsskjöldinn.

Það kom svo í hlut nýrrar ríkisstjórnar að formgera stjórnmálasamband við Eystrasaltsríkin þegar utanríkisráðherrar allra ríkjanna þriggja undirrituðu, ásamt Jóni Baldvin fyrir Íslands hönd, staðfestingu á stjórnmálasambandi Íslands við þau við hátíðlega athöfn í Höfða 26. ágúst 1991. Ég var þá nýorðinn formaður þingflokks Alþýðuflokksins og var stoltur af formanni mínum og ríkisstjórn.

Árangursríkur leiðangur

Á þeim 20 árum sem liðin eru frá því Litháar urðu sjálfstæð þjóð hafa þeir unnið þrotlaust að því að styrkja stöðu sína – og tekist vel. Þeir hafa vissulega lent í efnahagslegum stormviðrum á síðustu árum einsog Íslendingar og fleiri þjóðir. Í ljósi sögunnar, og átaka sem þjóðin hefur lent í við öfluga granna í ölduróti tímans, hefur hið kórrétta leiðarljós hins vegar verið að styrkja með öllu móti öryggi þjóðarinnar. Þeir, og grannþjóðirnar tvær við Eystrasaltið, notuðu þær sérstöku aðstæður sem sköpuðust í kjölfar kalda stríðsins til að sækja um aðild að Atlantshafsbandalaginu. Íslendingar studdu þær óskir mjög eindregið, og aðild allra tók gildi árið 2004. Sama ár var aðild Litháen að Evrópusambandinu einnig fullgilt. Með þessu tvennu, auk atorku við að byggja upp tvíhliða tengsl við ríki nær og fjær, hafa framsýnir stjórnmálamenn í Litháen tryggt þjóð sína eins vel gegn viðsjám í framtíðinni og unnt er. Með sama hætti er umsókn okkar um aðild að Evrópusambandinu einnig hugsuð til þess m.a. að styrkja öryggi herlausrar þjóðar gegn ófyrirséðum vám.

Við Íslendingar höfum með margvíslegum hætti notið vináttu og hlýhugar Litháa síðan þeir urðu aftur sjálfstæð þjóð. Skemmst er að minnast þess að í hremmingum Icesave-deilunnar töluðu þeir máli okkar linnulaust við þau ríki sem máli skiptu. Þeir studdu okkur heils hugar innan AGS þegar sú deila frestaði afgreiðslu efnahagsáætlunar okkar. Þegar Alþingi tók ákvörðun um umsókn Íslands að Evrópusambandinu samþykkti Seimas stuðningsályktun við Ísland, sem Vygaudas Usackas, þáverandi utanríkisráðherra, kom sjálfur með og afhenti forseta Alþingis.

Söguleg utanríkisstefna

Ákvörðun Íslendinga árið 1991 gagnvart Eystrasaltsríkjunum, og Litháen sérstaklega, var efalítið einn af hátindum íslenskrar utanríkisstefnu. Jón Baldvin lék lykilhlutverk sem sagan á aðeins eftir að stækka. Um svipað leyti og Eystrasaltsþjóðirnar stóðu í sinni baráttu í lok kalda stríðsins hófu aðrar þjóðir leiðangur sinn til sjálfstæðis. Þá, einsog í tilviki Eystrasaltsríkjanna, héldu stórþjóðir að sér höndum. Íslendingar gerðust þá enn ísbrjótar og réttu smáþjóðum hjálpandi hönd, einsog Króötum, sem lýstu yfir sjálfstæði en þurftu að bíða viðurkenningar alþjóðasamfélagsins uns Íslendingar viðurkenndu fullveldi þeirra, einnig fyrstir þjóða. Dæmin eru fleiri. Íslendingar geta með réttu verið stoltir af þessari fortíð. Hin sögulega hefð sem Jón Baldvin mótaði í tíð ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar er partur af utanríkisstefnu Íslands. Ef þær aðstæður skapast að við teljum að verulega muni um okkar stuðning, til dæmis varðandi Palestínu, á Ísland að vera ódeigt. Þar, einsog í tilviki Eystrasaltsþjóðanna, þarf að velja tímann af kostgæfni. En lærdómurinn sem við, alveg einsog Eystrasaltsþjóðirnar og aðrar smáþjóðir, eigum að læra af afstöðu Íslands til Litháen á sínum tíma er þessi: Smáþjóðir eiga að vera til staðar þegar aðrar smáþjóðir þurfa liðsinni þeirra.

Skrifað í Vilníus, Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra.

CHEVROLET

Chevrolet á enn betra verði!

Þökkum frábærar móttökur á 100 ára afmælisári Chevrolet - Ári slaufunnar
Gerðu Chevrolet gæðin að þínum - Eigum bíla til afgreiðslu strax!

Chevrolet Captiva - Hlaðinn staðalbúnaði

LT, Tau	2000 cc. Dísel, 5 sæta	- sjálfskiptur	**Kr. 5.540 þús.**
LT, Leður	2000 cc. Dísel, 7 sæta	- sjálfskiptur	Kr. 5.990 þús.

Chevrolet Aveo, 5 dyra

LS, 1400 cc. - beinskiptur	**Kr. 2.295 þús.**
LS, 1400 cc. - sjálfskiptur	Kr. 2.495 þús.

Chevrolet Cruze, 4 dyra

Cruze LS 1800 cc. - beinskiptur	**Kr. 2.990 þús.**
Cruze LS 1800 cc. - sjálfskiptur	Kr. 3.390 þús.
Cruze LT 2000 cc. Dísel - beinskiptur	Kr. 3.590 þús.
Cruze LT 2000 cc. Dísel - sjálfskiptur	Kr. 3.990 þús.

Chevrolet Spark, 5 dyra - 5 sæta

L 1000 cc. - beinskiptur	**Kr. 1.695 þús.**
LS 1200 cc. - beinskiptur	Kr. 1.895 þús.

Bílar á mynd: AVEO LS með álfelgum og þokuljósum, Captiva LT , Spark LT með álfelgum, Cruze LT með 18" álfelgum.

Ár slaufunnar

CHEVROLET

Gæði í 100 ár

Opið alla virka daga frá kl. 10 - 18
Laugardaga frá kl. 12-16

www.benni.is

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

Bílabúð Benna - Chevrolet sýningarsalur - Tangarhöfða 8-12 - Reykjavík - sími 590 2000
Bílabúð Benna - Njarðarbraut 9 - Reykjanesbæ - sími 420 3300
Bílaríki - Glerárgötu 36 - Akureyri - sími 461 3636

Við erum á Facebook
Like
www.facebook.com/bilabudbenna

Öðlingar hafa orðið á þorra

Á þorra skrifaði 31 karl pistil um jafnréttismál undir merkjum árvekniátaksins **Öðlingurinn 2011**. Þórdís Elva Þorvaldsdóttir, rithöfundur og listamaður, hafði frumkvæði að átakinu en markmið þess var að gera karlmenn sýnilegri í jafnréttisumræðunni. Pistlarnir birtust á Vísi.is og sumir einnig í Fréttablaðinu. Átakið hefur vakið mikla athygli og öðlingspistlarnir hafa iðulega verið efstir á lista mest lesinna greina á umræðuvef Vísis. Átakinu lýkur á morgun, konudag, með pistli eftir Andra Snæ Magnason.

Andri Snær Magnason rithöfundur
Það er erfitt að andæfa. Sá sem segir eitthvað gæti átt von á því að vera kallaður rasshaus í símaskrá allra landsmanna.

Sigurður Páll Pálsson geðlæknir
Sjálfsvígstíðni ungra karla á Íslandi er með því hæsta sem gerist í Evrópu.

Stefán Ingi Stefánsson framkvæmdastjóri
Það þarf að tala til karlmanna – og það þarf að tala tæpitungulaust.

Thor Vilhjálmsson rithöfundur
Í ræðu sinni gat hann þess, þegar hann sló fram sínu trompspili mærðar, að svo hefði konan verið mikil og merk, að hún hefði jafnvel haft mannsvit.

Margeir St. Ingólfsson plötuspilari
„Ekki sýna veikleika.“ „Ótti er fyrir aumingja.“ „Vertu harður. Þú þarft enga hjálp.“ „Ekki vera faggi.“ „Hagaðu þér eins og maður.“ „Vertu ekki svona mikil kerling.“

Karvel A. Jónsson félagsfræðingur
Á meðan misrétti í foreldraábyrgð er til staðar munu kynin ekki standa jafnfætis á vinnumarkaði. Við þurfum því að breyta þessu og henda burt úreldum viðhorfum.

Sigurður Pálsson rithöfundur
Mér finnst reyndar yfirleitt miklu trúverðugra þegar konur fjalla um jafnréttisbaráttu, altso frá sjónarhóli kvenna. Reynsluheimi eins og sagt er. En eigum við alltaf að þegja, karlpeningurinn? Ég held ekki.

Illugi Jökulsson rithöfundur
…ég myndi aldrei nokkurn tíma láta standa mig að því að segja til dæmis „menn og konur“. Því ég samþykkti fyrirvaralaust að með slíku orðalagi væru karlmenn að eigna sér tegundarheitið „maður“ og til þess hefðu þeir engan rétt.

Svavar Knútur söngvaskáld
Launaleyndin margumtalaða er skýrt dæmi um kerfisbundið kynbundið ofbeldi, þar sem vinnuveitendur þykjast hafa „hagsmuni einstaklinga“ að leiðarljósi.

Jens Fjalar háskólanemi
Daginn sem kona hefur nákvæmlega sama aðgengi og karlmenn að valdastöðum í sínu landi er raunverulegur sigur unninn.

Árni Beinteinn framhaldsskólanemi
Þeirri hugmynd er snemma komið inn hjá strákum að karlmennirnir eigi að ráða. Það er ekki okkur að kenna. Þá hugmynd má rekja til kvikmynda, fjölmiðla, bókmennta og allrar umræðu.

Davíð Þór Jónsson stud. theol.
Fæst okkar hefðu heyrt Jesú getið hefði hann fæðst stúlka.

Hallgrímur Helgason rithöfundur
Það var líkt og barinn væri rekinn samkvæmt Hjallastefnunni: Kynin sátu aðskilin við borð: „Út með strákunum“ við eitt, „stelpukvöld“ við annað.

Hugleikur Dagsson listamaður
Femínismi er einfalt fyrirbæri. Ef þú trúir á jafnrétti, þá ertu femínisti. Það er hægt að flækja umræðuna með því að tala um jákvæða mismunun, tískublöð, kynímyndir, rökuð kynfæri, vændi og ekki vændi, málfrelsi og whatever. En þegar öllu er á botninn hvolft er ekki hægt að horfa framhjá því augljósa, að konur skulu jafnar körlum, hvort sem þær eru bleikar skinkur eða „loðnar femínista-tussur“.

Sævar Sigurgeirsson auglýsingasmiður
Og ef okkur býðst launahækkun, þá einfaldlega spyrjum við: „Er konan við hliðina á mér að fá þetta sama?“ Ef svarið er „já“, þá er allt í lagi. Ef svarið er „nei“, þá einfaldlega krefjumst við þess eða að öðrum kosti – afþökkum launahækkunina.

Óttar Norðfjörð rithöfundur
Að ójafnrétti og ofbeldi þrífist í samfélagi okkar er ekki bara sumum að kenna, það er öllum að kenna. Líka þér.

> Það á enginn að þurfa að skrifa pistil gegn kynjabundnu misrétti árið 2011 for kræing át lád! Það er fáránlegt.
>
> *Gunnar Hansson leikari*

Paul Nikolov háskólanemi
Hafa ber í huga að allt of margar konur af erlendum uppruna eru einangraðar, tala ekki íslensku og mega ekki fara út fyrir hússins dyr án leyfis maka síns.

Guðmundur Andri Thorsson rithöfundur
Við höfum um þetta að segja – við karlmenn. Í hvert sinn sem karlmaður í okkar samfélagi nauðgar konu hefur einn af okkur framið glæp og blettur fallið á sæmd okkar. Við verðum að horfast í augu við það að eitthvað í karlamenningu okkar verður til þess að sumir karlmenn stíga yfir þau mörk sem við höfum allir í okkur, synir, bræður, feður, vinir, ástmenn.

Sigurður Magnússon matreiðslumaður
Dæmi voru um að íslenskar konur sem tóku þátt í rýnihópum í skýrslunni hafi einnig borið ábyrgð á öldruðum foreldrum og jafnvel verið beðnar um að aðstoða einhleypa bræður sína við heimilisþrif.

S. Starri Hauksson sögumaður
…þegar fjallað er um ofbeldi þar sem karlmaðurinn er fórnarlamb konu er það í flestum tilfellum vandræðalegt og í verstu tilfellum háðulegt þar sem fórnarlambið er málað sem gunga sem lætur valta yfir sig og hægt er að hlæja að yfir boltanum með strákunum.

Freyr Eyjólfsson dagskrárgerðarmaður
Það voru útrunnin karlmennskusjónarmið og testósterónæði sem keyrðu banka og fjármálafyrirtæki í þrot.

Snæbjörn Ragnarsson karlmaður
Hverjum karlmanni á að vera frjálst að misnota konu sína, dætur eða önnur skyldmenni eins og honum finnst sjálfum best.

Haraldur F. Gíslason leikskólakennari
Það er ekki jafnrétti ef fjölgun karlkennara verður til þess að laun kennara hækki. Við vitum hins vegar að við erum á réttri leið ef kvennastétt nær það mikl-um kjarabótum að karlmönnum fjölgar í faginu.

Bjartmar Þórðarson leikhúslistamaður
Við erum ekki hlutir, kynlífsdúkkur eða HeMan-karlar.

Guðni Már Harðarson prestur
Mætti gæðavotta eða verðlauna fyrirtæki sem tryggja að allir njóti sannmælis í launum, óháð blóðflokkum, kyni eða háralit? Veita slíkum vinnustöðum Sannmælinn – tákn um að þar sé tryggt að þar njóti allir sannmælis í launum?

Stefán Máni rithöfundur
Klám er ofbeldi. Það skildi ég ekki áður, en svo rann upp fyrir mér ljós: Bak við „glansmyndina“, blekkinguna, er bara hópur af allsberu fólki sem fær borgað fyrir að nauðga hvert öðru, og þar með var gamanið búið fyrir mig.

Ásgeir H. Ingólfsson blaðamaður
Biblía þessa hóps heitir Karlar eru frá Mars, konur eru frá Venus – því kynjamunurinn var ekki lengur nóg, nú þurfti helst að breyta hinu kyninu í torkennilega geimveru.

Bergur Ebbi Benediktsson lögfræðingur
Ég veit vel að björninn er ekki unninn, en fordæmi íslenskra kvenna er aðdáunarvert.

Darri Johansen viðskiptafræðingur
Því jafnrétti er í raun ekki til staðar nema bæði karlar og konur beiti sér fyrir því að það viðhaldist. Fyrr verður því ekki náð.

Gunnar Hersveinn rithöfundur
Einkavæðing karla merkir greinilega einhæfni og útilokun sjónarmiða og kemur í veg fyrir samráð og jöfnuð í samfélaginu. Fimmtán ára einræði örfárra karla í Framkvæmdanefnd um einkavæðingu var greinilega ekki æskilegt, heldur ávísun á mistök, yfirsjónir, þröngsýni, spillingu og hrun.

NÝ NÁMSKEIÐ AÐ HEFJAST
Fitnessbox
CrossFit
Ketilbjöllur
Zumba Fitness
World Class ICELAND
SKRÁÐU ÞIG NÚNA
á worldclass.is og í síma 55 30000

matur

[SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM MAT]

febrúar 2011

Nægtabúr náttúrunnar

Íslenskt hráefni fær að njóta sín á nýjum matseðli Sjávarkjallarans.

SÍÐA 6

Þjóðlegt mysufraud

Gunnar Karl Gíslason, matreiðslumeistari á Dilli, útbýr ljúffengan eftirrétt.

SÍÐA 2

Nýnorrænt eldhús

Íslenskir kokkar hafa tekið þátt í þróun nýnorrænnar matargerðar og standa mjög framarlega í þeirri list.

OKKAR BESTA ÞVOTTAVÉL Á ÓTRÚLEGU VERÐI

1600 snúningar / 8 kg
Hljóðlátur kolalaus mótor
Mjög sparneytin á rafmagn og vatn
Sterkbyggð, tromla og belgur úr ryðfríu stáli

Panasonic
ideas for life

eco ideas
aquaprotection system

FEBRÚAR TILBOÐ
PANASONIC NA168VG2
Kr. 129.990
Verð áður 149.990

Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

INVERTER EVERYTHING MATTERS.

SPENNANDI VIÐBÓT

Júlía Margrét Alexandersdóttir

Þrátt fyrir að þeim ferðamönnum fjölgi ár frá ári sem ferðast á norðlægari slóðir Evrópu, þar á meðal til Íslands, höfum við enn ekki roð við löndunum við Miðjarðarhaf sem bjóða sumarsælu, hlýjan sjó og strendur. Því er það alltaf gleðilegt þegar einhver spennandi nýjung getur nýst sem innspýting í ferðamannaiðnaðinn og hjálpað til við að trekkja að.

Spútnikfyrirbærið nýnorræn matargerðarlist er á góðri leið með að verða stór þáttur í íslenskri matarmenningu og getur eflaust átt þátt í því að trekkja erlenda ferðamenn hingað til lands, sem er sannarlega gott fyrir efnahagslífið um leið.

Nýnorræn matargerð er dæmi um skemmtilegt óformlegt bræðralag milli Íslands og okkar frændþjóða í norðri á sviði matargerðarlistar en fyrirbærið hefur vakið heimsathygli og er að verða að alþjóðlegu fyrirbæri. Íslenskir matreiðslumeistarar hafa undanfarin ár þróað nýnorræna matargerð hérlendis og standa mjög framarlega í þeirri list.

Í stuttu máli snýst matreiðslan um frumlega meðhöndlun og framsetningu á norrænu og í okkar tilfelli íslensku gæðahráefni, sumu sem hingað til hefur jafnvel lítið verið nýtt. Þá á hráefnið að vera ferskt, endurspegla hreinleika náttúrunnar okkar sem og afurðir hverrar árstíðar.

Ekki síst er krafan um hollustu rík í nýnorrænni matargerð án þess að slá af kröfum þess að réttirnir séu hver öðrum lostætari. Nýjar vinnsluaðferðir á hefðbundnum norrænum matvælum hafa verið í stöðugri þróun sem eru þá góð viðbót við þær þekktu og vönduðu matreiðsluaðferðir sem hingað til hafa verið notaðar.

Matarblað þetta sem fylgir Fréttablaðinu í dag er helgað nýnorrænni matargerð og það verður spennandi að sjá hana þróast áfram.

SKÝRINGAR Á UPPSKRIFTATÁKNUM:

A Aðalréttur · Til hátíðabrigða · Annað kjöt en fuglakjöt · Hollt · Fiskur · M Meðlæti

matur kemur út mánaðarlega með laugardagsblaði Fréttablaðsins.
Ritstjórn: Roald Eyvindsson og Sólveig Gísladóttir **Hönnun:** Silja Ástþórsdóttir
Forsíðumynd: Anton Brink **Pennar:** Kjartan Guðmundsson, Vera Einarsdóttir
Ljósmyndir: Fréttablaðið **Auglýsingar:** Bjarni Þór Sigurðsson *bjarnithor@365.is*

Bláberjadraumur frá Þingvallasveit

Matarparadísin Dill í Norræna húsinu hlaut nýlega tilnefningu sem besta veitingahúsið á Norðurlöndum en þar er íslenskt hráefni í hávegum haft og öll upplifun lostæt.

Hugmyndafræði nýnorræna eldhússins er að matur eigi ekki að standa í ferðalögum heldur berast okkur á matarborðið úr nærumhverfinu. Hún snýst um þá heilbrigðu skynsemi að líta okkur nær, en betur má ef duga skal þótt vakning sé að verða meiri og af hinu góða,“ segir Gunnar Karl Gíslason, matreiðslumeistari Dills restaurants í Norræna húsinu, en Dill stendur fremst meðal jafningja í nýnorræni eldamennsku hérlendis.

Gunnar Karl Gíslason matreiðslumeistari á Dilli.

„Við Ólafur Örn Ólafsson byrjuðum að elda í anda nýnorrænnar matreiðslu þegar við unnum á Vox, en síðan bauðst okkur að koma hingað í Norræna húsið og útfæra matarstefnuna enn betur. Við stóðumst ekki mátið, enda vart hægt að hugsa sér betri stað fyrir norræna matseld en Norræna húsið,“ segir Gunnar Karl og víst að allt á Dilli er ekta norrænt; maturinn, diskarnir, húsgögnin, fatnaður þjónanna og húsið sjálft, sem ber fagurt vitni Alvars Aalto.

„Möguleikar hráefnis í nýnorrænni matseld eru auðvitað ekki óþrjótandi en þetta hefur orðið einfaldara en við bjuggumst við í upphafi þegar við mikluðum það svolítið fyrir okkur. Nú erum við komnir með öflugt tengslanet þannig að vinkona okkar í Þingvallasveit kemur færandi hendi með aðalbláber einu sinni á ári, eins og skytturnar sem hringja um leið og þær skjóta gæs eða hreindýr. Á sumrin ræktum við grænmeti og jurtir í bakgarði Norræna hússins og förum í skógana til að tína jurtir og af trjám í matinn,“ segir Gunnar Karl þar sem hann reiðir fram dýrindis mysufrauð með bláberjum og bláberjasaft frá helgasta stað Íslendinga.

Frískandi mysufrauð með íslenskum aðalbláberjum og unaðslegri bláberjasaft.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

„Við erum ótrúlega lukkulegir og eldum af gleði hvern einasta dag, en matseðlinum breytum við nánast vikulega til að nýta sem best það hráefni sem er ferskt hverju sinni. Þá var framúrskarandi og yndislegt að fá tilnefningu til Norðurlandaverðlaunanna, og í raun verðlaun út af fyrir sig og viðurkenning á að tekið sé eftir því sem við erum að gera.“ - þlg

OSTAMYSUFRAUÐ OG BLÁBER ÚR ÞINGVALLASVEIT

OSTAMYSUFRAUÐ

170 g mysuostur
20 g rjómi
50 g eggjahvítur.
90 g sykur
320 g léttþeyttur rjómi

Bræðið saman mysuost og 20 g af rjóma. Látið standa við stofuhita. Blandið saman eggjahvítu og sykri, hitið í 55 gráður. Setjið í hrærivél uns hiti er farinn úr blöndu og hún orðin vel stíf. Blandið þá saman mysuosti og sykureggjablöndu varlega með sleikju og léttþeyttið rjóma saman við. Setjið í góð form og frystið.

BLÁBERJASÓSA

340 g bláber
50 g sykur
50 g vatn
5 g sultuhleypir
Smávegis berjaedik

Blandið öllu saman og sjóðið uns sultufínt. Kælið og vinnið í blandara þar til mauk verður flauelsfínt. Smakkið til með smá berjaediki.

BLÁBERJA- OG MJÓLKURMULNINGUR

100 gr frosin bláber

Ber í matvinnsluvél og myljið í fínan salla. Setjið í dall og í frysti. Gerist hratt svo ber þiðni ekkert.

300 g G-mjólk
30 g glúkósi
1 kanilstöng

Blandið öllu saman og hitið að suðu. Setjið plastfilmu yfir og látið standa svo mjólk dragi í sig bragð frá kanilstöng. Fjarlægið svo stöng og vinnið mjólk með töfrasprota þar til froða myndast. Fleytið hana af með gataskeið og frystið (með fljótandi köfnunarefni). Myljið frosna mjólk í salla og við ber. Sáldrið yfir áður en borið fram.

SYKRAÐAR HNETUR

100 g hnetur
20 g sykur
20 g vatn
Smá salt

Saxið hnetur ögn og blandið öllu í eldfast form. Bakið í ofni við 150 gráður uns vatn hefur gufað upp. Hrærið með skeið í hnetum öðru hvoru. Smakkið til með salti. Berið allt fram með rjómaís.

HRÁEFNIÐ

Ómissandi með steik

Rauðkál er náinn ættingi hvítkáls og myndar þétta hausa eins og það. Það þykir best ef það er ekki tekið upp fyrr en eftir fyrstu næturfrost. Kálið má nota hrátt í salöt en einnig sjóða það eða gufusjóða, gufusteikja í krydd-legi eða súrsa í ediki.

Kryddsoðið rauðkál þykir mörgum ómissandi með steik, ekki síst svínasteik og hangikjöti á jólum. Best er að sjóða kálið lengi við vægan hita, jafnvel heilan dag. Ekki er verra að búa það til með nokkrum fyrirvara og hita það síðan upp. Ef lok er haft á pottinum er hægt að bæta svolitlu ediki eða sítrónusafa í suðuvatnið. Þannig heldur það lit sínum betur en ella. Kálið er C-vítamínauðugt.

Næringargildi í 100 g
Orka 122 kj (29 kcal)
Kolvetni 6,94 g
Sykrur 3,32 g
Trefjar 2,6 g
Fita 0,09 g
Prótín 1,51 g
Fólín 24 µg (6%)
C-vítamín 34.4 mg (57%)
K-vítamín 47.6 µg (45%)
Kalíum 262 mg (6%)

Heimild: Matarást og wikipedia.org

góðgæti frá Jóa Fel

Konudagur að hætti Jóa Fel

- fullt af kökum og kruðeríi sem gleður elskuna þína

Hjá Jóa Fel bakarí er allskonar góðgæti sem bræðir hjörtu og gleður maga.

Kíktu í heimsókn og upplifðu rómantíkina.

Jói Fel

FABRIKAN

BAKARÍ

Holtagarðar & Smáralind & Kringlan & Garðabær

Holtagarðar kl. 7-17 · Smáralind, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-18 · Kringlan, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-18 · Garðabær kl. 8 -17

margt smátt

FIMM REGLUR SEM HAFA BER Í HUGA VIÐ NÝNORRÆNA ELDAMENNSKU

1. Notið aðeins ferskt hráefni sem upprunnið er á Norðurlöndum og fáanlegt á hverjum árstíma.

2. Eldið réttinn frá grunni, engar aðkeyptar sósur eða tilbúið deig.



3. Ef þið bakið brauð með haldið ykkur við norrænar korntegundir eins og bygg, hafra, rúg og spelt.

4. Notið ferskt grænmeti og fersk ber hvers árstíma, ekki frosið eða niðursoðið.

5. Takið ykkur góðan tíma til að borða og hættið ekki fyrr en þið eruð orðin mett.

STAFAGANGAN EINNIG NÝNORRÆN Nýnorræna heilsuvakningin tengist ekki bara mataræðinu. Stafagangan, sem hefur notið vaxandi vinsælda undanfarin ár, var þróuð af finnskum skíðagöngumönnum á fjórða áratugnum sem aðferð við að halda sér í formi á snjólausum sumrum. Þátttakendur nota eftirlíkingu af skíðastöfum til að auka álagið á efri hluta líkamans í gönguferðum. Í Bretlandi eru haldin námskeið í stafagöngu undir heitinu Norræn ganga og nú er svo komið að stafagangan er eitt af þeim líkamsræktarformum sem mest hafa aukið vinsældir sínar síðustu árin.

Allt í steik!

4ra rétta seðill og A la Carte í Perlunni

4ra rétta sjávarrétta-seðill 4.990 kr.

4ra rétta seðill

verð frá 4.990 kr.

1 HEITREYKT BLEIKJA
Með wasabí ís og wagame salati

2 HUMARSÚPA
rjómalöguð, með Madeira og grilluðum humarhölum

VELDU ÞÉR AÐALRÉTT

FISKUR DAGSINS
með rjómasoðnu bankabyggi steiktu dvergkáli og basilsmjörsósu
Verð á matseðli með fiski dagsins í aðalrétt 4.990 kr.

STEIKT HEIÐAGÆSABRINGA
með eplamauki sveppakartöflu og villisveppasósu
Verð á matseðli með heiðagæs í aðalrétt 5.990 kr.

3 INNBÖKUÐ NAUTALUND Í SMJÖRDEIGI (WELLINGTON)
með sveppafyllingu, soðkartöflu, rótargrænmeti og Chateaubriand sósu
Verð á matseðli með innbakaðri nautalund í aðalrétt 6.990 kr.

OFNSTEIKTUR LAMBAHRYGGUR
með hunangs- og sinnepskornahjúp, möndlukartöflukökku, aspas, rófum og bearnaisessósu
Verð á matseðli með lambahrygg í aðalrétt 7.990 kr.

4 SÚKKULAÐI OG PISTASÍU KAKA
með pistasíu ís og tonka- hvítsúkkulaði rjóma

Vissir þú?

Að uppskriftin af humarsúpu Perlunnar kemur frá belgíska matreiðslumeistaranum Pierre Romeyer. Hann er af jafningjum talinn vera einn besti matreiðslumaður síðustu aldar. Hann gaf aldrei út matreiðslubók en hann gaf Perlunni allar sínar uppskriftir!

Gjafabréf Perlunnar
Góð gjöf við öll tækifæri!

Veitingahúsið Perlan
Sími: 562 0200 · Fax: 562 0207
Netfang: perlan@perlan.is
Vefur: www.perlan.is

Svínasíða og uxahali með sætri kryddsósu að hætti Friðriks Vals Karlssonar matreiðslumeis

Norrænt og no

Friðrik Valur Karlsson matreiðslumeistari sem landsmenn þe upphafsmanna nýnorrænnar matargerðar. Hann beitir henn á Hótel Loftleiðum þar sem hann starfar.

Ungu kokkarnir hafa örlítið aðra sýn á nýnorræna matargerð en við þessir eldri. Þeir horfa mikið á uppruna hráefnisins, sumir sniðganga súkkulaði af því kakójurtin vex ekki á norðlægum slóðum. Ég er ekki sammála þessari nálgun því í mínum huga snýst norræna matargerðin um hefðir," segir Friðrik Valur. Hann tekur sem dæmi hrísgrjónagraut með rúsínum og kanil sem hefur verið snæddur á norðurslóðum um aldir þó ekkert af hráefninu sé norrænt nema mjólkin.

Rétturinn sem Friðrik útbýr fyrir blaðið er léttreykt svínasíða með uxahalarúllu. „Skemmtilegur kjötréttur á köldu vetrarkvöldi þar sem norrænu áhrifin liggja í reyknum, kryddunum, rúsínunum og möndlunum," segir sérfræðingurinn og heldur áfram. „Ef farið er í búrið hjá ömmu þá finnst þetta allt þar," segir hann og vekur athygli á að tvo sólarhringa taki að elda réttinn.

- gun

Ef farið er í búrið hjá ömmu þá finnst þetta a í réttinn.

AM

SVÍNASÍÐA OG UXAHALI MEÐ SÆTRI KRYDD

Fyrir fjóra

400 g reykt norðlensk svínasíða
1 norðlenskur uxahali
1 laukur
3 lárviðarlauf
1 gulrót
1 flaska rauðvín
Smá salt
4 laufabrauð, eða
4 blöð vorrúllu-blöð eða brickdeig
4 msk. smjör
2 msk. rúsínur
2 msk. möndlur
1 appelsína skorin í lauf
1 msk. appelsínubörkur skorinn í mjóar ræmur
1 dl appelsínusafi
1 kanilstöng
5 negulnaglar
1/4 tsk. ný raspað múskat
2 msk. hunang

Setjið svínasíðuna í ofnskúffu með þremur lárviðarlaufum. Látið kalt vatn fljóta yfir og sjóðið í ofni við 110°c í fjóra klukkutíma. Takið síðuna úr soðinu og látið hana standa í 30-45 mínútur, pressið hana svo inni í kæli yfir nótt.

Uxahalinn er settur í pott ásamt grófsöxuðum lauknum með hýðinu, saxaðri gulrótinni, rauðvíninu og 1/2 lítra af köldu vatni. Látið hann malla við væga suðu í fimm klukkutíma og bíða í pottinum yfir nótt í kæli. Takið hann upp úr og plokkið kjötið af beinunum, setjið beinin aftur í pottinn og sjóðið soðið niður um helming.

Haraldur Sigurðsson, jarðfræðingur og ævintýramaður, heldur fyrirlestur í Eldfjallasafninu í Stykkishólmi í dag klukkan 13. Hann mun fjalla um leyndardóma Kerlingarfjalls í Helgafellssveit. www.eldfjallasafn.is

NÁMSAÐSTOÐ

Vantar þig aðstoð í einhverri námsgrein?

íslenska – stærðfræði – enska – danska – efnafræði - lestur
eðlisfræði – þýska – franska – spænska – stafsetning o.fl
Öll skólastig - Réttindakennarar

Nemendaþjónustan sf • www.namsadstod.is • s. 557 9233

Eirberg

Verð 32.750 kr.

Withings WiFi vogin

- Fyrir allt að 8 notendur
- Skynjar hver notandinn er
- Skráir þyngd, fituhlutfall og vöðvamassa
- Þráðlaus samskipti við tölvu og smartsíma
- Fæst í hvítum lit eða svörtum

Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is

Gjafabréf í dekur frá NordicaSpa ♥

Hverju gjafabréfi fylgir aðgangur að heilsulind NordicaSpa. Þar er boðið upp á höfuð- og herðanudd í heitu pottunum!

- ♥ Nuddmeðferðir
- ♥ Líkamsmeðferðir
- ♥ Snyrtimeðferðir
- ♥ Heilsurækt
- ♥ Námskeið

MUNDU KONU-DAGINN

NORDICASPA
www.nordicaspa.is
Pantanir og upplýsinar í síma: 444-5090

Hera Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Eddunnar, verður í hringiðu íslenskra kvikmyndastjarna um helgina

Í faðmi fræga fólksins

Enginn vinningshafanna veit fyrirfram hver vinnur því það á að koma á óvart og þannig vil ég líka njóta þess," segir Hera Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Eddunnar sem verður sýnd í beinni útsendingu frá Íslensku óperunni á Stöð 2 í kvöld.

„Ég hlakka til og góð tilfinning að sjá hátíðina verða að veruleika eftir langan undirbúning," segir Hera sem reiknar með fullkomnu spennufalli þegar hátíðahöldunum lýkur í kvöld, en hún hefur ekki enn valið sér kjól fyrir kvöldið.

„Allir munu mæta í sínu fínasta pússi svo ég þarf að finna eitthvað látlaust og flott, en þó ekki svo fínt að ég skyggi á stjörnurnar, sem ég gæti ósköp auðveldlega, en þetta er jú þeirra dagur," segir hún hláturmild og hress.

Að verðlaunaafhendingu lokinni flyst samkoman yfir á Sólon þar sem fræga fólkið gleðst áfram. „Þar verða margir sem fagna og eflaust einhverjir vonsviknir, en þetta er fyrst og fremst uppskeruhátíð kvikmyndagerðarfólks og þeirra stund til að fagna því sem vel var gert á síðasta ári," segir Hera sem mörgum finnst trúlega öfundsverð að lenda mitt í partíhringiðu fræga fólksins.

„Þetta er auðvitað skemmtilegasta fólk landsins og skapandi eftir því, en því miður er gleðskapurinn lokaður því fólkið þarf að fagna í friði," útskýrir Hera sem á morgun planar að liggja með tærnar upp í loft og hlaða batteríin heima.

„Mér finnst voða gott að borða morgunmat yfir dagblöðunum í rúminu og leyfa tímanum að hafa sinn gang á sunnudagsmorgnum. Það er svo mikilvægt að kunna að slaka á heima og rembast ekki um of við stífa dagskrá í helgarfríinu."

thordis@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

RÝMI OFNASMIÐJAN 75 ÁRA 1936-2011

Lager-hreinsun vegna flutnings -25% af ÖLLUM vörum á lager

Það sparast pláss og tími með lausnum frá Rými

Frábærar lausnir fyrir stofnanir, einstaklinga og fyrirtæki

- Geymslu- og lagerhillur
- Skjalaskápar á hjólum
- Starfsmanna- og munaskápar
- Verslunarinnréttingar
- Gínur og fataslár
- Lagerskúffur og bakkar
- Ofnar og hitakerfi
- Sorpílát - úti og inni

- Ráðgjöf
- Hönnun
- Sérsmíði
- Þjónusta

Veljum íslenskt

Erum flutt í Brautarholt 26, 105 Reykjavík, sími 511-1100 - rymi@rymi.is - www.rymi.is

KONUDAGUR

Ástarkaka frá MS verður seld í tilefni af konudeginum í öllum helstu verslunum næstu daga. Ostakakan verður með jarðarberjum enda er rauður litur ástarinnar.

Matthías Matthíasson söngvari

Samveran er best

„Ég gef konunni minni venjulega ekki blóm á konudaginn," segir Matthías Matthíasson söngvari en tekur fram að hún geti hins vegar átt von á blómum alla aðra daga ársins. Hann segir eiginkonuna sátta við þetta fyrirkomulag. „En af hverju hefur hann þessa afstöðu? „Það er nú aðallega þrjóska. Mér finnst miklu skemmtilegra að koma heim með blóm á fallegum degi en að vera leiddur í blómabúðirnar eins og lamb til slátrunar," segir hann og hlær. Hann segist yfirhöfuð reyna að vera nokkuð sætur við konuna sína. Hann viðurkennir þó að yfirleitt sé eitthvað gott í matinn á konudaginn.

En hvað gera þau til að viðhalda ástinni í sambandinu? „Þetta snýst bara um að vera saman. Ég er mikið í burtu og þegar ég er heima reynum við að eiga notalegar stundir saman með fjölskyldunni," segir Matthías en þau hjónin eiga saman þrjá litla stráka. „Við fluttum til Dalvíkur fyrir þremur og hálfu ári og hér er dásamlegt að ala upp börn. Maður hefur engar áhyggjur af þeim úti og svo sleppur maður við allt skutl. Fyrir vikið hefur maður meiri tíma með börnunum því maður græðir tvo auka tíma á sólarhring þar sem maður er ekki á rauðu ljósi."

Konurnar eru vorið í lífinu

Menn hafa misjafnar skoðanir á tyllidögum. Þrír mætir menn voru inntir eftir því hvað þeim finnst um konudaginn og hvað þeir gera í tilefni dagsins.

Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs

Á steypinum

„Konudagurinn er mjög laus við glamúr hjá okkur og líklega ætti maður að taka sig á í því. En við leyfum okkur þó að sofa út til klukkan sjö," segir Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs, glaður í bragði. Dagur og kona hans, Arna Dögg, stefna á að hafa fjölskylduhelgi en hún hófst í gærkvöldi á svokölluðu kósíkvöldi. „Það þýðir að við vinnum ekki um kvöldið, heldur eigum góða stund með krökkunum," segir Dagur en þau hjónin eiga von á sínu fjórða barni þann 8. mars næstkomandi. „Við erum því komin á steypirinn," segir Dagur ánægður.

Hann greinir frá því að síðastliðna viku hafi fjölskyldan unnið að því hörðum höndum að borða út úr skápunum. Matseðill gærdagsins hljómaði því upp á veislumáltíð úr ýmsu sem tínt var út úr ísskáp, frysti og búri. „Til dæmis er hægt að búa til góða pitsu með ýmsu óvenjulegu áleggi," upplýsir Dagur.

Hann segir konudaginn alltaf hafa fallið nokkuð í skuggann af kvenréttindadeginum 19. júní. Þá gera hjónin alltaf eitthvað skemmtilegt saman en svo vill til að 19. júní er einnig afmælisdagur Dags. En hvað gera þau þegar rómantíkin á að ríkja? „Þá eldum við yfirleitt góðan mat og slökkvum á símanum."

Egill Ólafsson tónlistarmaður

Fallegur siður að gefa blóm

„Konudagurinn er fyrsti dagur Góu. Mér finnst vorkoman stundum yfirskyggja konurnar á þessum degi, en hins vegar eru konurnar vorið í lífinu svo þetta á vel við," segir Egill Ólafsson, söngvari og leikari. Hann er ánægður með konudaginn en mótfallinn Valentínusardeginum. „Við eigum ekki að fá að láni siði frá öðrum löndum því við eigum svo mikið af góðum siðum og hefðum sem vert er að rækta," áréttar Egill en tekur fram að hér ráði ekki þjóðerniskennd. „Þessir íslensku dagar eru bara nær uppruna okkar og rótum."

Egill ólst upp við að faðir hans gaf móður hans blóm á hverjum konudegi. „Hér áður fyrr var maður duglegri við að gefa blóm, en mér finnst það fallegur siður þó þau séu afskorin. Í dag fáum við okkur yfirleitt að borða einhvers staðar," segir Egill en útilokar þó ekki að Tinna, kona hans, fái blóm á morgun í tilefni dagsins.

Egill hefur oft verið að heiman á konudaginn. „Þá þótti gott ef maður mundi eftir honum og hringdi heim," segir hann hlæjandi. Hann minnist þess að þau hjónin hafi farið út að borða á bóndadaginn en hafi þó ekki munað eftir því hvaða dagur var fyrr en eftir á. „En það er allt í lagi þó að bóndadagurinn gleymist. Það eru konurnar sem mega ekki gleymast því þær eru í öndvegi í öllu."

„Ljóð og heitt súkkulaði fara vel saman.“ Eftir dagskrána geta gestir gætt sér á kökuhlaðborði á Klausturkaffi fram til klukkan 17. FRÉTTABLAÐIÐ/GUN

Hægt verður að eiga rómantíska stund á konudaginn í Skriðuklaustri undir ljóðalestri. MYND/SMK

Ljóð og heitt súkkulaði

Ljóðakonudagur verður í Skriðuklaustri á morgun, konudag. Þar munu skáld lesa upp ljóð eftir konur, um konur og fyrir konur og geta gestir svo gætt sér á rjúkandi súkkulaði og tertum á eftir.

„Við höfum haft opið á konudaginn hjá okkur í nokkuð mörg ár og boðið þá upp á ljóðalestur eða fyrirlestra,“ segir Skúli Björn Gunnarsson, forstöðumaður Gunnarsstofnunar, en á morgun, konudag, verður haldinn Ljóðakonudagur á Skriðuklaustri.

„Það fylgir sú skylda að sá listamaður sem er í gestaíbúðinni á Skriðuklaustri taki þátt í menningarstarfinu hér á svæðinu. Ljóðskáldið Davíð Stefánsson gistir gestaíbúðina núna og mun lesa upp ljóð,“ segir hann en einnig munu Sigurður Ingólfsson, Ingunn Snædal og félagar úr ljóðafélaginu Hása kisa lesa upp. Ljóðin verða eftir konur, um konur og fyrir konur en einnig flytja skáldin eigin ljóð.

Skúli lofar góðri skemmtun og segir Ljóðakonudaginn hafa verið vel sóttan gegnum tíðina.

„Já menn birtast hér með konurnar sínar, gera sér smá ferð til að hlusta á eitthvað skemmtilegt og fá sér síðan gott í goggginn á eftir en hér verður girnilegt kökuhlaðborð á Klausturkaffi. Það fer vel saman, ljóð og heitt súkkulaði.“

Ljóðakonudagurinn er jafnan fyrsti helgarviðburðurinn á árinu í Skriðuklaustri eftir miðsvetrarfrí. Dagskráin liggur þó ekki alveg niðri en tvisvar til þrisvar í mánuði hittist hópur og spilar lomber. Fram undan er svokallaður Lomberslagur þar sem Austfirðingar mæta Húnvetningum. Þegar nær dregur páskum fjölgar helgunum þar sem eitthvað verður um að vera í Skriðuklaustri.

„Búið er að skipuleggja nokkra fyrirlestra í apríl og svo er alltaf eitthvað skemmtilegt um að vera kringum páskana. Hingað koma yfir 20.000 gestir á ári og alltaf mjög líflegt.“

heida@frettabladid.is

Elstu bókfestu dæmi þess að orðið konudagur sé notað um fyrsta dag góumánaðar eru frá því um miðja 19. öld, en það gæti verið langtum eldra í talmáli.

visindavefur.is

Bleikt töltmót verður haldið í Reiðhöllinni í Víðidal á morgun, konudag, klukkan 14. Mótið er eingöngu ætlað konum og er tileinkað Bleiku slaufunni. Allir knapar og áhorfendur eru hvattir til að klæðast bleiku. www.lhhestar.is

Nýjar vörur vor/sumar 2011
FLOTT FÖT Á FLOTTA KRAKKA
str: 50–166 cm
IANA
Laugavegi 53 • s. 552 3737
Opið mánudag til föstudag 10-18, laugardag 10-17

nettoline
ELDHÚS-BAÐ-ÞVOTTAHÚS-FATASKÁPAR
GLÆSILEGAR DANSKAR INNRÉTTINGAR Í HÆSTA GÆÐAFLOKKI
UPP MEÐ GÆÐIN
NIÐUR MEÐ VERÐIÐ
25% AFSLÁTTUR
OG 10% AÐ AUKI
SÉ PÖNTUN STAÐFEST Í FEBRÚAR
EINNIG ÚRVAL RAFTÆKJA Á FRÁBÆRU VERÐI
OFNAR - HELLUBORÐ - VIFTUR
UPPÞVOTTAVÉLAR - KÆLISKÁPAR
Mán. - föst. kl. 09-18
Laugardaga kl. 11-15
Friform
Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500 • friform.is

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
MEIRI MENNING
visir.is

Leikhópur Snúðs og Snældu. Standandi eru Laufey Egilsdóttir, Hörður S. Óskarsson, Aðalheiður Sigurjónsdóttir, Gunnar Helgason, Sigríður Helgadóttir og Örnólfur Guðmundsson. Þær sem sitja eru Anna Friðbjarnardóttir, Sigurrós Ottósdóttir, Björg Aðalsteinsdóttir og Vilhelmína Magnúsdóttir.

Skírskotanir í samtímann

Léttur húmor einkennir leiksýninguna Rauðu klemmuna sem leikhópurinn Snúður og Snælda frumsýnir klukkan 14 á morgun í Iðnó. Verkið gerist á veitingastofu og viðskiptavinirnir eru af ýmsu sauðahúsi.

„Ég get lofað óvæntum uppákomum en þær eru allar á léttu nótunum því þetta er farsi," segir Bjarni Ingvarsson leikstjóri þegar hann er spurður út í sýninguna Rauðu klemmuna sem frumsýnd verður í Iðnó á morgun. Leikurinn gerist í sjoppu, að sögn Bjarna, en þar er ekki allt sem sýnist. Bjarni segir ýmsar skírskotanir í leiknum til atburða í okkar samfélagi á síðustu tímum. „Þetta verk var sett upp fyrir tíu árum en ég sá í því ýmsa möguleika til að færa það til dagsins í dag og það verður spennandi að fylgjast með hvernig áhorfendur taka efninu."

Rauða klemman er eftir Hafstein Hansson og Snúður og Snælda, leikhópur eldri borgara, setur það nú á svið í annað sinn. Níu leikarar koma fram í því, Bjarni kveðst þekkja þá flesta. „Ég er búinn að setja upp fjórtán leikrit með Snúði og Snældu," segir hann til skýringar.

Hvíslarinn, Anna Friðbjarnardóttir, gegnir mikilvægu hlutverki að sögn Bjarna en hvað um búningahönnun, lýsingu og leikmynd. Sjá eldri borgararnir um þau mál líka? „Búningamálin leysast yfirleitt með því leikararnir leggja í púkk og ljósa- og leikmyndamál leysum við að mestu í hópnum. Þetta er ekki efnað félag."

Leikhópurinn Snúður og Snælda var stofnaður árið 1990 og byrjar 21. leikár sitt með Rauðu klemmunni. Leikhúsið er ekki af verri endanum. Hið fornfræga Iðnó, „það er glimrandi fínt," segir Bjarni ánægður. „Svo hefur verið fastur liður síðustu ár að sýna á Hótel Örk í Hveragerði. Þar eru á útmánuðum haldnir svokallaðir sparidagar fyrir eldra fólk. Snúður og Snælda fara þangað á þriðjudögum í átta til tíu vikur," lýsir hann. „Við verðum í Iðnó á sunnudögum og kannski með eina eða tvær sýningar þar í miðri viku líka."

gun@frettabladid.is

LAGERSALA

no1
st. 36-41 verð kr. 8995.-

no2
st. 36-41 verð kr. 8995.-

no3
st. 36-41 verð kr. 8995.-

no4
st. 36-46 verð kr. 8995.-
Mikið úrval af skóm á alla fjölskylduna
Frábær verð
Opið virka daga 12-18
laugardag 12-16
www.xena.is
xena
Grensásvegi 8 - 108 Reykjavík - 517-2040

ÚTSALA
20-50% afsláttur
Úlpur - Kápur - Jakkar
Peysur - Húfur
TOPPHÚSIÐ
Mörkinni 6, sími 588 5518
Opið virka daga kl. 10-18, laugardaga frá kl. 10-16

Zagreb höfuðborg Króatíu er ægi fögur borg í Mið-Evrópu sem rekur upphaf sitt til ársins 1094.

Röltu um einhverja þeirra fögru almenningsgarða sem er að finna í Zagreb, þræddu göngustígana og virtu fyrir þér hinar óteljandi mörgu fallegu byggingar sem prýða borgina, listaverkin, söfnin, kíktu á markaðinn og andaðu að þér liðinni sögu sem er að finna við hvert fótmál.

Þá eru í boði spennandi skoðunarferðir innan sem utan borgarinnar.

Verð aðeins 89.900 kr.
miðað við tvo í herbergi
Innifalið. Flug, skattar, 4ra stjörnu hótel með morgunverð, rúta til og frá flugvelli, íslenskur fararstjóri.

Trans - Atlantic
Sími 588 8900
www.transatlantic.is

Viltu slást í hópinn?

Við leitum að öflugu og kraftmiklu fólki til að takast á við spennandi verkefni á frábærum vinnustað. Við bjóðum gott fólk velkomið í skemmtilegan hóp starfsmanna sem setur viðskiptavininn í fyrsta sæti!

Viðskiptakerfi

Vodafone bætir við sig sérfræðingum til að vinna í hugbúnaðarstýringu og upplýsingakerfum fyrirtækisins.

- **Deildarstjóri hugbúnaðarþróunar**
  Krefjandi stjórnunarstarf sívaxandi deildar sem gegnir lykilhlutverki í góðum rekstri fyrirtækisins. Framundan eru spennandi verkefni þar sem leiða þarf sterkan hóp sérfræðinga, og nýta hæfileika hvers og eins til að ná markmiðum deildarinnar ásamt því að taka þátt í þverfaglegum verkefnum með öðrum stjórnendum og sérfræðingum fyrirtækisins.

- **Navision forritari**
  Dagleg umsýsla Navision auk viðhalds og endurbóta á núverandi kerfi. Navision forritari mun einnig sjá um greiningu, hönnun og innleiðingu á nýrri virkni í samvinnu við aðrar deildir. Til greina kemur að ráða sérfræðinga með reynslu úr öðrum viðskiptakerfum, sem eru tilbúnir að afla sér nýrrar þekkingar.

- **Rekstur upplýsingakerfa**
  Daglegur rekstur upplýsingakerfa Vodafone sem og eftirfylgni viðskiptaferla. Starfið felur einnig í sér greiningu vandamála og endurbætur á ferlum í samstarfi við hugbúnaðarþróun.

- **Notendaþjónusta**
  Almenn þjónusta við tölvubúnað starfsmanna Vodafone. Umsjón með Active Directory, pökkun og dreifing á hugbúnaði á vinnustöðvar. Fjölbreytt starf fyrir þjónustulundaðan tæknimann.

- **.Net / Java / samþættingar forritarar**
  Framundan eru stór og krefjandi hugbúnaðarverkefni sem ná þvert í gegnum starfsemina. Grunnkerfi eru skrifuð í Java og Oracle gagnagrunnar notaðir. Notendaviðmót og framendi er skrifaður í .Net. Í boði eru störf fyrir reynda forritara sem og einstaklinga sem eru að ljúka háskólanámi og leita að fyrsta starfi við hugbúnaðargerð eða forritun.

Markaðsmál

Verið er að ráða í tvær nýjar spennandi stöður til að vinna við samskiptalausnir fyrirtækisins.

- **Vefþróun, HTML og CSS**
  Fjölbreytt starf þar sem meðal annars er fengist við HTML og CSS vinnu og vefþróun við vefi Vodafone. Ýmis önnur verkefni sem tengjast vef og markaðssetningu, þjónustu við viðskiptavini og sölu á vörum og þjónustu.

- **Sérfræðingur í textagerð**
  Fjölbreytt starf þar sem meðal annars er fengist við skrif á vefi fyrirtækisins, umfjöllun um tækninýjungar, samþættingu upplýsinga og fylgirit vara. Ýmis önnur verkefni sem tengjast vef og markaðssetningu, þjónustu við viðskiptavini og sölu á vörum og þjónustu.

Nánari upplýsingar um störfin og hæfniskröfur eru að finna á vef Vodafone.

Áhugasamir eru hvattir til að leggja inn umsókn á vodafone.is fyrir 28. febrúar 2011.

power to you

Capacent Ráðningar

GARÐYRKJUSTJÓRI

Akraneskaupstaður

Á Akranesi er mannlíf í miklum blóma. Íbúar á Akranesi hafa aldrei verið fleiri og er íbúafjöldi í dag um 6500. Á Akranesi er einstaklega fjölskylduvænt og öruggt umhverfi þar sem áhersla er lögð á mikla og vandaða þjónustu við íbúa. Öflugt atvinnulíf sem býður upp á örugg störf á margvíslegum vettvangi, ásamt húsnæði á góðu verði.

Akraneskaupstaður auglýsir starf garðyrkjustjóra laust til umsóknar.
Staðan heyrir undir framkvæmdastjóra framkvæmda-, skipulags- og umhverfisstofu sem hefur m.a. umsjón með öllum nýframkvæmdum og viðhaldi fasteigna, gatna, stíga og opinna svæða á vegum Akraneskaupstaðar.

Starfssvið
- Umsjón með uppbyggingu og viðhaldi opinna svæða innan bæjarlandsins
- Gerð og uppfærsla umhirðuáætlana og eftirlit með umhirðuverkefnum
- Umsjón með hönnun og aðkeyptri ráðgjöf vegna stærri verkefna
- Umsjón með opnum leiksvæðum og leiktækjum á lóðum leik- og grunnskóla í samráði við forstöðumenn viðkomandi stofnana
- Ráðgjöf til forstöðumanna stofnana bæjarins varðandi almenna umhirðu lóða, skipulag, gróður og annað sem að hans sérþekkingu lýtur
- Umsjón og eftirfylgni með umhverfisstefnu kaupstaðarins (Staðardagskrá 21)
- Ýmis verkefni er lúta að umhverfismálum

Menntunar- og hæfniskröfur
- Garðyrkju- eða skrúðgarðyrkjumenntun
- Viðbótarmenntun í umhverfisskipulagi æskileg
- Reynsla af sambærilegu starfi
- Lögð er áhersla á jákvæðni og vilja til að takast á við krefjandi verkefni
- Frumkvæði og góðir samskiptahæfileikar
- Metnaður, sjálfstæði og öguð vinnubrögð

Umsjón með ráðningu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Jónína Guðmundsdóttir (jonina.gudmundsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 6. mars nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.** Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

RÆSTINGAR Á ÞJÓRSÁRSVÆÐI

Landsvirkjun óskar eftir að ráða einstakling til að sinna ræstingum á Þjórsársvæði. Til Þjórsársvæðis heyra aflstöðvar Landsvirkjunar við Búrfell, Sultartanga, Hrauneyjafoss, Sigöldu og Vatnsfell ásamt veitumannvirkjum. Yfirmaður viðkomandi er stöðvarstjóri Þjórsársvæðis.

Landsvirkjun

Helstu verkefni:
- Þrif á öllum mannvirkjum sem tilheyra Þjórsársvæði
- Vinna að verkefnum tengdum framþróun og viðhaldi vottana í gæða-/ umhverfis- og öryggismálum
- Móttaka gesta á Þjórsársvæði

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Góð almenn menntun
- Reynsla af þrifum við svipaðar aðstæður æskileg
- Færni í hefðbundinni tölvunotkun vegna skráninga og gæðakerfis
- Skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð ásamt jákvæðni og samskiptahæfni

Í boði er fyrirmyndar starfsaðstaða og góður vinnuandi. Metnaðarfullt og faglegt vinnuumhverfi auk tækifæra til starfsþróunar.

Landsvirkjun er eitt stærsta fyrirtæki landsins með efnahagsreikning upp á 4,8 milljarða dollara. Helstu viðskiptavinir hennar eru alþjóðleg fyrirtæki og breytingar á raforkumörkuðum skapa fyrirtækinu ný sóknarfæri. Framundan eru spennandi tímar í rekstri félagsins þar sem aukin áhersla er lögð á rekstur, markaðsmál og bætta arðsemi samhliða áframhaldandi uppbyggingu raforkuvinnslu. Hjá Landsvirkjun og dótturfélögum þess starfa rúmlega 300 manns með fjölbreytta menntun. Áhersla er lögð á jafnrétti og tækifæri til starfsþróunar.

Skráning og upplýsingar eingöngu á www.vinna.is. Umsóknarfrestur er til og með 6. mars nk.

vinna.is
S: 511 1144

Vantar þig starfsmann?

- við leysum málið.

Nánari upplýsingar hjá Vinna.is

vinna.is
sími: 511 1144

Capacent Ráðningar

FORSTÖÐUMAÐUR REKSTRARSVIÐS

FISKISTOFA

Fiskistofa auglýsir eftir forstöðumanni rekstrarsviðs. Næsti yfirmaður er fiskistofustjóri. Um fullt starf er að ræða og æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Laun taka mið af kjarasamningi ríkisins við viðeigandi stéttarfélag.

Rekstarsvið er nýtt svið sem myndað er úr tveimur sviðum, fjármála- og rekstrarsviði og tölvusviði. Rekstrarsvið skiptist í þrjár deildir þ.e. fjármáladeild, hugbúnaðardeild og kerfisdeild. Hlutverk rekstarsviðs er yfirumsjón með fjármunum Fiskistofu, gerð fjárhagsáætlana, kostnaðareftirlit, innheimta, nýsmíði og viðhald á hugbúnaði fyrir Fiskistofu og Hafrannsóknastofnunina rekstur tölvukerfa og annar almennur rekstur.

Helstu verkefni

- Stjórnun og daglegur rekstur rekstrarsviðs
- Fjármálastjórn
- Yfirumsjón með gerð fjárlagatillagna og fjárhagsáætlana
- Yfirumsjón með innheimtu og innkaupum
- Kostnaðargreining og kostnaðareftirlit
- Yfirumsjón með verkefnastjórnun hugbúnaðar- og kerfisdeildar
- Þátttaka í stefnumótun

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf í viðskiptafræði, tölvunarfræði eða önnur sambærileg menntun, framhaldsmenntun er kostur
- Stjórnunarreynsla, reynsla af verkefnastjórnun er kostur
- Reynsla af fjármálastjórnun og áætlanagerð
- Yfirgripsmikil þekking á upplýsingatækni
- Leiðtogahæfileikar og lipurð í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Góð íslensku- og enskukunnátta

Fiskistofa er þjónustu- og eftirlitsstofnun sem annast stjórn og eftirlit með veiðum fiskistofna í sjó og fersku vatni. Fiskistofa annast jafnframt söfnun, úrvinnslu og útgáfu upplýsinga á sviði sjávarútvegsmála. Nánari upplýsingar um Fiskistofu má finna á www.fiskistofa.is.

Umsjón með ráðningu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 6. mars nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.** Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

BRAMMER ÍSLAND EHF.

BRAMMER

www.brammer.biz
Brammer starfar í 15 löndum með 2500 starfsmenn og hefur sl. 4 ár starfað á Íslandi með Alcoa Fjarðaál. Brammer plc. er eitt af leiðandi fyrirtækjum í Evrópu sem dreifingaraðili á rekstrarvöru iðnaðar, með yfir 50 ára reynslu. Brammer er þekkt fyrir hágæða vörur og sveigjanlega þjónustu. Brammer Ísland ehf. starfrækir skrifstofur á Reyðarfirði og í Reykjavík.

Brammer er rótgróið alþjóðlegt fyrirtæki sem leitar að starfsmönnum sem hafa áhuga á að taka þátt í uppbyggingu og rekstri fyrirtækisins á Íslandi.

SÖLUFULLTRÚI

Starfssvið: Sala og kynning á vörum Brammer til viðskiptavina, heimsóknir til viðskiptavina, svörun fyrirspurna og þjónusta, samskipti við birgja, skýrslu- og áætlanagerð, greiningarvinna. Virk þátttaka í stefnumótun og uppbyggingu fyrirtækisins á Íslandi.

Hæfniskröfur: Mjög mikil reynsla af sölu, þekking á varahlutum og iðnrekstrarvöru, þekking á iðnrekstrarvöru tengdri stóriðju er kostur, skipulagshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum, reynsla af greiningarvinnu, reynsla af kynningarmálum æskileg, hæfni í mannlegum samskiptum, mjög góð ensku- og íslenskukunnátta.

INNKAUP/SALA

Starfssvið: Samskipti við birgja, umsjón með birgðamálum, innkaupum og sölu á vörum innan fyrirtækisins, náin samvinna við sölumenn fyrirtækisins og vörustjóra. Svörun fyrirspurna og þjónusta, eftirlit með birgðastöðu og veltuhraða ásamt yfirmanni, vinna samkvæmt gæðakerfi fyrirtækisins.

Hæfniskröfur: Reynsla af sambærilegu starfi er æskileg, þekking á rekstarvörum í iðnaði er kostur, mjög góð samskiptahæfni, áreiðanleiki, samviskusemi auk góðrar ensku- og íslenskukunnáttu. Mjög góð tölvukunnátta.

TÆKNILEGUR RÁÐGJAFI

Starfssvið: Tæknileg ráðgjöf til viðskiptavina, miðlun upplýsinga til samstarfsfólks, greining á vandamálum, skráningar og skýrslugerð.

Menntunar- og hæfniskröfur: Vélfræði-/tæknimenntun eða vélvirkjamenntun æskileg, reynsla af sambærilegu starfi kostur, mikil greiningarhæfni, hæfni í mannlegum samskiptum, góð tölvukunnátta, mjög góð ensku- og íslenskukunnátta. Þekking á iðnrekstrarvöru tengdri stóriðju er kostur.

STARFSMAÐUR Í VÖRUHÚS

Starfssvið: Öll almenn störf í vöruhúsi, tiltekt og frágangur pantana, akstur með vörur auk ýmissa tilfallandi starfa.

Hæfniskröfur: Reynsla af starfi í vöruhúsi æskileg, áreiðanleiki og samviskusemi, góð samskiptahæfni, góð íslensku- og enskukunnátta auk gildra ökuréttinda.

INNKAUPAFULLTRÚI Á REYÐARFIRÐI

Starfssvið: Umsjón með birgðamálum og innkaupum, eftirlit með birgðastöðu og veltuhraða ásamt yfirmanni, samskipti við viðskiptavini og birgja, vinna samkvæmt gæðakerfi fyrirtækisins.

Hæfniskröfur: Reynsla af sambærilegu starfi er æskileg, þekking á rekstarvörum í iðnaði er mikill kostur, góð enskukunnátta og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti, mjög góð tölvukunnátta, frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi, nákvæmni og skipulagshæfileikar eru nauðsynlegir þættir. Leitað er að einstaklingi með góða samskiptahæfni, sem er áreiðanlegur, samviskusamur og eldri en 25 ára.

Umsjón með störfunum hafa Agla S. Björnsdóttir (agla.bjornsdottir@capacent.is) og Jónína Guðmundsdóttir (jonina.gudmundsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 27. febrúar nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.** Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf á ensku og íslensku, þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Forritari hjá TM

Tryggingamiðstöðin auglýsir eftir forritara í hugbúnaðargerð félagsins.

Um er að ræða fjölbreytt og skemmtilegt starf við þróun framsækinna hugbúnaðarlausna sem byggja á veflausnum og samskiptum við kjarnakerfi á IBM i. Umhverfið samanstendur meðal annars af Java, GWT, Eclipse, Tomcat, DB/2, SQL, RPG og Cognos.

Starfssvið:

// Greining, hönnun og þróun hugbúnaðarlausna
// Innleiðing og prófanir hugbúnaðarlausna
// Viðhald eldri kerfa

Hæfniskröfur:

// Kerfisfræði, tölvunarfræði eða sambærilegt nám sem nýtist í starfi
// Þekking og reynsla af Java eða öðrum hlutbundnum forritunarmálum
// Brennandi áhugi á forritun
// Hæfni í mannlegum samskiptum

Unnið er eftir Agile / Scrum aðferðafræði og viðkomandi þarf að búa yfir frumkvæði og metnaði og geta unnið sjálfstætt.

Umsóknarfrestur um starfið er til og með **27. febrúar 2011**. Umsóknir ásamt ferilskrá skal senda á netfangið **starf@tm.is**. Farið er með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Brynjólfur Gunnarsson, **brynjolfur@tm.is**, gsm: 899 0869, veitir frekari upplýsingar um starfið.

TM er framsækið og metnaðarfullt fyrirtæki sem býður starfsfólki sínu góða vinnuaðstöðu. **Ef þú er tryggður - þá færðu það bætt** er loforð TM til viðskiptavina um sanngjarna og hraðvirka tjónaþjónustu. Starfsmenn TM hafa sérþekkingu í aðstoð við viðskiptavini vegna óhappa og hafa hjálpað fólki í gegnum erfiðleika í yfir 50 ár. Við erum þess fullviss að hvergi er betur staðið að slíkri þjónustu.

TM // Síðumúla 24 // Sími 515 2000 // tm@tm.is // **www.tm.is**

Verkefnastjóri

Sjúkraliðafélag Íslands, Landssamband lögreglumanna, Landssamband slökkviliðs og sjúkraflutningamanna og Tollvarðafélag Íslands óska eftir ráða starfsmann í tímabundið starf til eins árs. Góðar líkur eru á að framlenging verði á starfinu í eitt ár til viðbótar.

Starfið felst í uppbyggingu og þróun trúnaðarmannakerfis félaganna og að efla samskipti trúnaðarmanna við atvinnurekendur. Í fyrstu þarf að fara fram greining á núverandi fyrirkomulagi félag-anna. Í framhaldinu að gera tillögur að uppbyggingu kerfisins til framtíðar og innleiðingu sem yrði unnin í samstarfi við aðra starfsmenn á skrifstofu félaganna.

Verkefnastjóri þarf að geta starfað sjálfstætt og sýna frumkvæði, hafa getu til að tjá sig í ræðu og riti, vera jákvæður og hafa góða hæfni í mannlegum samskiptum. Þekking á störfum og málefnum stéttarfélaga er æskileg sem og þekking á lagaumhverfi opinberra starfsmanna.

Menntunar og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfið
- Menntun og/eða reynsla á sviði mannauðsstjórnunar
- Stjórnunarreynsla er æskileg
- Reynsla af félagsstörfum
- Þekking á lagaumhverfi opinberra starfs manna og opinberri stjórnsýslu
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Jákvæðni og framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum

Æskilegt er að viðkomandi getið hafið störf sem fyrst. Umsóknarfrestur er til 1. mars og umsóknum skal skilað til Sjúkraliðafélags Íslands, Grensásvegi 16, 108 Reykjavík.

Umsóknum þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Nánari upplýsingar um starfið veita Gunnar Örn í síma 8639471, gunnaro@slfi.is , eða Steinar í síma 899-9180, steinar@bsrb.is

EFTA SURVEILLANCE AUTHORITY

The EFTA Surveillance Authority monitors compliance with European Economic Area rules in Iceland, Liechtenstein and Norway, enabling them to participate in the European internal market. In monitoring and enforcing the EEA Agreement, the Authority has powers that correspond to those of the European Commission. The Authority is based in Brussels and operates independently of the EFTA States. The Authority is led by a College which consists of three members appointed by the EEA EFTA States.

ICT Officer

JOB REFERENCE : 07/11

Start date: Summer 2011

Deadline for application: 13 March 2011

Interviews: March/April 2011

Job title : Officer

Location: Brussels

Type and duration of appointment: fixed-term contract of three years.

If considered desirable, an additional fixed-term contract of three years may be offered.

The successful candidate will carry out work and projects in the areas of Information Management, ICT systems and user support in particular.

Role description:

Administration is responsible for strategy, planning, procurement, implementation and maintenance of the complete Information and Communication technology (ICT) infrastructure of the Authority.

The main responsibility is day-to-day operations of our Information Management System (Hummingbird) as well as other ICT systems mainly based on Microsoft products.

The successful applicant shall carry out work and projects in the areas of Information Management, ICT Systems and user support.

For example:

Monitor compliance with manuals and information management principles as well as fulfilling needs for statistical reporting, draft official documents (letters, decisions, contracts, tender documents etc) and manuals, backup for System Supervisor.

Essential:

- Relevant work experience with document management systems and administration in a Microsoft based environment. Experience with Hummingbird Document Management is an advantage
- Relevant higher education in the field of ICT, computer sciences, information sciences or equivalent
- Familiarity with the infrastructure used by the Authority, based on standard Microsoft products including Windows Server, Exchange Server, SQL Server, Windows 7 workstations and MS office 2007
- Efficiency, service attitude and reliability to match the multiple areas of function of the position, including ability to relate effectively with staff at all levels, will be required
- Excellent command of written and spoken English (the working language of the Authority)
- Good organisational and communication skills
- Flexibility and ability to work both independently and in a team

Desirable:

- Knowledge of EFTA languages (Norwegian or Icelandic in particular)
- Interest and experience in international affairs, especially European issues
- Microsoft Office Specialist (MOS)
- Experience in Net and Java environments

Performance indicators:

The performance indicators for this position include oral and written communication and presentation skills, analytical skills and problem-solving, quality and result orientation, compliance with internal rules, processes and instructions, as well as sociability and teamwork, autonomy, motivation to work, transfer of knowledge and advanced ICT skills.

Conditions :

The position is placed at grade A4/1 of the salary scale, starting at € 81.591,72 per year. Depending on, inter alia, the candidate's family status, allowances and benefits may apply. Favorable tax conditions apply.

Overview of conditions at **http://www.eftasurv.int/about-the-authority/ vacancies/recruitment-policy.**

While its staff members shall normally be nationals of one of the three EFTA States party to the EEA Agreement, the Authority will also consider other applications, primarily those of nationals of the other States that are party to the EEA Agreement.

The applicants must be entitled to full citizen rights and be of good repute.

Application must be filled in and sent online at the following address: **https://jobs.eftasurv.int**

Questions regarding general information and/or the post may be posed to Mr Ólafur Aðalsteinsson, Deputy Director of Administration, tel +32 (0)2 286 18 95.

Questions regarding the recruitment process may be posed to Mrs Sophie Jeannon, HR Assistant, on +32 (0)2 286 18 93.

EFTA Surveillance Authority webpage: **www.eftasurv.int**

vistor

Bakhjarl fyrir betri líðan

Vistor hf. er leiðandi fyrirtæki á sviði markaðssetningar á lyfjum og heilbrigðisvörum á Íslandi. Fyrirtækið starfar í alþjóðlegu umhverfi og er samstarfsaðili fjölmargra alþjóðlegra lyfjafyrirtækja og veitir þeim þjónustu í sölu- og markaðsmálum. Starfsmenn eru 50 og eru flestir háskólamenntaðir. Velta félagsins er um 7 milljarðar og markaðshlutdeild á lyfjamarkaði er um 40%. Vistor er hluti af Veritas Capital samstæðunni, en í heild starfa þar um 160 manns. Móður- og systurfélög sjá um margvíslega stoðþjónustu s.s. dreifingu á vörum o.fl. Sjá nánar á www.vistor.is.

Við leitum að leiðtoga

Framkvæmdastjóri Vistor

Við leitum að framkvæmdastjóra í krefjandi, áhugavert og gefandi starf. Einstaklingurinn sem um ræðir þarf að hafa leiðtogahæfileika, getu til að hrinda verkefnum í framkvæmd og hrífa fólk með sér. Viðkomandi þarf að vera fær í og hafa ánægju af samskiptum við birgja og viðskiptavini jafnt hérlendis sem erlendis. Framkvæmdastjóri Vistor vinnur samkvæmt gildum fyrirtækisins og er öðrum til fyrirmyndar í hreinskiptni, framsækni og áreiðanleika.

Einstaklingur sem til greina kemur þarf að hafa:

- Leiðtoga- og forystuhæfileika
- Drifkraft og frumkvæði
- Þörf fyrir að ná árangri
- Mikla skipulagshæfileika
- Framúrskarandi samskiptahæfileika

Ábyrgð og helstu verkefni:

- Bera ábyrgð á rekstri fyrirtækisins
- Móta og innleiða framtíðarsýn
- Hvetja og þróa starfsmenn í starfi
- Samstarf við aðra framkvæmdastjóra samstæðunnar
- Lifa gildi fyrirtækisins og miðla þeim til annarra starfsmanna

Menntun og hæfni:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, framhaldsmenntun æskileg
- Yfirgripsmikil reynsla/þekking á heilbrigðisumhverfinu æskileg
- Umtalsverð reynsla af stjórnun og rekstri
- Reynsla af alþjóðaviðskiptum og samningagerð
- Góð kunnátta í ensku og norðurlandamáli

Umsjón með starfinu hafa Hilmar G. Hjaltason (hilmar.hjaltason@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum, en auk þeirra veita Vilborg Gunnarsdóttir starfsmannastjóri og Hreggviður Jónsson forstjóri Veritas Capital upplýsingar um starfið. Umsóknarfrestur er til og með 5. mars nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is. Með umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

capacent

Laust starf í þjónustudeild
Lyfjastofnunar

Lyfjastofnun

Helstu verkefni eru m.a.:
- Skráning umsókna um markaðsleyfi lyfja og önnur lyfjaverkefni
- Umsjón með verkefnum vegna lyfjaumbúða
- Ýmis vinna vegna Evrópuverkefna
- Móttaka erinda sem berast Lyfjastofnun
- Önnur tilfallandi verkefni í samráði við yfirmann

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Lyfjatæknimenntun eða önnur menntun á sviði heilbrigðismála sem nýtist í starfi
- Frumkvæði og metnaður í starfi
- Góð tölvufærni
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Vandvirkni og samviskusemi
- Góð íslensku- og enskukunnátta nauðsynleg, góð kunnátta í Norðurlandamáli æskileg

Upplýsingar um starfið veitir Erna Jóna Gestsdóttir, deildarstjóri þjónustudeildar
Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna.
Umsóknir um starfið óskast sendar, ásamt upplýsingum um fyrri störf og meðmælum, til Lyfjastofnunar merkt:
Starfsumsókn - þjónustudeild
Umsóknarfrestur er til og með 7. mars 2011
Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.
Umsóknareyðublað ásamt nánari upplýsingum um Lyfjastofnun má finna á vefsíðu stofnunarinnar www.lyfjastofnun.is

GAGNAVEITA REYKJAVÍKUR

Gagnaveita Reykjavíkur óskar eftir starfsfólki

Vöru- og viðskiptastjóri í Viðskiptadeild

Leitað er að skapandi og markmiðadrifnum einstaklingi sem er sjálfstæður í vinnubrögðum en getur jafnframt unnið í hópi.

Starfssvið:
- Ábyrgð á tekjumyndun, eftirliti og frávikagreiningu
- Vöruþróun
- Samningagerð
- Samskipti við fjarskiptafyrirtæki
- Innleiðing sölu- og þjónustuferla
- Ábyrgð á markaðs- og kynningarmálum sem og áætlunum í samráði við deildarstjóra
- Önnur tilfallandi verkefni er varða starfssvið Viðskiptadeildar

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Háskólamenntun æskileg, s.s. viðskiptafræði, rekstrarfræði, verk- eða tæknifræði
- Góð tölvukunnátta skilyrði
- Góð enskukunnátta skilyrði
- Þriggja ára reynsla af tæknigeira atvinnulífsins er æskileg
- Reynsla af tilboðs- og samningagerð sem og verkefnastýringu er kostur
- Rík þjónustulund og góðir samskiptahæfileikar eru skilyrði
- Fagleg framkoma

Tæknifulltrúi í Tæknideild

Leitað er að metnaðarfullum og árangursdrifnum einstaklingi. Starfsmaðurinn mun starfa í þjónustuhóp GR.

Starfssvið:
- Tæknisamskipti við notendur
- Tækni- og rekstrarleg samskipti við þjónustuveitur
- Móttaka og úrvinnsla á þjónustubeiðnum
- Hönnun og þróun þjónustuferla
- Eftirlit með gagnaflutningskerfum GR

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Góð tölvuþekking
- Mikill áhugi á tækni og nýjungum
- Skipulagshæfileikar
- Rík þjónustulund
- Fagleg, markviss og öguð vinnubrögð

capacent

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is. **Einstaklingar af báðum kynjum eru hvattir til að sækja um starfið.**

Umsóknarfrestur er til og með 27. febrúar nk.

Gagnaveita Reykjavíkur, dótturfélag Orkuveitu Reykjavíkur, veitir þjónustu og vinnur að uppbyggingu og rekstri á gagnaflutningskerfi sem byggt er á ljósleiðaratækni.

Gagnaveita Reykjavíkur ı Bæjarhálsi 1 ı 110 Reykjavík ı www.gagnaveita.is ı Þjónustusími 516 7777

Liberté • Égalité • Fraternité
RÉPUBLIQUE FRANÇAISE

THE FRENCH EMBASSY IS LOOKING FOR

A full time house-keeper (35 hours/week)
for the Ambassador's residence

Qualifications required:
Experience, with references,
Knowledge of cooking and waiting for dinners or receptions
Fluent in English

Applications, with CV, should be sent to the

French Embassy
Túngata 22
101 Reykjavik

or to ambafrance@ambafrance.is.

For more information, please call 575-9600.

STAÐA AÐSTOÐARSKÓLASTJÓRA VIÐ AKURSKÓLA

Reykjanesbær auglýsir stöðu aðstoðarskólastjóra við Akurskóla lausa til umsóknar.
Í Akurskóla er lögð áhersla á kennsluhætti sem einkenna opinn skóla, einstaklingsmiðað nám, samkennslu og teymisvinnu kennara.

Við leitum að einstaklingi með kennsluréttindi sem hefur þekkingu á þeirri hugmyndafræði sem höfð er að leiðarljósi í skólastarfinu, reynslu af stjórnun, skipulagshæfileika, lipurð í mannlegum samskiptum og metnað til þess að gera gott skólastarf betra.

Nánari upplýsingar gefa Jónína Ágústsdóttir skólastjóri í síma 4204550 og 8934550 og Lars Jóhann Imsland í síma 4204550 og 8954551.

Umsóknir skulu berast starfsþróunarstjóra, bæjarskrifstofu Reykjanesbæjar, Tjarnargötu 12, 230 Reykjanesbæ, fyrir 5. mars. nk.

Einnig er hægt að sækja um rafrænt á upplýsingavef Reykjanesbæjar: reykjanesbaer.is.
Netfang Akurskóla er akurskoli@akurskoli.is. Veffang skólans er akurskoli.is

REYKJANESBÆR
reykjanesbaer.is

Reykjavíkurborg
Framkvæmda- og eignasvið

Framkvæmda og- eignasvið

auglýsir eftir starfsfólki í mötuneyti starfsmanna að Borgartúni 10-12 á sjöundu hæð. Um er að ræða tímabundið 100% starf til 31.12.2011.

Starfssvið
- Umsjón með eldhúsi, borðstofu og veitingasölum.
- Móttaka viðskiptavina.
- Framreiðsla á mat og veitingum.
- Frágangur í eldhúsi, borðstofu og veitingasölum.
- Uppþvottur.

Menntunar- og hæfniskröfur
- Æskilegt að hafa reynslu af störfum í mötuneyti/eldhúsi.
- Rík þjónustulund.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Snyrtimennska og stundvísi.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Eflingar.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Guðmundur H. Halldórsson matreiðslumeistari gudmundur.h.halldorsson@reykjavik.is í síma 411-8312.

Umsóknarfrestur er til 7. mars nk. Sótt er um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is undir „ Atvinna" og „Starfsmaður óskast í mötuneyti starfsmanna að Borgartúni".

LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

Lífeyrissjóður verzlunarmanna óskar eftir að ráða starfsmann í tölvudeild

Óskað er eftir dugmiklum einstaklingi í tölvudeild. Boðið er upp á gott starfsumhverfi, fjölbreytt starf og áhugaverð verkefni.

Helstu verkefni:
- Greining og hönnun hugbúnaðar
- Forritun í Microsoft Visual Studio
- Oracle PL/SQL gagnagrunnsforritun

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Háskólamenntun á sviði tölvunarfræði eða sambærileg menntun
- Reynsla af gerð hugbúnaðar og þekking á gagnagrunnum (Oracle)
- Geta unnið sjálfstætt að krefjandi verkefnum
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Þekking á fjármálakerfum er kostur

Nánari upplýsingar veitir:
Rannveig J. Haraldsdóttir
rannveig@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 28. febrúar nk.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

vörður

Vörður tryggingar hf. er alhliða vátryggingafélag í meirihlutaeigu BankNordic. Félagið er vaxandi á íslenskum tryggingamarkaði og er áhugaverður vinnustaður fyrir fólk sem vill taka þátt í spennandi verkefnum.

Forstöðumaður tjónasviðs

Vörður leitar að öflugum stjórnanda til að stýra tjónasviði félagsins. Viðkomandi situr í framkvæmdastjórn og mun tilheyra metnaðarfullum hópi starfsmanna. Starfið er í senn mjög fjölbreytilegt og krefjandi.

Starfssvið:
- Yfirumsjón og ábyrgð á tjónaþjónustu Varðar
- Áætlanagerð, eftirfylgni og eftirlit
- Mannauðsmál
- Eftirlit með tjóna- og rekstrarkostnaði sem og tjónaþróun
- Upplýsingagjöf til stjórnar og stjórnenda
- Stefnumótun í samráði við stjórn og aðra stjórnendur

Hæfniskröfur:
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Stjórnunarreynsla
- Lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti
- Reynsla af vátryggingastarfsemi er æskileg
- Sjálfstæði, frumkvæði og metnaður til að sýna árangur í starfi
- Skipulögð vinnubrögð ásamt getu til að vinna undir álagi

Nánari upplýsingar veitir:
Inga Steinunn Arnardóttir
inga@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 3. mars nk.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

VERNDUN HAFGÆÐA

Hjá Umhverfisstofnun er laust til umsóknar starf sérfræðings í verndun hafgæða á deild umhverfisverndar. Hjá stofnuninni ríkir faglegur metnaður og þverfaglegt samstarf er haft að leiðarljósi. Megin verkefni sérfræðingsins snúa að varðveislu gæða hafrýmisins umhverfis Ísland, m.a. varðandi mengun hafs og stranda, umhverfismálum skipa, margvíslegri gagnaöflun, leyfisveitingum, umsögnum og fræðslu. Gerð er krafa um háskólapróf á sviði náttúruvísinda, framhaldsmenntun og/eða reynslu af sambærilegri stjórnsýslu svo og mjög góða íslenskukunnáttu.

EFTIRFARANDI ÞÆTTIR UM ÞEKKINGU, REYNSLU OG HÆFNI VERÐA HAFÐIR TIL VIÐMIÐUNAR VIÐ VAL Á STARFSMANNI

» Skipulagshæfileikar og markviss vinnubrögð
» Hæfni í framsetningu upplýsinga á skrifuðu og töluðu máli
» Hæfni í ensku og einu norðurlandamáli
» Samstarfshæfni og lipurð í mannlegum samskiptum

Næsti yfirmaður sérfræðingsins er Kristján Geirsson deildarstjóri, sem veitir nánari upplýsingar um starfið ásamt Sigrúnu Valgarðsdóttur starfsmannastjóra í síma 591 2000.
Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og hlutaðeigandi stéttarfélags.
Bæði konur og karlar eru hvött til að sækja um starfið.
Æskilegt er að sérfræðingurinn geti hafið störf sem fyrst. Föst starfsaðstaða starfsmannsins getur verið í Reykjavík, Hellissandi, Ísafirði, Akureyri, Mývatni, Egilsstöðum eða Vestmannaeyjum, allt eftir búsetu umsækjanda. Gert er ráð fyrir að gagnkvæmur reynslutími sé sex mánuðir við ráðningu. Umsóknir skulu sendar til Umhverfisstofnunar, Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík eða á netfangið ust@ust.is eigi síðar en 6. mars 2011. Sjá nánari upplýsingar um Umhverfisstofnun á www.umhverfisstofnun.is

UMHVERFISSTOFNUN
Akureyri – Egilsstaðir – Ísafjörður - Mývatn
Reykjavík - Snæfellsnes - Vestmannaeyjar

OFFICE 1 ÓSKAR EFTIR REYNDUM VERSLUNARSTJÓRA

Office1 leitar að reyndum verslunarstjóra með góðan skilning á helstu stærðum í rekstri fyrirtækis til að stjórna einni af verslunum fyrirtækisins á höfuðborgarsvæðinu. Verslunarstjóri ber ábyrgð á stjórnun starfsmanna, vörumeðhöndlun, útliti og daglegum rekstri verslunar. Verslunarstjóra ber að hámarka hvetjandi starfsanda og jákvæða upplifun viðskiptavina. Verslunarstjóri gengur í öll störf í versluninni og tekur virkan þátt í sölu og þjónustu og samskiptum við aðrar deildir félagsins.Verslunarstjóri er ábyrgur gagnvart forstjóra félagsins.

Helstu verkefni:

- Rekstrargreining, mikil kostnaðarvitund
- Agað starfsmannahald og skipulagning vakta
- Birgðagreining með fókus á veltuhraða birgða
- Ábyrg innkaup, áfyllingar og flutningspantanir frá miðlager
- Verðmerkingar, útlit og uppröðun eftir framlegðargildum
- Regluleg námskeið fyrir starfsfólk á nýjum vörum, vinnuháttum og þjónustu
- Framkvæma markaðsstefnu Office1 hverju sinni í verslun og til viðskiptavina
- Mánaðarlegir sölu- EBITDA fundir með yfirstjórn

Hæfniskröfur:

- Menntun eða góð starfsreynsla sem nýtist í starfi
- Áreiðanleiki
- Skipulögð og markviss vinnubrögð
- Góð framkoma og jákvæðni
- Snyrtimennska og stundvísi
- Geta unnið sjálfstætt og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Góð kunnátta í excel og helst í notkun OLAP teninga.
- Önnur tölvukunnátta æskileg m.a. Axapta.
- Frumkvæði í starfi, metnaður, áhugi og þjónustulund eru skilyrði.

Um Office 1

Office1 hefur á undanförnum árum fest sig í sessi sem ein öflugasta verslunarkeðja landsins með rekstrarvörur fyrir skrifstofur, skóla og stofnanir. Starfsmannastefna Office1 er einföld og skýr með samheldni liðsheildarinnar að leiðarljósi auk þess að vera tengd jafnrétti og framsæknum markmiðum þar sem hver starfsmaður er metinn á eigin forsendum og árangri í starfi. Markmið starfsmanna er að gera enn betur á árinu 2011 með því að vera í fararbroddi hver á sínu sviði og leggja allt kapp á að veita framúrskarandi þjónustu, byggða á gæðum, áreiðanleika og trausti.

Umsóknarfrestur er til og með 25. febrúar n.k

Umsóknir ásamt ferilskrá og meðmælum berist til atvinna@egilsson.is

Skeifan, Smáralind, Korputorg, Hafnarfjörður, Selfoss, Egilsstaðir, Akureyri

Ég ætla að spara í ár!

Office 1

Veghönnuður

Hnit verkfræðistofa hf. óskar eftir veghönnuði

Menntunar og hæfniskröfur:

- *Krafist er að lágmarki B.Sc. í verk- eða tæknifræði.*
- *Lágmark 2 ára reynsla af veghönnun er skilyrði.*
- *Reynsla af notkun Novapoint veghönnunarforritsins er skilyrði.*
- *Gott vald á norsku, dönsku eða sænsku er æskilegt.*
- *Umsækjandi þarf að hafa góða samskiptahæfni og geta unnið sjálfstætt.*

Nánar upplýsingar veitir Harald B. Alfreðsson í síma 5700 500.

Umsóknir óskast sendar á hba@hnit.is. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.

Umsóknarfrestur er til 27. febrúar.

HNIT VERKFRÆÐISTOFA
www.hnit.is

Vilt þú spennandi og líflegt starf í ferðaþjónustu?

ALP bílaleiga leitar að fólki með drifkraft og metnað til starfa í Reykjavík.
Leitað er eftir einstaklingum með ríka þjónustulund og áhuga á ferðaþjónustu.

ÞJÓNUSTUVER

Starfið felur í sér kynningu og sölu á þjónustu fyrirtækisins ásamt öflun og viðhaldi viðskiptasambanda. Við leitum að jákvæðum, skipulögðum og þjónustulunduðum einstaklingi sem hefur áhuga á að vinna í ört vaxandi fyrirtæki.

ALMENNAR HÆFNISKRÖFUR:

- Bílpróf er skilyrði
- Tungumálaþekking er skilyrði (helst 2 tungumál)
- Hreint sakavottorð
- Tölvuþekking
- Lipurð í mannlegum samskiptum og þjónustulund
- Jákvæðni, frumkvæði og dugnaður
- Snyrtimennska
- 20 ára lágmarksaldur

AFGREIÐSLA

Starfið felur í sér afgreiðslu á bílaleigubílum.
Unnið er á dagvöktum.

HELSTU VERKEFNI:

- Afhending og móttaka bílaleigubíla
- Gerð leigusamninga
- Samskipti við erlenda og innlenda viðskiptavini
- Sala til erlendra og innlendra viðskiptavina

ALMENNAR HÆFNISKRÖFUR:

- Bílpróf er skilyrði
- Tungumálaþekking er skilyrði (helst 2 tungumál)
- Hreint sakavottorð
- Tölvuþekking
- Lipurð í mannlegum samskiptum og þjónustulund
- Jákvæðni, frumkvæði og dugnaður
- Snyrtimennska
- 20 ára lágmarksaldur

ÞRIF Á BÍLUM

Starfið felur í sér þrif á bílaleigubílum.
Unnið er á dagvöktum.

HELSTU VERKEFNI:

- Þrif á bílum – að innan og utan
- Yfirferð yfir ástand bíls
- Akstur

ALMENNAR HÆFNISKRÖFUR:

- Bílpróf er skilyrði
- Hreint sakavottorð
- Lipurð í mannlegum samskiptum og þjónustulund
- Jákvæðni, frumkvæði og dugnaður
- Snyrtimennska
- 20 ára lágmarksaldur

ENNEMM / SIA / NM45417

Umsóknir sendist á atvinna@alp.is. Umsóknarfrestur er til 28. febrúar 2011.
Leitað er eftir bæði konum og körlum. Reynsla og áhugi á ferðaþjónustu og bílum er kostur. Launakjör eru samkvæmt samningum Verslunarmannafélags Reykjavíkur og Eflingarstéttarfélags. Alp er umboðsaðili AVIS og BUDGET á Íslandi. AVIS og BUDGET starfa á heimsvísu, með starfsstöðvar í yfir 160 löndum.

Budget AVIS

Knarrarvogur 2 • 104 Reykjavík • Sími 591 4000 • avis.is

Ertu snillingur í mannlegum samskiptum ...

... og framúrskarandi sölumaður?
Þá er þetta starfið sem þú ert að leita að

Söludeild Sjóvá getur bætt við sig sölumönnum sem búa yfir neðangreindum hæfileikum:

- **Reynslu af sölustörfum á fjármála- og tryggingamarkaði (kostur en ekki skilyrði)**
- **Góðum söluhæfileikum og framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum**
- **Frumkvæði, eldmóð og vinnusemi**
- **Sjálfstæði og skipulögðum vinnubrögðum**

Allar nánari upplýsingar veita Arthúr Vilhelm Jóhannesson, forstöðumaður Sölustýringar (844 2236 eða arthur.johannesson@sjova.is) og Eva Björk Guðmundsdóttir sölustjóri (844 2248 eða eva.gudmundsdottir@sjova.is). Umsóknarfrestur er til og með 25. febrúar. Umsóknir sendist til Arthúrs eða Evu á ofangreind netföng.

Hlutverk Sjóvá er að tryggja verðmætin í lífi fólks með áherslu á forvarnir. Boðið er upp á gott starfsumhverfi fyrir hæft starfsfólk, ásamt tækifæri fyrir hvern og einn til að eflast og þróast í starfi.

SJÓVÁ

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 10-0467

Rio Tinto Alcan

Matreiðslumaður óskast

Rio Tinto Alcan óskar eftir að ráða kraftmikinn matreiðslumann til að sinna fjölbreyttum störfum í mötuneyti fyrirtækisins. Leitað er að einstaklingi með jákvætt hugarfar, metnað og drifkraft sem á auðvelt með að vinna í hóp. Um er að ræða afleysingar í sumar og væntanlega framhaldsráðningu eftir þann tíma.

Í mötuneytinu starfa 16 starfsmenn, þar af þrír matreiðslumenn. Næsti yfirmaður er verkstjóri mötuneytis. Unnið er í dagvinnu frá kl. 8:00 –16:00. Í mötuneytinu borða að jafnaði 390 manns í hádeginu. Vinnustaðurinn er reyklaus.

Starfssvið
- Matreiðsla og undirbúningur fyrir hádegis-, kvöld- og næturmat
- Undirbúningur fyrir salatbar
- Bakstur
- Þátttaka í matseðlagerð
- Önnur tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur
- Matreiðslumenntun
- Haldgóð reynsla af matreiðslu
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Færni í mannlegum samskiptum og góðir samskiptahæfileikar
- Stundvísi, þjónustulipurð og jákvæðni
- Almenn tölvuþekking kostur

Nánari upplýsingar veitir Björk Guðbrandsdóttir, verkstjóri í mötuneyti, í síma 560 7000.

Áhugasamir, vinsamlegast fylliið út atvinnuumsókn á vef fyrirtækisins, www.riotintoalcan.is fyrir 28. febrúar 2011. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf í byrjun maí.

Alcan á Íslandi hf. er þekkingarfyrirtæki sem rekur álver í Straumsvík. Við bjóðum upp á margbreytileg störf þar sem hugvit, þekking og kunnátta starfsmanna gegnir lykilhlutverki. Við leggjum áherslu á markvisst fræðslustarf, frammistöðuhvetjandi starfsumhverfi og gott upplýsingaflæði ásamt tækifærum til starfsþróunar. Við setjum umhverfis-, öryggis- og heilbrigðismál í öndvegi og vinnum stöðugt að umbótum á verkferli og vinnuaðferðum. Við leggjum áherslu á að starfa í góðri sátt við umhverfið og samfélagið sem við erum hluti af.

Rio Tinto Alcan
Straumsvík
Pósthólf 244
222 Hafnarfjörður

Sími 560 7000
www.riotintoalcan.is

Fríkirkjusöfnuðurinn í Reykjavík auglýsir eftir góðri manneskju í um 75% starf á skrifstofu Fríkirkjunnar að Laufásvegi 13 frá og með 1. apríl nk.

Starfslýsing:
- Umsjón með skrifstofu, sem felst m.a. í:
- Símavörslu og almennum skrifstofustörfum.
- Bókun á kirkju og safnaðarheimili.
- Greiðslu reikninga og launa.
- Umsjón með vefsíðu Fríkirkjunnar auk tilfallandi verkefna.

Hæfniskröfur:
- Rík þjónustulund, góð íslenskukunnátta, skipulagshæfileikar.
- Reynsla af sambærilegu starfi æskileg.

FRÍKIRKJAN
Í REYKJAVÍK

Vinsamlega sendið umsókn með tölvupósti á frikirkjan@frikirkjan.is fyrir 6. mars nk.

Ef frekari upplýsinga er óskað vinsamlega hafið samband við skrifstofu Fríkirkjunnar í síma 552 7270 eða sendið póst á frikirkjan@frikirkjan.is

LÆKNAMÓTTÖKURITARI

60% framtíðarstaða. Tölvuþekking nauðsynleg og bókhaldsþekking æskileg. Þarf að geta hafið störf fyrir 1. apríl. Ferill sem greinir menntun og starfsreynslu í tímaröð, tölvu- og bókhaldsþekkingu, veikindi, persónu- og fjölskylduhagi, uppl um meðmælendur og hvers vegna starfshlutfallið hentar óskast á **starfsumsokn@gmail.com**

MOSFELLSBÆR

Lágafellsskóli

Lágafellsskóli í Mosfellsbæ Skólaliðar

Óskum eftir skólaliðum til starfa sem allra fyrst og út skólaárið. Vinnutími 07.50 – 14.00. Í starfinu felst m.a. gæsla með nemendum, aðstoð í matsal og ræstingar.

Ennfremur óskum við eftir skólaliða til starfa e.h. aðallega við ræstingar. Vinnutími 13.00 – 17.00.

Laun samkvæmt kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags.

Upplýsingar veita Jóhanna Magnúsdóttir skólastjóri í síma 525-9200 og Ásta Steina Jónsdóttir deildarstjóri í síma 525-9200 og 692-0233. Umsóknir sendist á netföngin johannam@lagafellsskoli.is eða asta@lagafellsskoli.is

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA

VIÐSKIPTASTJÓRI

Frakt.is leitar að kraftmiklum og metnaðarfullum einstaklingi með víðtæka þekkingu og reynslu af sölumálum til fyrirtækja. Spennandi og krefjandi starf í alþjóðlegu starfsumhverfi.
Frakt.is er alhliða flutningsmiðlun sem sérhæfir sig í flutningum milli landa, í flug- og sjófrakt ásamt tengdri þjónustu. Frakt.is starfar náið með TNT Hraðflutningum.

Helstu verkefni
- Sala og ráðgjöf á flutningatengdri þjónustu Frakt.is og TNT
- Tilboðsgerð og flutningaráðgjöf
- Utanumhald viðskiptasamninga
- Önnur tilfallandi störf sem tengjast starfinu

Hæfniskröfur
- Víðtæk reynsla af sölustörfum
- Reynsla af flutningastarfsemi kostur en ekki skilyrði
- Lipurð í samskiptum
- Sjálfstraust og útgeislun
- Frumkvæði og rík þjónustulund
- Öguð og skipulögð vinnubrögð
- Góð ensku- og tölvukunnátta

Nánari upplýsingar veitir Arnar Bjarnason, sími 520 1450, arnar@frakt.is
Umsóknarfrestur er til og með 28. febrúar.
Umsóknum skal skilað til Frakt.is, Stórhöfða 32, 110 Reykjavík eða á arnar@frakt.is
Einnig má fylla út umsókn á heimasíðu frakt.is www.frakt.is

Frakt.is

Ljósmyndaver Hörpu Hrundar leitar að faglærðum ljósmyndara í 80-100% starf

Starfið felst í stúdíó og úti myndatökum Photoshopvinnslu, frágangi mynda og afgreiðslu viðskiptavina.

Sveinspróf í ljósmyndun skilyrði, lipur í mannlegum samskiptum, nákvæmur og hæfur til þess að vinna undir álagi. Þarf að geta hafið störf í seinasta lagi 1.apríl.

Áhugasamir sendi inn umsókn ásamt ferilskrá til harpa@harpahrund.is,

Umsóknarfrestur til 20.febrúar nk.

Ljósmyndaver Hörpu Hrundar

VALITOR
– Virk miðlun verðmæta

VALITOR býður örugga, skjóta og skilvirka þjónustu til kaupmanna, banka, sparisjóða og korthafa á ferðalögum um allan heim. Gildin okkar, forysta, frumkvæði og traust, knýja samhentan, metnaðarfullan starfshóp áfram í stöðugri viðleitni til að bæta þjónustuna. Viðskipti á erlendri grund eru orðin ein meginstoðin í rekstri okkar og fara ört vaxandi. Við höfum verið leiðandi á innlenda, rafræna greiðslumarkaðnum síðan 1983.

Sérfræðingur í hugbúnaðarprófunum

Starfið felst í hugbúnaðarprófunum, þ.e. gerð og framkvæmd prófanatilvika, einingaprófana, kerfisprófana, samantekt prófananiðurstaðna, villutilkynningar og skjölun.

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Háskólapróf á sviði tölvunar- eða kerfisfræði, sambærilegt nám eða umtalsverð starfsreynsla.
- Reynsla af prófunum og aðferðum gæðastjórnunar eru kostir.
- Reynsla af notkun gallatilkynningakerfa og prófunartóla er kostur.
- Þekking á .NET, C#, SQL og stórtölvuumhverfi eru kostir en þó ekki skilyrði.
- Frumkvæði, metnaður og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Gott vald á töluðu og rituðu máli á íslensku og ensku.

Nánari upplýsingar veitir:
Kristín Guðmundsdóttir
kristin@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 6. mars nk.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

RÁÐSTEFNUSKRIFSTOFA ÍSLANDS

Ráðstefnuskrifstofa Íslands er rekin af hagsmunasamtökum ferðaþjónustuaðila, sveitarfélaga og hins opinbera með það að markmiði að auka vægi ráðstefnu- og hvataferðamarkaðarins í íslenskri ferðaþjónustu.

Framkvæmdastjóri

Ráðstefnuskrifstofa Íslands auglýsir eftir framkvæmdastjóra. Leitað er að einstaklingi með þekkingu á ráðstefnu- og hvataferðamarkaðnum sem hefur áhuga á að taka við krefjandi starfi á tímum breytinga og nýrra tækifæra.

Starfið:
- Um er að ræða spennandi starf í alþjóðlegu umhverfi á vaxandi markaði hér á Íslandi.
- Framkvæmdastjóri heyrir undir stjórn Ráðstefnuskrifstofu Íslands og stýrir daglegum rekstri skrifstofunnar. Í starfinu felast m.a. samskipti við aðildarfélaga og innlenda og erlenda fagskipuleggjendur, skipulagning fagsýninga, skipulagning kynnisferða fyrir erlent fagfólk, þátttaka í alþjóðasamstarfi, viðhald heimasíðu, bókhald og rekstur skrifstofunnar.

Menntun og hæfniskröfur:
- Háskólanám í markaðsfræðum eða skyldum greinum.
- Reynsla af markaðsmálum innan ferðaþjónustunnar eða í alþjóðaviðskiptum. Mjög góð kunnátta í ensku, önnur tungumálaþekking æskileg.
- Mikil aðlögunarhæfni.
- Frumkvæði og sjálfstæði í störfum.

Nánari upplýsingar veita:
Inga Steinunn Arnardóttir
inga@hagvangur.is

Katrín S. Óladóttir
katrin@hagvangur.is

Æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknarfrestur er til og með 28. febrúar nk.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is

HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

Umboðsmaður fyrirtækja

Landsbankinn auglýsir laust til umsóknar starf umboðsmanns fyrirtækja sem heyrir beint undir bankastjóra og mun starfa náið með umboðsmanni viðskiptavina.

NB1HF. (LANDSBANKINN), KT. 471008-0280

Helstu verkefni

» Taka til skoðunar mál þeirra fyrirtækja sem telja á sig hallað í viðskiptum við bankann.

Í því felst:

» Yfirfara ákvarðanir um lánaaðlögun fyrirtækja

» Tryggja að meðhöndlun mála sé í samræmi við tilmæli og verklagsreglur

» Gæta þess að jafnræðis og sanngirni sé gætt við úrlausn mála

» Aðkoma að úrlausn ágreiningsmála

Hæfniskröfur

» Yfirgripsmikil reynsla af úrlausn lánamála

» Háskólapróf í lögfræði, viðskiptafræði, endurskoðun eða önnur sú menntun sem nýtist í starfi

» Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð

» Góð þekking á atvinnurekstri og efnahagslífi

» Færni í samskiptum og þægilegt viðmót

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veita Baldur G. Jónsson, mannauðsstjóri, í síma 410 7904, netfang: baldur.g.jonsson@landsbankinn.is og Eggert Ágúst Sverrisson, umboðsmaður viðskiptavina, í síma 410 1000, netfang: umbodsmadur@landsbankinn.is.

Umsókn merkt „Umboðsmaður fyrirtækja“ fyllist út á vef bankans www.landsbankinn.is. Umsóknarfrestur er til og með 16. febrúar nk.

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000

sagafilm

Við höfum þekkinguna!

Viltu starfa í spennandi fyrirtæki þar sem sköpunargleðin fær að njóta sín?

Sagafilm er stærsta framleiðslufyrirtæki landsins á sviði sjónvarpsframleiðslu, kvikmyndaframleiðslu og atburðastjórnar. Hjá Sagafilm starf nú hátt í 40 manns.

Við leitum eftir vönduðum starfsmanni í bókhald Sagafilm.

Helstu verkefni:
- Bókun kostnaðarreikninga
- Kostnaðareftirlit
- Bókun inn- og útgreiðslna
- Aðstoð við innheimtu
- Útreikningur og utanumhald dagpeninga
- Önnur bókhaldstengd störf eftir þörfum

Hæfniskröfur:
- Þekking og reynsla af bókhaldi
- Gott vald á ensku sem og íslensku
- Þægilegt viðmót og lipurð í samskiptum
- Stundvísi

Umsóknir berist til Sagafilm, Laugavegi 176, 105 Reykjavík, merktar Bókhald 2011, **fyrir 25.02.2011**

PRESSA NÆTURVAKTIN Stelpurnar RÍKIÐ RÉTTUR DAGVAKTIN BJARNFREÐARSON Marteinn Ástríður Idol FANGAVAKTIN Hlemmur Vídeó

www.luxor.is | www.sagafilm.is | sagafilm@sagafilm.is

VATNAJÖKULSÞJÓÐGARÐUR

SPENNANDI SUMARSTÖRF Í STÓRBROTNU UMHVERFI

Vatnajökulsþjóðgarður óskar eftir að ráða fólk í fjölbreytt sumarstörf.

Um er að ræða landvörslu, móttöku og upplýsingagjöf, afgreiðslustörf í veitingasölu, ræstingar og almenn verkamannastörf.

- **Skaftafell:** Landverðir, starfsfólk í móttöku og upplýsingagjöf, veitingasölu, ræstingu og almenn störf.
- **Lónsöræfi:** Landvörður.
- **Höfn í Hornafirði:** Landvörður.
- **Jökulsárgljúfur:** Landverðir, starfsfólk í móttöku og upplýsingagjöf, í ræstingu og almenn störf.
- **Herðubreiðarlindir, Drekagil og Askja:** Landverðir og skálaverðir í samvinnu við Ferðafélag Akureyrar.
- **Snæfellsstofa á Skriðuklaustri**: Starfsfólk í móttöku og upplýsingagjöf, veitingasölu, ræstingar og almenn störf.
- **Snæfell og Kverkfjöll:** Landverðir og skálaverðir í samvinnu við Ferðafélag Fljótsdalshéraðs.
- **Hvannalindir:** Landvörður.
- **Hólaskjól, Nýidalur og Lakagígar:** Landverðir.

Ofangreind störf eru flest á tímabilinu frá byrjun júní til loka ágúst. Nokkur störf eru þó til lengri (*maí – september*) eða skemmri (*júlí – ágúst*) tíma. Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og Starfsgreinasambands Íslands. Bæði konur og karlar eru hvött til að sækja um.

Ítarlegri upplýsingar um störfin, hæfniskröfur og aðbúnað starfsmanna má finna á heimasíðu Vatnajökulsþjóðgarðs; **www.vjp.is** og hjá þjóðgarðsvörðum á viðkomandi svæðum.

Umsóknum skal skilað á sérstökum umsóknareyðublöðum sem nálgast má á heimasíðu Vatnajökulsþjóðgarðs. Umsóknarfrestur er til og með 4. mars n.k. og skulu umsóknir sendar á netfangið: umsokn@vjp.is eða í pósti merktum: Vatnajökulsþjóðgarður, Klapparstíg 25-27, 101 Reykjavík.

PORT hönnun

www.vinna.is

vinna.is
sími: 511 1144

PORTIÐ
CAFÉ & RESTAURANT

Matreiðslumaður óskast

Portið veitingahús í Kringlunni óskar eftir að ráða metnaðarfullann matreiðslumann til starfa.

Áhugasamir hafið samband við Sophus 893-2323 eða info@portid.is



KRINGLAN 4 - 12, 103 REYKJAVÍK | SÍMI: 553-8878 | WWW.PORTID.IS

Hótel Hallormsstaður óskar eftir starfsfólki

í eftirtalin störf sumarið 2011:
Gestamóttaka. Starfið felst í móttöku gesta, innritun og brottför. Ásamt þjónustu á veitingastaðnum „Á svölunum – caffé, bistro, bar".

Matreiðsla. Hvortveggja er leitað er að faglærðum og ófaglærðum stafsmönnum.

Þjónusta í sal. Leitað er að starfsfólki í báða veitingastaði hótelsins, bæði faglærðum og ófaglærðum.

Morgunverður. Starfið felst í að hafa yfirumsjón með morgunverði hótelsins.

Herbergjaþernur og þvottahús. Leitað er að röskum og reyndum starfsköftum herbergjaþrif og í þvotthús okkar.

Fæði og húsnæði á staðnum fyrir þá sem það þurfa.

Nánari upplýsingar eru veittar í síma 471 2400.
Umsóknum má skila í tölvupósti á póstfangið:
hotel701@hotel701.is

Hótel Hallormsstaður

Rafvirki
Bygginga- og tæknideild

Bygginga- og tæknideild hefur umsjón með endurbótum og viðhaldi bygginga og lóða Háskóla Íslands, umsjón með kerfum s.s. raf-, hita-, loftræsti- og stýrikerfum, sér um innkaup, heldur utan um bruna-, innbrota- og aðgangsstýrikerfi auk þess að sjá um rekstur á trésmíða-, véla- og rafmagnsverkstæði.

Í starfi rafvirkja felst m.a. viðhald á rafbúnaði, loftræstikerfum og tækjum. Leitað er eftir traustum, ábyrgum og reglusömum einstaklingi með sveinspróf í rafvirkjun, góða tölvukunnáttu og góða þekkingu á smáspennu, loftræstikerfum og stýringum. Þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum eru nauðsynlegir eiginleikar í þessu starfi.

Umsóknarfrestur er til 1. mars nk.

Nánari upplýsingar veitir Ingólfur Aðalbjörnsson byggingastjóri í síma: 525 4757, gsm: 898 1433, netfang: ingoa@hi.is.

Við ráðningu í störf við Háskóla Íslands er tekið mið af jafnréttisáætlun skólans.

HÁSKÓLI ÍSLANDS
1911-2011

PIPAR\TBWA • SÍA • 110432

Bjarmi

Í Ungbarnaleikskólanum Bjarma í Hafnarfirði er laus kennarastaða. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Okkur vantar hugmyndaríkann og skapandi einstakling, sem lítur lífið björtum augum og sér áskoranir sem tækifæri til að þroskast. Á Bjarma er unnið með fljótandi námskrá og dagskipulag, kennarar starfa í teymum og nýta sér uppeldisfræðilegar skráningar í starfi.

Hægt er að sækja um starfið á heimasíðu skólans www.bjargir.is. Einnig má senda umsókn ásamt starfsferilsskrá á netfangið bjarmi@bjargir.is

Nánari upplýsingar veita Helga Björg í síma 690 2709 og Svava Björg í síma 695 3089

Störf í þýðingamiðstöð

Þýðendur í Reykjavík, á Ísafirði og Akureyri.
Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytis annast þýðingar ESB-gerða á ýmsum sviðum, svo sem tækni, raungreinar, fjármál, lögfræði o.s.frv.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins.

Kröfur til umsækjenda:
- Háskólapróf
- Staðgóð þekking á íslensku og ensku
- Reynsla af þýðingum
- Samskiptalipurð og góð framkoma
- Góð tölvukunnátta

Kunnátta í öðrum erlendum tungumálum er æskileg sem og menntun í hagfræði, náttúrufræði, verkfræði eða lögfræði. Kostur er ef umsækjendur hafa reynslu af íðorðavinnu.

Umsóknarfrestur er til og með 7. mars 2011.
Umsóknir skulu berast á netfangið umsokn@mfa.is, merkt „Þýðendur 2011“.

Tækniritarar. Tækniritarar gegna hlutverki tengiliða milli aðalskrifstofu þýðingamiðstöðvar í Reykjavík og þeirra, sem sinna þýðingum í verktöku fyrir þýðingamiðstöð og annast undirbúning og frágang þýðinga og annarra gagna.

Ráðningartími er tvö ár.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og Félags starfsmanna Stjórnarráðsins.

Kröfur til umsækjenda:
- Stúdentspróf eða önnur sambærileg menntun
- Staðgóð þekking í íslensku og ensku
- Góð tölvukunnátta
- Nákvæmni í vinnubrögðum
- Samskiptalipurð og góð framkoma

Æskilegt er að umsækjendur hafi reynslu af umbroti, tölvuvinnslu og prófarkalestri eða reynslu af rekstri fjarvinnslu og/eða fjarnámi.

Umsóknarfrestur er til og með 7. mars 2011.
Umsóknir skulu berast á netfangið umsokn@mfa.is, merkt „Tækniritarar 2011“.

Litið verður svo á að umsóknir gildi í sex mánuði frá því að umsóknarfresti lýkur. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvarðanir um ráðningar hafa verið teknar.

Nánari upplýsingar um störfin veita Hreinn Pálsson, framkvæmdastjóri þýðingamiðstöðvar, (hreinn.palsson@utn.stjr.is), og Helga Hauksdóttir, mannauðsstjóri utanríkisráðuneytisins, (helga.hauksdottir@utn.stjr.is), í síma 545-9900.

Vélstjóri óskast í Fjarðabyggðarhöfnum

Auglýst er laust til umsóknar starf vélstjóra við Fjarðabyggðarhafnir. Um er að ræða fullt starf.

Starfið felur í sér vélstjórn dráttarbáts Fjarðabyggðarhafna, þar sem krafist er vélstjórnarréttinda fyrir 1500 kw vél, auk annarra hafnarstarfa. Starfið er lifandi og kallar á mikil samskipti við fólk og fyrirtæki.

Nánari lýsingu á starfinu og hæfniskröfum er að finna á heimasíðu Fjarðabyggðar www.fjardabyggd.is.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum Launanefndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Skriflegar umsóknir ásamt ferilskrá og afriti af réttindaskírteinum skulu berast skrifstofu Fjarðabyggðar eigi síðar en **föstudaginn 25. febrúar 2011 merkt „Vélstjóri“.**

Upplýsingar um starfið veitir Steinþór Pétursson, framkvæmdastjóri Fjarðabyggðarhafna í síma 470-9000, netfangið steinthor.petursson@fjardabyggd.is.

Starfið hæfir jafnt konum sem körlum og eru konur hvattar til að sækja um.

FJARÐABYGGÐ | *þú ert á góðum stað* fjardabyggd.is

Mjóifjörður | Neskaupstaður | Eskifjörður | Reyðarfjörður | Fáskrúðsfjörður | Stöðvarfjörður

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST

Ævintýraleg matargerð í náttúruperlunni Bifröst

Háskólinn á Bifröst óskar eftir ævintýragjörnum matgæðingi til að sjá um matseld og daglegan rekstur Kaffi Bifrastar. Leitað er eftir einstaklingi með metnað og frumkvæði í hollri matargerð sem leggur áherslu á nýtingu nærumhverfis við hráefnisöflun.

Kaffi Bifröst er mötuneyti nemenda og starfsmanna en einnig grill og veisluþjónusta. Á kaffihúsinu eru auk þess vínveitingar í boði og kaffisala, en Kaffi Bifröst er félagsmiðstöð nemenda. Umsækjandi þarf því að hafa fjölbreytta reynslu, metnað og áhuga á viðfangsefninu. Viðkomandi ber auk þess ábyrgð á öllum daglegum rekstri samkvæmt rekstrarviðmiðum háskólans. Starfið er því fjölbreytt og ögrandi.

Háskólinn á Bifröst leggur mikinn metnað í að vinna að sjálfbærnimarkmiðum og hefur að leiðarljósi sterka umhverfisvitund. Kaffihúsið gegnir þar mikilvægu hlutverki.

Háskólinn á Bifröst er „Campus“ háskóli í Norðurárdal, í einni mestu náttúruperlu landsins. Við skólann eru skráðir um 700 nemendur en í háskólaþorpinu búa um 500 manns.

Umsókn og ferilskrá sendist til atvinna@bifrost.is fyrir 1. mars.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Bárður Örn Gunnarsson.

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

Capacent Ráðningar

KÍKTU Á WWW.CAPACENT.IS



capacent

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og samgöngusvið

VOTTUN HF. ÍST ISO 14001

Heilbrigðisfulltrúi

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur auglýsir laust til umsóknar starf heilbrigðisfulltrúa.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur skiptist í tvær deildir: Umhverfiseftirlit og Matvælaeftirlit auk þess sem Heilbrigðiseftirlitið sér um vöktun umhverfisgæða og hundaeftirlit. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur tilheyrir Umhverfis- og samgöngusvið Reykjavíkurborgar sem er eitt af fagsviðum borgarinnar.

Markmið Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur er að tryggja borgarbúum heilnæmt, öruggt og ómengað umhverfi.

Starfið er hjá Umhverfiseftirliti sem sér um eftirlit með hollustuháttum og mengunarvörnum í fyrirtækjum og stofnunum, útgáfu starfsleyfa, umsagnir, fræðslu og sinnir kvörtunum, ásamt öðrum verkefnum. Deildarstjóri er næsti yfirmaður.

Í starfinu felst m.a. :
- Að hafa reglubundið eftirlit með starfsleyfisskyldum fyrirtækjum í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lög um matvæli nr. 93/1995 og lög nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni og reglugerðum skv. þeim.
- Að sinna skráningum, skýrslugerð og bréfaskriftum, sinna kvörtunum og annast fræðslu. Beita þvingunarúrræðum í samráði við deildarstjóra.
- Sinna öðrum verkefnum samkvæmt fyrirmælum deildarstjóra.
- Að vinna með hópi sérfræðinga Heilbrigðiseftirlitsins.

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Háskólamenntun á sviði heilbrigðisvísinda, raunvísinda, umhverfisfræða eða sambærileg menntun.
- Afburðahæfni í mannlegum samskiptum, sveigjanleiki og samstarfshæfni. Viðkomandi þarf að geta unnið vel undir álagi.
- Jákvæðni, samviskusemi og vilji til að takast á við fjölbreytt og krefjandi verkefni.
- Sjálfstæði, frumkvæði og skipulagshæfileikar.
- Færni til að setja fram ritað mál fyrir stjórnsýslu borgarinnar á greinargóðri íslensku.
- Réttindi til að starfa sem heilbrigðisfulltrúi eru æskileg.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga og Reykjavíkurborgar.

Vakin er athygli á því markmiði mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar að jafna kynjaskiptingu innan starfsgreina og eru karlar jafnt sem konur hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar veitir Rósa Magnúsdóttir, deildarstjóri Umhverfiseftirlits, Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur hjá Umhverfis- og samgöngusviði Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, frá kl. 9-16 í síma 411 1111.

Umsækjendur eru beðnir um að sækja um stafið á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is. Ferilskrár og önnur gögn skal senda inn sem viðhengi með umsókn eða á netfangið helga.bjorg.ragnarsdottir@reykjavik.
Umsóknarfrestur er til 6. mars 2011

Nánari upplýsingar um Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur er að finna á heimasíðu Umhverfis- og samgöngusviðs Reykjavíkurborgar www.umhverfissvid.is

Reykjavík 19. febrúar 2011.

Umhverfis- og samgöngusvið Reykjavíkurborgar/ Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur.

Fasteignasala - Ritari.

Fasteignasala leitar að ritara í móttöku og aðstoð við skjalagerð. Mikil áhersla er lögð á fagleg og vönduð vinnubrögð. Góð tölvukunnátta og reynsla af skrifstofustörfum er nauðsynleg. Góð starfsaðstaða. Vinnutími er 11 - 17. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem allra fyrst.

Umsóknum skal skilað fyrir 23. febrúar í tölvupósti á box@frett.is merkt "Ritari 1117"

Auglýsing fyrir ráðningu framkvæmdastjóra:

Stúdentaráð Háskóla Íslands (SHÍ) auglýsir stöðu framkvæmdastjóra SHÍ fyrir starfsárið 2011-2012 lausa til umsóknar. Framkvæmdastjóri skal hafa yfirumsjón með bókhaldi og fjármálum ráðsins ásamt daglegum rekstri skrifstofu SHÍ auk annarra tilfallandi starfa í samráði við formann.

Framkvæmdastjóri SHÍ skal uppfylla eftirfarandi hæfnisskilyrði:
- Áhugi á SHÍ og málefnum stúdenta.
- Þekking og reynsla á fjármálum og bókhaldi.
- Þekking á stjórnsýslu Háskóla Íslands.
- Þekking og reynsla af skipulagningu stórviðburða.
- Hæfileiki til að vinna með Stúdentaráðsliðum, starfsmönnum skrifstofu SHÍ og öðrum hagsmunaaðilum ráðsins.
- Frumkvæði og geta til að starfa sjálfstætt.

Framkvæmdastjóri SHÍ er ráðinn í 50-100% stöðu til eins árs í senn með möguleika á endurráðningu. Laun hans fara eftir kjarasamningum VR og SA um skrifstofufólk eftir 3. ár í starfsgrein. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf strax.

Nánari upplýsingar um starfið má fá hjá formanni SHÍ í síma 570-0850.

Umsókn skal skila skriflega ásamt ítarlegri ferilskrá merkt „Framkvæmdastjóri 2011-2012" til:

Stúdentaráð Háskóla Íslands
Háskólatorgi
101 Reykjavík

eða í tölvupósti á netfang ráðsins: shi@hi.is
Umsóknarfrestur er til og með 4.mars 2011.

Í lok hvers mánaðar förum við heim með tvennt:
Launaumslagið og tilfinninguna um að vera hluti af einhverju sem skiptir máli.

Ertu staðnaður/stöðnuð í starfi eða skortir eitthvað upp á starfsánægjuna? Ef þú ert hætt/hættur að þroskast í starfi er kannski kominn tími til að skipta og takast á við eitthvað nýtt og krefjandi.

Handpoint ehf. er 22 manna fyrirtæki sem sérhæfir sig í greiðslulausnum og rekur skrifstofur sínar í Bretlandi og við Hlíðasmára í Kópavogi. Við bjóðum upp á skemmtilegt og spennandi starfsumhverfi með frábæru fólki. Verkefni okkur eru flókin og krefjandi og snúast um að miðla greiðslum frá vefnum, handtölvum auk iPhone og Android snjallsímum á öruggan hátt. Gæða- og öryggiskröfur eru miklar, kúnnarnir eru flestir erlendir (British Airways, Man Utd, EasyJet...), starfsandinn er góður og tæknin er framúrstefnuleg.

Vegna aukinna verkefna og mikilla tækifæra framundan leitar Handpoint nú að öflugum starfskröftum til að slást í hópinn. Við leitum að:

» **Viðskiptastjóra** með góða enskukunnáttu og einstaka þjónustulund. Góð tækni- og tölvukunnátta skilyrði. Háskólapróf kostur.

» **Forritara** í kjarnateymi með JAVA kunnáttu. Háskólapróf í tölvunarfræði, verkfræði eða sambærilegu skilyrði.

» **iPhone / Android snillingi**. Háskólapróf í tölvunarfræði, verkfræði eða sambærilegu eða starfsreynsla er skilyrði.

» **Forritara** fyrir smátæki með góðan skilning á C/C++. Háskólapróf í tölvunarfræði, verkfræði eða sambærilegu skilyrði.

» **Sérfræðingi** til að sinna prófunum og gæðamálum í hugbúnaðargerð. Háskólapróf í tölvunarfræði eða verkfræði eða reynsla úr sambærilegu starfi skilyrði.

» **Sérfræðingi** í rekstri töluvkerfa. Reynsla og þekking af Linux og/eða JAVA umhverfi skilyrði.

Starfsreynsla er ekki skilyrði, við leitum jafnt að reyndum starfskröftum sem og nýútskrifuðum úr háskóla en fyrst og fremst leitum við að fólki með metnað og áhuga á því að vaxa í starfi

Af hverju ekki að slást í hópinn?
Þú munt ekki sjá eftir því.

Áhugasamir sendið starfsumsókn og ferilskrá á EgVilAskorun@handpoint.com

handPoint

Toyota Kópavogi

óskar að ráða starfsmann í Verkstæðismóttöku Toyota

Starfssvið:
- Þjónusta við viðskiptavini
- Móttaka og afhending fyrir verkstæði fyrirtækisins
- Verkbókanir og reikningagerð
- Afhending og móttaka útlánsbíla

Hæfniskröfur:
- Hæfni í mannlegum samskiptum,
- Samvinna og rík þjónustulund
- Vilji til að ná árangri í starfi
- Góð grunnþekking á tölvur
- Þekking á bílum æskileg
- Glaðlyndi og gott viðmót

Vinnutími:
Vaktir á tímabilinu 07:30-18:00 alla virka daga.

Leitað er að drífandi og öflugum starfskrafti, með þægilegt viðmót og ríka þjónustulund, sem sækist eftir krefjandi framtíðarstarfi.
Áhugasamir sendi umsókn ásamt ferilskrá á netfangið **atvinna@toyota.is**, merkt „starfsmaður í verkstæðismóttöku". Umsóknafrestur til 24. feb.

Nánari upplýsingar veitir Metta K. Friðriksdóttir á netfanginu metta@toyota.is.

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Sími: 570-5070
www.toyotakopavogi.is

Today Tomorrow Toyota

Vantar járniðnaðarmenn í smiðju á Höfuðborgarsvæðinu

Góð verkefnastaða

Upplýsingar í síma 891-8380 og 893-5990

EKRON
ATVINNUTENGD ENDURHÆFING

EKRON,atvinnutengd endurhæfing óskar eftir að ráða iðjuþjálfa til starfa í 50 % stöðu. Vinnutími er 13-17 alla virka daga.

Umsækjandi þarf að vera með starfsréttindi í iðjuþjálfun. Umsækjandi þarf að geta unnið sjálfstætt, hafa frumkvæði og hæfni til að vinna að skýrslugerðum o.fl. Æskilegt er að umsækjandi hafi þekkingu á vímuefnamálum.Í boði er áhugavert og krefjandi starf á sviði vímuefnamála. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Umsóknarfrestur er til 4 mars 2011.
Umsóknir og upplýsingar um starfið sendist á netfangið svennik@ekron.is eða Grensásvegi 16a, 108 Reykjavík.

Við leitum að flokkstjóra

Sólarræsting óskar eftir að ráða flokkstjóra til starfa á LSH Hringbraut. Flokkstjóri fer með yfirumsjón ræstinga á staðnum og dagleg samskipti við verkkaupa. Sér um kennslu og þjálfun starfsfólks. Viðkomandi þarf að vera skipulagður, nákvæmur, þjónustulundaður og eiga gott með samskipti. Um er að ræða 100% starf í skemmtilegu umhverfi.

- Tungumálakunnátta: Íslenska, enska
- Kunnátta í austur evrópsku máli er kostur
- Reynsla af ræstingum kostur

Umsóknarfrestur er til 25. febrúar.
Nánari upplýsingar veitir Daiva í síma 581-4000 milli 9-11 og 13-16 á virkum dögum.

SÓLAR RÆSTING

UMHVERFISMERKI 176 015 Ræstingarþjónusta

Sólaræsting ehf er þjónustufyrritæki í sérflokki á sviði ræstinga. Við leggjum áherslu á umhverfisvæna og mannlega nálgun í okkar störfum. Hjá okkur starfa yfir 100 frábærir starfsmenn.

STARFATORG.IS

Laus störf hjá ríkinu

Starfatorg.is er upplýsingavefur um laus störf hjá ríkinu. Þar er einnig að finna ýmsar upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna. Nú eru laus til umsóknar eftirfarandi störf:

Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
Nýtt			
Starfsmaður við húsumsjón	Rekstrarfélag stjr.ráðsbygginga	Reykjavík	201102/041
Móttökuritari	Heilsugæsla höfuðborgarsv.	Reykjavík	201102/040
Lögfræðingur	Forsætisráðuneytið	Reykjavík	201102/039
Stuðningsfulltrúi, ráðgjafi	LSH, endurhæfing LR geðsviði	Reykjavík	201102/038
Félagsráðgjafi	LSH, félagsráðgjöf	Reykjavík	201102/037
Starf í þjónustudeild	Lyfjastofnun	Reykjavík	201102/036
Sérfræðingur	Umhverfisstofnun	Rvk eða landið	201102/035
Sviðsstjóri	Vinnumálastofnun	Reykjavík	201102/034
Forstöðumaður rekstrarsviðs	Fiskistofa	Hafnarfjörður	201102/033
Lögreglumenn	Lögreglustjórinn á Vestfjörðum	Patreksfjörður	201102/032
Störf í þýðingamiðstöð	Utanríkisráðuneytið	Rvk, Ísafj, Aku.	201102/031
Lögreglumenn	Lögreglustjórinn á Suðurnesjum	Suðurnes	201102/030
Hjúkrunarfræðingur	Heilbrigðisstofnun Austurlands	Neskaupstaður	201102/029
Ríkissaksóknari	Innanríkisráðuneytið	Reykjavík	201102/028
Störf	Íbúðalánasjóður	Reykjavík	201102/027

Upplýsingar um áður auglýst störf er að finna á Starfatorg.is

Á Starfatorg.is má finna ítarlegri umfjöllun um framangreind störf ásamt upplýsingum um tengiliði. Þeir sem ekki hafa vefaðgang geta snúið sér til viðkomandi stofnunar varðandi frekari upplýsingar.
~ Fjármálaráðuneytið hefur umsjón með Starfatorg.is ~

Starfatorg.is

Sjóðstjóri í Eignastýringu

Laust er til umsóknar starf sjóðstjóra í Eignastýringu.

Eignastýring annast almenna og sérhæfða eignastýringu fyrir viðskiptavini Landsbankans. Eignastýringar bíða mörg spennandi verkefni og því þarf að fjölga í liðinu.

Helstu verkefni

- Stýring á eignasöfnum í rekstri hjá Landsbankanum
- Greining á markaðstækifærum
- Skýrslugerð

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla af sambærilegum verkefnum nauðsynleg
- Löggilding í verðbréfamiðlun
- Góð kunnátta í Excel
- Sjálfstæð, öguð og góð vinnubrögð

Nánari upplýsingar

Umsókn merkt „Sérfræðingur í Eignastýringu“ fyllist út á vef bankans.

Upplýsingar um starfið veita Guðlaug Ólafsdóttir í Mannauði í síma 410 7905, gudlaug.olafsdottir@landsbankinn.is og Eyrún A. Einarsdóttir, forstöðumaður í Stýringu eigna í eyrun.a.einarsdottir@landsbankinn.is.

Umsóknarfrestur er til og með 25. febrúar nk.

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000

NB IHF.(LANDSBANKINN),KT.471008-0280

Rennismiður óskast til starfa.

Hamar ehf Vélaverkstæði.

Hamar ehf, er framsækið málmiðnaðarfyrirtæki, með aðsetur í Kópavogi, Grundartanga, Akureyri, Eskifirði og Þórshöfn. Við erum með vel útbúin vélaverkstæði með góðri vinnaðstöðu. Eitt af Okkar fremstu markmiðum eru að hafa góðan anda á vinnustaðunum, skila góðu verki og þjónustu.

Við leitum eftir rennismið á renniverkstæði okkar í Kópavogi þar sem vinnsla fyrir önnur verkstæði fer fram. Verkstæðið er vel tækjum búið með CNC vélum, verkefnin eru mjög fjöbreytt og krefjandi. Samkeppnishæf laun í boði.

Menntun og Hæfniskröfur:

- Sveinspróf í rennismíði eða sambærileg menntun.
- Heiðarleiki og metnaður til að skila góðu verki.
- Góðir samskiptahæfileikar og jákvætt hugarfar.
- Frumkvæði, dugnaður og áhugi á að takast á við fjölbreyt starf og krefjandi verkefni.
- Öguð, sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.

Frekari upplýsingar veitir Sigurður K. Lárusson siggil@hamar.is 6603613 eða Kári Pálsson kari@hamar.is 660 3600.

Kaffihús í Kórahverfi

helgarstarf

Mömmukaffi óskar eftir öflugum starfskrafti með mikla þjónustulund til að starfa aðra hverja helgi frá hádegi föstudags. Starfið felur í sér allt sem gera þarf á kaffihúsi s.s. afgreiðslu, þjónustu, að gera kaffidrykki og létta rétti og þrif.

Skilyrði er að viðkomandi hafi reynslu af vinnu á kaffihúsi, sé barngóður og tali íslensku.

Umsóknir sendist á mommukaffi@gmail.com

Mömmukaffi

Búðakór 1, Kópavogi – Opið alla daga 10-18

vanur bókari

Adakris UAB útibú á Íslandi óskar eftir að **ráða vanan bókara**

Um er að ræða 50% starf í tímabundna ráðningu með möguleika á framhaldi. Þekking á DK hugbúnaði æskileg.

Áhugasamir eru beðnir um að senda tölvupóst ásamt ferilskrá á netfangið kristin@adakris.is. **Nánari upplýsingar eru veittar í síma 5100300.**

ADAKRIS

Skútuvogi 1G | 104 Reykjavík | s. 5 100 300

ISLANDIA HOTEL NÚPAR

Hótelstjóri

Við auglýsum eftir hótelstjóra fyrir Islandia hótel Núpa, sem er 25 km. austan Kirkjubæjarklausturs.

Viðkomandi þarf að hafa reynslu af rekstri og stjórnun, bókhaldskunnáttu, vera lipur í samskiptum og hafa góða tungumálakunnáttu.

Islandia hotel Núpar er sumarhótel og er því um tíma-bundna ráðningu að ræða.

Vinsamlegast sendið umsóknir á netfang: jdk@talnet.is fyrir 5. mars n.k.

Starf á ferðaskrifstofu

Vegna aukinna verkefna óskar ferðaskrifstofan Terra Nova eftir starfsmanni

Um er að ræða tímabundna stöðu (í um 6 mánuði). Helstu verkefni fela í sér bókanir og úrvinnslu gagna vegna móttöku erlendra ferðamanna til Íslands. Æskilegt er að viðkomandi geti byrjað sem allra fyrst.
Við bjóðum spennandi starf hjá einu fremsta ferðaþjónustufyrirtæki landsins. Þú verður hluti af frábærum hópi starfsfólks sem býr yfir afburðaþekkingu á sínu sviði.

- Háskólamenntun er æskileg
- Reynsla af sambærilegum störfum er nauðsynleg
- Mjög góð tungumálakunnátta er nauðsynleg
- Jákvæðni, skipulags-, sölu- og samskiptahæfileikar, stundvísi og metnaður

Eingöngu er tekið við skriflegum umsóknum með mynd ásamt upplýsingum um menntun, starfsreynslu, tungumálakunnáttu og fleira. Upplýsingar eru ekki veittar í síma. Með allar umsóknir verður farið sem trúnaðarmál og öllum umsóknum verður svarað. **Umsóknarfrestur er til 25. febrúar.**

Umsókn sendist til:
Terra Nova, Skógarhlíð 18, 105 Reykjavík eða á netfangið bjarni@terranova.is

Terra Nova Iceland

Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Forstöðumaður Droplaugarstaða

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar auglýsir til umsóknar starf forstöðumanns hjúkrunarheimilis Droplaugarstaða

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Fagleg og fjárhagsleg ábyrgð á starfssemi Droplaugarstaða
- Hefur yfirumsjón með allri þjónustu heimilisins
- Stýrir daglegum rekstri Droplaugarstaða
- Ber ábyrgð á starfsmannamálum heimilisins

Hæfniskröfur:

- Hjúkrunarfræðingur með íslenskt starfsleyfi, framhaldsmenntun á sviði stjórnunar æskileg
- Þekking og reynsla á sviði öldrunar æskileg
- Haldgóð reynsla af stjórnun og rekstri
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæð vinnubrögð og fumkvæði í starfi

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Lóa Birna Birgisdóttir starfsmannastjóri, netfang: loa.birna.birgisdottir@reykjavik.is og Anna Guðmundsdóttir mannauðsráðgjafi netfang: anna.gudmundsdottir@reykjavik.is og í síma 411-1111.

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is **umsóknarfrestur er til 6. mars n.k.**

Droplaugarstaðir er hjúkrunarheimili á Snorrabraut 58. Heimilið er rekið af Velferðarsviði Reykjavíkurborgar og þar er 81 íbúi, allir í einbýli. Á Droplaugarstöðum er meðal annars boðið upp á sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun, félagsstarf, fótsnyrtingu og hárgreiðslu. Foldabær, heimili fyrir konur með heilabilun heyrir undir Droplaugarstaði.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni.

» Ráðningarþjónusta

Leitar þú að starfsmanni?

HH Ráðgjöf hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.

» Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

Vinnusparnaður
Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.

Markviss leit
Sérskrifaður hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.

Þriggja mánaða ábyrgð
Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.

Ekkert staðfestingargjald
Við leggjum áherslu á að rækta árangursríkt og ánægjulegt langtímasamband við viðskiptavini okkar og því greiðir þú ekkert ef ekki verður af ráðningu.

Fjöldi hæfra umsækjenda
Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.

Fjölbreyttar þjónustuleiðir
Í boði eru fjölbreyttar þjónustuleiðir sniðnar að þörfum og væntingum viðskiptavina okkar. Þú finnur lausnina hjá okkur.

Reynsla og þekking
Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmanna-mála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.

Sanngjarnt verð
Bjóðum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsamanburð!

HH Ráðgjöf er alhliða ráðningarþjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: hhr@hhr.is

HH RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fiskislóð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

Ertu barn- og ráðagóð?

Fjölskylda á Seltjarnarnesi óskar eftir að ráða barn- og ráðagóðan einstakling til að aðstoða við umönnun tveggja drengja (m.a. sækja á leikskóla) og sinna léttum heimilisstörfum hluta úr degi, nokkra daga í viku. Starfið hentar vel fyrir námsmenn. Viðkomandi þarf að hafa bíl til umráða.

Áhugasamir vinsamlegast sendið upplýsingar um sig og reynslu sína á **adstod2011@gmail.com** fyrir 28. febrúar 2011.

Sviðsstjóri

ISS Ísland óskar eftir að ráða sviðsstjóra á veitingasviði.

Sviðsstjóri er ábyrgur fyrir rekstri, innkaupum og afkomu veitingasviðs.

Veitingasvið ISS þjónar tugum mötuneyta á landsvísu sem nemur hátt í tvö þúsund máltíðum á dag.

Leitað er eftir einstaklingi sem hefur rekstrarmenntun og reynslu af rekstri, stjórnun og innkaupum á veitingasviði.

ISS er leiðandi fyrirtæki í Fasteignaumsjón. Megin þjónustusvið eru ræstingar, veitingasvið, eignaumsýsla og stoð þjónusta.

Umsókn og ferilskrá berist til Sigríðar Héðinsdóttur starfsmannastjóra á netfangið:**siggah@iss.is** fyrir klukkan 12:00 föstudaginn 25. febrúar
Einnig er hægt að fylla út umsókn á heimsasíðu **www.iss.is**
Sími 5 800 600

ISS 30 ára reynsla

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins

HEILSUGÆSLAN

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins (HH) leitar eftir sérfræðingum í heimilislækningum eða öðrum læknum til starfa við heimilislækningar.

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins samanstendur af fimmtán heilsugæslustöðvum í Reykjavík, Seltjarnarnesi, Mosfellsumdæmi, Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði

Hlutverk HH er að veita íbúum höfuðborgarsvæðisins aðgengilega, samfellda og alhliða heilsugæsluþjónustu. Þjónustan grundvallast á sérþekkingu á sviði heimilislækninga, hjúkrunar og heilsuverndar og byggir á víðtæku þverfaglegu samstarfi.

Sérfræðingar í heimilislækningum

Lausar eru til umsóknar stöður heimilislækna á höfuðborgarsvæðinu. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst eða eftir nánara samkomulagi. Krafist er að umsækjendur hafi sérfræðimenntun í heimilislækningum. Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og Læknafélags Íslands.

Nánari upplýsingar er að finna á www. heilsugaeslan.is.

Læknar með viðurkenningu úr öðrum greinum en heimilislækningum

HH leitar eftir læknum sem hafa sérfræðiviðurkenningu í annarri grein og hafa hug á því skipta um sérgrein.

HH er í samstarfi við Velferðarráðuneytið um skipulagt sérnám í heimilislækningum og mundi viðkomandi ganga inn í það. Hjá HH er starfandi kennslustjóri sérnáms í heimilislækningum á landsvísu.

Ráðningin er háð þeim skilyrðum að viðkomandi sé tilbúinn að hefja nám og öðlast sérfræðiviðurkenningu í heimilislækningum skv. nánara samkomulagi við HH. Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og Læknafélags Íslands.

Nánari upplýsingar er að finna á www. heilsugaeslan.is.

Sérnám í heimilislækningum

Lausar eru til umsóknar námsstöður lækna á heilsugæslustöðvum á höfuðborgarsvæðinu. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst eða eftir nánara samkomulagi.

HH er í samstarfi við Velferðarráðuneytið um skipulagt sérnám í heimilislækningum. Námið byggir á marklýsingu FÍH um sérnám í heimilislækningum. Hjá HH er starfandi kennslustjóri sérnáms í heimilislækningum á landsvísu.

Hestamennska

HESTAR & MENN

TILBOÐSDAGAR
20% AFSLÁTTUR AF VÖLDUM HNÖKKUM 30% AFSLÁTTUR AF ART HJÁLMUM HESTAR OG MENN ÖGURHVARFI 1 SÍMI 567 3300

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

www.leiguherbergi.is

1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.

Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is

1-2 manna herb. í Hfj. Aðg. að baði. eldh., þurrkara og þvottavél. Stutt í Iðnskólann og bónus. S. 892 5309.

Til leigu 2.herb íbúð í 105 frá 1.mars. Langtímaleiga. Aðeins reglusamt fólk kemur til greina. Uppl. í s. 564 4344 & 844 0424.

Leigjendur, takið eftir!
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Til leigu glæsilegt herbergi í miðborg Rvk. Aðgengi að eldhúsi, baðherbergi og þvottahúsi. Uppl. í síma 699 7720/552 1225.

VELDU ÖRYGGI!!
Fáðu fagfólk til að sjá um útleigu á þínu húsnæði. Sem leigjandi gerðu þá ófrávíkjanlega kröfu um að skjalagerð sé í höndum fagfólks www.leiguhus.is aðstoðar þig Sími 562 2554.

Til leigu 2.herb 60fm íbúð á 6.hæð við Austurstönd. Leiga 100 þús per mán. Uppl. í s. 894 4300.

Til leigu geymsluherbergi, 8 fm, í Kópavogi. Oruggt og aðgengilegt. Verð 8 þús. Uppl. í s. 869 3278.

Húsnæði óskast

Óska eftir íb./parhús til leigu sem fyrst í grafarvogi allt kemur til greina uppl: 822 0090.

32 ára námsmaður óskar eftir íbúð í póstnúmerum 101, 105 eða 107. Vinsamlega hafið samband við Einar í síma 695 2413.

Vil kaupa littla íbúð á Rvk. svæði má þarfnast mikilla endurbóta er með 2millj.kr. jeppa uppí kaupverð uppl: 8933475

Óska eftir 2 herb íbúð á höfuðborgarsv, í fjölbýli. Án húsgagna. Er reyklaus í góðri stöðu. Uppl. í síma 8668742 /rg.sigfusdottir@gmail.com

Óska eftir 4-5 herbergja húsnæði til langtímaleigu í Víkur - eða Staðahverfi. Upplýsingar í síma 824 2356.

Þýskur sendiráðsfulltrúi óskar eftir 4 herb. einbýlis- eða raðhúsi (án húsgagna) m/bílskúr til leigu á höfuðborgarsvæðinu frá apríl 2011 í 1-2 ár. Helst í úthverfi og með öryggiskerfi. Uppl. í s. 530 1100.

5 mann fjölsk. óskar eftir 5+ herb. húsnæði til langtíma leigu á höfuborgarsv. Reyklaus og góð meðmæli. Uppl. í s. 825 7128.

Óskum eftir húsi með auka íbúð, verðhugmynd 40 milljónir. Uppl í s. 557 6507 eða 892 6707

Óska eftir lítilli 3gj h. íb. í rvk. 70-90þ. Reglusemi. öruggar gr. Uppl: 6699153

Einstæður faðir vantar 3. til 4. herbergja íbúð í grafarvogi eða nágrenni. Vinsamlegast hafið samband í símanr. 869-5771

Kona um sextugt óskar eftir stórri 2ja eða3ja herb. íbúð. Hámark leiga 90 þús. Uppl. í s. 699 3328.

Sumarbústaðir

Stórt sumarhús til leigu í Grímsnesi!
Heitur pottur og sauna. Gistiaðstaða fyrir 10-12 manns. 3000 kr nóttinn á mann. Laus næstu helgar og um páska, einnig bókanir byrjaðar f. sumarið. www.sumarhus.edicypages.com. Uppl. 898 1598

Til sölu 58 fm sumarhús í landi Búrfells Grímsnesi
100 fm sólpallur og 5500 fm eignarlóð. Bein sala eða skipti á bíl, húsbíl eða hjólhýsi. Verð 14,9 Sjá myndir á miklaborg.is Þrastahólar Uppl. í s: 898 1598.

Atvinnuhúsnæði

Til leigu við Dalveg í Kóp. 180fm. Verslunar, skriftofu eða lagerhúsnæði. S. 893 3475.

LEIGUHÚS.IS LEIGUMIÐLUN
Ef þig vantar atvinnuhúsnæði Ef þú vilt leigja atvinnuhúsnæði Leitaðu til okkar reyndu manna. Leiguhús.is sími 562 2554

Geymsluhúsnæði

geymslur.com
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

www.buslodageymsla.is
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

Bílskúr

Til leigu 22fm í vesturbæ kópavogs s:8497209

Bílskúr til leigu
Bjartur og skemmtilegur 40fm bílskúr á góðum stað, heitt og kalt vatn. Uppl í s. 691 5910

Gisting

GÓÐ GISTING Í MIÐBÆNUM
Dags, viku og mánaðarleiga.
GISTIHÚSIÐ EGILSBORG
sími 896 4661

GISTING Í KAUPMANNAHÖFN
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum.
Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga.
Verð frá 1050 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð.
Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com
stracta

ATVINNA

Atvinna í boði

Búr ehf

Aðstoðarmaður gæðastjóra
Óskum eftir að ráða nú þegar starfsmann í fullt starf á lager. Starfið er fólgið í aðstoð við gæðastjórnun og önnur tilfallandi störf á lager. Íslensku kunnátta skilyrði.
Áhugasamir hafi samband við lagerstjóra í síma 896 2836 Búr ehf. Bæjarflöt 2, 112 Reykjavík

Kol ehf - hringjum út

Kvöld- og helgarvinna
Kvöld- og helgarvinna. Tímakaup og bónusar. Okkur vantar öflugt og skemmtilegt fólk til úthringinga! 18 ára lágmarksaldur. Hringdu núna í síma 774 7400 kol@kol.is

Sælgætisgerðin Lækjarbrekka
Alltaf sigild - Alltaf ljúf

Veitingahúsið Lækjarbrekka
Eitt elsta og þekktasta veitingahús í bænum leitar að matreiðslumanni. Í boði er traust fyrirtæki, góður vinnuandi og þægilegt umhverfi.
Upplýsingar um starfið veitir Ívar: 551-4430

Fyrirtæki í Kristiansund í Noregi, óskar eftir starfsmanni sem getur tekið að sér vélaupptektir skipavéla og aðrar viðgerðir í skipum. Einnig vantar starfsmann sem getur lagt vökvalagnir (háþrýstilagnir). Það væri gott ef viðkomandi hafi reynslu í suðu á riðfríum rörum. Vinsamlegast hafið samband við otto@krimek.no

Óskum eftir að ráða mótasmiði til starfa á höfðuborgarsvæðinu. Umsóknir með upplýsingar um fyrri störf sendist á tm.vinna@gmail.com

Ísl. fjölskyldu í Kaupmannahöfn vantar AU-PAIR frá 1.mars til að hugsa um heimilið og passa 10 ára stelpu. Nánari uppl. aupair2011cph@me.com

Vantar duglegt fólk til að byggja upp góða atvinnu með góðum launum. Uppl. i s. 773 2100.

Íbúðahótel í 101 auglýsir eftir starfsfólki í þrif. Umsóknir: aparthotel101@yahoo.com

Atvinna óskast

22 ára hraustur strakur óskar eftir vinnu í sveit. Helst á blönduðu búi en allt kemur til greina. Jónas Ingi 557 1975.

TILKYNNINGAR

Einkamál

53.ára einlægur,nærgætinn karlmaður vill kynnast konu á svipuðum aldri sem nánum félaga.Engin skyndikynni.Fullum trúnaði heitið og krafist.Svör sendast á smaar@frett.is eða til Fréttablaðsins merkt 100%trúnaður

Spjalldömur 908 5050
Opið allan sólarhringin, ný stúlka.

Glæsileg heilsárshús

Ýmsar stærðir. Dæmi: Ferðaþjónustuhús og fyrir einstaklinga. Stór sem smá, sjáum um allan frágang ásamt flutningi á húsinu. Einnig hægt að fá einingar og sperrur tilbúið til reisningar ásamt gluggum og hurðum. Vönduð vinna. Haraldur Húsasmíðameistari. 894 0048. Hús og parket, timburform.

Hringdu í síma 512 50 60 ef blaðið berst ekki

FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing

Allt sem þú þarft...

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
MEIRI ÍÞRÓTTIR
VÍSIR.IS

Auglýsingasími 512 50 50

Allt sem þú þarft...

stara á Hótel Loftleiðum.

rðlenskt

ekkja sem Friðrik fimmta er einn
i af og til í eldamennskunni

allt þar, segir Friðrik um kryddin sem hann notar

FRÉTTABLAÐIÐ STEFÁN

SÓSU

Sigtið soðið og smakkið til með salti. Blandið appelsínusafa, hunangi, rúsínum, möndlum, appelsínum, kanil, negul og múskati saman við og sjóðið í fimm til sex mínútur. Þetta er sósan.

Penslið laufabrauðið með bræddu smjörinu og látið það linast. Saxið uxahalakjötið smátt, setjið það á brauðið og rúllið því upp þannig að það líti út eins og vorrúlla. (Við ættum að vera stoltari af því að nota laufabrauðsuppskriftina oftar en um jólin.) Bakið rúllurnar í ofni við 180-200°c í 10-12 mínútur. Skerið á sama tíma svínasíðuna í fjóra jafna bita og brúnið á pönnu á öllum köntum. Setjið bitana á disk með sósunni og uxahalarúllunni.

VÍSINDALEGA SANNAÐ

Upphaf nýnorrænu bylgjunnar í matargerð má rekja til birtingar niðurstaðna rannsókna vísindamanna við Kaupmannahafnarháskóla, undir forystu Arne Astrup prófessors, sem sýndu fram á að þær fæðutegundir sem hafa verið uppistaðan í norrænu fæði um aldir eru jafn áhrifaríkar í almennri heilsurækt og baráttunni við aukakílóin og Miðjarðarhafsfæðið sem hampað hefur verið síðustu áratugi. Margir fremstu kokkar og matarskríbentar Norðurlandanna, þeirra á meðal Claus Meyer og Trina Hahnemann, eru í fararbroddi við að þróa uppskriftir og matseðla sem leggja áherslu á bragðgæði og hollustu norræns fæðis eins og villibráðar, fisks, lambs og grænmetis sem þrífst í köldu loftslagi.

STEIKT LANGA MEÐ BLÓMKÁLI OG KARTÖFLUM FRÁ EYMUNDI Í VALLANESI

Fyrir 4

STEIKT LANGA

600 g langa

Langan er hreinsuð og skorin í fjórar steikur. Steikt á mjög heitri pönnu. Gott er að setja smjörklípu í lokin. Saltið örlítið.

BLÓMKÁLSMAUK

½ haus blómkál
1 stk. skalottlaukur
2 msk. smjör
¼ l mjólk

Blómkálið skorið og steikt í potti þar til gullinbrúnt, söxuðum skalottlauk bætt út í og steikt með í örskamma stund, mjólkinni bætt út í, soðið í 5 mínútur. Sigtið mjólkina frá og maukið blómkálið með smjörinu og smakkið til með salti og eplaediki.

KARTÖFLUR

4 íslenskar kartöflur
½ l kjúklingasoð (má nota vatn og kjúklingakraft)
2 msk. smjör
2 hvítlauksgeirar, kramdir
2 blóðbergsgreinar

Kartöflurnar eru skolaðar og skornar í skífur. Allt annað sett í pott og smakkað til með salti. Kartöflurnar soðnar í 8 mínútur.

LAUKGLJÁI MEÐ HUMLUM

4 venjulegir laukar
4 skalottlaukar
1 rauðlaukur
5 hvítlauksgeirar
½ dl eplaedik
½ l nauta- eða dökkt kjúklingasoð
5 g humlar (má sleppa)

Allir laukar skornir í þunna strimla og steiktir í potti. Þá er eplaediki bætt út í og soðið niður. Næst fer soðið út í og laukgljáinn soðinn niður um helming. Sósan tekin af hitanum og humlarnir settir í tesíu og ofan í pottinn. Látið standa í 15 mínútur. Sósan sigtuð og smökkuð til með salti og smá smjöri.

Jóhannes Steinn Jóhannesson matreiðslumeistari stundar heiðarlega matreiðslu á Sjávarkjallaranum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Heiðarlegur matur

Jóhannes Steinn Jóhannesson matreiðslumeistari segir íslenskt hráefni fá að njóta sín í nýjum matseðli Sjávarkjallarans. Hann gefur lesendum uppskrift að löngu.

Hópur ungra veitinga-, framreiðslu- og matreiðslumanna tók við rekstri veitingastaðarins Sjávarkjallarans um áramótin og stundar þar það sem þeir kalla heiðarlega matreiðslu.

„Við stundum nýnorræna matreiðslu og notum íslenskt hráefni," segir Jóhannes Steinn Jóhannesson, matreiðslumeistari og einn eigenda Sjávarkjallarans. „Heiðarleg matreiðsla snýst um það að bera virðingu fyrir hráefninu þannig að það fái notið sín sem best. Við nýtum það sem næst okkur er og verslum af minni birgjum og beint af bændum sem eru að framleiða spennandi vöru." Jóhannes segir þá enn fremur reyna að notast við náttúrunnar gæði svo sem ber, jurtir og sveppi.

„Þegar við þurfum að nota eitthvað sem ekki er framleitt hér leitum við til hinna Norðurlandanna, til dæmis eftir olíu eða ediki. Matseðillinn er síðan sniðinn í kringum þetta og árstíðabundinn eftir því hvaða hráefni er á boðstólum hverju sinni." - rat

Ný sending af Infinti Þrektækjum.
ALVÖRU TÆKI!!!

HRIKALEGA FLOTTUR!
INFINITI VG-40
Frábært fjöþjálfi hvort sem er fyrir þol eða fitubrennslu!

Mjög sterkt, vandað mælaborð og einstaklega einfalt í notkun.

111.000.-
~~148.000.-~~

INFINITI VG - 40
25%
KYNNINGARAFSLÁTTUR

GÁP
WWW.GÁP.IS
FJALLAHJÓLABÚÐIN FAXAFENI 7
S: 5200 200• MÁN - FÖS. KL. 9-18.• LAU. KL. 11-15

Þau vita hvað þarf til að ná árangri

enda afreksfólk í fremstu röð og vel að sér um næringu og heilsu.

Heilsuréttir Nings

Heilsuréttirnir okkar eru sérstaklega hollir og góðir, fullir af fersku grænmeti, nær fitulausir og án salts og sykurs.
Heilsuréttir Nings innihalda mikið af trefjum, hæfilegt magn próteina og góð kolvetni.

Annie Mist
Silfurhafi á heimsleikum í Crossfitt 2010, Evrópumeistari í Crossfitt 2009 og 2010 ásamt því að vera margfaldur þrekmótsmeistari Íslands

Arnaldur Birgir
Framkvæmdastjóri og eigandi BootCamp á Íslandi og keppandi í Sahara eyðimerkurhlaupi 2011

Ágúst Guðmundsson
Slökkviliðsmaður og keppandi í Sahara eyðimerkurhlaupi 2011
ásamt verðandi heimsmeistara!

Pavel Ermolinski
Einn af bestu körfuboltamönnum landsins úr KR

Eva Sveinsdóttir
Margfaldur Íslandsmeistari í Icefitness

Hreggviður Magnússon
Einn af bestu körfuboltamönnum landsins úr KR

Rannveig Kramer
Íslandsmeistari í fitness 2010

Sveinbjörn Sveinbjörnsson
Margfaldur BootCamp- og Crossfitt meistari Íslands
ásamt verðandi Íslandsmeistara í einhverju!



NINGS

og kroppurinn blómstrar

Suðurlandsbr. 6 • Stórhöfða 17 • Hlíðasmára 12
sími 588 9899 • www.nings.is

MSG
TRANS FITA

VIÐ MÆLUM MEÐ...

... NOMA Heimsókn í mekka nýnorrænnar matargerðar, Noma, skilur mikið eftir sig. Matreiðslumeistarinn René Redzepi rekur þetta glæsilega veitingahús í Kaupmannahöfn sem er þekkt fyrir að hafa blásið nýju lífi í norræna matargerð, en heitið Noma er samsett úr orðunum nordisk og mad. Noma er með tvær Michelin-stjörnur og var í fyrra útnefnt besta veitingahús í heimi af tímaritinu Restaurant Magazine.

... THE SCANDINAVIAN COOKBOOK Trina Hahnemann er matreiðslumaður, búsett í Kaupmannahöfn, og vill að sem flestir reyni norræna matargerð í eldhúsinu heima. Hahnemann kveðst vona að alþjóðleg metsölubók sín, The Scandinavian Cookbook, verði einhverjum innblástur og hvatning.

... FERÐ TIL JUKKASJÄRVI Heimsókn í íshótelið Jukkasjärvi í Svíþjóð er veisla fyrir öll skilningarvitin. Hótelið, barinn, kirkjan og skúlptúrar eru gerð úr ís, en allt saman hverfur á sumrin og er endurbyggt á veturna. Þar er boðið upp á nýnorrænan mat og hefur hvort tveggja vakið athygli á heimsvísu. Hótelið er haft opið frá desember og fram í apríl.

... MYSINGI Íslendingar hafa borðað mysing með bestu lyst allt frá því á miðöldum enda bæði braggóður í matargerð og á brauð. Á heimasíðu MS er að finna nokkrar ljúffengar uppskriftir þar sem mysingur kemur við sögu, slóðin er www.ms.is.

SJÓNVARPSTILBOÐ

Panasonic
ideas for life

AVATAR 3D Blu-Ray FYLGIR MEÐ!

Panasonic TXP42GT20 - Full HD 3D
42" Full HD 3-D THX NeoPlasma sjónvarp með 1920x1080p upplausn, THX, Vreal Pro5 Engine - High Contrast Filter, 600Hz Intelligent Frame Creation, Infinite Black 5.000.000:1 (Native) skerpa, Pro 24p Smooth Film/Play Back, 0.001 msec svartíma, x.v Colour, Progressive Scan, VIERA CAST nettengingu, Digital Cinema Colour 3D Colour, Motion Pattern Noise Reduction 3D Comb Filter, C.A.T.S háskerpu HDTV DVB-T stafrænn móttakari (MPEG4), kortalesari, 2 x USB tengi fyrir Wi-Fi/HDD upptöku, 2x Scart (með RGB), 4 HDMI, innbyggður gervihnattamóttakari, PC tengi ofl.

TILBOÐ 249.990
FULLT VERÐ kr. 329.990

ÚRVAL GÆÐATÆKJA FRÁ FINLUX

Finlux 19FLX850UD
19" HD LCD Sjónvarp með DVB-T með 1366x768 punkta upplausn, 8000:1 skerpu, 5ms svartíma, stafrænum DVB-T móttakara, 1x Scart (með RGB), 1x HDMI, USB, D-Coax, Ci, heyrnartólstengi og CVBS tengi ofl.
19" 49.990 FRÁBÆRT VERÐ

Finlux 22FLX850UD
22" HD LCD Sjónvarp með DVB-T með 1366x768 punkta upplausn, 8000:1 skerpu, 5ms svartíma, stafrænum DVB-T móttakara, 1x Scart (með RGB), 1x HDMI, USB, D-Coax, Ci, heyrnartólstengi og CVBS tengi ofl.
22" 54.990 FRÁBÆRT VERÐ

Finlux 24FLX850UD
24" HD LCD Sjónvarp með DVB-T með 1366x768 punkta upplausn, 8000:1 skerpu, 5ms svartíma, stafrænum DVB-T móttakara, 1x Scart (með RGB), 1x HDMI, USB, D-Coax, Ci, heyrnartólstengi og CVBS tengi ofl.
24" 64.990 FRÁBÆRT VERÐ

Finlux 26FLX850UD
26" HD LCD Sjónvarp með DVB-T með 1366x768 punkta upplausn, 8000:1 skerpu, 5ms svartíma, stafrænum DVB-T móttakara, 1x Scart (með RGB), 1x HDMI, USB, D-Coax, Ci, heyrnartólstengi og CVBS tengi ofl.
26" 69.990 FRÁBÆRT VERÐ

Finlux 32FLX850UD
32" HD LCD Sjónvarp með DVB-T með 1366x768 punkta upplausn, 20000:1 skerpu, 5ms svartíma, stafrænum DVB-T móttakara, 2 x HDMI, 2 x Scart, VGA, Component, Composite, CVBS, Audio in og út, S/PDIF Digital coaxial, heyrnartólstengi, USB með MKV stuðningi, Common Interface lesari ofl.
32" 79.990 FRÁBÆRT VERÐ

Finlux 37FLHX850U
37" HD LCD Sjónvarp með DVB-T með 1366x768 punkta upplausn, 20000:1 skerpu, 5ms svartíma, stafrænum DVB-T móttakara, 2 x HDMI, 2 x Scart, VGA, Component, Composite, CVBS, Audio in og út, S/PDIF Digital coaxia, heyrnartólstengi, USB með MKV stuðningi, Common Interface lesari ofl.
37" 109.990 FRÁBÆRT VERÐ

Alltaf gæði og góð kaup! STOFNAÐ 1971

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

Panasonic ideas for life Á ÍSLANDI

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ► REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Smárabær, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Nettó, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Heimilistæki, Reykjanesbæ. Hagkaup, Njarðvík.

Frestur til
að senda tilnefningar
er til miðnættis þann
21. febrúar

HEFUR ÞÚ ORÐIÐ VITNI AÐ GÓÐVERKI?

ÓSKAÐ ER EFTIR TILNEFNINGUM TIL SAMFÉLAGSVERÐLAUNA FRÉTTABLAÐSINS 2011

Til greina koma allir sem hafa lagt umtalsvert af mörkum til að bæta íslenskt samfélag. Skorað er á lesendur Fréttablaðsins að senda inn tilnefningar um fólk og félagasamtök sem eiga skilið virðingarvott fyrir verk sín. Allir koma til greina, jafnt óþekktir einstaklingar sem vinna störf sín í hljóði, félagasamtök og þjóðþekktir karlar og konur sem hafa með gjörðum sínum og framgöngu verið öðrum fyrirmynd.

SAMFÉLAGSVERÐLAUNIN ERU VEITT Í FIMM FLOKKUM

1 Hvunndagshetjan

Einstaklingur sem sýnt hefur sérstaka óeigingirni eða hugrekki, hvort sem er í tengslum við einn atburð eða með vinnu að ákveðnum málaflokki í lengri tíma.

2 Frá kynslóð til kynslóðar

Hér koma til greina kennarar, leiðbeinendur, þjálfarar eða aðrir uppfræðarar sem skarað hafa fram úr á einhvern hátt. Einnig koma til greina félagasamtök sem sinna börnum af sérstökum metnaði og alúð.

3 Til atlögu gegn fordómum

Einstaklingur eða félagasamtök sem hafa unnið ötullega að því að eyða fordómum í samfélaginu.

4 Heiðursverðlaun

Einstaklingur sem með ævistarfi sínu hefur stuðlað að betra samfélagi.

5 Samfélagsverðlaunin

Félagasamtök sem hafa unnið framúrskarandi mannúðar- eða náttúruverndarstarf og lagt sitt af mörkum til að gera íslenskt samfélag betra fyrir okkur öll.

Sendið tilnefningar á hlekknum Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins á **visir.is/samfelagsverdlaun,** með tölvupósti á netfangið samfelagsverdlaun@frettabladid.is, eða bréfleiðis merkt: Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík. Dómnefnd tekur allar innsendar tillögur til skoðunar. Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins verða veitt í apríl.

SAMFÉLAGSVERÐLAUN
FRÉTTABLAÐIÐ

VERÐLAUN Steve Buscemi hlaut Emmy-verðlaunin sem besti leikari í aðalhlutverki fyrir leik sinn í Boardwalk Empire.

Þriðji áratugurinn settur á svið

Sjónvarpsþættirnir **Boardwalk Empire** slógu í gegn í Bandaríkjunum á síðasta ári. Steve Buscemi er í aðalhlutverki í þáttunum sem gerast í Atlanta í upphafi þriðja áratugarins. *Sigríður Björg Tómasdóttir* kynnti sér þættina.

Þáttaröðin Boardwalk Empire er ein þeirra sem komust í fréttir áður en hún var sýnd. Enda engin smámenni höfundar þáttanna sem gerast í Atlanta, við upphaf hins villta þriðja áratugar. Þar er fremstur í flokki leikstjórinn Martin Scorsese sem leikstýrði prufuþættinum, pilotinum svonefnda, en er að auki einn framleiðenda þáttanna. Prufuþátturinn taldist sá dýrasti sem gerður hefur verið fyrir sjónvarp, kostaði 18 milljónir dollara í framleiðslu samkvæmt Variety, ríflega tvo milljarða íslenskra króan. Að meðaltali var kostnaður við hvern þátt í fyrstu þáttaröð hins vegar um 5 milljónir dollarar eða um 85 milljónir.

Scorsese við stjórnvölinn

Leikarar þáttarins þurftu fæstir að heyra annað en að Scorsese væri viðriðinn þættina til að samþykkja að vera með. Scorsese, sem á að baki kvikmyndir á borð við Goodfellas, Taxi Driver og Raging Bull og er í hópi virtustu leikstjóra Bandaríkjanna, hafði fengið áhuga á sögu stjórnmálamannsins Enochs Lewis Johnson sem kallaður var Nucky. Náunginn sá var ekki bara áhrifamesti stjórnmálamaður Atlantic City í New Jersey-ríki á þriðja og fjórða áratugnum heldur stjórnaði hann líka undirheimunum sem uxu hratt og órugglega eftir að áfengisbann var samþykkt í Bandaríkjunum.

Framleiðandi fyrstu þáttaraðarinnar og aðalhandritshöfundur, Terence Winter, var áður en Boardwalk Empire-þættirnir voru frumsýndir í Bandaríkjunum síðastliðið haust, þekktastur fyrir hlut sinn í Sopranos-þáttaröðinni. Þar var hann einn aðalhandritshöfundur og framleiðandi. Sopranos-þættirnir voru ausnir lofi en Winter vildi ekki róa á sömu mið, vildi ekki gera þætti sem væru of nálægt sögusviði Tony Soprano. Það var meðal annars ástæðan fyrir því að hann heillaðist af heimi Nucky Johnson eftir að hafa lesið bókina Boardwalk Empire eftir Nelson Johnson; Atlantic City árið 1920 var nægilega fjarri New Jersey tíunda áratugarins til að hægt væri að búa til heim sem vísaði ekki í Sopranos-þættina.

Atlanta eftir áfengisbann

En hvert er svo umfjöllunarefni þáttanna? Í stuttu máli segja þeir frá Enoch Tompson, Nucky, borgarféhirði í Atlantic City, sem einnig sér sér hag í nýsamþykktum lögum sem banna áfengi. Það er mikill gróði í ólöglegu bruggi og hann ætlar sér hluta af því. Thompson þessi er byggður lauslega á áðurnefndum Johnson en höfundar taka sér skáldaleyfi, breyta og bæta sögu hans og völdu þar að auki Steve Buscemi í hlutverkið, en hann líkist á engan hátt fyrirmyndinni í útliti. Johnson mun hafa verið stór og karlmannlegur sem á kannski ekki beinlínis við Buscemi.

Fjölmargar persónur koma við sögu og eru kynntar til leiks strax í fyrsta þætti en sagan hefst í þann mund sem verið er að samþykkja áfengisbann. Í fyrstu þáttum fylgjumst við með Nucky feta braut glæpanna um leið og hann sinnir starfi sínu í stjórnsýslu borgarinnar. Ráðamenn borgarinnar og helstu glæpaforingjar borgarinnar og stórborganna Chicago og New York eru kynntir til sögunnar og það liggur í loftinu að saga þeirra eigi eftir að fléttast saman. Lögreglumenn sem vinna við að uppræta spillingu í kringum áfengisbannið koma að sjálfsögðu við sögu og allir eiga það

FÉHIRÐIR Í FJÁRHÆTTUSPILI Steve Buscemi í hlutverki sínu í Boardwalk Empire.

ORKUSJÓÐUR

Auglýsir rannsóknarstyrki 2011

Í 2. grein reglugerðar um Orkusjóð nr. 514/2003 eru tilgreindar eftirtaldar heimildir til styrkveitinga úr Orkusjóði:

- *að veita styrki eða áhættulán til hönnunar eða smíði frumgerðar tækja og búnaðar til rannsóknar og nýtingar orkulinda*
- *að veita styrki til sérstakra verkefna á sviði hagkvæmrar orkunotkunar, þ.m.t. til fræðslu og upplýsingastarfsemi*
- *að veita styrki til verkefna sem stuðla að nýtingu á innlendri orku í stað jarðefnaeldsneytis og styrkja alþjóðasamvinnu um slík verkefni*

Við úthlutun styrkja 2011 verður sérstök áhersla lögð á:

- *hagkvæma orkunýtingu og orkusparnað*
- *innlenda orkugjafa*
- *vistvænt eldsneyti og sparnað jarðefnaeldsneytis*
- *öflun þekkingar á þessum sviðum og miðlun hennar*
- *rannsóknir, þróun og samstarf sem að þessu miðar*
- *atvinnusköpun*

Umsóknarfrestur er til 1. mars 2011

Umsóknum skal skila til Orkusjóðs, Borgum við Norðurslóð, 600 Akureyri. Umsóknareyðublöð fást á skrifstofu sjóðsins og á www.os.is.

Frekari upplýsingar eru veittar í símum 569 6083 og 894 4280. Einnig má senda fyrirspurnir á netfangið jbj@os.is.

ORKURÁÐ

sameiginlegt að glíma við drauga fortíðarinnar.

Þættirnir hafa verið gagnrýndir fyrir staðlaðar kvenímyndir og bent hefur verið á að flestar konurnar séu frekar einhliða týpur. Þó er þar undanskilin aðalkvenhetjan, Margaret Schroeder, sem er kynnt til sögunnar sem eiginkona ofbeldis- og drykkjumanns en fær að þróast og breytast. Shroeder er leikin af Kelly MacDonald sem sló fyrst í gegn í kvikmyndinni Trainspotting árið 1996 en hefur leikið í fjölda mynda síðan.

Að búa til þriðja áratuginn er ekki lítið verk. Heill bær var byggður í Greenpoint í Brooklynhverfi New York borgar fyrir útitökur, tugir manna starfa við leikmynd og búninga. Gagnrýnendur hafa flestir lokið lofsorði á afurðina, útlit þáttanna þykir flott og sannfærandi og það sem meira er um vert, sagan er nægilega áhugaverð og spennandi.

Buscemi besti leikarinn

Þátturinn var raunar valinn sá besti á nýafstöðnum Emmy-verðlaunum og Steve Buscemi besti leikarinn í aðalhlutverki. Þó voru gagnrýnendur sem settu út á að Buscemi hefði verið valinn í hlutverk Nucky. En hinir sömu viðurkenndu að eftir nokkra þætti hefðu þeir verið sannfærðir – Buscemi væri maðurinn.

Samstarf Buscemi og áðurnefnds Winters var farsælt í áðurnefndum Sopranos-þáttum. Buscemi leikstýrði nokkrum þáttum seríunnar, þar á meðal ellefta þætti þriðju seríu, „Pine Barren“ sem talinn er til bestu sjónvarpsþátta sem hafa verið gerðir. Winter skrifaði handrit þáttarins sem segir frá átökum Paulie og Christopher við rússneska mafíósann Valery og endasleppum eltingaleik í skóglendi New Jersey. En þar fyrir utan fór Buscemi með hlutverk Tony Blundetto, frænda Tony Soprano. Blundetto var ekki langlífur í þáttunum, hans biðu sömu örlög og margra söguhetja sem Buscemi hefur leikið; Að vera drepinn áður en sagan er á enda. „They keep killing Steve Buscemi but he is not complaining,“ var heiti á grein um leikarann í New York Times fyrir nokkrum árum, eða „Það er alltaf verið að drepa Steve Buscemi en hann kvartar ekki“. Steve Buscemi hefur leikið fjölmörg hlutverk í frábærum bíómyndum en oft verið í auðdrepanlegu aukahlutverki.

Það er hins vegar ljóst að hann verður á lífi um skeið í Atlantic City sjónvarpsþáttanna Boardwalk Empire því önnur sería er í smíðum og miðað við vinsældirnar verða þáttaraðirnar fleiri. Þættirnir verða frumsýndir á Stöð 2 á morgun.

GENGUR TÍSKA ÞRIÐJA ÁRATUGARINS AFTUR?

Yfirbúningahönnuður Boardwalk Empire, John Dunn, hefur lýst því í viðtölum hversu mikil rannsóknarvinna það var að finna réttu fötin fyrir þáttaröðina, til að þriðji áratugurinn virkaði sannfærandi. Hann, samstarfskona hans Lisa Padovani, og þeir 35 starfsmenn sem vinna í búningadeild þáttanna lögðust í ýmiss konar heimildarvinnu. Skoðaðar voru ljósmyndir frá tímabilinu til að rannsaka tískuna – þær eru hins vegar allar í svarthvítu þannig að til viðbótar þurfti að skoða skriflegar heimildir. Mikil vinna var lögð í að nálgast föt frá tímanum, en þar sem þau eru 90 ára gömul er ekki einfalt mál að nota þau og oftar en einu sinni mun hafa komið fyrir að flíkur frá tímabilinu duttu í sundur á tökustað.

Konur voru að losna úr viðjum lífstykkjanna árið 1920 og kventískan bar þess merki. Sniðin eru oft einföld og víð, þægilegri en hafði tíðkast fram að þessu. Glæsileiki samkvæmiskjóla frá tímabilinu fólst oft í efnum, saumaskap og smáatriðum sem erfitt er að leika eftir í dag, er haft eftir Dunn og Padovani. Vandaðar flíkur voru handsaumaðar og samkvæmiskjólar iðulega skreyttir steinum sem voru handsaumaðir í þunn og létt efni á borð við siffon.

Tískuhönnuðir hafa reglulega sótt innblástur til þriðja áratugarins. Prada, Alberta Ferratta og Louis Vuitton eru nýleg dæmi og nú þegar marglofuð þáttaröð á borð við Boardwalk Empire hefur slegið í gegn þá eru tískuspekúlantar strax farnir að leita að merkjum þess að þriðji áratugurinn gangi aftur í fatatísku næstu ára. En þess má geta að á tískuvikunni í París á dögunum var eftir því tekið hve áberandi pastellitirnir voru, en þeir eru oft tengdir við þriðja áratuginn.

Í ANDA ÞRIÐJA ÁRATUGARINS Kjóll Louis Vuitton á tískusýningu síðastliðins hausts minnir á þriðja áratug síðustu aldar.

tímamót

timamot@frettabladid.is

45 **HÖRÐUR MAGNÚSSON** íþróttafréttamaður er 45 ára í dag.

„Ef íþróttafréttamenn geta ekki fjallað um frammistöðu leikmanna, hverjir eiga að gera það þá? Eiga stjórnmálamenn að fjalla um stjórnmál í fréttum en ekki fréttamenn?“

Innilegar þakkir sendum við þeim sem sýndu samúð og hlýhug við andlát elsku drengsins okkar

Fannars Inga Kárasonar
Vatnsholti 10, Reykjavík.

Kári Halldórsson
Halldór Halldórsson
Gunnar Ingi Gunnarsson
Inga Hrund Gunnarsdóttir
Ragnheiður Héðinsdóttir
Vigdís Hallgrímsdóttir

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Kristján Sæþórsson
Hjarðarhóli 8, Húsavík,

lést á heimili sínu miðvikudaginn 2. febrúar.
Útför hans fór fram frá Húsavíkurkirkju þann 11. febrúar í kyrrþey að ósk hins látna.
Þökkum af alhug auðsýnda samúð og vináttu.

Guðrún Jósefsdóttir
Ragna Kristjánsdóttir
Sæþór Kristjánsson
Sigríður Lovísa Kristjánsdóttir
Guðrún Agnes Kristjánsdóttir
Ingveldur Kristjánsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn
Karl Bjarkason
Orri Hilmar Gunnlaugsson

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Bára Freyja Ragna Vernharðsdóttir
frá Fljótavík,

andaðist á líknardeild Landspítalans að Landakoti þann 14. febrúar. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju föstudaginn 25. febrúar kl. 13.00. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á Líknardeildina á Landakoti.

Björgvin Hjörvarsson
Sævar Óli Hjörvarsson
Selma Hjörvarsdóttir
Marín Hjörvarsdóttir
Dagný S. Borge
Hjörvar Freyr Hjörvarsson
Atli Þór Hjörvarsson
börn og barnabörn
Ólöf Jóna Kristjánsdóttir
Halldóra Þórðardóttir
Tómas H. Árdal
Þorsteinn Thorarensen
Carina Borge
Birgitta Vigfúsdóttir

LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR - Á AFSLÆTTI
Komdu við eða kynntu þér þjónustuna á www.shelgason.is
S:HELGASON
Skemmuvegi 48 | 200 Kópavogur | sími 557 6677 | www.shelgason.is

Rúnar Geirmundsson · Sigurður Rúnarsson · Elís Rúnarsson · Þorbergur Þórðarson
Alhliða útfararþjónusta
Símar: 567 9110 & 893 8638
www.utfarir.is • runar@utfarir.is
Útfararþjónustan ehf.
Stofnað 1990

ÞETTA GERÐIST: 19. FEBRÚAR 2008

Fidel Castro lét af völdum

Fidel Castro sagði af sér sem leiðtogi Kúbu þennan dag árið 2008 eftir 49 ár á valdastóli. Hann var þá 81 árs. Bróðir hans Raúl tók formlega við embættinu.

Castro veiktist alvarlega í júlí 2006. Frá þeim tíma og fram í desember það ár hélt Raúl bróðir hans um stjórnartaumana. Þá tilkynnti Castro að hann væri á ný tekinn við sem forseti en lítið sást til hans eftir það og oft höfðu vaknað spurningar um hvort hann væri á lífi.

Í yfirlýsingu sem Castro birti í ríkisdagblaðinu Granma 19. febrúar 2008 viðurkenndi hann að ákvörðunin um að hætta hefði verið erfið fyrir hann, ekki síst vegna þess að stjórnvöld í Bandaríkjunum, sem í 49 ár hefðu gert allt til að reyna að losna við hann, hefðu spáð því að hann mundi ekki taka við stjórninni aftur eftir veikindin.

Kúbverskir útlagar á Miami fögnuðu fréttunum um afsögn Castros en dapurleika gætti hjá sumum löndum þeirra á Kúbu sem leið eins og þeir hefðu misst föður eða löngu hjónabandi væri lokið.

FÉLAG TAMNINGAMANNA: HELDUR SÍÐBÚNA FERTUGSAFMÆLISHÁTÍÐ

Samspil manna og hesta

„Við erum með þvílíkar stórkanónur sem okkur dreymdi ekki einu sinni um að við gætum smalað saman á einum degi,“ segir Sigrún Ólafsdóttir, formaður Félags tamningamanna og bóndi í Hallkelstaðahlíð í Borgarfirði, um þátttakendur í fag-og kennslusýningu sem fer fram í dag í Reiðhöllinni í Víðidal. Sýningin er haldin í tilefni af fjörutíu ára afmæli félagsins og samspil manna og hesta verður í öndvegi. „Við byrjum klukkan 10 og hver viðburðurinn rekur annan fram til klukkan 18. Þar koma fram bæði ungir og gamlir hestamenn alls staðar að af landinu og sýna á fjölbreyttan hátt hvernig íslenski hesturinn er þjálfaður og byggður upp,“ lýsir formaðurinn og bendir á dagskrána á síðu félagsins: http://www.tamningamenn.is/

Félagið varð 40 ára í fyrra en þá var smitandi hóstinn að hrella hrossastofninn þannig að hátíðahöldum var frestað þar til nú að heilsufarið hefur batnað. Á stofnfundinn sem var haldinn á Hótel Loftleiðum 10. apríl 1970 voru mættir 11 félagar. „Það voru menn sem hugsuðu lengra en gerðist og gekk sem lögðu upp í þessa vegferð í byrjun. Síðan fjölgaði þeim fljótt,“ segir Sigrún og getur þess að félagar nú séu um 400 og flestir starfi við tamningar. „Þeir sem mennta sig í hestamennsku gegnum Háskólann á Hólum hafa réttindi til að ganga í félagið að því námi loknu en áður þreyttu menn sérstakt próf til að fá inngöngu,“ segir hún. „Það er búinn að vera mikill uppgangur í hestamennsku á síðustu árum og tamningar er heljarinnar atvinnugrein enda leggja tamningamenn alúð og metnað í sitt starf.“

Sigrún segir fyrst hafa verið litið á starf félagsmanna sem hálfgert pjatt en viðhorfið hafi fljótlega breyst í virðingu. „Fyrsta reiðkennaraprófið sem FT stóð fyrir var á Stóra-Hofi í Rangárvallasýslu 1976. Þar voru margir þeirra meistara sem standa í eldlínunni enn í dag.” Eitt af því jákvæða sem Sigrún sér við hestamennskuna er að börnin byrja í henni kornung og fólk lifir og hrærist í henni fram eftir öllum aldri.

gun@frettabladid.is

VIÐURKENNING AFHENT Formaðurinn Sigrún Ólafsdóttir veitir Ingveldi Ásu Konráðsdóttur viðurkenningu Félags tamningamanna 2009. MYND/HELGI BJARNASON

†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Olga Ingibjörg Eyland Pálsdóttir
frá Siglufirði,

andaðist á Hrafnistu Hafnarfirði mánudaginn 31. janúar. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Hjartans þakkir til allra sem sýnt hafa okkur samúð og hlýhug.

Pálmi Bernhard Larsen
Brynja Þórdís Þorbergsdóttir
Guðrún Ólöf Þorbergsdóttir
Sigríður Ólafsdóttir
Þóroddur S. Skaptason
Þorvaldur Steinsson
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Haukur Karlsson
brúarsmiður.

Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug vegna andláts Hauks þann 2. des. 2010 Hjúkrunarheimilinu Mörk Suðurlandsbraut. Hann var áður til heimilis að Marbakkabraut 9 Kópavogi. Útförin fór fram 20. des. 2010 frá Kópavogskirkju. Blessuð sé minning góðs afa, föður, tengdaföður, bróður og vinar.

Fyrir hönd fjölskyldu hins látna,
Hafdís Hauksdóttir Kjærgaard.

†

Elskulegur faðir okkar,

Leifur S. Halldórsson
skipstjóri, Skipholti 2, Ólafsvík,

sem andaðist á heimili sínu í Reykjavík 9. febrúar, verður jarðsunginn frá Ólafsvíkurkirkju laugardaginn 26. febrúar kl. 14. Sætaferðir frá BSÍ kl. 10 og til baka síðdegis.

Matthildur S. Leifsdóttir
Þorgrímur Leifsson
Steingrímur Leifsson
Úlfhildur Á. Leifsdóttir

†

Ástkær móðir mín, tengdamóðir, dóttir, systir og amma

Ingibjörg Strandberg
félagsráðgjafi, Hlíðahjalla 57
Kópavogi,

lést á Landspítalanum í Fossvogi þ. 9. febrúar 2011. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju 21. febrúar kl. 15.00

Berglind Gunnarsdóttir
Jón Bjarki Gunnarsson
Hlynur H. Jónsson, Dagbjört R. Jónsdóttir og Sólrún S. Jónsdóttir
Guðrún Magnúsdóttir
Friðþjófur Strandberg
og systkini hinnar látnu.

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 11-0386

Til hamingju Meniga notendur!

MENIGA | Heimilisbókhald Íslandsbanka

Meniga-vefurinn hlaut nýverið verðlaun sem **besti íslenski vefurinn** á Íslensku vefverðlaununum ásamt því að hljóta verðlaun fyrir **bestu tæknilausnina** á Finovate, alþjóðlegri ráðstefnu um tækninýjunar í fjármálageiranum.

Um **10.000 viðskiptavinir Íslandsbanka** nota Meniga.is til að stýra heimilisútgjöldum sínum með góðum árangri. Það eru vitaskuld bestu meðmælin.

Skráðu þig í Meniga í Netbanka Íslandsbanka.

ÍSLENSKU VEFVERÐLAUNIN 2010 BESTI ÍSLENSKI VEFURINN

FINOVATE EUROPE 2011 BEST OF SHOW

islandsbanki@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
Sími 440 4000

Íslandsbanki

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma

María Magnúsdóttir
Aðalstræti 13, Akureyri,

lést á dvalarheimilinu Hlíð 9. febrúar. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju miðvikudaginn 23. febrúar kl. 13.30.

Svala Guðmundsdóttir
Guðmundur Magnús Guðmundsson **Jónína Davíðsdóttir**
Jósef Kristján Guðmundsson **Kolbrún Þ. Guðmundsdóttir**
Hrafnkell Guðmundsson **Steinunn K. Kristinsdóttir**
ömmu-, langömmu- og langalangömmubörn.

Innilegar þakkir færum við þeim sem sýndu okkur samúð og hlýju við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, sonar, bróður og tengdasonar

Matthíasar Bjarka Guðmundssonar

Sérstakar þakkir viljum við færa starfsfólki heimahlynningar LSH og starfsfólki deildar 11B LSH.

Björg Ragna Erlingsdóttir **Lúðvík Már Matthíasson**
Máni Matthíasson
Markús Ingi Matthíasson
Guðmundur G. Magnússon **Anna Björk Matthíasdóttir**
Magnús Víðir Guðmundsson **Kristín K. Ólafsdóttir**
Ágúst Hlynur Guðmundsson **Kristín Valdemarsdóttir**
Erlingur Lúðvíksson **Jakobína Ingadóttir**

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Hilmar S. R. Karlsson
Hrafnistu Reykjavík,

lést á hjartadeild Landspítalans sunnudaginn 13. febrúar. Útförin fer fram í Fríkirkjunni í Reykjavík mánudaginn 21. febrúar kl. 15.00. Blóm og kransar afþakkaðir, þeim sem vilja minnast hins látna er bent á minningarsjóð Skálatúns heimilisins.

Dagbjört Bergmann Hilmarsdóttir **Hjálmar Diego**
Jón Hilmarsson **Guðrún H. Theodórsd.**
Guðrún Hilmarsdóttir
Berglind Hilmarsdóttir **Unnsteinn Ólafsson**
Svanur P. Hilmarsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Margrét Guðmundsdóttir
Dvalarheimilinu Hlíð, áður Lundi, Akureyri,

lést á dvalarheimilinu Hlíð Akureyri miðvikudaginn 9. febrúar. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 21. febrúar kl. 13.30.
Fyrir hönd aðstandenda,

Kristín María Jónsdóttir
Jósep Zóphaníasson **Ingibjörg Salóme Egilsdóttir**
Þóra Zóphaníasdóttir
Húni Zóphaníasson **Anna Helga Tryggvadóttir**
Stefanía Björk Bragadóttir **Rúdolph Þórisson**
Ari Snorrason **Dýrleif Guðjónsdóttir**
Sigríður E. Snorradóttir **Kristján F. Valgarðsson**
og fjölskyldur.

Ástkær faðir okkar, fósturfaðir, tengdafaðir og afi,

Jón Bjarni Haraldsson Norðdahl

til heimilis að Meðalholti 2, áður Bergstaðastræti 66, lést þann 17. febrúar á líknardeild Landspítalans.

Hildur Jónsdóttir
Stefán Brandur Jónsson
Eyrún Norðdahl Sigrúnardóttir
Árni Sigurðsson
tengdabörn og barnabörn.

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Hákon Björnsson
rafvirkjameistari,
Höfða, Akranesi,

áður til heimilis að Krókatúni 3, andaðist 15. febrúar. Útförin fer fram frá Akraneskirkju miðvikudaginn 23. febrúar kl. 14.00.

Sigursteinn Hákonarson **Sesselja Hákonardóttir**
Guðbjörg Hákonardóttir **Ásgeir H. Magnússon**
og afabörn.

Elskuleg móðir okkar, amma og langamma,

Erika Jónsdóttir
áður til heimilis að Norðurbrún 1, Reykjavík,

lést 15. febrúar sl. Útförin fer fram frá Fossvogskapellu þriðjudaginn 22. febrúar kl. 13.00.

Ingi Hans Ágústsson
Sonja Ágústsdóttir
Ingibergur Ágústsson (Ástralíu)
barnabörn og langömmubörn hinnar látnu.

Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Ásdís Eyjólfsdóttir

lést að heimili sínu Aflagranda 40, 6. febrúar. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni, miðvikudaginn 23. febrúar n.k. kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Landssamtökin Þroskahjálp s. 588-9390.

Víglundur Þorsteinsson **Kristín M. Thorarensen**
Hafdís B. Þorsteinsdóttir **Flemming Korslund**
barnabörn og barnabarnabörn.

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi

Svavar Pálsson
Blönduósi,

lést á Heilbrigðisstofnuninni Blönduósi þann 16. febrúar sl.

Brynja Svavarsdóttir
Páll H. Svavarsson **Valgerður Guðmundsdóttir**
Guðmundur H. Svavarsson
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.

Elskuleg móðir og stjúpmóðir okkar, tengdamóðir og amma,

Kristjana S. Kristjánsdóttir

verður jarðsungin frá Áskirkju mánudaginn 21. febrúar kl. 15.

Einar Kristján Þorleifsson **Liu Bao Mei**
María Þorleifsdóttir **Hafsteinn Másson**
Björg Þorleifsdóttir **Ólafur Karl Nielsen**
Olga Bergljót Þorleifsdóttir **Gunnar Örn Gunnarsson**
Örn Þorleifsson **Laufey Ólafsdóttir**
Rosemarie B. Þorleifsdóttir **Sigfús Guðmundsson**
barnabörn og barnabarnabörn

Útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,

Þórðar Friðjónssonar

fer fram frá Hallgrímskirkju mánudaginn 21. febrúar kl. 13.00.

Ragnheiður Dögg Agnarsdóttir
Sigríður Þórðardóttir **Sævar Birgisson**
Steinunn Kristín Þórðardóttir **Antonios Koumouridis**
Friðjón Þórðarson **Hrefna L. Heimisdóttir**
Haraldur I. Þórðarson **Ragnhildur Þ. Ágústsdóttir**
Óliver Dagur Thorlacius
Auður Ólöf Þórðardóttir
Barnabörn

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Ólöf P. Jóhannsdóttir
frá Hellissandi, Gautlandi 19 Reykjavík,

lést á Landspítalanum fimmtudaginn 17. febrúar. Útförin verður auglýst síðar.

Fyrir hönd aðstandenda,
Þorgerður Elín Halldórsdóttir
Jóhann Þór Halldórsson **Þórlaug Arnsteinsdóttir**
Hafdís Halldórsdóttir **Páll Pálsson**
Ragnheiður G. Halldórsdóttir **Vilhjálmur Gunnarsson**
barnabörn og barnabarnabörn.

Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð, hlýhug og stuðning vegna fráfalls og útfarar hetjunnar okkar,

Vilbergs K. Þorgeirssonar
Smáratúni 24, Keflavík.

Ykkar stuðningur hefur verið okkur ómetanlegur. Sérstakar þakkir færum við öllu því starfsfólki á Landspítalanum sem annaðist hann.

Guðrún Björk Jóhannesdóttir
Erla Dröfn Vilbergsdóttir **Magnús Kristinsson**
Helga Jóhanna Vilbergsdóttir
Birgitta María Vilbergsdóttir **Þorsteinn Hannesson**
Magnús Þór Vilbergsson **Harpa Sæþórsdóttir**
og afabörnin.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

DEVON sófasett 3 + 2
Glæsilegt sófasett úr PELLISIMA leðri.
Litur: Svartur.
Stærðir: 2ja sæta: B155 x H83 x D93 sm.
3ja sæta: B215 x H83 x D93 sm.

3 + 2 SÓFASETT
FULLT VERÐ: 159.950,-
89.950,-

SPARIÐ
70.000

NÝTT KORTA-TÍMABIL

TILBOÐIN GILDA 19.02-20.02

AÐEINS ÓDÝRARI!

FERÐARÚM
ÁÐUR: 8.995,-
6.995,-

SAMSON barnaferðarúm
Létt og handhægt barnaferðarúm, kemur í góðri tösku. Stærð: 60 x 120 sm.

SPARIÐ
2.000

SPARIÐ
2.000

KRONBORG
OF DENMARK

KRONBORG LUX andadúnssæng
Gæðasæng fyllt með andadúni og smáfiðri. Bómullaráklæði og snúrukantur.
Þyngd: 900 gr. Má þvo við 60°C.
Sæng: 140 x 200 sm.
Koddi: 50 x 70 sm.

SÆNG OG KODDI
ÁÐUR: 11.990,-
9.990,-

SKÓHILLA
VERÐ AÐEINS:
1.995,-

AKSEL skóhilla
Falleg og stílhrein skóhilla úr áli.
Stærð: B93 x H38 x D35 sm.

GÓÐ KAUP

VIÐARARINKUBBAR
ÁÐUR: 1.495,-
995,-

33% AFSLÁTTUR

50% AFSLÁTTUR

20 L. RUSLAFATA
ÁÐUR: 6.995,-
3.495,-

Ruslafötur
20 lítra áður **6.995,-** nú **3.495,-**
30 lítra áður **8.995,-** nú **4.495,-**
40 lítra áður **12.995,-** nú **6.495,-**

ILMKERTI
1 STK. AÐEINS:
139,-

GÓÐ KAUP

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is

VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR.

Flestar tilnefningar til Eddunnar 2011

Samtals fékk efni sem sýnt er á Stöð 2 14 tilnefningar í ár! Þar á meðal þessar: Frétta/viðtalsþáttur ársins: Sjálfstætt fólk, Barnaefni: Algjör Sveppi, Sjónvarpsmaður ársins: Sverrir Þór, Þorsteinn Joð, Leikkona ársins: Jóhanna Vigdís Arnardóttir, Réttur 2, Leikari ársins: Pétur Jóhann Sigfússon, Hlemmavídeó, Leikari í aukahlutverki: Stefán Hallur Stefánsson, Réttur 2, Tónlist ársins: Úlfur Eldjárn, Hlemmavídeó

Leikið sjónvarpsefni ársins, tilnefningar

Mér er gamanmál sýnt á Stöð 2
Hlemmavídeó sýnt á Stöð 2
Réttur 2 sýnt á Stöð 2

Skemmtiþáttur ársins, tilnefningar

Logi í beinni sýnt á Stöð 2
Spaugstofan sýnt á Stöð 2
Ameríski draumurinn sýnt á Stöð 2

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

krakkasíðan

krakkar@frettabladid.is

WWW.COLORING.COM er skemmtileg vefsíða þar sem má finna myndir bæði til að prenta út og lita en einnig er hægt að lita þær á vefnum.

KONRÁÐ og LÍSALOPPA fara í ferðalag

7

Konráð og Lísaloppa sáu glitta í eitthvað dýr í fjarska. Það var svo langt í burtu að Konráð þurfti kíki til að sjá það. Samt sá hann það ekki almennilega.

Ef þið litið alla reitina sem eru merktir með punkti þá sjáið þið almennilega hvaða dýr þetta var.



ALVÖRU PRINSESSUR ERU ALDREI MONTNAR

Prinsessan á Bessastöðum ætlar ekki endilega að giftast prinsi þegar hún verður stór heldur skemmtilegum manni sem hefur jafn gaman af dýrum og hún sjálf.

Er búið að bjóða þér í brúðkaup Vilhjálms Bretaprins og Kötu Middleton í sumar? Ömmu og afa var boðið og ég ætla með. Vonandi fæ ég að sjá glæsilegu hestana hennar Elísabetar drottningar og jafnvel fara á bak.

Geta venjulegar stelpur orðið alvöru prinsessur? Þeim sem finnst þær vera prinsessur eru prinsessur.

Hvað finnst þér merkilegast við Ísland og íslenska forsetann? Það merkilegasta á Íslandi eru hraðkvæðu landnámshænurnar, en það besta við forsetann er hvað hann er fær diskódansari, enda á hann fallegan diskóforsetaborða sem glitrar.

Ertu montin að eiga kórónu? Alvöruprinsessur þekkjast á tvennu: Þær geta ekki sofið ef lambaspörð leynist undir tjalddýnunni og svo eru þær aldrei montnar.

Langar þig stundum að vera venjuleg stelpa? Já, því þær fá að halda tombólur.

Hvort finnst þér kóngar eða forsetar skemmtilegri? Afi minn er kóngur og hann er mjög skemmtilegur, nema náttúrulega þegar hann ullar á hundinn. Forsetinn ykkar er alveg jafnskemmtilegur, sér í lagi þegar hann bregður sér í danssokkana.

Ætlarðu að giftast prinsi þegar þú verður stór? Ef ég gifti mig þá verður það einhverjum skemmtilegum manni sem hefur jafn gaman af dýrum og ég.

> Afi minn er kóngur og hann er mjög skemmtilegur, nema náttúrlega þegar hann ullar á hundinn.

Hvernig er herbergið þitt í höllinni? Það er fullt af bókum og flestar fjalla þær um alls kyns dýr. Nú er ég að lesa Íslenskar kynjaskepnur sem er um furðudýr. Múshvelið er fyndnast.

Færðu nammi á hverjum degi og allt sem þú óskar þér? Nehei! Ég er heldur ekkert mikið fyrir nammi. Kransakökur eru bestar og bara allt sem bakaradraugurinn á Bessastöðum bakar.

Hver er uppáhaldsprinsessan þín? Það hafa komið svo margir skemmtilegir krakkar í Þjóðleikhúsið undanfarna sunnudaga og það eru uppáhaldsprinsessurnar og uppáhaldsprinsarnir mínir.

Hvað áttu marga kjóla? Ég á fimm kjóla en held mest upp á fallegu prinsessulopapeysuna sem bakaradraugurinn gaf mér. Ég er oftast í henni.

BRANDARAKISTAN

Af hverju þarf Simpsons-fjölskyldan aldrei endurskinsmerki í myrkri? Af því að hún er gul.
Óli Einarsson og Atli Snær Stefánsson

Af hverju fljúga galdranornir um á kústum?
Því ryksugur eru svo háværar.

Hvað sagði draugurinn við hinn drauginn?
Trúirðu á fólk?

Hvað er það sem er nákvæmlega eins og hálft fransbrauð?
Hinn helmingurinn.

Hvernig veistu að fíll hefur verið í ísskápnum?
Það eru fótspor í smjörinu.

Hvernig stendur á því að þú veist allt um nágrannana?
Ég passaði páfagaukana þeirra um síðustu helgi.

Þú getur sent brandara til ***krakkar@frettabladid.is***

Krakkajóga

JÓGA Stúdíó

Nú ætlum við að fara aftur af stað með okkar vinsæla krakkajóga. Við byrjum laugardaginn 19. febrúar og kennt verður á laugardögum í allan vetur, fyrir börn á aldrinum 2 til 5 ára klukkan 9.30 - 10.00 og fyrir börn á aldrinum 6 til 10 ára klukkan 10.05-10.45 .

Skráning í síma 772 1025 og 695 8464

Seljavegur 2 - 101 Reykjavík
www.jogastudio.is - jogastudio@hotmail.com

SPURNINGALEIKUR

1. Hvaða dag ber upp á á morgun?

2. Hverjum er dagurinn eignaður?

3. Hvað gefa menn yfirleitt konum sínum á þessum degi?

4. Upphaf hvaða mánaðar markar þessi dagur samkvæmt gömlu íslensku tímatali?

5. Hvað merkir góa?

6. Góa er líka persóna í ævintýralegri foraldarsögu. Hvað heitir faðir hennar þar?

7. Nafn hans er líka notað yfir mánuð í forníslensku tímatali. Hvað kallast sá mánuður?

8. Hvað mat tíðkast að borða þá?

9. Góa á fleiri ættingja í ævintýralegri fornaldarsögu. Hvaða heita afi hennar, langafi og föðursystur?

10. Hvað nefnist síðasti dagur góu?

Svör:

1. Konudag.
2. Konum.
3. Margir gefa blómvönd.
4. Góu, sem er fimmti og næstsíðasti mánuður vetrar eftir gömlu íslensku tímatali.
5. Fræðimenn halda helst að það eigi eitthvað skylt við snjó.
6. Þorri.
7. Þorrinn.
8. Þorramat.
9. Afinn heitir Snær, langafinn Frosti og föðursystur Mjöll og Drífa.
10. Góuþræll.

HITT OG ÞETTA

BARNABÆKUR Í Gerðubergi stendur yfir sýning á myndskreytingum úr nýútkomnum íslenskum barnabókum. Sýningunni lýkur 6. mars. Á morgun er svo föndurstund á Gerðubergssafni sem hefst klukkan 14.

ORIGAMI Origamifélagið heldur opinn félagsfund á Borgarbókasafninu á morgun klukkan 15.

FRAMANDI OG FORVITNILEGT, skriðdýr og froskdýr er sýning sem stendur yfir í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum. Margt skemmtilegra skriðdýra má sjá.

SKÓSPRENGJA!

19. - 28. FEBRÚAR

40% AFSLÁTTUR
AF VÖLDUM HLAUPASKÓM

asics

ASICS GEL-FLASHFIRE
Hlaupaskór með gel-dempun undir hæl. Dömu- og herrastærðir.

9.990
(fullt verð 16.990)

17.990
(fullt verð 29.990)

ASICS GEL-3020
Hlaupaskór með gel-dempun undir hæl og tábergi. Herrastærðir.

17.990
(fullt verð 29.990)

ASICS GEL-3020
Hlaupaskór með gel-dempun undir hæl og tábergi. Dömustærðir.

19.990
(fullt verð 32.990)

ASICS GEL-KAYANO 16
Hlaupaskór með gel-dempun undir hæl og tábergi. Dömu- og herrastærðir.

12.990
(fullt verð 22.990)

ADIDAS CLIMACOOL RUNNING
Hlaupaskór með adiPRENE-dempun.
Herrastærðir.

9.990
(fullt verð 16.990)

ADIDAS VIGO W
Hlaupaskór með adiPRENE-dempun undir hæl og tábergi. Dömustærðir.

4.490
(fullt verð 7.490)

HUMMEL ROOT
Innanhússskór. Dömu- og herrastærðir.

INTERSPORT

AKUREYRI SÍMI 460 4890 OPIÐ: mán. - fös. 10 - 18. lau. 10 - 16 **BÍLDSHÖFÐA SÍMI 585 7220** OPIÐ: mán. - fös. 10 - 19. lau. 10 - 18. sun. 12 - 18 **LINDIR SÍMI 585 7260** OPIÐ: mán. - fös. 11 - 19. lau. 11 - 18. sun. 12 - 18
SELFOSSI SÍMI 480 4611 OPIÐ: mán. - fös. 10 - 18. lau. 10 - 16 **SMÁRALIND SÍMI 585 7240** OPIÐ: mán. - mið. 11 - 19. fim. 11 - 21. fös. 11 - 19. lau. 11 - 18. sun. 13 - 18

EXPO - www.expo.is

krossgáta



LÁRÉTT
2. nautasteik, **6.** kusk, **8.** fornafn, **9.** bókstafur, **11.** leita að, **12.** slagorð, **14.** urga, **16.** rás, **17.** ennþá, **18.** niður, **20.** tveir eins, **21.** ögn.

LÓÐRÉTT
1. munnvatn, **3.** kringum, **4.** gróðrahyggja, **5.** af, **7.** ljótur, **10.** framkoma, **13.** gerast, **15.** sál, **16.** egna, **19.** tveir eins.

LAUSN

LÁRÉTT: **2.** buff, **6.** lú, **8.** mér, **9.** eff, **11.** gá, **12.** frasi, **14.** iskra, **16.** æð, **17.** enn, **18.** suð, **20.** dd, **21.** arða.

LÓÐRÉTT: **1.** slef, **3.** um, **4.** fégirnd, **5.** frá, **7.** ófriður, **10.** fas, **13.** ske, **15.** andi, **16.** æsa, **19.** ðð.

Hinn andfélagslegi ég

BAKÞANKAR
Davíðs Þórs Jónssonar

Þegar maður skrifar pistla eins og þennan kemur maður út eins og andfélagslegur mannhatari. Það er nefnilega ekki vinsælt að lýsa því yfir að manni leiðist fólk. Félagsþörfin er svo miðlæg í sjálfsskilningi nútímamannsins að maður er nánast að segja sig úr mannlegu samfélagi með því að vera ekki öllum stundum heltekinn af öðrum.

ÉG verð samt að segja að ég tek eftir því í sívaxandi mæli hve mörgum hættir til að ofmeta afþreyingargildi sjálfra sín. Þegar maður segir að maður sé heima hjá sér að horfa á sjónvarpið þá heyra sumir mann t.d. ekki segja að maður sé heima hjá sér að horfa á sjónvarpið heldur að maður sé heima hjá sér að láta sér leiðast. Þeir telja sig því vera að gera manni stórgreiða með því að leyfa manni að veita sér athygli í staðinn. Þeir virðast halda að hversdagslegar vangaveltur þeirra um hugðarefni sín fullnægi grunnþörfum manns mun betur en það sem maður hafði að eigin frumkvæði kosið að veita athygli þá stundina. Þeim finnst að það hljóti að vera miklu meira gefandi fyrir mann að hjala við venjuleg meðalmenni um daginn og veginn heldur en að njóta tilþrifa snillingsins Davids Suchet í túlkun hans á Hercule Poirot í einhverri BBC-útgáfu á sígildri morðgátu eftir Agöthu Christie í sænska ríkissjónvarpinu, svo dæmi sé tekið. Það skal að vísu viðurkennt að gæði íslensks sjónvarpsefnis, sem mestanpart gengur einmitt út á að fylgjast með venjulegum meðalmennum kljást við óáhugaverð viðfangsefni, gætu ýtt undir þennan misskilning.

EKKI misskilja mig. Ég hef yndi af góðum félagsskap. Mér finnst hann dásamlegur. Mér finnst sushi líka dásamlegur matur. Mér finnst þríleikurinn um Hringadróttinssögu vera dásamlegar kvikmyndir. En það þýðir ekki að ég líti hvenær sem er á það sem himnasendingu að geta hent því frá mér sem ég er að gera til að éta sushi eða horfa á Hringadróttinssögu.

MÉR finnst gott að geta sýnt fólki þá athygli sem það þarfnast. En ef ég er að lesa góða bók, þrekvirki magnaðs sagnameistara, þá verður Jói Jóns, sé erindi hans við mig ekki brýnt, að sætta sig við að félagsskapur hans stenst ekki samanburðinn. Það er ekki illa meint. Það er bara þannig.

ÞAÐ er ákveðin list að vera sjálfum sér nógur. Illu heilli virðist mér hún vera á slíku undanhaldi að ákveðinn hópur fólks geri sér núorðið ekki grein fyrir því að það sé yfirhöfuð hægt.

NÁMSKEIÐ FYRIR FRJÁLS FÉLAGASAMTÖK
sem vinna að þróunarsamvinnu og hjálparstarfi

Utanríkisráðuneytið og Þróunarsamvinnustofnun Íslands hafa gefið út nýjar reglur um úthlutun styrkja til frjálsra félagasamtaka sem starfa að þróunarsamvinnu og neyðar- og mannúðaraðstoð.

Efnt er til námskeiðs í utanríkisráðuneytinu, Rauðarárstíg 25 fyrir þá sem vilja kynna sér verklag um reglurnar **fimmtudaginn 24. febrúar nk. kl. 10-16.**

Fjallað verður um hlutverk og stöðu frjálsra félagasamtaka í hjálparstarfi, verkefnastjórnun, jafnréttissjónarmið, verklag við umsóknir, styrkleika og veikleika umsókna og veitt ráðgjöf um gerð þeirra.

Þátttökugjald kr. 1000. Hádegisverður og kaffi/te innifalið.

Námskeiðsstjóri: Svanhvít Aðalsteinsdóttir, utanríkisráðuneyti.
Vinsamlegast tilkynnið þátttöku til Sigrúnar Maríu Einarsdóttur á þróunarsamvinnusviði utanríkisráðuneytisins.
Netfangið er: sigrun.einarsdottir@utn.stjr.is

iceida ICELANDIC INTERNATIONAL DEVELOPMENT AGENCY ÞRÓUNARSAMVINNUSTOFNUN ÍSLANDS
Utanríkisráðuneytið

Viltu skjól á veröndina?
Eigum við ekki að hætta þessari þrjósku.

www.markisur.com • www.markisur.is
Veðrið verður ekkert vandamál

Hrein Fjárfesting ehf
REX
Dalbraut 3, 105 Reykjavík. Nánari upplýsingar í síma 567-7773 og 893-6337 um kvöld og helgar

myndasögur

Pondus
Eftir Frode Øverli

Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið
Eftir Tony Lopes

Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

SUNNA GUNNLAUGSDÓTTIR Djasspíanistinn fær góða dóma í Austurríki fyrir sína nýjustu plötu.

Góðir dómar í Austurríki

Djasspíanóleikarinn Sunna Gunnlaugsdóttir fær góða dóma í austurríska tímaritinu Concerto fyrir plötu sína The Dream, sem var nýlega tilnefnd til Íslensku tónlistarverðlaunanna. „Þótt Sunna Gunnlaugs sé ekki að finna upp hjólið á þessari plötu kemur hún á óvart með því að nostra við smáatriðin og píanóleikur hennar er þægilegur og fjölbreyttur," skrifaði gagnrýnandinn og gefur plötunni þrjár og hálfa stjörnu.

Kvartett Sunnu hyggur á tónleikaferð til Þýskalands og Austurríkis í lok september þar sem spiluð verða lög af nýju plötunni.

MUGISON Mugison er einn þeirra sem hafa fengið stuðning frá Kraumi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Aldrei fleiri umsóknir

Alls bárust 233 umsóknir í umsóknarferli Kraums tónlistarsjóðs sem lauk í síðustu viku. Aldrei fyrr hafa jafn margar umsóknir borist í umsóknarferli sjóðsins en á síðasta ári voru þær 193 talsins. Flestar umsóknirnar sem bárust núna eru frá hljómsveitum og listamönnum sem sækja um stuðning og samstarf fyrir margvísleg verkefni sín á árinu. Má þar nefna tónleikahald, kynningu á verkum, lagasmíðar og plötugerð. Frá því að Kraumur hóf starfsemi sína hafa yfir áttatíu flytjendur hlotið stuðning, þar á meðal Mugison, Bang Gang og Dikta.

DRAUMALANDIÐ Heimildarmyndin vann hin eftirsóttu Cinema Politica áhorfendaverðlaun.

Draumaland verðlaunað

Heimildarmyndin Draumalandið vann á dögunum hin eftirsóttu Cinema Politica áhorfendaverðlaun. Kosningin fór fram á netinu og hægt var að kjósa milli tíu mest dreifðu mynda síðasta árs innan kanadísku samtakanna Cinema Politica sem sýna pólitískar myndir víða um heim.

Á listanum voru myndir á borð við Gasland, sem hlaut Óskarstilnefningu í ár sem besta heimildamyndin. Nýlega gerðu aðstandendur Draumalandsins dreifingarsamning við Indiepix um dreifingu í Bandaríkjunum. Einnig eru sýningar í Kína og Þýskalandi fyrirhugaðar á næstunni.

STUDY IN DENMARK

Mikilvægt skref í átt að þínum frama

ESBJERG
SØNDERBORG

meet us!

Kynningarfundur!
Hótel Hilton Nordica: Í dag 17/02 kl. 18:00

Háskóladagurinn!
Ráðhús Reykjavíkur: Laugardag 19/02 11:00 – 16:00

AP Degree	BACHELOR Degree
• Fashion Design	• International sales & Marketing
• Marketing Management	• Business & Design
• Multimedia Design & Communication	• Web Development
• Computer Science	• Software Development
	• Technical Manager

*Engin skólagjöld

BUSINESS ACADEMY SOUTHWEST

Nánari uppl. www.easv.dk

Næstu námskeið IÐUNNAR fræðsluseturs

Flash í Adobe CS5 og JQuery
Flott námskeið fyrir hönnuði, grafíska miðlara og fagólk í umbroti og auglýsingagerð. Með þessu verður þú sjálfbjarga í Flash og JQuery. **Námskeið hefst 7. mars 2011**.

Matreiðsla á grænmetisfæði
Frábært námskeið um matreiðslu á grænmetisfæði fyrir fagfólk í matreiðslu. **Námskeið hefst 2. mars 2011.**

Ábyrgð byggingastjóra
Námskeið sem er nauðsynlegt öllum þeim sem ætla sér að stafa sem byggingastjórar og stýra byggingarframkvæmdum. **Námskeið hefst 26. febrúar.**

Hárlengingar - workshop
Viltu verða sérfæðingurinn á þinni stofu? Nýir möguleikar með sítt, millisítt og stutt hár. **Námskeið hefst 21. febrúar.**

Pinnasuðunámskeið
Frábært námskeið fyrir sveinsprófstaka og aðra það sem vilja ná góðum tökum á pinnasuðu. Hér færðu möguleika á að verða meðal þeirra bestu.
Námskeiðið verður haldið dagana 22., 23. og 24. febrúar.

Stjórnunar- og rekstrarnámskeið
Stefnir þú á D-vottun Samtaka iðnaðarins? Þú munt vinna að endurbótum á eigin rekstri og uppfylla þannig kröfur um D-vottun.

ELMERI aðferðafræðin
Er allt í rusli á verkstæðinu hjá þér? ELMERI aðferðarfræðin kemur málunum í rétt horf. Fyrirtækjanámskeið í öryggis og umhverfismálum fyrir stjórnendur og millistjórnendur í málmiðnaði. **Námskeiðið er haldið eftir pöntun.**

NÝ OG FJÖLBREYTT NÁMSKEIÐ Í BOÐI

IÐAN fræðslusetur
Skúlatún 2 - 105 Reykjavík
Sími 590 6400 - www.idan.is

IÐAN fræðslusetur ehf. varð til við samruna fjögurra fræðslumiðstöðva í iðnaði og ferðaþjónustu vorið 2006. Um áramótin 2006/2007 bættist síðan Fræðslumiðstöð bílgreina í hópinn. Eigendur IÐUNNAR eru: Samtök iðnaðarins, Samiðn, MATVÍS, Félag bókagerðarmanna, FIT, VM, Bílgreinasambandið og Samtök ferðaþjónustunnar. Hlutverk IÐUNNAR er fyrst og fremst að bæta hæfni fyrirtækja og starfsmanna í bíl-, bygginga- og málmiðngreinum, prentiðnaði og matvæla- og veitingagreinum.

Skráning á www.idan.is
idan@idan.is eða í síma 590 6400

ANNRÍKI HJÁ CAPUT Caput-hópurinn flytur tónverkið Moldarljós eftir Hauk Tómasson í Listasafni Íslands milli 14 og 15 í dag. Á sunnudag flytur hópurinn úrval verka eftir Isaang Yun á 15.15 tónleikasyrpunni í Norræna húsinu en hann var eitt helsta tónskáld Kóreu á 20. öld.

LEIKSKÁLDINU LAUNAÐ LAMBIÐ GRÁA

Leikfélagið Lab Loki frumsýnir Svikarann í Tjarnarbíói í kvöld. Í honum endurtúlkar Árni Pétur Guðjónsson leikverkið Vinnukonurnar eftir Frakkann Jean Genet.

„Þetta verk spyr mun fleiri spurninga en það svarar," segir Rúnar Guðbrandsson, leikstjóri einleiksins Svikarinn sem verður frumsýndur í Tjarnarbíó í dag.

Leikgerðin er samvinnuverkefni Rúnars og Árna Péturs Guðjónssonar leikara, sem jafnframt flytur verkið, og sækir innblástur í Vinnukonurnar (Les Bonnes), eftir franska leikskáldið Jean Genet. Rúnar segir sýninguna eiga sér talsverðan aðdraganda. „Þetta byrjaði sem hálfgerður brandari" segir hann. „Árni hefur verið hugfanginn af Vinnukonunum lengi, vann til dæmis mikið með það í kennslu og þá gjarnan sem einleiksverkefni. Einhvern tímann kom hann að máli við mig og sagði að nú yrðum við að setja þetta. „Allt í lagi, þú leikur það þá bara einn," sagði ég við hann í hálfkæringi en smám saman þróaðist sú hugmynd út í þetta verk.

Leikritið Vinnukonurnar var upphaflega frumsýnt í París árið 1947. Það fjallar um valdabaráttu þriggja kvenna og byggði lauslega á alræmdu hneykslismáli í Frakklandi á fjórða áratugnum þar sem tvær systur myrtu húsfreyju sína og dóttur hennar. Rúnar segir að fljótlega eftir að þeir voru farnir að vinna með verkið voru þeir Árni Pétur byrjaðir að afbyggja verkið og hræra í því þannig það tók á sig nýja og sjálfstæðari mynd.

„Það læddust inn nýjar hugmyndir, þar á meðal konseptið að fjalla um leikarann, leikhúsið og það að standa á sviði. Upprunalega verkið býður upp á slíkar tengingar, það fjallar að miklu leyti um blekkingarleiki, sem við ákváðum að taka enn þá lengra með því að gera leikarann að persónu í sjálfu verkinu."

Titill sýningarinnar vísar meðal annars til þess að með þessu móti sé leikarinn hugsanlega að svíkja höfundinn.

„Genet voru svik mjög hugleikin. Hann var olnbogabarn ,alinn upp á stofnunum, og leit svo á að samfélagið hefði svikið sig og ákvað að gjalda í sömu mynt; leit hreinlega á það sem dyggð að svíkja samfélagið. Sem leikritahöfundur vildi hann líka svíkja leikarann og það má því segja að nú sé stund hefndarinnar runnin upp og leikarinn fær tækifæri til að svíkja Genet."

Rúnar heldur til haga að þótt hlutskipti leikarans sé til umfjöllunar í sýningunni snúist Svikarinn ekki síður um valdabaráttu, frelsi og kúgun líkt og verkið sem það byggir á.

„Hugleiðingar um völd og blekkingar eiga auðvitað mikið erindi í dag og á köflum stígur leikarinn úr verkinu og bendir á skírskotanir í atburði líðandi stundar. Fyrir vikið verður verkið brotakenndara en mörg leikverk; þetta er ekki línuleg frásögn heldur meira eins og mósaík, þar sem áhorfandinn er látinn hafa fyrir því að átta sig á hvenær leikarinn er að segja satt og hvenær hann er að blekkja."

Filippía Elísdóttir sér um útlit sýningarinnar og Garðar Borgþórsson hannar lýsingu og hljóðmynd.

bergsteinn@frettabladid.is

ÁRNI PÉTUR GUÐJÓNSSON Sem leikskáld vildi Jean Genet svíkja leikarann, segir Rúnar Guðbrandsson. Nú svari Árni Pétur í sömu mynt.

LAB LOKI

Lab Loki er skapandi tilraunaleikhús sem gengur meðal annars út frá þeirri hugmynd að leikarinn sé þungamiðja leiklistarinnar, uppsprettan og frumkrafturinn í leikhúsinu.

Leikhópurinn var stofnaður í Reykjavík árið 1992 og til að byrja með var mikil áhersla lögð á kraftmikla þjálfun, markvissar tilraunir og skipulagðar rannsóknir á tjáningarmeðulum leikarans, hópvinnu og sameiginlega sköpun. **Rúnar Guðbrandsson** er stofnandi og driffjöðurin í hópnum. Lab Loki setti upp verkið Ufsagrýlur eftir Sjón í fyrra. Þar á undan setti það upp Steina í djúpinu, sem byggði á höfundarverki Steinars Sigurjónssonar og var tilnefnt til tólf Grímuverðlauna.

Lifandi auðlindir hafsins – Langtíma stefnumótun og aflareglur

Ráðstefna á Hótel Loftleiðum 25. febrúar 2011 frá kl. 9 – 16

DAGSKRÁ

Setning Hr. **Jón Bjarnason** sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra

Steve Murawski *On long-term harvesting goals in the US and results of fisheries management in recent years* (Um langtíma nýtingu fiskistofna og árangur fiskveiðistjórnunar í Bandaríkjunum)

Kristján Þórarinsson *Alþjóðlegir sáttmálar, nýtingarstefna og varúðarleið við stjórn fiskveiða*

Jóhann Guðmundsson *Markmið fiskveiðistjórnunar, íslensk löggjöf og viðhorf stjórnvalda*

Friðrik Már Baldursson *Aflaregla í þorski – 15 ára reynslusaga*

Daði Már Kristófersson *Sjávarútvegur og langtímasýn*

Einar Hjörleifsson *Nýtingarstefna og aflareglur - frá stefnu til athafna*

Matarhlé

Poul Degnbol *Management plans in the ICES advice - development and experiences* (Nýtingaráætlanir og ráðgjöf Alþjóðahafrannsóknaráðsins - þróun og reynsla)

Björn Ævarr Steinarsson *Forsendur ráðgjafar Hafrannsóknastofnunarinnar*

Eggert B. Guðmundsson *Umhverfismerkingar og krafa markaðarins um sjálfbærar veiðar og langtíma nýtingarstefnu*

Atli Gíslason *Sjálfbær nýting auðlinda hafsins*

Skúli Skúlason *Samráðsvettvangur fyrir þróun nýtingarstefnu*

Jóhann Sigurjónsson *Nýting fiskistofna – framtíðarsýn*

Sigurgeir Þorgeirsson *Samantekt á niðurstöðum ráðstefnu og ráðstefnuslit*

Fundarstjórar, **Hrefna Karlsdóttir** og **Erla Kristinsdóttir**

Allir velkomnir

Sjá nánar um ráðstefnuna á www.hafro.is/radstefna

HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN SJÁVARÚTVEGS- OG LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

Haukur og Eggert leiða saman hesta sína

Eggert Pétursson myndlistarmaður og Haukur Tómasson tónskáld leiða saman hesta sína í Moldarljósi, listrænni uppákomu í Listasafni Íslands í dag. Þar mætast hljóðheimur Hauks og myndheimur Eggerts.

MOLDARLJÓS Eggert og Haukur hittust reglulega og unnu verk sín undir áhrifum frá hvor öðrum.

Gunnlaugur Sigfússon læknir hafði frumkvæði að samstarfi Eggerts og Hauks. Þeir hittust reglulega, mánuðum saman, áður en samstarfsverkefnið varð að veruleika. Haukur fylgdist með Eggerti mála og Eggert hafði tóna Hauks í eyrunum á meðan hann vann. Þannig fléttaðist verkið saman, eða verkin, því málverk Eggerts urðu fjögur og tónverk Hauks er í fjórum hlutum sem kallast á við hverja mynd. Bygging tónverksins og myndanna fylgist því að í fleiri en einum skilningi. Hvert blóm eða tegund fékk sitt hljóðfæri og þannig er hægt að fylgjast með framvindu tónverksins í myndunum – og öfugt.

Myndirnar verða sýndar í Listasafni Íslands milli klukkan 14 og 15 í dag og er tónverkið flutt af Caput á staðnum, í þetta eina skipti. Í Listamannaspjalli á sunnudag fylgir Eggert Pétursson gestum um sýninguna og segir frá verkunum.

Opinn-Kynningarfundur
OA samtakanna á Íslandi.

Mánudaginn, 21.febrúar 2011 kl.21:00 í húsnæði SÁÁ, VON Efstaleiti 7.

ER MATUR VANDAMÁL ?

Matarfíkn getur verið stórt vandamál í lífi fólks. OA samtökin hafa lausn við þessu vandamáli sem byggir á 12 sporakerfi AA samtakanna. OA félagar eru karlar og konur á öllum aldri um allan heim sem eiga sér þá ósk að halda sér frá matarfíkn og vilja bera boðskap samtakanna um bata áfram til þeirra sem enn þjást. Með því að viðurkenna vanmátt okkar gagnvart mat, og að kasta frá sér þeirri hugsun að maður þurfi á ,,viljastyrk" að halda til að stjórna áti sínu, verður maður fær um að halda sig frá ofáti - einn dag í einu.

Allir velkomnir www.oa.is

Krýningarmessa Mozarts í nýrri útsetningu

Gradualekór Langholtskirkju undir stjórn Jóns Stefánssonar flytur Krýningarmessuna KV 317 eftir Wolfgang Amadeus Mozart í nýrri útsetningu kórstjórans fyrir stúlknakór í Langholtskirkju á sunnudagskvöld. Fimmtán manna hljómsveit leikur með. Konsertmeistari er Ísak Ríkharðsson.

Krýningarmessan var flutt af Kór Langholtskirkju og einsöngvurum við vígslu Langholtskirkju 16. september 1984. Hér er hún flutt í nýrri útsetningu kórstjórans fyrir stúlknakór, sem Jón segist ekki vita til að hafi verið gert áður.

„Eftir því sem ég kemst næst þá er þetta heimsfrumflutningur, ef við leyfum okkur að taka svo hátíðlega til orða.“

Kristín Einarsdóttir Mäntylä, Arnheiður Eiríksdóttir, Eggert Reginn Kjartansson og Andri Björn Róbertsson syngja einsöng.

Á efnisskránni eru einnig önnur verk, til dæmis Ave Maria eftir Eyþór Stefánsson og Stabat mater eftir Pergolesi en bæði verkin eru í nýrri hljómsveitarútsetningu kórstjórans. Einnig verða flutt þrjú lög úr myndinni Les Choristes eftir Bruno Coulais.

Tónleikarnir hefjast klukkan 20.

FRÁ ÆFINGU Jón Stefánsson stjórnar Gradualekór sem flytur Krýningarmessu Mozarts í nýrri útsetningu fyrir stúlknakór annað kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Þiggur umdeild verðlaun

Breski rithöfundurinn Ian McEwan hefur vakið deilur fyrir að þiggja Jerúsalem-verðlaunin í bókmenntum, sem afhent verða nú um helgina. McEwan var hvattur til að afþakka verðlaunin í mótmælaskyni við hersetu Ísraelsmanna í Palestínu.

IAN MCEWAN

Hann varði hins vegar ákvörðun sína í gær og sagði Ísrael vera land þar sem ríktu „sannkölluð lýðræðisleg skoðanaskipti“. Höfundurinn bætti við að viðtaka verðlaunanna þýddi ekki að honum hugnaðist stefna ísraelskra stjórnvalda í einu og öllu. Hann teldi hins vegar vænlegra til árangurs að stuðla að og taka þátt í umræðu en að sniðganga Ísrael vegna hernámsins.

McEwan er einn virtasti höfundur Breta í seinni tíð og hefur skrifað bækur á borð við Friðþægingu, Laugardag og Brúðkaupsnóttina, sem allar hafa komið út í íslenskri þýðingu.



LYFJA
– Lifið heil

Náttúrulega leiðin til að léttast.
LipoSan er íslensk framleiðsla sem inniheldur kítósan, náttúrulegar trefjar unnar úr rækjuskel. Viðurkenndar rannsóknir benda til þess að trefjarnar bindi fitu, dragi úr hitaeiningafjölda og hafi auk þess góð áhrif á kólesteról.

LipoSan Ultra
20% afsláttur
Minni fita – færri hitaeiningar!
Áður: ~~4.990~~ kr. **Nú: 3.989 kr.**

Afsláttur gildir til 5. mars.

Lægra verð í Lyfju

ÍSLENSKA SÍA LYF 236711 02/11

Fólk

folk@frettabladid.is

ÓVISSA Barnsmóðir Owens Wilson bjó enn með fyrrverandi kærasta sínum þegar hún varð ólétt af barni Wilsons. Vafi leikur nú á hvort Wilson sé í raun faðir barnsins.
NORDICPHOTOS/GETTY

Vafi á faðerni sonar Owens Wilson

Leikarinn Owen Wilson eignaðist sitt fyrsta barn fyrir mánuði ásamt kærustu sinni, Jade Duell. Fyrrverandi kærasti Duell vill þó meina að barnið gæti allt eins verið hans.

„Jade bjó enn með fyrrverandi kærasta sínum þegar hún hóf samband sitt við Owen," var haft eftir heimildarmanni. „Hún var enn í föstu sambandi með sínum fyrrverandi þegar hún og Owen byrjuðu að hittast og hún sleit því sambandi ekki fyrr en hún komst að því að hún væri ólétt."

Wilson og Duell kynntust árið 2009 og hófst samband þeirra skömmu eftir það. Parið bjó þó hvort í sínu fylkinu allt þar til Duell tilkynnti Wilson að hún ætti von á barni. „Þau hittust reglulega og Jade flaug oft til Kaliforníu til að hitta Owen, en sambandið varð ekki alvarlegt fyrr en hún varð ófrísk. Jade hætti þá með sínum fyrrverandi og flutti inn með Owen," sagði heimildarmaðurinn, sem heldur því fram að fyrrverandi kærasti Duell fari fram á barnsfaðernispróf.

Gremja í The Strokes

Julian Casablancas, söngvari The Strokes, segir gremju hafa verið í hljómsveitinni við upptökur á nýju plötunni, Angles.

Casablancas er í viðtali í nýjasta tölublaði breska tónlistartímaritsins NME. Þegar upptökur á plötunni stóðu yfir lýsti hann því yfir að hann ætlaði ekki að skipta sér af upptökunum, heldur taka upp sönginn og leyfa hinum að taka upp í friði. NME spurði hann út í þessi ummæli. „Ég vildi bíða þangað til þeir voru búnir að gera sitt svo ég gæti gert mitt," sagði Casablancas um málið. „Þegar hljómsveitin fær neikvæða athygli virðist ástæðan alltaf vera að ég sé að skipa öllum fyrir, en þannig er það ekki. Ég vil bara eiga skapandi, uppbyggilegar og skemmtilegar rökræður um tónlistina. Við vorum ekki að ná því og þess vegna var gremja í hljómsveitinni."

GREMJA Julian Casablancas og félagar í The Strokes voru pirraðir hver út í annan við upptökur á nýju plötunni sem kemur út 21. mars.

Strákarnir í The Strokes virðast hafa náð sáttum því platan var kláruð heima hjá gítarleikaranum Albert Hammond Jr. og kemur út 21. mars næstkomandi.

Ekkert aldurstakmark þegar Amor knýr dyra

Því hefur oft verið fleygt að ástin spyrji ekki um aldur og það má víst til sanns vegar færa hér á Íslandi. Freyr Gígja Gunnarsson skoðaði nokkur af heitustu nýju pörunum og komst að því að fólk kippir sér lítið upp við að áratugur skilji að.

Þórir Snær Sigurjónsson og Elsa María Jakobsdóttir (9 ár)

Kvikmyndaframleiðandinn Þórir Snær Sigurjónsson hefur verið að gera góða hluti með félögum sínum hjá kvikmyndafyrirtækinu Zik Zak en það á meðal annars hlut í 31 Eddu-tilnefningu. Að undanförnu hefur unnusta hans, Elsa María Jakobsdóttir, verið honum innan handar í kynningarstarfi á kvikmyndum eins og Brimi og Gauragangi.

Hannes Friðbjörnsson og Guðrún Gunnarsdóttir (12 ár)

Eitt skemmtilegasta par síðustu ára er tvímælalaust þau Hannes Friðbjörnsson, trommari í Buff, og Guðrún Gunnarsdóttir söngkona. Guðrún var skilin við eiginmann sinn Valgeir Skagfjörð þegar amor skaut örvum sínum í hjartastað þeirra Hannesar. Þau tvö hafa gert nokkuð af því að spila saman.

Auðunn Blöndal og Íris Björk Jóhannesdóttir (10 ár)

Sjónvarpsmaðurinn Auðunn Blöndal hefur lengi verið meðal heitustu piparsveina landsins en þættir hans og Sveppa hafa notið einstakra vinsælda. Það kom því engum á óvart að Auðunn skyldi næla í ungfrú Reykjavík, Írisi Björk Jóhannesdóttur, en þau tvö hafa verið óaðskiljanleg síðan ástin tók öll völd.

Þorsteinn M. Jónsson og Ingibjörg Egilsdóttir (22 ár)

Þorsteinn hefur löngum verið sagður hafa góðan smekk fyrir góðum vínum og konum. Skemmst er að minnast áralangs sambands hans og fegurðardísarinnar Önnu Lilju Johansen sem var töluvert yngri en hann. Þorsteinn er nú, samkvæmt Séð og heyrt, í sambandi við aðra fegurðardrottningu og fyrirsætu, nefnilega Ingibjörgu Egilsdóttur.

Anna Lilja Jóhönnudóttir og Karl Thorberg Birgisson (26 ár)

Það vakti verulega athygli þegar Séð og heyrt greindi frá sambandi Karls Th. Birgissonar, núverandi ritstjóra Eyjunnar, og háskólastúdínunnar Önnu Lilju Jóhönnudóttur. Karl Th. er séntilmaður og þykir hafa góðan smekk og því ekkert óeðlilegt við það að ungar stúlkur skuli líta til hans hýru auga.

Karl Sigurðsson og Þorbjörg Marinósdóttir (11 ár)

Eitt óvæntasta par síðasta árs er án nokkurs vafa Karl Sigurðsson, borgarfulltrúi og Baggalútur, og Þorbjörg Marinósdóttir, betur þekkt sem Tobba Marinós. Þau skötuhjú voru áberandi í næturlífinu á síðasta ári en virðast hafa dregið úr því og einbeita sér nú örugglega að því að hafa það notalegt heima.

Egill „Gillz“ og Gurrý Jónsdóttir (11 ár)

Egill Einarsson, metsöluhöfundur og sjónvarpsstjarna, var lengi vel hluti af karlagenginu Kallarnir.is sem nutu mikillar kvenhylli. Eftir að Egill gerðist einkaþjálfari og síðar rithöfundur óx aðdáun kvenfólks til muna á þessum kraftajötni en það var neminn og fyrirsætan Gurrý Jónsdóttir sem hreppti hjarta hans. Svo skemmtilega vill til að Ásgeir Kolbeinsson er móðurbróðir Gurrýjar þannig að þeir geta rætt saman um líkamshár og fjarlægingu þeirra í fjölskylduboðum.

Anna Margrét Björnsson og Þórður Grímsson (13 ár)

Kynningarstjóri Hörpunnar, Anna Margrét Björnsson, og unnusti hennar, Þórður Grímsson, hafa alltaf verið vel með á nótunum þegar tíska og listir eru annars vegar og eru saman í hljómsveitinni Two Step Horror.

Ásgeir Kolbeinsson og Sunna Elvira Þorkelsdóttir (12 ár)

Ekki er hægt að segja skilið við þessa upptalningu án þess að minnast á sjálfan Ásgeir Kolbeins fjölmiðlung. Hann hefur um árabil verið einn heitasti piparsveinn landsins en hjörtu yngismeyja virðast hafa brostið um þessar mundir því hinum unga laganema, Sunnu Elviru Þorkelsdóttur, hefur víst náð að temja dýrið.

20% fleiri innifaldar mínútur og SMS í farsíma

Þú færð meira, meira eða miklu meira í Vodafone Gull

Skráðu þig í 1414 strax í dag

power to you

vodafone.is

Klingir í pyngjum poppara

Tilkynnt var í gær hverjir hefðu hlotið laun úr launasjóðum listamanna. Nafntogaðir rithöfundar og frægir popparar eru meðal þeirra sem fengu eitthvað fyrir sinn snúð.

Stjórn listamannalauna tilkynnti í gær hvaða listamenn hefðu hlotið listamannalaun fyrir árið 2011. Alls barst 621 umsókn, sem er ögn minna en í fyrra því þá bárust 712. Rithöfundarnir Jón Kalman Stefánsson, Sigurbjörg Þrastardóttir og Kristín Ómarsdóttir fá tveggja ára laun úr launasjóði rithöfunda en meðal þeirra sem fá eins árs laun eru Bragi Ólafsson, Einar Már Guðmundsson, Guðrún Eva Mínervudóttir og Kristín Steinsdóttir.

Andri Snær Magnason fær laun í níu mánuði úr sjóðnum en fimm ár eru liðin síðan hann gaf út sína síðustu bók, Draumalandið. „Ég er búinn með þessi þrjú hundruð slög og gæti svo sem prentað hana í dag. En ég ætla að taka nokkra hringi á hana og hún verður örugglega bara í jólabókaflóðinu," segir Andri Snær í samtali við Fréttablaðið. Bókin ku vera ævintýri fyrir börn og fullorðna og bræðir rithöfundurinn nú það með sér hvort hún eigi að vera eitt bindi eða tvö.

Þjóðþekktir tónlistarmenn fá einnig laun úr launasjóði tónlistarflytjenda en þeim Birni Thoroddsen, Guðrúnu Jóhönnu Ólafsdóttur, Kjartani Valdemarssyni og Þóru Einarsdóttur hefur öllum verið úthlutað laun til eins árs. Meðal þeirra sem fá laun til hálfs árs eru söngkonurnar Ólöf Arnalds og Ragnheiður Gröndal auk Samúels Jóns Samúelssonar en hann fær einnig sex mánaða laun úr launasjóði tónskálda eins og Daníel Ágúst Haraldsson og Lovísa Elísabet Sigrúnardóttir, betur þekkt sem Lay Low. Þau Daníel og Lovísa eru bæði að vinna að nýjum plötum eins og Fréttablaðið hefur greint frá.

freyrgigja@frettabladid.is

Á LAUNUM

Þau Lay Low og Andri Snær Magnason fengu bæði listamannalaun í gær; Lay Low til hálfs árs og **Andri Snær** til níu mánaða. Hún vinnur að nýrri plötu en hann stefnir á að gefa út sína fyrstu bók í fimm ár um næstu jól. Meðal annarra sem fengu laun má nefna **Samúel Jón Samúelsson** en hann fær sex mánaða laun sem tónlistarflytjandi og sex mánaða laun sem tónskáld.

Brestir í sambandi Halle Berry

Leikkonan Halle Berry hefur átt vingott við mótleikara sinn, hinn franska Olivier Martinez, undanfarna mánuði. Sambandið virðist þó standa völtum fótum vegna vandamála sem fylgja harðri forræðisdeilu sem Berry á í við barnsföður sinn, Gabriel Aubry.

„Þau rífast stanslaust og það er yfirleitt vegna þess að Halle er svo stressuð vegna deilnanna við Gabriel og tekur það allt út á Olivier," var haft eftir heimildarmanni. „Olivier hefur séð hlið á Halle sem hann kann ekki við og það hefur fengið hann til að endurmeta samband þeirra."

STRESSUÐ Halle Berry er stressuð vegna forræðisdeilu sem hún á í. Það hefur haft slæmt áhrif á samband hennar. NORDICPHOTOS/GETTY

Rose Bruford College
of Theatre & Performance

Einn af fremstu leiklistar- og leikhússkólum í Evrópu, sem býður upp á nám á öllum hliðum leikhúss.

Faglegt nám í virtum leiklistar- og leikhússkóla í London.

Skólinn býður upp á nám til BA gráðu í:
Acting
European Theatre Arts
Acting Musicianship
American Theatre Arts
Theatre Design
Performance Sound
Lighting Design
Creative Lighting Control
Costume Production
Stage Management
Scenic Arts

Skólinn býður upp á nám til MA gráðu í:
Ensemble Theatre
Theatre for Young Audiences

Inntökupróf og viðtöl fyrir allar deildir fara fram í Hinu Húsinu, Reykjavík, 05. og 06. mars, fyrir inngöngu í september 2011.

Þann 4. mars verður Leikhúsþing í Tjarnarbíói, þar sem rætt verður um alþjóðlegt leikhús. Um kvöldið verður boðið til Leikhúsveislu. Til að bóka sæti eða fá nánari upplýsingar vinsamlegast sendið póst á netfangið leikhusthing@gmail.com

Nánari upplýsingar og skráning:
sue.mctavish@bruford.ac.uk
www.bruford.ac.uk

Image courtesy of Bjartmar Þórðarson, Graduate of Rose Bruford College
Rose Bruford College er meðlimur í The Conference of Drama Schools CDS

Sýnum um helgina
Eximo 2011 hjólhýsi

Frábær kaup

Eximo 370

Verð: **2.398.000**kr

Eximo 370

- Svefnpláss fyrir 3.
- Heildar lengd 5,57 m.
- Lengd utanmál 4,21 m.
- Innanmál 3,66 m.
- Breidd 2,30 m.
- Þyngd 820 kg.

Staðalbúnaður

- Létt og meðfærileg hús, auðveld í drætti.
- Sterklega smíðuð hús.
- Falleg hönnun.
- 25 mm einangrun í þaki og veggjum.
- 30 mm einangrun í golfi.
- Galveneseruð grind (Alko).
- Góð flexitora fjöðrun.
- Þrystibremsur.
- Skygðir tvöfaldir gluggar með rúllu-myrkratjöldum og flugnaneti.
- 13 pinna tengill í bíl með hleðslu.
- 12 og 230 volta rafkerfi með hleðslu.
- 80 Ah rafgeymir.
- 91 Lítra ísskápur.
- Klósett m/kassettu.
- Tveggja hellu eldavél með rafm.kveikjara.
- Sjónvarpshilla.
- Truma 3400 gasmiðstöð með rafm,hitun (ultra heat) og blásturs kerfi. Ekki Ultra heat í 370.
- Rafmagns vatnshitari.

Eximo 520B

Verð: 2.998.000kr **Kojuhús**

- Svefnpláss fyrir 5. **Kojuhús**.
- Heildar lengd 6,86 m.
- Lengd utanmál 5,70 m.
- Innanmál 5,03 m.
- Breidd 2,30 m.
- Þyngd 1050kg

Eximo 520L

Verð: 2.998.000kr

- Svefnpláss fyrir 4 til 5.
- Heildar lengd 6,86 m.
- Lengd utanmál 5,70 m.
- Innanmál 5,03 m.
- Breidd 2,30 m.
- Þyngd 1050 kg



Eximo 460

Verð: 2.798.000kr

- Svefnpláss fyrir 4.
- Heildar lengd 637 cm
- Lengd 4,57 m.
- Innanmál 457 cm
- Breidd 2,30 m.
- Þyngd 1000 kg.

Opnunartími:
Mán-Fös. kl: 12-18
Laug-Sun. kl: 12-16

Fossháls 5-7 | 110 Reykjavík
Sími 551 5600 | utilegumadurinn.is

Útilegu maðurinn®

Ótrúlegar skuldir Jacksons

Í júní næstkomandi verða liðin tvö ár frá því að Michael Jackson andaðist langt fyrir aldur fram. Læknir poppgoðsins er fyrir dómstólum vegna gruns um vanrækslu og hálfgerð „skilanefnd“ er á fullu við að endurskipuleggja fjárhag fjölskyldu hans.

SKULDUGUR MAÐUR Michael Jackson rakar inn seðlum eftir andlát sitt og kannski er það eins gott því hann skuldaði um 47 milljarða. NORDICPHOTOS/GETTY

Michael Jackson andaðist í júní 2009, þremur vikum fyrir áætlaða tónleikaferð sína, This Is it. Fjölmiðlar héldu því fram á þeim tíma að Jackson hefði neyðst til að fara í tónleikaferðina til að grynnka á skuldum sem voru, samkvæmt heimildum bandarískra fjölmiðla, gríðarlegar eftir gegndarlausa eyðslu gegnum tíðina.

Fjölmiðlar þar vestra virðast hafa haft nokkuð til síns máls því vefsíðan tmz.com hefur komist yfir skjöl frá fjárhaldsmönnum Jackson-búsins sem sýna fram á að Jackson var í raun og veru stórskuldugur maður þrátt fyrir að vera stærsta poppstjarna sögunnar. Samkvæmt áðurnefndum skjölum skuldaði Jackson yfir 400 milljónir dala, eða um 47 milljarða íslenskra króna, fyrir margvíslega hluti. Dánarbúið skuldaði auk þess AEG fjörutíu milljónir dala vegna tónleikaferðinnar This Is it, sem samsvarar á fimmta milljarð íslenskra króna.

Jackson hefur hins vegar breyst í hálfgerða gullgæs eftir að hann dó því dánarbúið hefur þénað 300 milljónir dala, eða 35 milljarða íslenskra króna. Af þeim hefur 159 milljónum dala verið eytt í greiðslu skulda og skatta auk þess sem Katherine Jackson, móðir popparans, hefur fengið sína sneið af kökunni, sem og börn Jacksons. Þá greiddi dánarbú Jacksons sjálft fyrir jarðarförina og minningarathöfnina.

Samkvæmt hálfgerðri „skilanefnd“ dánarbús Jackson á það enn yfir höfði sér málsóknir vegna skulda úti um allan heim. Yfir 65 kröfur hafa verið gerðar í dánarbúið. „Við teljum okkur hins vegar hafa endurreist ímynd Jacksons og traust hans gagnvart lánardrottnum,“ hefur tmz.com eftir einum skilanefndarmanna.

freyrgigja@frettabladid.is

LAUGARÁSBÍÓ	Sýningartímar
BIG MOMMAS 3	2(700kr), 3.40, 5.50, 8 og 10.15
JUST GO WITH IT	8 og 10.25
TRUE GRIT	5.50, 8 og 10.25
MÚMÍNÁLFARNIR 3D - ISL TAL	2(950 kr) og 4.10
ALFA OG ÓMEGA 2D - ISL TAL	2(700 kr), 4 og 6

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA		
I AM NUMBER FOUR	kl. 5:40 - 8 - 10:20	12
I AM NUMBER FOUR	kl. 3 - 5:40 - 8 - 10:20	VIP
TRUE GRIT	kl. 5:40 - 8 - 10:30	16
FROM PRADA TO NADA	kl. 3:40 - 8 - 10:20	10
THE KING´S SPEECH	kl. 3 - 5:30 - 8 - 10:30	L
YOGI BEAR-3D M/ ísl. Tali	kl. 2 - 3:50	L
KLOVN - THE MOVIE	kl. 8 - 10:20	14
ÆVINTÝRALEGUR FLÓTTI-3D M/ ísl. Tali	kl. 1:20 - 3:30	L
ÆVINTÝRALEGUR FLÓTTI ísl. Tali	kl. 1:30 - 3:40 - 5:50	L
ROKLAND	kl. 5:50	12
MEGAMIND M/ ísl. Tali	kl. 1:30	L

SAMBÍÓIN AKUREYRI		
JÓGI BJÖRN	kl. 2 - 4	12
THE KING'S SPEECH	kl. 5:40	L
I AM NUMBER FOUR	kl. 8 - 10	12
TANGLED ísl tal	kl. 2	L
KLOVN - THE MOVIE	kl. 4	14
FROM PRADA TO NADA	kl. 6	10
TRUE GRIT	kl. 8 - 10	16

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL		
I AM NUMBER 4	kl. 1 - 3 - 5.30 - 8 - 10.30	12
TRUE GRIT	kl. 5.30 - 8 og 10.30	16
JÓGI BJÖRN-3D M/ ísl. Tali	kl. 1 - 3.30 og 5.30	L
SANCTUM-3D	kl. 8 og 10.30	14
KING'S SPEECH	kl. 5.30 - 8 - 10.30	L
TANGLED-3D M/ ísl. Tali	kl. 1 - 3.15	L
MEGAMIND-3D M/ ísl. Tali	kl. 1 - 3.15	L

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI		
I AM NUMBER FOUR	kl. 5:50 - 8:20 - 10:40	12
FROM PRADA TO NADA	kl. 3:40	10
THE KING´S SPEECH Númeruð sæti	kl. 5:50 - 8	L
YOGI BEAR-3D M/ ísl. Tali	kl. 2 - 4	L
SANCTUM-3D	Kl.10:30	14
ÆVINTÝRALEGUR FLÓTTI-3D M/ ísl. Tali	kl. 1:30	L
HEREAFTER	kl. 8	12
YOU AGAIN	kl. 5:50	L
KLOVN - THE MOVIE Númeruð sæti	kl. 10:30	14
MEGAMIND M/ ísl. Tali	kl. 1:30 - 3:40	L



SMÁRABÍÓ	GLERAUGU SELD SÉR	NÁNAR Á MIDI.IS
BIG MOMMA´S HOUSE	KL. 1 (700 kr) - 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20	L
BIG MOMMA´S HOUSE LÚXUS	KL. 8 - 10.20	L
THE EAGLE	KL. 5.30 - 8 - 10.30	16
JUST GO WITH IT	KL. 1 (700 kr) - 3 - 5.30 - 8 - 10.30	L
BLACK SWAN	KL. 8	16
BLACK SWAN LÚXUS	KL. 3 - 5.30	16
GREEN HORNET 3D	KL. 5.25	12
DILEMMA	KL. 10.30	L
GULLIVER´S TRAVEL 3D	KL. 1 (950 kr) - 3.20	L
ALFA OG OMEGA 3D	KL. 1 (950 kr) - 3.10	L

HÁSKÓLABÍÓ	NÁNAR Á MIDI.IS 5%	
BIG MOMMA´S HOUSE	KL. 3 (700 kr) - 5.30 - 8 - 10.30	L
127 HOURS	KL. 5.50 - 8 - 10.10	12
BLACK SWAN	KL. 3 (700 kr) - 5.30 - 8 - 10.30	16
FIGHTER	KL. 3 (700 kr) - 5.30 - 8 - 10.30	14
MÚMÍNÁLFARNIR 3D	KL. 3 (950 kr) BARA SUNNUDAG	L

BORGARBÍÓ	NÁNAR Á MIDI.IS	
BIG MOMMA´S HOUSE	KL. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10	L
JUST GO WITH IT	KL. 8 - 10.10	L
THE FIGHTER	KL. 5.50	14
MÚMÍNÁLFARNIR 3D	KL. 2 (900 kr)	L
ALFA OG OMEGA 2D	KL. 2 (600 kr) - 4	L

Nánari upplýsingar og miðasala á midi.is 5%
facebook / smarabio • facebook / haskolabio

SKÓSPRENGJA

Í FULLUM GANGI

LÁGMARK

50%

AFSLÁTTUR

Opið mánudaga - föstudaga milli kl. 11 og 18
laugardag milli kl. 11 og 16
sunnudag milli kl. 13 og 17

Nýtt kortatímabil

ásamt öðrum tilboðum

VÖRUR FRÁ:

STEINAR WAAGE
SKÓVERSLUN
KRINGLAN - SMÁRALIND

ecco
Kringlan - Smáralind

Kaupfélagið
Kringlunni - Smáralind

skór.is
KRINGLAN • SMÁRALIND

Þú finnur okkur á: facebook

Toppskórinn Outlet

VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109

sport

sport@frettabladid.is

PÁLÍNA GUNNLAUGSDÓTTIR, leikmaður kvennaliðs Keflavíkur, getur í dag orðið fyrst allra til þess að vinna alla fimm titlana sem eru í boði í íslenskum körfubolta með tveimur félögum. Hún vann alla titlana með Haukum á sínum tíma en vantar aðeins bikarmeistaratitilinn eftir að hún skipti yfir í Keflavík. Pálína hefur alls unnuð þrjá Íslandsmeistaratitla, tvo bikarmeistaratitla, þrjá deildarmeistaratitla, þrjá meistarakeppnir KKÍ og fimm Fyrirtækjabikarmeistaratitla.

KR OG GRINDAVÍK KR-ingurinn Fannar Ólafsson og Grindvíkingurinn Ólafur Ólafsson bítast um bikarinn á blaðamannafundi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hverjir verða bikarmeistarar?

Allir spá karlaliði KR sigri

KÖRFUBOLTI Fréttablaðið fékk fulltrúa frá liðum í Iceland Express deildum karla og kvenna til þess að spá fyrir um hverjir yrðu bikarmeistarar í Laugardalshöllinni í dag. Allir fimm sem spáðu í karlaleikinn spá KR sigri en þrír af fimm spá KR sigri í kvennaleiknum. - óój

Bikarmeistarar karla:

Jón Ólafur Jónsson, Snæfelli	KR
Hörður Axel Vilhjálmsson, Keflavík	KR
Teitur Örlygsson, þjálfari Stjörnunnar	KR
Pétur Ingvarsson, þjálfari Hauka	KR
Eiríkur Önundarson, ÍR	KR

Bikarmeistarar kvenna:

Kristrún Sigurjónsdóttir, Hamri	KR
Ragna Margrét Brynjarsd., Haukum	Keflavík
Berglind Gunnarsdóttir, Snæfelli	KR
Sverrir Þór Sverrisson, þjálfari Njarðv.	Keflavík
Berglind Anna Magnúsdóttir, Grindavík	KR

KR OG KEFLAVÍK KR-ingurinn Hildur Sigurðardóttir og Keflvíkingurinn Birna Valgarðsdóttir mætast í bikarúrslitum í fjórða sinn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Kominn tími til að fá annan í klúbbinn

Einar Bollason er eini þjálfarinn sem hefur gert karla- og kvennalið að bikarmeisturum á sama degi en Hrafn Kristjánsson, þjálfari KR, á möguleika á því að jafna 34 ára afrek Einars í Laugardalshöllinni í dag.

KÖRFUBOLTI Bikarúrslitin í körfubolta fara fram í Höllinni í dag þegar KR og Keflavík mætast í kvennaflokki klukkan 13.30 og KR og Grindavík mætast í karlaflokki strax á eftir, klukkan 16.00. Hrafn Kristjánsson þjálfar báða meistaraflokkana hjá KR og varð fyrsti þjálfarinn í 29 ár til að koma báðum liðum í Höllina.

Hrafn á möguleika á því að komast í fámennan hóp með tvöföldum sigri í dag. Fyrir tæpum 34 árum, hinn 17. mars 1977, stýrði Einar Bollason KR-konum til sigurs á ÍR og leiddi síðan karlalið KR til sigurs á Njarðvík í úrslitaleik karla strax á eftir en hann var þá spilandi þjálfari í karlaliðinu.

„Ég var bara að fatta það fyrir nokkrum dögum að þetta er í eina skiptið sem okkur KR-ingum hefur tekist að vinna tvöfalt þrátt fyrir alla þessa bikarsigra hér áður fyrr," sagði Einar Bollason þegar Fréttablaðið heyrði í honum í gær.

„Þetta var alveg rosalegt. Ég man eftir því að við KR-ingarnir börðumst mikið fyrir því að fá aðeins lengra hlé á milli leikjanna en það fékkst ekki því Laugardalshöllin neitaði því. Ég varð að fara að skipta um föt í hálfleik á kvennaleiknum þegar ég var aðeins búinn að messa yfir stelpunum," rifjar Einar upp.

„Ég man vel eftir þessum úrslitaleikjum. Stelpurnar unnu þetta frekar létt og það var ekkert spennandi leikur. Þetta var rosalega flott kvennalið hjá KR þetta ár enda urðu þær meistarar margoft á næstu árum," sagði Einar en KR-konur unnu 66-50 sigur á ÍR í úrslitaleiknum. „Ég var þarna spilandi þjálfari og Jón Otti Ólafsson var liðsstjóri hjá mér. Við töpuðum Íslandsmótinu mjög naumlega fyrir ÍR en unnum þennan bikarúrslitaleik í hörkuleik við Njarðvík," sagði Einar en KR vann leikinn 61-59 eftir að Njarðvíkingar skoruðu sex síðustu stigin og unnu síðustu fimm mínúturnar 13-3.

TOGAÐ ÚR TVEIMUR ÁTTUM Hrafn Kristjánsson, þjálfari KR-liðanna tveggja, í miðjunni, mætir tveimur þjálfurum í dag. Helgi Jónas Guðfinnsson, til vinstri, er þjálfari karlaliðs Grindavíkur og Jón Halldór Eðvaldsson þjálfar kvennalið Keflavíkur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

MEISTARI FYRIR 34 ÁRUM Einar Bollason var allt í öllu hjá KR-liðinu árið 1977, spilandi þjálfari og lykilmaður í liðinu.

„Þetta var rosalega erfitt og ég vona að Hrafn sé með það góðan aðstoðarmann að hann geti aðeins slakað á milli leikja því þetta verður örugglega alveg hörkuleikur á undan hjá stelpunum. Þetta er ókosturinn við að ná árangri með tvö lið í einu," sagði Einar.

„Hrafn ætlar að hitta okkur í stuðningsmannahópnum í kvöld (í gærkvöldi) og ég held að ég geti fullyrt það að í þessum hópi, sem Hrafn ætlar að messa aðeins yfir, séu ellefu fyrrverandi þjálfarar meistaraflokks KR og hina dreymdi alla um að vera þjálfarar en fengu það ekki. Hann á eftir að mæta 50 manna hópi í kvöld þar sem hver einn og einasti hefur sína skoðun á því hvernig á að stjórna liðunum til sigurs. Ef hann kemst í gegnum kvöldið í kvöld vinnur hann þetta á morgun," sagði Einar í léttum tón.

„Það er svo tvennt ólíkt að þjálfa karla- og kvennalið. Kvenþjóðin er svo mikið tilfinninganæmari og það er svo allt öðruvísi.Hrafn er svo sannarlega ekki öfundsverður af þessu," sagði Einar en hvað um möguleika KR á því að vinna tvöfalt?

„Þetta er feikilega gott lið hjá KR en Grindavík hefur spilað langt undir getu undanfarið. Það eru það góðir leikmenn í Grindavíkurliðinu að þetta getur orðið algjör draumaleikur hjá körlunum," sagði Einar um karlaleikinn en hvað með konuleikinn?

„Keflavíkurliðið er ekki árennilegt, nýbúið að leggja Hamar að velli. KR þarf að eiga toppleik til þess að landa þeim titli," sagði Einar.

„Það er alveg kominn tími til þess að ég fái annan meðlim í klúbbinn. Það er alveg til skammar að ég skuli vera að hírast einn í kulda og trekki. Ég vona að Hrafn minn bætist í hópinn á morgun (í dag)," sagði Einar að lokum.

ooj@frettabladid.is

Hádegisfundur ÍSÍ

